ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 49

26. árgangur

20.6.2019

I **EES-STOFNANIR**

1. **Sameiginlega EES-nefndin**

2019/EES/49/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/134 frá 24. janúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir 1

2019/EES/49/02 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 98/26/EB, 2002/87/EB, 2003/6/EB, 2003/41/EB, 2003/71/EB, 2004/39/EB, 2004/109/EB, 2005/60/EB, 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2009/65/EB að því er varðar valdsvið Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) 5

2019/EES/49/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/133 frá 24. janúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir 47

2019/EES/49/04 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1936 frá 18. október 2017 um tafarlausar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun forefna sprengiefna 52

2019/EES/49/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/105 frá 27. október 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 að því er varðar að bæta Eþíópíu á skrána um þriðju lönd með mikla áhættu í töfluna í I. lið í viðaukanum 55

2019/EES/49/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/212 frá 13. desember 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Srí Lanka, Trínidad og Tóbagó, og Túnis í töfluna í I. lið í viðaukanum 57

2019/EES/49/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1467 frá 27. júlí 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Pakistan í töfluna í I. lið í viðaukanum 59

2019/EES/49/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1866 frá 28. nóvember 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins 61

2019/EES/49/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/161 frá 2. október 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB að því er varðar ítarlegar reglur um öryggisþætti á umbúðum mannalyfja 80

2019/EES/49/10 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir 107

2019/EES/49/11 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1125/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar sem lánamiðlarar skulu hafa 125

2019/EES/49/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2026 frá 19. desember 2018 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) 127

2019/EES/49/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2042 frá 18. desember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 til að tilgreina nákvæmlega prófunarskilyrði við prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og kveða á um vöktun gagna um gerðarviðurkenningu 134

2019/EES/49/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2043 frá 18. desember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 til að tilgreina nákvæmlega prófunarskilyrði við prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og kveða á um vöktun gagna um gerðarviðurkenningu 139

2019/EES/49/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1987 frá 31. október 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 15 144

2019/EES/49/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1988 frá 3. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 4 153

2019/EES/49/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1989 frá 6. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 12 165

2019/EES/49/18 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/144 frá 28. janúar 2019 um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og auka-tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis (leyfishafi er Fertinagro Biotech S.L.) 170

2019/EES/49/19 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/114 frá 24. janúar 2019 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lág-marksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði 173

2019/EES/49/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2016 frá 18. desember 2018 um leyfi til að setja á markað afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis*) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 179

2019/EES/49/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2017 frá 18. desember 2018 um leyfi til að setja á markað síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 182

2019/EES/49/22 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/729 frá 26. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa tiltekin forefni fíkniefna á skrá yfir skráð efni 185

2019/EES/49/23 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/169 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramík í tilteknum þéttum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 187

2019/EES/49/24 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/170 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni fyrir tiltekna þétta, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 190

2019/EES/49/25 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/171 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 193

2019/EES/49/26 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/172 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 196

2019/EES/49/27 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/173 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í prentbleki til að setja smeltlakk á gler, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 199

2019/EES/49/28 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/174 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem er bundið í kristalgleri eins og skilgreint er í tilskipun 69/493/EBE, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 202

2019/EES/49/29 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/175 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í tilteknum geislarörperum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 205

2019/EES/49/30 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/176 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmhúðunarlagi í tilteknum díóðum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 208

2019/EES/49/31 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/177 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem örvara í flúrljómandi dufti í úrhleðsluperum sem innihalda fosfór, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 211

2019/EES/49/32 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/178 frá 16. nóvember 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legum og fóðringum sem eru notaðar í tiltekinn búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 214

2019/EES/49/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1981 frá 13. desember 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum koparefnasamböndum sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 217

2019/EES/49/34 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 222

2019/EES/49/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna 258

2019/EES/49/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði 266

2019/EES/49/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir 272

2019/EES/49/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2068 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir merkimiða fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir 283

2019/EES/49/39 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/296 frá 20. febrúar 2019 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikiþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats 286

2019/EES/49/40 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1846 frá 23. nóvember 2018 um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum í því skyni að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni 287

2019/EES/49/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2205 frá 29. nóvember 2017 um ítarlegar reglur um málsmeðferð við að tilkynna atvinnuökutæki með meiriháttar eða hættulega annmarka sem greinast við tæknilegt eftirlit á vegum 289

2019/EES/49/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/226 frá 6. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint 298

2019/EES/49/43 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/499 frá 25. mars 2019 um ákvæði um áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem þegar eru hafin innan ramma áætlunarinnar Erasmus+, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, í tengslum við úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu 401

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/134 **2019/EES/49/01**

frá 24. janúar 2018

um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir

(tilkynnt með númeri C(2018) 218) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 16. gr. f,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem jurtalyfjanefndin setti fram 2. febrúar 2016,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Sideritis scardica* Griseb., herba, getur talist jurtaefni, fullbúið jurtalyf eða samsetning þeirra í skilningi tilskipunar 2001/83/EB og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Því er viðeigandi að færa *Sideritis scardica* Griseb., herba, á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ætti að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB frá 21. nóvember 2008 um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42).

VIÐAUKI

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi efni við á eftir *Pimpinella anisum* L.:

„*Sideritis scardica* Griseb., herba.“,

2) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni í skrá Bandalagsins um *Pimpinella anisum* L.:

„FÆRSLA UM *SIDERITIS SCARDIA* GRISEB., HERBA, Í SKRÁ SAMBANDSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Sideritis scardica Griseb.

Grasafræðileg ætt

Varablómaætt (Lamiaceae; Labiatae)

Jurtaefni

Gríska fjallate (*Sideritis herba*)

Almennt heiti fullbúna jurtalyfsins á öllum opinberum tungumálum ESB

BG (bălgarski): Мурсалски чай, стрък
CS (čeština): nať hojníku
DA (dansk): Kortkroneurt
DE (Deutsch): Balkan-Gliedkraut
EL (elliniká): Πόα σιδηρίτου
EN (English): Ironwort
ES (español): Siderita, partes aéreas de
ET (eesti keel): haavarohuürt
FI (suomi): raudakki, verso
FR (français): Crapaudine (parties aériennes de)
HR (hrvatska): očistova zelen
HU (magyar): sármányvirág virágos hajtása
IT (italiano): Stregonia parti aeree fiorite
LT (lietuvių kalba): Timsrų žolė
LV (latviešu valoda): Siderītu laksts
MT (Malti): ħaxixa tas-Sideritis
NL (Nederlands): (Griekse) bergthee, kruid
PL (polski): Ziele gojnika
PT (português): Siderite, partes aéreas
RO (română): iarba de ceaiul muntelui cretan
SK (slovenčina): Vňať ránhoja
SL (slovenščina): zel sklepnjaka
SV (svenska): Sårmynta, ört
IS (íslenska):
NO (norsk): Gresk fjellte

Fullbúin jurtalyf

Fínskorið jurtaefni

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Á ekki við

Ábendingar

Ábending 1

Jurtalyf sem hefð er fyrir til notkunar til að draga úr hósta í tengslum við kvef.

Ábending 2

Jurtalyf sem hefð er fyrir til notkunar til að draga úr vægum óþægindum í meltingarvegi.
Lyfið er jurtalyf sem hefð er fyrir við tilteknum ábendingum sem byggjast eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Sjá „skammtar“.

Skammtar

Fullorðnir og aldraðir

Ábendingar 1 og 2
Stakur skammtur: Jurtate: 2–4 g af fínskorna jurtaefninu í 150–200 ml af sjóðandi vatni sem jurtaseyði 2–3 sinnum á dag.
Dagskammtur: allt að 12 g
Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára (sjá hlutann „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“)

Íkomuleið

Inntaka

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Ábending 1

Ef einkenni hverfa ekki eftir að jurtalyfið hefur verið notað í eina viku skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Ábending 2

Ef einkenni hverfa ekki eftir að jurtalyfið hefur verið notað í 2 vikur skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi fyrir virka efninu og öðrum jurtum af varablómaætt (Lamiaceae; Labiatae).

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn og unglinga yngri 18 ára þar ed nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir hvað það varðar.

Ef einkenni versna við notkun jurtalyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir

Frjósemi, meðganga og mjólkurskeið

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur. Þar ed nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Engin gögn liggja fyrir um frjósemi.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Ekki vitað um neinar

Ef aukaverkanir koma fram skal leita ráða hjá lækni eða hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

Lyfjafræðilegar upplýsingar (ef nauðsyn krefur)

Á ekki við

Lyfjafræðileg áhrif eða líkleg verkun á grundvelli langvarandi notkunar og reynslu (ef nauðsyn krefur vegna öruggrar notkunar vörunnar)

Á ekki við.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/78/ESB 2019/EES/49/02

frá 24. nóvember 2010

um breytingu á tilskipunum 98/26/EB, 2002/87/EB, 2003/6/EB, 2003/41/EB, 2003/71/EB, 2004/39/EB, 2004/109/EB, 2005/60/EB, 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2009/65/EB að því er varðar valdsvið Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50., 53. (1. mgr.), 62. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fjármálakreppan árin 2007 og 2008 leiddi í ljós verulega annmarka á fjármálaeftirliti, bæði í einstökum tilvikum og á fjármálakerfinu í heild. Eftirlitskerfi einstakra landa hafa dregist aftur úr alþjóðavæðingu fjármála og þeim samþættu og samtengdu evrópsku fjármálamörkuðum þar sem margar fjármálastofnanir stunda starfsemi yfir landamæri. Kreppan leiddi í ljós annmarka á samstarfi, samræmingu, samræmdri beitingu á lögum Sambandsins og skort á trausti milli lögbærra landsyfirvalda

2) Áður en til fjármálakreppunnar kom og á meðan á henni hefur staðið hefur Evrópuþingið óskað eftir breytingum sem miða að samþættara evrópsku eftirliti til að tryggja að allir aðilar búi við raunveruleg jöfn samkeppnisskilyrði á vettvangi Sambandsins og til að endurspegla vaxandi samþættingu fjármálamarkaða í Sambandinu (í ályktunum sínum frá 13. apríl 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: Aðgerðaáætlun frá 21. nóvember 2002 um reglur um varfærniseftirlit í Evrópusambandinu, frá 11. júlí 2007 um stefnu í fjármálaþjónustu (2005–2010) – hvítbók, frá 23. september 2008 með tilmælum til framkvæmdastjórnarinnar um vogunarsjóði og óskráð hlutabréf og frá 9. október 2008 með tillögum til framkvæmdastjórnarinnar um eftirfylgni í Lamfalussy-ferlinu: framtíðarskipan eftirlits, og í afstöðu þess frá 22. apríl 2009 um breytta tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) og frá 23. apríl 2009 um tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um lánshæfismatsfyrirtæki).

3) Í nóvember 2008 veitti framkvæmdastjórnin nefnd háttsettra embættismanna, undir formennsku Jacques de Larosière, umboð til að gera tillögur um hvernig styrkja mætti fyrirkomulag evrópsks eftirlits með það í huga að auka öryggi borgaranna og endurreisa traust á fjármálakerfinu. Í lokaskýrslu sinni 25. febrúar 2009 („de Larosière-skýrslunni“) mælti nefndin með því að eftirlitsramminn yrði styrktur til að draga úr hættu á fjármálakreppum í framtíðinni og alvöru þeirra. Nefndin mælti með víðtækum umbótum á skipulagi eftirlits með fjármálageiranum í Sambandinu. Í De Larosière skýrslunni er einnig mælt með því að Evrópsku fjármálaeftirlitskerfi (ESFS) yrði komið á fót sem samanstæði af þremur evrópskum eftirlitsstofnunum (ESA) – einni fyrir bankageirann, annarri fyrir verðbréfageirann og hinni þriðju fyrir vátrygginga- og lífeyrissjóðageirann, og að evrópskt kerfisáhætturáð yrði stofnað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 120. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Álit frá 18. mars 2010 (Stjtíð. ESB C 87, 1.4.2010, bls. 1).

([2]) Álit frá 18. mars 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 17. nóvember 2010.

4) Framkvæmdastjórnin til í orðsendingu sinni frá 4. mars 2009, undir yfirskriftinni „Drifkraftur efnahagsbata Evrópu“ að lögð yrðu fram lagadrög um að koma á fót evrópsku fjármálaeftirlitskerfi og í orðsendingu sinni frá 27. maí 2009, undir yfirskriftinni „Evrópskt fjármálaeftirlit“, veitti hún ítarlegri upplýsingar um mögulega uppbyggingu þessa nýja eftirlitsramma.

5) Leiðtogaráðið mæltist til, í ályktunum sínum í kjölfar funda þess 18. og 19. júní 2009, að evrópsku fjármálaeftirlitskerfi yrði komið á fót sem samanstæði af þremur nýjum evrópskum eftirlitsstofnunum. Kerfið ætti að miða að því að auka gæði og samkvæmni í eftirliti á landsvísu, efla eftirlit með samstæðum sem starfa yfir landamæri og koma á sameiginlegu evrópsku regluverki fyrir allar fjármálastofnanir á innri markaðnum. Leiðtogaráðið lagði áherslu á að evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu einnig að hafa eftirlitsheimildir með tilliti til lánshæfismatsfyrirtækja og hvatti framkvæmdastjórnina til að undirbúa raunhæfar tillögur um hvernig evrópska fjármálaeftirlitskerfið gæti gengt mikilvægu hlutverki þegar kreppa steðjaði að.

6) Framkvæmdastjórnin samþykkti 23. september 2009 tillögur um þrjár reglugerðir sem koma á fót evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, þ.m.t. stofnun evrópsku eftirlitsstofnananna þriggja.

7) Til að evrópska fjármálaeftirlitskerfið geti starfað á skilvirkan hátt er nauðsynlegt að breyta réttargerðum Sambandsins með tilliti til starfssviða evrópsku eftirlitsstofnananna þriggja. Slíkar breytingar varða skilgreiningu á umfangi tiltekinna valdheimilda evrópsku eftirlitsstofnananna, samþættingu ákveðinna valdsviða sem komið er á með réttargerðum Sambandsins og breytingar til að tryggja snurðulausa og skilvirka starfsemi evrópsku eftirlitsstofnananna með tilliti til evrópska fjármálaeftirlitskerfisins.

8) Stofnun evrópsku eftirlitsstofnananna þriggja ætti að fylgja sameiginlegt regluverk til að tryggja samkvæma samræmingu og samræmda beitingu og stuðla þannig að meiri skilvirkni í starfsemi innri markaðarins.

9) Í reglugerðunum um stofnun evrópska fjármálaeftirlitskerfisins er kveðið á um að evrópsku eftirlitsstofnununum sé heimilt, fyrir svið sem eru sérstaklega sett fram í viðkomandi löggjöf, að semja drög að tæknistöðlum til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis, í samræmi við 290. gr. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum. Í þessari tilskipun ætti að tilgreina fyrsta hluta þessara sviða og ætti það ekki að hafa áhrif á möguleikann á að bæta fleiri sviðum við í framtíðinni.

10) Í viðkomandi löggjöf ætti að skilgreina þau svið þar sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa valdheimildir til að semja drög að tæknistöðlum og hvernig þeir skulu samþykktir. Í viðkomandi löggjöf ætti að mæla fyrir um atriði, skilyrði og nákvæmar skilgreiningar eins og tilgreint er í 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ef um er að ræða framseldar gerðir.

11) Við ákvörðun á sviðum fyrir tæknistaðla ætti að finna gott jafnvægi milli þess að koma á einu samræmdu regluverki og þess að koma í veg fyrir að reglugerðir og framfylgd þeirra verði óþarflega flóknar. Aðeins ætti að velja þau svið þar sem samræmdar tæknireglur stuðla verulega og með skilvirkum hætti að því ná markmiðum viðkomandi löggjafar, um leið og tryggt er að stefnumótandi ákvarðanir Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar séu í samræmi við hefðbundnar verklagsreglur þeirra.

12) Svið sem falla undir tæknistaðla ættu að vera tæknilegs eðlis í raun, þar sem þróun þeirra kallar á sérfræðiþekkingu eftirlitsaðilans. Í tæknistöðlunum sem eru samþykktir sem framseldar gerðir ætti að útfæra, útskýra og ákvarða frekar skilyrðin fyrir samkvæmri samræmingu reglna, þ.m.t. í grunngerningum sem Evrópuþingið og ráðið samþykkja eða til að auka við eða breyta vissum atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í viðkomandi lagagerð. Í tæknistöðlunum sem eru samþykktir sem framkvæmdargerðir ætti að kveða á um skilyrði fyrir samræmdri beitingu lagalega bindandi gerða Sambandsins. Í tæknistöðlum ættu ekki að felast ákvarðanir varðandi stefnu.

13) Þegar um er að ræða tæknilegra eftirlitsstaðla er rétt að innleiða ferlið sem kveðið er á um í 10.–14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) ([1]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) ([2]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([3]), eftir því sem við á. Samþykkja ber tæknilega framkvæmdarstaðla í samræmi við ferlið sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á. Leiðtogaráðið studdi fjögurra þrepa „Lamfalussy“-nálgunina til að gera reglunefndarmeðferðina fyrir fjármálalöggjöf Sambandsins bæði skilvirkari og gagnsærri. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja annars stigs ráðstafanir á mörgum sviðum en margar annars stigs reglugerðir og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar eru í gildi. Aðeins skal samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla í tilvikum þegar viðeigandi annars stigs ráðstafanir, sem eru hannaðar til að útfæra, útskýra eða ákvarða frekar skilyrði beitingar á þessum annars stigs ráðstöfunum, hafa verið samþykktar og ættu þær að samrýmast umræddum annars stigs ráðstöfunum.

([1]) Stjtíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 12.
([2]) Stjtíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 48.
([3]) Stjtíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 84.

14) Bindandi tæknistaðlar stuðla að einu samræmdu regluverki fyrir lög um fjármálaþjónustu sem leiðtogaráðið samþykkti í niðurstöðum sínum frá júní 2009. Að því marki sem ákveðnar kröfur í löggjöf Sambandsins eru ekki samræmdar til fulls og í samræmi við varúðarregluna um eftirlit, þróun bindandi tæknistaðla, tilgreiningu eða ákvarðanatöku um skilyrði fyrir beitingu þessara krafna, ættu þær ekki að hindra aðildarríkin frá því að fara fram á viðbótarupplýsingar eða kveða á um strangari kröfur. Tæknistaðlar ættu því að heimila aðildarríkjunum að gera slíkt á sértækum sviðum þegar þessir lagagerningar kveða á um slíkt ákvörðunarvald.

15) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þar sem við á, hafa opið samráð við almenning, eins og sett er fram í reglugerðunum sem koma á fót evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, áður en þær leggja tæknistaðla fyrir framkvæmdastjórnina og greina hugsanlegan kostnað og ávinning þar að lútandi.

16) Gera skal mögulegt að kveða á um umbreytingarráðstafanir í tæknistöðlunum, með fyrirvara um nægjanlega fresti, ef kostnaðurinn við tafarlausa framkvæmd yrði of mikill í samræmi við þann ávinning sem hlytist þar af.

17) Í reglugerðunum sem koma á fót evrópska fjármálaeftirlitskerfinu er kveðið á um fyrirkomulag til að leysa ágreiningsmál milli lögbærra landsyfirvalda. Ef lögbært yfirvald fellst ekki á verklag eða inntak aðgerða eða aðgerðaleysis annars lögbærs yfirvalds á sviðum sem tilgreind eru í réttargerðum Sambandsins ættu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 þegar viðeigandi löggjöf krefst samvinnu, samræmingar eða sameiginlegrar ákvörðunartöku lögbærra landsyfirvalda í fleiri en einu aðildarríki, að geta aðstoðað þau, að beiðni eins af hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum, við að komast að samkomulagi innan þeirra tímamarka sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar setja og ber þeim að hafa hliðsjón af viðkomandi löggjöf þar að lútandi ásamt því hversu ágreiningurinn er áríðandi og flókinn. Ef slíkur ágreiningur er viðvarandi ættu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar að geta greitt úr honum.

18) Í reglugerðunum sem koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum er þess krafist að tilgreina þurfi, í löggjöf sem bundin er við tiltekna geira, tilvik þar sem heimilt er að beita fyrirliggjandi tilhögun til að greiða úr ágreiningi milli lögbærra landsyfirvalda. Í þessari tilskipun ætti að skilgreina fyrsta flokkinn af slíkum tilvikum án þess að það hafi áhrif á að fleiri slíkum tilvikum sé bætt við síðar. Tilskipun þessi ætti ekki að hindra evrópsku eftirlitsstofnanirnar í að grípa til aðgerða í samræmi við aðrar valdheimildir eða sinna skyldustörfum sem tilgreind eru í stofnreglugerðum þeirra, þ.m.t. sáttaumleitun sem ekki er bindandi, og skyldu þeirra til að stuðla að samkvæmri, skilvirkri og árangursríkri beitingu réttargerða Sambandsins. Enn fremur er breytinga þörf til að tryggja gagnsæi og lágmarkstruflun á ferlinu sem snýr að því að ná sameiginlegri ákvörðun á sviðum þar sem einhvers konar sáttaumleitun, sem ekki er bindandi, er fyrir hendi í viðkomandi réttargerðum eða þar sem lögbær yfirvöld, eitt eða fleiri, hafa frest til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Bindandi málsmeðferð fyrir lausn deilumála er hugsuð til að finna lausn í aðstæðum þar sem lögbær landsyfirvöld geta ekki komið sér saman um hvernig greiða eigi úr formlegu eða efnislegu ágreiningsefni sem varðar reglufylgni við réttargerðir Sambandsins.

19) Í þessari tilskipun ætti því að tilgreina aðstæður þar sem jafna þarf formlegan eða efnislegan ágreining sem varðar reglufylgni við lög Sambandsins og lögbær landsyfirvöldin geta ekki leyst fyrir eigin tilstyrk. Við slíkar aðstæður ætti eitt af hlutaðeigandi lögbærum lands yfirvöldum að geta vakið máls á þessu við viðkomandi evrópska eftirlitsstofnun. Sú evrópska eftirlitsstofnun ætti að fara að stofnreglugerð sinni og þessari tilskipun. Hlutaðeigandi evrópsk eftirlitsstofnun ætti að geta krafið viðkomandi lögbær yfirvöld um að grípa til sértækra aðgerða eða grípa ekki til aðgerða til að jafna ágreininginn og tryggja reglufylgni við lög Sambandsins með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld. Í tilvikum þegar viðeigandi réttargerðir Sambandsins veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkja ákvörðunarvald geta ákvarðanir evrópskrar eftirlitsstofnunar ekki komið í stað þess að lögbær yfirvöld beiti ákvörðunarvaldinu í samræmi við lög Sambandsins.

20) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]) er kveðið á um sáttaumleitun eða sameiginlegar ákvarðanir að því er varðar tilgreiningu á mikilvægum útibúum til að taka þátt í samstarfshópi eftirlitsaðila, fullgildingu líkana og áhættumati samstæðu. Á öllum þessum sviðum ætti sérstaklega að tilgreina í breytingum, að komi til ágreinings á tilteknu tímabili geti evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) leyst úr honum með því að nota ferlið sem lýst er í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010. Sú aðferð tekur af tvímæli um að þótt ákvarðanir Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) geti ekki komið í stað þess að landsbundin eftirlitsyfirvöld beiti ákvörðunarvaldi sínu ætti að vera hægt að leysa ágreining og efla samvinnu áður en endanleg ákvörðun er tekin og send til stofnunar.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

21) Til að tryggja að yfirstandandi verkefni evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar, samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsaðila og nefndar evrópskra eftirlitsaðila færist hindrunarlaust yfir til nýju evrópsku eftirlitsstofnananna ættu tilvísanir til stofnananna (Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) að koma í stað tilvísana til þessara nefnda í viðkomandi löggjöf, eftir því sem við á.

22) Til að koma nýja rammanum sem kveðið er á um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins fyllilega til framkvæmda er nauðsynlegt að aðlaga og skipta út framkvæmdarvaldinu sem lýst er í 202. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins (EB-sáttmálanum) með viðeigandi ákvæðum í 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ljúka ætti þeirri endurskoðun innan þriggja ára frá gildistöku Lissabon-sáttmálans og eftirstandandi valdheimildir sem veittar eru í 202. gr. EB-sáttmálans ættu að falla úr gildi á þeim degi.

23) Aðlögun nefndarmeðferða að sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 290. og 291. gr. hans, ætti að fara fram í hverju tilviki fyrir sig. Til að taka mið af tækniþróun á fjármálamörkuðum og skýra nánar kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum, sem hefur verið breytt með þessari tilskipun ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

24) Evrópuþingið og ráðið ættu að hafa þrjá mánuði frá tilkynningardegi til að andmæla framseldri gerð. Evrópuþingið og ráðið ættu að geta haft frumkvæði að því að framlengja þetta tímabil um þrjá mánuði þegar mikilvægir þættir eiga í hlut. Evrópuþingið og ráðið ættu einnig að geta upplýst aðrar stofnanir um þær fyrirætlanir sínar að hreyfa ekki andmælum. Skjót samþykkt á framseldum gerðum á sérstaklega við þegar um frest er að ræða, t.d. ef tímaáætlun varðandi samþykki framkvæmdastjórnarinnar á framseldum gerðum er í grundvallargerðinni.

25) Tilskipun þessi ætti ekki að hindra evrópsku eftirlitsstofnanirnar í að grípa til aðgerða í samræmi við aðrar valdheimildir eða sinna skyldustörfum sem tilgreind eru í stofnreglugerðum þeirra, þ.m.t. sáttaumleitun sem ekki er bindandi, og skyldu þeirra til að stuðla að samkvæmri, skilvirkri og árangursríkri beitingu réttargerða Sambandsins.

26) Nýja eftirlitsskipulagið, sem komið var á fót með evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, mun krefjast náinnar samvinnu lögbærra landsyfirvalda við evrópsku eftirlitsstofnanirnar. Breytingarnar á viðeigandi löggjöf ættu að tryggja að engar lagalegar hindranir fyrirfinnist sem standi í vegi fyrir kröfunum um upplýsingaskipti sem er að finna í reglugerðunum um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum.

27) Upplýsingar sem sendar eru til eða skipst er á milli lögbærra yfirvalda og evrópsku eftirlitsstofnananna eða evrópska kerfisáhætturáðsins skulu háðar þagnarskyldu þeirra sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem veita upplýsingunum viðtöku.

28) Í reglugerðunum um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum er kveðið á um að hægt sé að koma á tengslum við lögbær yfirvöld frá þriðju löndum og aðstoða við að undirbúa jafngildisvarðanir um eftirlitskerfi í þriðju löndum. Breyta ætti tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([1]) og tilskipun 2006/48/EB til að heimila evrópsku eftirlitsstofnununum að koma á samstarfssamningum við þriðju lönd og skiptast á upplýsingum þar sem þriðju lönd geta ábyrgst að þagnarskylda verði virt.

29) Að halda einn samsteyptan lista eða skrá um sérhvern flokk fjármálastofnana í Sambandinu, eins og sérhverju lögbæru landsyfirvaldi ber að gera nú þegar, mun auka gangsæi og á betur við með tilliti til innri markaðarins fyrir fjármálaþjónustu. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu að fá það hlutverk að koma á fót, birta og uppfæra reglulega skrárnar um fjármálaaðila í Sambandinu. Þetta varðar skrána yfir starfsleyfi lánastofnana sem lögbær landsyfirvöld hafa veitt, skrána yfir öll verðbréfafyrirtæki og skrána yfir skipulega verðbréfamarkaði samkvæmt tilskipun 2004/39/EB. Á sama hátt ætti evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) að fá það hlutverk að koma á fót, birta og uppfæra reglulega skrána um samþykktar útboðs- og skráningarlýsingar og vottorð um samþykki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til viðskipta ([2]).

30) Á þeim sviðum þar sem evrópsku eftirlitsstofnununum ber skylda til að semja drög að tæknistöðlum ætti að leggja þessi drög að tæknistöðlum fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja ára frá stofnun evrópsku eftirlitsstofnananna nema kveðið sé á um annan frest í viðkomandi lagagerð.

31) Verkefni evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([3]) ættu ekki að hafa áhrif á valdheimild seðlabankakerfis Evrópu til að stuðla að snurðulausum rekstri greiðslukerfa í samræmi við fjórða undirlið í 2. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.
([3]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

32) Tæknistaðlarnir, sem evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) mun semja drög að í samræmi við þessa tilskipun og með tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri ([1]), ættu ekki að hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna að því er varðar varfærniskröfur sem gilda um slíkar stofnanir eins og kveðið er á um í tilskipun 2003/41/EB.

33) Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/71/EB er lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki heimilt að flytja samþykki á útboðs- og skráningarlýsingu til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, með fyrirvara um samþykki lögbæra yfirvaldsins. Í ákvæðum 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 er þess krafist að evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) sé tilkynnt um slíka framsalssamninga eigi síðar en einum mánuði áður en þeir taka gildi. Í ljósi fenginnar reynslu af framsali staðfestingar samkvæmt tilskipun 2003/71/EB, sem kveður á um styttri fresti, er þó rétt að beita ekki 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 í því tilviki.

34) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa sem stendur enga þörf fyrir að semja drög að tæknistöðlum að því er varðar fyrirliggjandi kröfur um að þeir sem í reynd stjórna starfsemi verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, verðbréfasjóða og rekstrarfélaga þeirra hafi nægjanlega gott orðspor og fullnægjandi reynslu sem ætti að tryggja trausta og varfærna stjórnun þeirra. Með tilliti til mikilvægis þessara krafna ættu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar þó að setja í forgang að koma á viðmiðunarreglum um bestu starfsvenjur og sjá til þess að eftirlits- og varfærnisferlar samrýmist þessum bestu starfsvenjum. Þær ættu á sama hátt að tilgreina bestu starfsvenjur og tryggja samleitni þegar um er að ræða varfærniskröfur fyrir aðalskrifstofur þessara aðila.

35) Sameiginlega evrópska regluverkið sem gildir um allar fjármálastofnanir á innri markaðinum ætti að tryggja fullnægjandi samhæfingu á viðmiðum og aðferðafræði svo lögbær yfirvöld geti notað þau til að meta útlánaáhættu lánastofnana. Tilgangur þess að semja drög að tæknistöðlum með tilliti til innramatsaðferðarinnar, þróuðu mæliaðferðarinnar og eigin líkans fyrir markaðsáhættuaðferðina, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, ætti nánar til tekið að tryggja gæði og traustleika slíkra aðferða sem og samkvæmni í eftirliti lögbærra yfirvalda með þeim. Þessir tæknistaðlar ættu að gera lögbærum yfirvöldum kleift að heimila fjármálastofnunum að þróa mismunandi aðferðir sem grundvallast á reynslu þeirra og séreinkenna, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/48/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([2]) og með fyrirvara um kröfur í viðkomandi tæknistöðlum.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta starfsemi innri markaðarins með því að tryggja hátt, skilvirkt og samkvæmt stig varfærins regluverks og eftirlits, og að vernda innstæðueigendur, fjárfesta og rétthafa og þar með einnig fyrirtæki og neytendur, vernda heilleika, skilvirkni og skipulega starfsemi fjármálamarkaða, viðhalda stöðugleika og sjálfbærni fjármálakerfisins, vernda raunhagkerfið og fjármál hins opinbera og styrkja samræmingu innra eftirlits, og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

37) Framkvæmdastjórnin ætti, eigi síðar en 1. janúar 2014, að tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um framlagningu evrópsku eftirlitsstofnananna á drögum að tæknistöðlum eins og kveðið er á um í þessari tilskipun og leggja fram viðeigandi tillögur.

38) Því ber að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu ([4]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([5]), tilskipun 2003/41/EB, tilskipun 2004/39/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi ([7]), tilskipun 2006/48/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) ([8]) til samræmis við það.

([1]) Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.
([3]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.
([4]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.
([6]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.
([7]) Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.
([8]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 98/26/EB

Tilskipun 98/26/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkið, sem um getur í 2. mgr., skal án tafar tilkynna evrópska kerfisáhætturáðinu, öðrum aðildarríkjum og evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*).

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

2) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tilgreina kerfin og viðkomandi kerfisstjóra sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og tilkynna Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá og upplýsa stofnunina um yfirvöldin sem hafa verið valin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta þessar upplýsingar á vefsetri sínu.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

1. Lögbæru yfirvöldin skulu eiga samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/87/EB

Tilskipun 2002/87/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Samræmingaraðilinn, sem er tilnefndur í samræmi við 10. gr., skal tilkynna móðurfyrirtækinu, sem fer fyrir samstæðunni, eða, ef ekki er um móðurfyrirtæki að ræða, eftirlitsskylda aðilanum með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings á mikilvægasta fjármálasviðinu innan samstæðu, að samstæðan hafi verið sanngreind sem fjármálasamsteypa og um tilnefningu samræmingaraðilans.

Samræmingaraðilinn skal einnig tilkynna lögbæru yfirvöldunum, sem veitt hafa starfsleyfi til eftirlitsskyldra aðila í hópnum, og lögbæru yfirvöldunum í aðildarríkinu þar sem blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði heldur aðalskrifstofu, og sameiginlegri nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna (hér á eftir „sameiginlega nefndin“), sem komið var á fót með 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin)(*), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska tryggingaog lífeyrissjóðastofnunin) (**) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði) (***) eftir því sem við á.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.
(**) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.
(***) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Sameiginlega nefndin skal birta á vefsetri sínu og halda uppfærðri skránni um sanngreindar fjármálasamsteypur. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar með tengli á vefsetri sérhverrar evrópskrar eftirlitsstofnunar.“

2) Í 2. mgr. 9. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„d) fyrirkomulag er fyrir hendi um að stuðla að og þróa, ef krafist er, fullnægjandi endurreisnar- og skilameðferðarfyrirkomulag og -áætlanir. Slíkt fyrirkomulag skal uppfæra reglulega.“

3) Í stað fyrirsagnar í 3. þætti komi eftirfarandi:

„RÁÐSTAFANIR TIL AÐ GREIÐA FYRIR VIÐBÓTAREFTIRLITI OG EFLA VALDHEIMILDIR SAMEIGINLEGU NEFNDARINNAR“.

4) Eftirfarandi grein er felld inn í 3. þátt:

„9. gr. a

Hlutverk sameiginlegu nefndarinnar

Sameiginlega nefndin skal, í samræmi við 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 eftir því sem við á, tryggja samræmi í eftirliti þvert á atvinnugreinar og yfir landamæri og reglufylgni með löggjöf Sambandsins.“

5) Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að tryggja eðlilega framkvæmd viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu skal tilnefna einn samræmingaraðila sem ber ábyrgð á samræmingu og framkvæmd viðbótareftirlits, úr hópi lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja, þ.m.t. þeirra í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur aðalskrifstofu sína. Birta skal auðkenni samræmingaraðilans á vefsetri sameiginlegu nefndarinnar.“

6) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„Til að greiða fyrir og koma á viðbótareftirliti á breiðum lagagrundvelli skulu samræmingaraðili, önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og, ef þörf krefur, önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, koma á sérstöku samræmingarfyrirkomulagi. Samræmingarfyrirkomulagið getur haft í för með sér viðbótarverkefni fyrir samræmingaraðilann og þar kann að vera sagt fyrir um tilhögun á ákvarðanatökuferli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda eins og um getur í 3., 4. og 5. gr. (4. mgr.), 6. og 12. gr. (2. mgr.), 16. og 18. gr. og um samstarf við önnur lögbær yfirvöld.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, með milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og í samræmi við 8. gr. og tilhögunina sem sett er fram í 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 eftir því sem við á, semja viðmiðunarreglur sem miða að samleitni í samræmingu eftirlitsráðstafana í samræmi við 131. gr. a tilskipunar 2006/48/EB og 4. mgr. 248. gr. tilskipunar 2009/138/EB.“

7) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„Lögbærum yfirvöldum er einnig heimilt að skiptast á við eftirfarandi yfirvöld á þeim upplýsingum sem þörf er á til að framkvæma skyldur þeirra varðandi eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypum í samræmi við ákvæðin sem mælt var fyrir um í reglunum um sérsvið: seðlabankar, evrópska seðlabankakerfið, Seðlabanka Evrópu og evrópska kerfisáhætturáðið í samræmi við 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (*).

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Samstarf og upplýsingaskipti við sameiginlegu nefndina

1. Lögbæru yfirvöldin skulu starfa með sameiginlegu nefndinni að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita sameiginlegu nefndinni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, í þessari röð.“

9) Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að engar lagalegar hömlur innan lögsögu þeirra hindri einstaklinga og lögaðila sem valdsvið viðbótareftirlits nær til, hvort sem þeir eru eftirlitsskyldur aðili eða ekki, frá því að skiptast innbyrðis á hvers konar upplýsingum sem gætu skipt máli fyrir slíkt viðbótareftirlit og skiptast á upplýsingum í samræmi við þessa tilskipun og við evrópsku eftirlitsstofnanirnar í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, ef nauðsyn krefur.“

10) Í stað annarrar málsgreinar 16. gr. komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. er aðildarríkjunum heimilt að ákvarða hvaða ráðstafanir lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt gera að því er varðar blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi. Í samræmi við 16. og 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, geta evrópsku eftirlitsstofnanirnar, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, samið viðmiðunarreglur um ráðstafanir að því er varðar blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi .“

11) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um sérreglur þar sem 3. mgr. 5. gr. gildir skulu lögbæru yfirvöldin skulu sannprófa hvort eftirlitsskyldir aðilar, þegar móðurfyrirtækið hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi, sæti eftirliti lögbærs yfirvalds í umræddu þriðja landi, jafngildu því sem kveðið er á um í þessari tilskipun um viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Lögbæra yfirvaldið, sem væri samræmingaraðili ef framsettar viðmiðanir í 2. mgr. 10. gr. væru í gildi, skal framkvæma sannprófunina að beiðni móðurfyrirtækisins eða einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi í Sambandinu eða að eigin frumkvæði.

Þetta lögbæra yfirvald skal hafa samráð við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld og kappkosta að fara að viðeigandi viðmiðunarreglum sem sameiginlega nefndin hefur komið á í samræmi við 16. gr. og 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Ef lögbært yfirvald samþykkir ekki ákvörðun sem annað viðkomandi lögbært yfirvald hefur tekið skv. 1. mgr., skal 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, gilda eftir því sem við á.“

12) Í stað 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð sameiginlegu nefndarinnar, evrópsku bankanefndarinnar, nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum og nefndarinnar um fjármálasamsteypur, skoða niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og meta árangur þeirra.“

13) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 20. gr.:

„Þessar ráðstafanir taka ekki til efnis valdheimildarinnar sem er framseld og falin framkvæmdastjórninni að því er varðar atriðin sem eru tilgreind í a-lið 21. gr.“

14) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar geta, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, látið í té almennar viðmiðunarreglur um hvort líklegt sé að viðbótareftirlitsfyrirkomulag lögbærra yfirvalda í þriðju löndum nái markmiðunum með viðbótareftirliti, eins og þau eru skilgreind í þessari tilskipun, að því er varðar eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu þar sem aðilinn sem fer fyrir samsteypunni hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi. Sameiginlega nefndin skal endurskoða allar slíkar viðmiðunarreglur reglulega og taka tillit til allra breytinga á viðbótareftirliti sem slík lögbær yfirvöld framkvæma.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Eigi síðar en 1. desember 2011 skal framkvæmdastjórnin endurskoða 20. gr. og leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf til að hægt sé að beita framseldum gerðum til fulls skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar þessa tilskipun. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar skulu valdheimildirnar, sem framkvæmdastjórninni er falið í 21. gr. til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem enn eru við lýði eftir gildistöku Lissabonsáttmálans, falla úr gildi 1. desember 2012.“

15) Eftirfarandi grein bætist við:

„21. gr. a

Tæknistaðlar

1. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar tilskipunar er Evrópsku eftirlitsstofnununum heimilt, í samræmi við 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 eftir því sem við á, að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, að því er varðar:

a) ákvæði 11. mgr. 2. gr. til að kveða nánar á um beitingu 17. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE með tilliti til þessarar tilskipunar,

b) ákvæði 17. mgr. 2. gr. til að koma á ferlum eða kveða nánar á um viðmiðanir til að ákvarða „viðkomandi lögbært yfirvald“,

c) ákvæði 5. mgr. 3. gr. til að kveða nánar á um aðra mæliþætti til að auðkenna fjármálasamsteypu.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.

2. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar er Evrópsku eftirlitsstofnununum heimilt, í samræmi við 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, að því er varðar:

a) ákvæði 2. mgr. 6. gr. til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu aðferðanna við útreikninga sem tilgreindar eru í II. hluta í I. viðauka en með fyrirvara um 4. mgr. 6. gr.,

b) ákvæði 2. mgr. 7. gr. til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu málsmeðferðar við að fella atriði undir gildissvið skilgreiningarinnar á „áhættusamþjöppun“ í eftirlitsyfirlitinu sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 7. gr.,

c) ákvæði 2. mgr. 8. gr. til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu málsmeðferðar við að fella atriði undir gildissvið skilgreiningarinnar á „viðskiptum innan samstæðunnar“ í eftirlitsyfirlitinu sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 8. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.

3. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/6/EB

Tilskipun 2003/6/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi undirgreinar bætast við 5. mgr. 1. gr.:

„Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*), er heimilt að útfæra drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmda samhæfingu skilyrða fyrir beitingu gerðanna, sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við þessa grein, í tengslum við viðurkenndar markaðsvenjur.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr.:

„11. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu gerðanna sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við sjötta undirlið fyrstu undirgreinar 10. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

3) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) fyrirliggjandi texti verður 1. mgr.,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

4) Í 14. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5. Aðildarríkin skulu árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heildarupplýsingar sem varða allar stjórnsýsluráðstafanir og viðurlög sem beitt hefur verið í samræmi við 1. og 2. mgr.

Þegar lögbært yfirvald hefur birt upplýsingar um stjórnsýsluráðstafanir eða viðurlög opinberlega skal það samtímis tilkynna það til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Þegar birt viðurlög varða verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2004/39/EB skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin bæta tilvísun við birtu viðurlögin í skránni yfir verðbréfafyrirtæki sem komið er á fót skv. 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/39/EB.“

5) Eftirfarandi grein bætist við:

15. gr. a

1. Lögbæru yfirvöldin skulu eiga samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

6) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fjórðu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er lögbæru yfirvaldi, sem hefur ekki fengið svar við beiðni sinni um upplýsingar innan hæfilegs frests eða ef beiðni þess er hafnað, heimilt, innan hæfilegs tímafrests, að vísa höfnuninni eða aðgerðaleysinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Í tilvikunum sem um getur í fyrsta málslið er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að grípa til aðgerða í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, með fyrirvara um möguleikana á að neita að verða við beiðni um upplýsingar, sem kveðið er á um í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, og möguleikann á að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðhafist í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

b) eftirfarandi komi í stað fimmtu undirgreinar 4. mgr.:

„Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er lögbæru yfirvaldi heimilt, ef ekki er brugðist við beiðni þess innan hæfilegs frests um að hefja rannsókn, eða beiðni þess um að starfsfólki þess verði heimilað að aðstoða starfsfólk lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, að vísa þeirri höfnun eða aðgerðaleysi til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar innan hæfilegs tímafrests. Í tilvikunum sem um getur í fyrsta málslið er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að grípa til aðgerða í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, með fyrirvara um möguleikana á að neita að verða við beiðni um upplýsingar, sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein þessarar málsgreinar, og möguleikann á að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðhafist í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 2. og 4. mgr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um verkferla og form vegna upplýsingaskipta og rannsókna yfir landamæri eins og um getur í þessari grein.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„17. gr. a

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. desember 2011, endurskoða 1., 6., 8., 14. og 16. gr. og leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf svo hægt sé að beita framseldu gerðunum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og framkvæmdargerðunum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til fulls, að því er varðar þessa tilskipun. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar skulu valdheimildirnar sem framkvæmdastjórninni eru faldar í 17. gr. til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem eru enn við lýði eftir gildistöku Lissabonsáttmálans, falla úr gildi 1. desember 2012.“

4. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/41/EB

Tilskipun 2003/41/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) lögbæra yfirvaldið hefur skráð stofnunina í landsskrána eða hefur heimild til þess; skráin skal einnig vísa til aðildarríkjanna þar sem stofnunin starfar, ef um er að ræða starfsemi sem nær yfir landamæri, eins og um getur í 20. gr.; senda skal slíkar upplýsingar til evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska tryggginga- og lífeyrissjóðastofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 (*) og skal hún birta þær á vefsetri sínu,

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Þegar starfsemin nær yfir landamæri, eins og um getur í 20. gr., skulu skilyrði fyrir rekstri stofnunarinnar vera með fyrirvara um að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafi veitt henni starfsleyfi fyrirfram. Aðildarríkin skulu án tafar tilkynna Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni þegar slíkt starfsleyfi er veitt.“

2) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) núverandi texti verður 1. mgr.,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um form og sniðmát skjalanna sem talin eru upp í i.–vi. undirlið c-liðar 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.“

3) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„Sérhver ákvörðun um að banna starfsemi stofnunar skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi stofnun. Enn fremur skal tilkynna Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um það.“

4) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„6. Til að samræma betur reglur um útreikning á vátryggingaskuld sem unnt er að réttlæta, einkum vaxtastig og aðrar forsendur sem hafa áhrif á fjárhæð vátryggingaskuldar skal framkvæmdastjórnin, eftir að hafa ráðfært sig við Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, gefa út skýrslu á tveggja ára fresti, eða að beiðni aðildarríkis, um með hvaða hætti starfsemi yfir landamæri þróast.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:

„11. Aðildarríkin skulu tilkynna Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um landsákvæði sín um varfærni sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi sem falla ekki undir tilvísunina til innlendrar félagsmála- og vinnulöggjafar í 1. mgr.

Aðildarríkin skulu reglulega uppfæra þessar upplýsingar og a.m.k. á tveggja ára fresti og skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gera þessar upplýsingar aðgengilegar á vefsetri sínu.

Til að tryggja samræmda beitingu þessarar málsgreinar skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um ferla sem ber að fylgja og form og sniðmát sem lögbæru yfirvöldin nota við sendingu og uppfærslu á viðkomandi upplýsingum til Evrópsku tryggginga- og lífeyrissjóðastofnunarinnar. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.“

6) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Samstarf milli aðildarríkja, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1094/2010.

Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 í samræmi við 35. gr. þeirrar reglugerðar.“,

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Sérhvert aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um öll meiri háttar vandkvæði sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja skulu skoða slík vandkvæði eins fljótt og auðið er til þess að finna viðeigandi lausn.“

5. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/71/EB

Tilskipun 2003/71/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*), er heimilt, til að tryggja samkvæma samræmingu á þessari tilskipun, að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina undanþágurnar varðandi a til e-lið í 1. mgr. og a- til h-lið í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

2) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 2. mgr. 5. gr.:

„Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar og framseldra gerða, sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 5. mgr., skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu framseldra gerða, sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 5. mgr., að því er varðar samræmt sniðmát fyrir framsetningu samantektar og til að gera fjárfestum kleift að bera viðkomandi verðbréf saman við aðrar viðeigandi vörur.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

3) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 7. gr.:

„4. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

4) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 8. gr.:

„5. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 4. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

5) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um samþykki á útboðs- og skráningarlýsingu og viðbótum við hana, samtímis því að samþykktin er tilkynnt útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þeim sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, eftir því sem við á. Lögbæru yfirvöldin skulu samtímis því veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni afrit af útboðs- og skráningarlýsingunni og viðbótum við hana.“,

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki er heimilt að flytja samþykki á útboðs- og skráningarlýsingu til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, með fyrirvara um tilkynningu fyrirfram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, og samþykki lögbæra yfirvaldsins. Tilkynna skal slíkan flutning til útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, innan þriggja virkra daga frá því að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tók ákvörðunina. Fresturinn sem um getur í 2. mgr. gildir frá þeim degi. Ákvæði 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 gildir ekki um flutning á samþykki útboðs- og skráningarlýsingar í samræmi við þessa málsgrein.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar og greiða fyrir samskiptum milli lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðieftirlitsstofnunarinnar, er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum vegna tilkynninganna sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

6) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar útboðs- og skráningarlýsing hefur verið samþykkt skal hún skráð hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu, gerð tiltæk Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni fyrir milligöngu lögbæra yfirvaldsins og gerð aðgengileg almenningi af hálfu útgefandans, tilboðsgjafans eða þess, sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum innan hæfilegs frests og í síðasta lagi við upphaf almenns útboðs eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þar að auki, ef um er að ræða fyrsta almennt útboð á flokki hlutabréfa sem ekki hefur verið tekinn til viðskipta áður á skipulegum verðbréfamarkaði, skal útboðs- og skráningarlýsing vera aðgengileg í a.m.k. sex virka daga áður en útboði lýkur.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir samþykktar útboðs- og skráningarlýsingar í samræmi við 13. gr., þ.m.t., ef við á, tengil á útboðs- og skráningarlýsinguna sem birt er á vefsetri lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu eða á vefsetri útgefanda eða á vefsetri skipulegs verðbréfamarkaðar. Uppfæra skal birtu skrána og skal sérhver lýsing vera aðgengileg á vefsetrinu í a.m.k. 12 mánuði.“

7) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 16. gr.:

„3. Til að tryggja samkvæma samræmingu skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein og hafa hliðsjón af tækniþróun á fjármálamörkuðum, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina tilvikin þar sem mikilvægur nýr þáttur, veruleg mistök eða ónákvæmni varðandi upplýsingarnar í útboðs- og skráningarlýsingunni útheimtir að viðbót við útboðs- og skráningarlýsinguna verði birt. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

8) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 23. gr. og þegar almennt útboð eða taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er fyrirhuguð í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu, skal útboðs- og skráningarlýsing sem heimaaðildarríkið hefur samþykkt og allar viðbætur við hana, gilda fyrir almennt útboð verðbréfa eða töku þeirra til viðskipta í hvaða gistiaðildarríkjum sem er, að því tilskildu að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbæru yfirvaldi hvers gistiaðildarríkis sé tilkynnt um það í samræmi við 18. gr. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjum skulu ekki hefja neins konar samþykktarferli eða stjórnsýslumeðferð vegna útboðs- og skráningarlýsinga.“,

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef mikilvægir nýir þættir, veruleg mistök eða ónákvæmni koma í ljós frá því að útboðs- og skráningarlýsingin var samþykkt, eins og um getur í 16. gr., skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu krefjast þess að birt sé viðbót, sem samþykkja ber eins og kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu er heimilt að láta lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu vita ef þörf er á nýjum upplýsingum.“

9) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 18. gr.:

„3. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um vottorð um samþykki á útboðs- og skráningarlýsingu á sama tíma og lögbæru yfirvaldi og gistiaðildarríkinu er tilkynnt um það.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skulu birta á vefsetrum sínum skrá yfir vottorð um samþykki á útboðs- og skráningarlýsingum og öðrum viðbótum þar að lútandi, þ.m.t., ef við á, tengil á þau skjöl sem birt eru á vefsetri lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu, á vefsetri útgefandans eða á vefsetri skipulega verðbréfamarkaðarins. Uppfæra skal birtu skrána og skal sérhver lýsing vera aðgengileg á vefsetrunum í a.m.k. 12 mánuði.

4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar og til að hafa hliðsjón af tækniþróun á fjármálamörkuðum er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir tilkynningar um vottorð um samþykki, afrit útboðs- og skráningarlýsingar, viðbótina við útboðs- og skráningarlýsinguna og þýðinguna á samantektinni.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

10) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1a. Lögbæru yfirvöldin skulu eiga samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

1b. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

b) í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið í tengslum við framsal verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíkt framsal.“,

c) eftirfarandi undirgrein bætist við 4. mgr.:

„Í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa rétt til að taka þátt í vettvangsskoðununum sem um getur í d-lið sem tvö eða fleiri lögbær yfirvöld standa að sameiginlega.“

11) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Lögbæru yfirvöldin geta vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt, í þeim tilvikum sem um getur í fyrsta málslið, að grípa til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld frá því að skiptast á trúnaðarupplýsingum eða senda trúnaðarupplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða evrópska kerfisáhætturáðsins, háð takmörkunum sem varða upplýsingar um einstök fyrirtæki og áhrif á þriðju lönd, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (*) eftir því sem við á. Upplýsingar sem skipst er á milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða evrópska kerfisáhætturáðsins skulu háð þagnarskyldu sem hvílir á þeim sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem veittu upplýsingunum viðtöku.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessar greinar og til að hafa hliðsjón af tækniþróun á fjármálamörkuðum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem krafist er í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 2. mgr. og til að hafa hliðsjón af tækniþróun á fjármálamörkuðum er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

12) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Varúðarráðstafanir

1. Komist lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu að því að útgefandi eða fjármálastofnanirnar, sem annast almenna útboðið, hafi gerst sekar um frávik frá reglum eða að útgefandi hafi ekki staðið við skuldbindingar sem fylgja töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal það vísa málinu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Ef útgefandinn eða fjármálastofnanir sem annast almenna útboðið halda áfram að brjóta viðkomandi laga- eða regluákvæði, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur gert eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, skal lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um það, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta og skal það upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um það við fyrsta tækifæri.“

6. gr.

Breytingar á tilskipun 2004/39/EB

Tilskipun 2004/39/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki skulu skrá öll verðbréfafyrirtæki. Skráin skal vera aðgengileg almenningi og fela í sér upplýsingar um þjónustuna eða starfsemina sem verðbréfafyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir. Hún skal uppfærð reglulega. Tilkynna skal sérhvert starfsleyfi til evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1095/2010 (*).

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal taka saman skrá um öll verðbréfafyrirtæki í Sambandinu. Skráin skal innihalda upplýsingar um þjónustu eða starfsemi sem verðbréfafyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir og skal hún uppfærð reglulega. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra þessa skrá á vefsetri sínu.

Þegar lögbært yfirvald hefur afturkallað starfsleyfi í samræmi við b- til d-lið 8. gr. skal birta afturköllun þessa á skránni næstu fimm árin.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 7. gr.:

„4. Til að tryggja samkvæma samræmingu á þessari grein og 2.–4. mgr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 10. gr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) upplýsingarnar sem veita á lögbærum yfirvöldum skv. 2. mgr. 7 gr., þ.m.t. starfsáætlunina,

b) kröfurnar sem gilda um rekstur verðbréfafyrirtækja skv. 4. mgr. 9. gr. og upplýsingarnar um tilkynningar skv. 2. mgr. 9. gr.,

c) kröfurnar sem gilda um hluthafa og aðila með virka eignarhlutdeild, sem og hindranir sem gætu komið í veg fyrir að lögbært yfirvald geti gegnt eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti skv. 1. og 2. mgr. 10. gr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 9. mgr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, sniðmát og ferla fyrir tilkynningu eða tilhögun upplýsingamiðlunar sem kveðið er á um í þessum greinum.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

3) Í 8. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhverja afturköllun á starfsleyfi.“

4) Í 10. gr. a bætist eftirfarandi málsgrein við:

„8. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að koma á tæmandi skrá yfir upplýsingar, sem um getur í 4. mgr., sem fyrirhugaðir yfirtökuaðilar eiga að láta fylgja með í tilkynningu sinni, með fyrirvara um 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 10. gr., 10. gr. a og 10. gr. b, er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, sniðmát og ferla fyrir fyrirkomulag samráðs milli viðkomandi lögbærra yfirvalda, eins og um getur í 4. mgr. 10. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

5) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 1. mgr.:

„1. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um alla erfiðleika almenns eðlis sem verðbréfafyrirtæki þeirra verða fyrir við stofnsetningu eða veitingu fjárfestingarþjónustu og/eða við að annast fjárfestingarstarfsemi í þriðja landi.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef framkvæmdastjórnin telur, á grundvelli upplýsinga sem hún fær skv. 1. mgr., að þriðja land veiti verðbréfafyrirtækjum Sambandsins ekki aðgang að markaðinum í reynd sem er sambærilegum þeim aðgangi sem Sambandið veitir verðbréfatækjum frá því þriðja landi getur hún, að teknu tilliti til leiðbeininga frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, lagt fyrir ráðið tillögur um að það veiti viðeigandi umboð til samningaumleitana til að ná fram sambærilegri samkeppnisaðstöðu fyrir verðbréfafyrirtæki Sambandsins. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta.

Evrópuþingið skal án tafar og fyllilega upplýst um öll stig málsmeðferðarinnar í samræmi við 217. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina að því er varðar þessa grein.“

6) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 16. gr.:

„Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja viðmiðunarreglur varðandi vöktunaraðferðirnar sem um getur í þessari málsgrein.“

7) Í stað fyrsta undirliðar 6. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„— þjónustan sem um getur í inngangshlutanum tengist hlutabréfum, sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á samsvarandi markaði í þriðja landi, peningamarkaðsgerningum, skuldabréfum eða tryggðum skuldaskjölum (að undanskildum þeim skuldabréfum eða tryggðu skuldaskjölum sem eru með innbyggðum afleiðum), verðbréfasjóðum og öðrum fjármálagerningum sem ekki eru samsettir. Verðbréfamarkaður í þriðja landi skal talinn samsvara skipulegum verðbréfamarkaði ef hann er í samræmi við samsvarandi kröfur og þær sem komið er á skv. III. bálki. Framkvæmdastjórnin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu birta á vefsetrum sínum skrá yfir þá markaði sem teljast jafngildir. Skrá þessi skal uppfærð reglulega. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við mat á mörkuðum í þriðju löndum.“

8) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki, sem ákveða að heimila verðbréfafyrirtækjum að tilnefna fasta umboðsmenn, skulu koma á opinberri skrá. Fastir umboðsmenn skulu skráðir í opinbera skrá aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilvísanir eða tengla í opinberar skrár sem aðildarríkin, sem ákveða að leyfa verðbréfafyrirtækjum að skipa fasta umboðsmenn, hafa komið á samkvæmt þessari grein.“

9) Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um skiptingu ábyrgðar við framfylgd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) (*), skulu aðildarríki sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samhæfir í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, tryggja að fyrir liggi viðeigandi ráðstafanir sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að fylgjast með starfsemi verðbréfafyrirtækja til að tryggja að þau starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku og á þann hátt sem stuðlar að heilleika markaðarins.

(*) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki hafi tiltæk, fyrir lögbæra yfirvaldið til afnota, í a.m.k. fimm ár viðeigandi gögn varðandi öll viðskipti með fjármálagerninga sem þau hafa annast, hvort heldur er fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar. Ef um er að ræða færslur sem gerðar eru fyrir hönd viðskiptavina skulu skrárnar innihalda allar upplýsingar og kenniupplýsingar um viðskiptavininn og upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt tilskipun 2005/60/EB.

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að óska eftir upplýsingum í samræmi við ferlið og samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

10) Í stað 2. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„2. Lögbæra yfirvaldið á þeim markaði sem skiptir mestu máli að því er varðar seljanleika, eins og hann er skilgreindur fyrir hvert hlutabréf í 25. gr., skal ákvarða a.m.k. árlega, á grundvelli meðaltalsviðris fyrirmæla sem framkvæmd eru á markaðinum vegna þess hlutabréfs, hlutabréfaflokkinn sem það tilheyrir. Gera skal þessar upplýsingar aðgengilegar öllum markaðsaðilum og senda þær Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sem skal birta þær á vefsetri sínu.“

11) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Þegar verðbréfafyrirtækið hyggst nota fasta umboðsmenn skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins, að beiðni lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins og innan hæfilegs frests, greina frá því hvaða föstu umboðsmenn verðbréfafyrirtækið hyggst nota í því aðildarríki. Gistiaðildarríkið getur birt slíkar upplýsingar. Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði er heimilt að óska eftir upplýsingum í samræmi við ferlið og samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina hvaða upplýsingar eigi að senda í samræmi við 2., 4. og 6. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir sendingu upplýsinga í samræmi við 3., 4. og 6. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

12) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 32. gr.:

„10. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina hvaða upplýsingar eigi að senda í samræmi við 2., 4. og 9. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir sendingu upplýsinga í samræmi við 3. og 9. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

13) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 36. gr.:

„6. Tilkynna skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar afturkallanir á starfsleyfi.“

14) Í stað 2. mgr. 41. gr. komi eftirfarandi:

„2. Lögbært yfirvald sem óskar tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar á viðskiptum með fjármálagerning á einum eða fleiri skipulegum verðbréfamörkuðum skal þegar í stað birta ákvörðun sína og upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbæru yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um það. Lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum skulu krefjast tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar á viðskiptum með fjármálagerning á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgum sem starfa undir eftirliti þeirra, nema ef það kynni að skaða að verulegu leyti hagsmuni fjárfestanna eða skipulega starfsemi innri markaðarins.“

15) Í stað annarrar undirgreinar 6. mgr. 42. gr. komi eftirfarandi:

„Skipulegi verðbréfamarkaðurinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu í hvaða aðildarríki það ætli að gera slíkar ráðstafanir. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal senda þessar upplýsingar innan eins mánaðar til aðildarríkisins þar sem skipulegi verðbréfamarkaðurinn ætlar að gera slíkar ráðstafanir. Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði er heimilt að óska eftir upplýsingum í samræmi við ferlið og samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

16) Í stað 47. gr. komi eftirfarandi:

„47. gr.

Skrá yfir skipulega verðbréfamarkaði

Sérhvert aðildarríki skal gera skrá yfir þá skipulegu verðbréfamarkaði sem það er heimaaðildarríki fyrir og senda hana til hinna aðildarríkjanna og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Senda skal sambærilega tilkynningu vegna allra breytinga á þessari skrá. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá yfir alla skipulega verðbréfamarkaði á vefsetri sínu.“

17) Ákvæðum 48. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld sem eiga að annast þau skyldustörf sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um hvaða lögbær yfirvöld beri ábyrgð á að sinna þessum skyldustörfum og hvernig þau skiptast á milli þeirra.“,

b) í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið í tengslum við framsal verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíkt framsal.“,

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra á vefsetri sínu skrá yfir lögbæru yfirvöldin sem um getur í 1. og 2. mgr.“

18) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 51. gr.:

„4. Aðildarríkin skulu árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heildarupplýsingar um allar stjórnsýslulegar ráðstafanir og viðurlög sem beitt hefur verið í samræmi við 1. mgr. og 2. mgr.

5. Þegar lögbært yfirvald hefur birt upplýsingar um stjórnsýsluráðstafanir eða viðurlög opinberlega skal það samtímis tilkynna það til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

6. Þegar birt viðurlög varða verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin bæta tilvísun við birtu viðurlögin í skránni yfir verðbréfafyrirtæki sem komið er á fót skv. 3. mgr. 5. gr.“

19) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 53. gr.:

„3. Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um kæru- og úrlausnarmeðferð sem um getur í 1. mgr. og eru tiltækar innan lögsögu þeirra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá yfir allt fyrirkomulag utan dómstóla á vefsetri sínu.“

20) Í stað fyrirsagnar II. kafla komi eftirfarandi:

„Samstarf milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“

21) Ákvæðum 56. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Til að greiða fyrir og hraða samstarfi, einkum upplýsingaskiptum, skulu aðildarríkin tilnefna eitt lögbært yfirvald sem tengilið vegna þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og hin aðildarríkin um hvaða yfirvöld hafa verið tilnefnd til að veita viðtöku beiðnum um upplýsingaskipti eða samstarf samkvæmt þessari málsgrein. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra skrá yfir yfirvöld þessi á vefsetri sínu.“,

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Þegar lögbært yfirvald hefur gildar ástæður til að ætla að aðilar, sem lúta ekki eftirliti þess, hafi brotið eða brjóti gegn ákvæðum þessarar tilskipunar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi í hinu aðildarríkinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það á eins nákvæman hátt og unnt er. Lögbæra yfirvaldið sem fær tilkynninguna skal grípa til viðeigandi aðgerða. Það skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem tilkynnir þetta, og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um niðurstöður aðgerðanna og, eftir því sem unnt er, um mikilvæga þróun meðan á þessu stendur. Þessi málsgrein er með fyrirvara um valdheimildir lögbæra yfirvaldsins sem sendir tilkynninguna.“,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir fyrirkomulag samvinnu sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

22) Ákvæðum 57. gr. er breytt sem hér segir:

a) fyrirliggjandi texti verður 1. mgr.,

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal geta tekið þátt í starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila með það markmið að stuðla að samleitni í eftirlitsaðferðum, þ.m.t. sannprófanir eða rannsóknir á staðnum, sem tvö eða fleiri lögbær yfirvöld framkvæma í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Til að tryggja samkvæma samræmingu 1. mgr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um nánari útlistun á upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda í samstarfi um eftirlit, sannprófanir á staðnum og rannsóknir.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir lögbær yfirvöld fyrir þátttöku í eftirlitsstarfsemi, sannprófanir á staðnum og rannsóknir.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

23) Ákvæðum 58. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 1. og 2. mgr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir upplýsingaskipti.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Hvorki þessi grein né 54. eða 63. gr. skal koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, seðlabönkum, seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu, sem gegna hlutverki yfirvalda á sviði peningamála, og, þar sem við á, til annarra opinberra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðsluuppgjörskerfum, trúnaðarupplýsingar sem ætlaðar eru til framkvæmdar verkefnum þeirra; á sama hátt skal ekki koma í veg fyrir að slík yfirvöld eða aðilar miðli upplýsingum til lögbærra yfirvalda sem þau kunna að þarfnast til að sinna því hlutverki sínu sem kveðið er á um í þessari tilskipun.“

24) Eftirfarandi grein bætist við:

„58. gr. a

Bindandi sáttaumleitun

Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar tilvikum þar sem beiðni sem varðar einn af eftirfarandi þáttum hefur verið synjað eða ekkert verið aðhafst innan hæfilegs frests:

a) annast eftirlitsstarfsemi, sannprófun á staðnum eða rannsókn, eins og kveðið er á um í 57. gr., eða

b) skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í 58. gr.

Í tilvikunum sem um getur í fyrstu málsgrein er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að grípa til aðgerða í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, með fyrirvara um möguleikana á að neita að verða við beiðni um upplýsingar sem kveðið er á um í 59. gr. a og möguleikann á því að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðhafist í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

25) Í stað annarrar málsgreinar 59. gr. komi eftirfarandi:

„Þegar um slíka neitun er að ræða skal lögbært yfirvald tilkynna lögbæra yfirvaldinu sem leggur fram beiðni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni til samræmis við það og veita eins nákvæmar upplýsingar og unnt er.“

26) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 60. gr.:

„4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 1. og 2. mgr., er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir samráð við önnur lögbær yfirvöld áður en starfsleyfi er veitt.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

27) Ákvæðum 62. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Ef verðbréfafyrirtækið starfar áfram með þeim hætti að augljóst er að það skaðar hagsmuni fjárfesta í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins eða skipulega starfsemi markaða þrátt fyrir ráðstafanirnar sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gerir eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, gildir eftirfarandi:

a) eftir að hafa tilkynnt lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu um þær skal lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu gera allar viðeigandi ráðstafanir sem þörf er á til að vernda fjárfesta og eðlilega starfsemi markaða, sem geta m.a. falist í því að koma í veg fyrir að brotleg verðbréfafyrirtæki stofni til frekari viðskipti á yfirráðasvæðum þeirra. Framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal tilkynnt um allar slíkar ráðstafanir án tafar,

b) auk þess er lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

b) í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Ef verðbréfafyrirtækið heldur áfram að brjóta laga- eða regluákvæðin sem um getur í fyrstu undirgrein og sem gilda í gistiaðildarríkinu, þrátt fyrir ráðstafanir gistiaðildarríkisins, gildir eftirfarandi:

a) eftir að hafa tilkynnt lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu um þær skal lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu gera allar viðeigandi ráðstafanir sem þörf er á til að vernda fjárfesta og eðlilega starfsemi markaða. Framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal tilkynnt um allar slíkar ráðstafanir án tafar,

b) auk þess er lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

c) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Ef skipulegi verðbréfamarkaðurinn eða markaðstorg fjármálagerninga starfar áfram með þeim hætti að augljóst er að það skaðar hagsmuni fjárfesta í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins eða skipulega starfsemi markaða, þrátt fyrir ráðstafanirnar sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gerir eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, gildir eftirfarandi:

a) eftir að hafa tilkynnt lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu um þær skal lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu gera allar viðeigandi ráðstafanir sem þörf er á til að vernda fjárfesta og eðlilega starfsemi markaða, sem geta m.a. falist í því að koma í veg fyrir að skipulegi verðbréfamarkaðurinn eða markaðstorg fjármálagerninga veiti fjarlægum aðilum eða þátttakendum með staðfestu í gistiaðildarríkinu aðgang að fyrirkomulagi sínu. Framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal tilkynnt um allar slíkar ráðstafanir án tafar,

b) auk þess er lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

28) Eftirfarandi grein bætist við:

„62. gr. a

Samstarf og upplýsingaskipti við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina

1. Lögbæru yfirvöldin skulu eiga samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

29) Í stað 1. mgr. 63. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum ef um upplýsingarnar ríkir þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og krafist er í 54. gr. Slík upplýsingaskipti verða að eiga sér stað við framkvæmd verkefna þessara lögbæru yfirvalda.

Aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að senda persónuupplýsingar til þriðja lands, í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB.

Aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við yfirvöld í þriðju löndum, aðila og einstaklinga eða lögaðila sem bera ábyrgð á einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

a) eftirliti með lánastofnunum, öðrum fjármálastofnunum, vátryggingafélögum og eftirliti með fjármálamörkuðum,

b) félagsslitum og gjaldþrotaskiptum verðbréfafyrirtækja og annarri svipaðri málsmeðferð,

c) að annast, sem hluta af eftirlitsstarfsemi sinni, lögboðna endurskoðun reikninga verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana, lánastofnana og vátryggingafélaga eða sem annast, sem hluta af eftirlitsstarfsemi sinni, stjórn bótakerfa,

d) eftirliti með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum verðbréfafyrirtækja og annarri svipaðri málsmeðferð,

e) eftirliti með aðilum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana.

Ekki er heimilt að gera samstarfssamningana sem um getur í þriðju undirgrein nema að þagnarskylda ríki um veittar upplýsingar sem er að lágmarki jafngild þeirri krafist er skv. 54. gr. Slík upplýsingaskipti miða að því að gera þessum lögbæru yfirvöldum, stofnunum og einstaklingum eða lögaðilum kleift að sinna verkefnum sínum.“

30) Eftirfarandi grein er felld inn:

„64. gr. a

Sólarlagsákvæði

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða 2., 4. og 10. gr. b, 13., 15., 18., 19., 21., 22., 24. og 25. gr., 27. til 30. gr., 40., 44., 45., 56. og 58. gr. fyrir 1. desember 2011 og leggja fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf svo hægt sé að beita framseldu gerðunum til fulls skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar þessa tilskipun. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar skulu valdheimildirnar sem framkvæmdastjórninni eru faldar í 64. gr. til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem eru enn við lýði eftir gildistöku Lissabonsáttmálans 1. desember 2009, falla úr gildi 1. desember 2012.“

7. gr.

Breytingar á tilskipun 2004/109/EB

Tilskipun 2004/109/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„3. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum, tilgreina kröfurnar og tryggja samræmda beitingu á 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja, í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og í samræmi við skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir varðandi skilgreiningarnar sem settar eru fram í 1. mgr.“

b) Í stað þriðju undirgreinar komi eftirfarandi:

„Mælt skal fyrir um ráðstafanirnar, sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr., með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b.“

2) Ákvæðum 6. mgr. 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„6. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr., samþykkja ráðstafanirnar til að tilgreina kröfurnar og tryggja samræmda beitingu 1. til 5. mgr. þessarar greinar“,

b) Í stað þriðju undirgreinar komi eftirfarandi:

„Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem um getur í a-lið, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr. „Mælt skal fyrir um ráðstafanirnar, sem um getur í b- og c-lið, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr., með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b.“,

c) í stað fjórðu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að aðlaga einnig fimm ára tímabilið, sem um getur í 1. mgr., með framseldri gerð, í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b“.

3) Ákvæðum 7. mgr. 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 5. mgr.“

b) Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal tilgreina, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, hámarkslengd „stuttu greiðslutímabilanna“ sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, ásamt viðeigandi eftirlitskerfi lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu.“

4) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 8. mgr.:

i) í stað inngangshluta fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„8. Til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2., 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir, í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og í samræmi við skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b:“,

ii. a-liður falli brott,

iii. önnur undirgrein falli brott,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„9. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar og til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum er Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*) heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum sem nota á þegar tilskildar upplýsingar eru tilkynntar útgefandanum skv. 1. mgr. þessarar greinar eða þegar upplýsingarnar eru skráðar skv. 3. mgr. 19. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

5) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 2. mgr.:

i) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum, í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Hún skal einkum ákvarða:“,

ii. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) efni tilkynningar sem gera á,“,

iii. önnur undirgrein falli brott,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. þessarar greinar og til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum sem nota á þegar tilskildar upplýsingar eru tilkynntar útgefandanum skv. 1. mgr. þessarar greinar eða þegar upplýsingarnar eru skráðar skv. 3. mgr. 19. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

6) Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.“

7) Í stað 4. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum, þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina hvers konar fjármálastofnanir gera hluthöfum kleift að nýta sér fjárhagslegan rétt sinn, eins og kveðið er á um í c-lið 2. mgr.“

8) Í stað 5. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum, þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr. Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina hvers konar fjármálastofnanir gera eigendum skuldabréfa kleift að neyta fjárhagslegs réttar síns, eins og kveðið er á um í c-lið 2. mgr.“

9) Í stað 4. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir í því skyni að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina hvernig útgefandi, eigandi hluta eða annarra fjármálagerninga, einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í 10. gr., eigi að senda upplýsingarnar til lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu skv. 1. mgr. annars vegar eða 3. mgr. hins vegar svo hægt sé að senda upplýsingarnar á rafrænan hátt í heimaaðildarríkinu.“

10) Í stað 4. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir til að taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum, þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal einkum tilgreina:

a) lágmarksstaðla um miðlun upplýsinga, sem reglur kveða á um, eins og um getur í 1. mgr.,

b) lágmarksstaðla um miðlægt geymslukerfi eins og um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórnin getur einnig tilgreint og uppfært skrá yfir miðla sem dreifa upplýsingum til almennings.“

11) Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 22. gr.:

„1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, semja viðmiðunarreglur til að greiða enn frekar fyrir aðgengi almennings að upplýsingum sem á að birta samkvæmt tilskipunum 2003/6/EB og 2003/71/EB og þessari tilskipun.“

12) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Ef skráð skrifstofa útgefanda er staðsett í þriðja landi er lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu heimilt að veita þeim útgefanda undanþágu frá kröfum skv. 4.–7. gr., 12. gr. (6. mgr.) og 14.–18. gr. að því tilskildu að í lögum viðkomandi þriðja lands sé mælt fyrir um jafngildar kröfur eða að slíkur útgefandi uppfylli lagakröfur þriðja lands sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu telur vera jafngildar.

Lögbæra yfirvaldið skal síðan tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um undanþáguna sem veitt hefur verið.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr. samþykkja framkvæmdarráðstafanir:

i) um að koma á kerfi til að tryggja jafngildi upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. reikningsskil og upplýsingar sem krafist er samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum í þriðja landi,

ii. þar sem tilgreint er að þriðja land, þar sem útgefandi er skráður, tryggi að upplýsingarkröfum jafngildar þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun sé beitt samkvæmt lögum þess og stjórnsýslufyrirmælum, venjum eða ferlum sem byggjast á alþjóðlegum stöðlum sem alþjóðastofnanir setja.

Með tilliti til ii. liðar fyrstu undirgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir sem varða mat á stöðlum sem skipta máli fyrir útgefendur í fleiri löndum en einu.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 27. gr., taka nauðsynlegar ákvarðanir um jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur frá þriðja landi nota samkvæmt skilyrðunum, sem sett eru fram í 3. mgr. 30. gr. Ef framkvæmdastjórninni telur að reikningsskilastaðlar þriðja lands séu ekki jafngildir getur hún heimilað viðkomandi útgefendum að nota áfram slíka reikningsskilastaðla á meðan hæfilega löngu umbreytingartímabili stendur.

Með skírskotun til þriðju undirgreinar skal framkvæmdastjórnin einnig samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir sem miða að því að koma á almennum jafngildisviðmiðunum varðandi reikningsskilastaðla sem varða útgefendur í fleiri löndum en einu.

c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrði 27. gr. a og 27. gr. b., ráðstafanir sem tilgreina hvaða tegund upplýsinga séu birtar í þriðja landi og skipta máli fyrir almenning í Sambandinu.“

d) Í stað annarrar undirgreinar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldri gerð, í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 27. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 27. gr. a og 27. gr. b, ráðstafanir sem miða að því að koma á almennum jafngildisviðmiðunum að því er varðar fyrstu undirgrein.“

e) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari grein í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

13) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna stjórnvaldið sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/71/EB sem lögbært stjórnvald, sem ber ábyrgð á því að staðið sé við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í þessari tilskipun og til að tryggja að ákvæðunum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé beitt. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina til samræmis við það.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, í samræmi við 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið í tengslum við framsal verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíkt framsal.“

14) Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2a. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að vísa til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar tilvikum þar sem beiðni um samstarf hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt, í þeim tilvikum sem um getur í fyrsta málslið að aðhafast í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2b. Lögbæru yfirvöldin skulu eiga samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2c. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, í samræmi við 35. gr. þeirrar reglugerðar.“

b) í stað fyrsta málsliðar 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld skiptist á upplýsingum við eða sendi upplýsingar til annarra lögbærra yfirvalda, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og evrópska kerfisáhætturáðsins, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (*).

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. „Aðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum þegar viðkomandi löggjöf heimilar þeim að inna af hendi verkefni samkvæmt þessari tilskipun í samræmi við 24. gr. Aðildarríkin skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þegar þau gera samstarfssamninga. Tryggt skal að um slík upplýsingaskipti ríki þagnarskylda, a.m.k. í sama mæli og krafist er í þessari grein. Slík upplýsingaskipti skulu fara fram í þeim tilgangi að fyrrgreind yfirvöld eða stofnanir geti sinnt eftirlitsstörfum sínum. Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem veittu þær og þá einungis, þar sem við á, til þeirra nota sem þessi yfirvöld hafa veitt samþykki fyrir.“

15) Í stað 26. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

Varúðarráðstafanir

1. Komist lögbært yfirvald í gistiaðildarríki að því að útgefandi eða eigandi hluta eða annarra fjármálagerninga, eða einstaklingurinn eða einingin, sem um getur í 10. gr., hafi gerst sek um frávik frá reglum eða vanrækt skuldbindingar sínar skal það vísa málinu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Ef útgefandinn eða eigandi verðbréfanna heldur áfram að brjóta gegn viðkomandi laga- eða reglu-ákvæðum, þrátt fyrir ráðstafanirnar sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hefur gert, eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, skal lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu um það, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta og upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um það við fyrsta tækifæri.“

16) Í stað fyrirsagnar VI. kafla komi eftirfarandi:

„FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR“

17) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 2. mgr. a:

„2a. Framkvæmdastjórninni skal falið valdið til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 2. gr. (3. mgr.), 5. gr. (6. mgr.), 9. gr. (7. mgr.), 12. gr. (8. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.), 17. gr. (4. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (4. mgr.), 21. gr. (4. mgr.), 23. gr. (5. mgr.) og 23. gr. (7. mgr.) í fjögur ár frá 4. janúar 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fjögurra ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 27. gr. a.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2b. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda reglugerð skal hún samtímis tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það.

2c. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 27. gr. a og 27. gr. b“.

18) Eftirfarandi greinar bætist við:

„27. gr. a

Afturköllun framsals

1. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 2. gr. (3. mgr.), 5. gr. (6. mgr.), 9. gr. (7. mgr.), 12. gr. (8. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.), 17. gr. (4. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (4. mgr.), 21. gr. (4. mgr.) og 23. gr. (4., 5. og 7. mgr.).

2. Stofnunin sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða framselda vald kynni að vera afturkallað.

3. Með ákvörðun um afturköllun er framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun stöðvað. Ákvörðunin öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr. b

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan þriggja mánaða frá tilkynningardegi. Framlengja skal tímabil þetta um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt framseldri gerð þegar tímabilið sem um getur í 1. mgr. rennur út, skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Framseld gerð öðlast ekki gildi ef annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið andmælir henni innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. Í samræmi við 296. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni tilgreina ástæðurnar fyrir því.“

8. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/60/EB

Tilskipun 2005/60/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru, evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 (*), evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 (**), og evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (***) (saman eru þær nefndar evrópsku eftirlitsstofnanirnar), að því marki sem það skiptir máli með tilliti til þessarar tilskipunar og í samræmi við viðkomandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sem og framkvæmdastjórninni, um tilvik þegar þau telja að þriðju lönd uppfylli skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., eða önnur tilvik sem uppfylla tæknilegu viðmiðanirnar, sem fastsettar eru í samræmi við 1. mgr. 40. gr. b.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

(**) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.

(***) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

2) Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru, evrópsku eftirlitsstofnununum, að því marki sem það skiptir máli með tilliti til þessarar tilskipunar og í samræmi við viðkomandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og framkvæmdastjórninni um tilvik þegar þau telja að þriðju lönd uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr.“

3) Í stað 7. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:

„7. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru, evrópsku eftirlitsstofnunum, að því marki sem það skiptir máli með tilliti til þessarar tilskipunar og í samræmi við viðkomandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og framkvæmdastjórninni um tilvik þegar þau telja að þriðju lönd uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr.“

4) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin, evrópsku eftirlitsstofnanirnar, skulu, að því marki sem það skiptir máli með tilliti til þessarar tilskipunar og í samræmi við viðkomandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og framkvæmdastjórnin tilkynna hvert öðru um tilvik þegar löggjöf þriðja lands heimilar ekki beitingu þeirra ráðstafana sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. og þar sem grípa gæti þurft til samræmingaraðgerða til að finna lausn.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar og taka tillit til tækniþróunar í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er Evrópsku eftirlitsstofnunum heimilt, með tilliti til núverandi ramma og í samstarfi, eftir því sem við á, við aðrar stofnanir Sambandsins á því sviði, að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, í því skyni að tilgreina tegund þeirra viðbótarráðstafana sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og lágmarksaðgerðirnar sem lána- og fjármálastofnanir grípa til ef löggjöf þriðju landa heimilar ekki beitingu ráðstafananna sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 34. gr.:

„3. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar og taka tillit til tækniþróunar í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er Evrópsku eftirlitsstofnunum heimilt, með tilliti til núverandi ramma og í samstarfi, eftir því sem við á, við aðrar stofnanir Sambandsins á því sviði, að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, í því skyni að tilgreina lágmarksinnihald tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„37. gr. a

1. Lögbæru yfirvöldin skulu starfa með evrópsku eftirlitsstofnununum að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, í þessari röð.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu veita evrópsku eftirlitsstofnununum allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.“

7) Í stað fyrirsagnar VI. kafla komi eftirfarandi:

„FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR“

8) Ákvæðum 40. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr.:

i. í stað inngangshluta fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„1. Til að taka tillit til tækniþróunar í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja eftirfarandi ráðstafanir:“,

ii. Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Samþykkja skal ráðstafanirnar með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 41. gr., og með fyrirvara um skilyrðin í 41. gr. a og 41. gr. b.“,

b) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Samþykkja skal ráðstafanirnar með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 41. gr., og með fyrirvara um skilyrðin í 41. gr. a og 41. gr. b.“

9) Ákvæðum 41. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar, að því tilskildu að ráðstafanirnar, sem samþykktar eru samkvæmt þessari málsmeðferð, breyti ekki grundvallarákvæðum þessarar tilskipunar.“,

b) eftirfarandi komi í stað 2. mgr. a:

„2a. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 40. gr., yfir fjögurra ára tímabil sem hefst 4. janúar 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fjögurra ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 41. gr. a“,

c) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2b Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda reglugerð skal hún samtímis tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það.

2c. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 41. gr. a og 41. gr. b.“

d) Ákvæði 3. mgr. falli brott.

10) Eftirfarandi greinar bætist við:

„41. gr. a

Afturköllun framsals

1. Evrópuþingið eða ráðið geta hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 40. gr.

2. Stofnunin sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða framselda vald kynni að vera afturkallað.

3. Með ákvörðun um afturköllun er framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun stöðvað. Hún skal öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

41. gr. b

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan þriggja mánaða frá tilkynningardegi. Framlengja skal tímabil þetta um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt framseldri gerð þegar tímabilið sem um getur í 1. mgr. rennur út, skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Framseld gerð öðlast ekki gildi ef annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið andmælir henni innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. Í samræmi við 296. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni tilgreina ástæðurnar fyrir því.“

9. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/48/EB

Tilskipun 2006/48/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað núverandi málsgreinar komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu krefjast þess af lánastofnunum að þær afli sér starfsleyfis áður en þær hefja starfsemi. Þau skulu mæla fyrir um kröfurnar fyrir slíku starfsleyfi og upplýsa framkvæmdastjórnina og evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 (*) þar að lútandi, með fyrirvara um 7.–10. gr.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum:

a) um upplýsingar sem veittar eru lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi lánastofnana, þ.m.t. starfsáætlanirnar sem kveðið er á um í 7. gr.,

b) sem tilgreinir skilyrði þess að kröfunum sem settar eru fram í 8. gr. sé fullnægt,

c) tilgreina kröfurnar sem gilda fyrir hluthafa og aðila með virka eignarhlutdeild, einnig að tilgreina hindranir sem gætu staðið í vegi fyrir því að eftirlit lögbærs yfirvalds fari fram með skilvirkum hætti eins og kveðið er á um í 12. gr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í a-, b- og c-lið í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og ferli fyrir slík upplýsingaákvæði.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

2) Í stað b-liðar 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„b) hlutaðeigandi aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um ástæðurnar fyrir því að þessi kostur var valinn, og“.

3) Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Tilkynna skal Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um öll veitt starfsleyfi

Heiti sérhverrar lánastofnunar sem hefur fengið starfsleyfi skal skráð á lista. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta og uppfæra þessa skrá á vefsetri sínu.“

4) Í stað 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„2. Tilkynna skal afturköllun starfsleyfis til framkvæmdastjórnarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og færa rök fyrir því. Tilkynna skal viðkomandi einstaklingum um þessar röksemdir.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 19. gr.:

„9. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að koma á tæmandi skrá yfir upplýsingar, sem um getur í 4. mgr. 19. gr. a og fyrirhugaðir yfirtökuaðilar láta fylgja með í tilkynningu sinni, með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir samráðsferlið milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

6) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 22. gr.:

„3. Til að tilgreina kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein og til að tryggja samleitni í eftirlitsaðferðum er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að skilgreina fyrirkomulagið, ferlin og kerfin sem um getur í 1. mgr. í samræmi við meginreglurnar um meðalhóf og ýtarleika sem kveðið er á um í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

7) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 25. gr.:

„5. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina hvaða upplýsingar eigi að senda í samræmi við þessa grein.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir slíka tilkynningu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknistöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 26. gr.:

„5. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina hvaða upplýsingar eigi að senda í samræmi við þessa grein.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir slíka tilkynningu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknistöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

9) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 28. gr.:

„4. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina hvaða upplýsingar eigi að senda í samræmi við þessa grein.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir slíka tilkynningu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknistöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

10) Í stað fyrstu málsgreinar 33. gr. komi eftirfarandi:

„Áður en hafist er handa við ferlið sem kveðið er á um í 30. gr. geta lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir í neyðartilvikum til að vernda hagsmuni innstæðueigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum annarra hlutaðeigandi aðildarríkja um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri.“

11) Í stað 36. gr. komi eftirfarandi:

„36. gr.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hversu oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi skv. 25. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 26. gr. eða hvenær ráðstafanir hafa verið gerðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr.“

12) Í stað 2. mgr. 38. gr. komi eftirfarandi:

„2. Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og evrópsku bankanefndina um öll starfsleyfi sem veitt eru lánastofnunum með aðalskrifstofu í þriðju löndum.“

13) Ákvæðum 39. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður bætist við í 2. mgr.:

„c) að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur aflað sér upplýsinga lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna frá landsyfirvöldum í þriðju löndum í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010,“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina að því er varðar þessa grein í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

14) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 42. gr.:

„Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa þeim tilvikum til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þar sem beiðni um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt, í tilvikunum sem um getur í fyrsta málslið að aðhafast í samræmi við valdheimildirnar sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem eru í þessari grein.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir kröfur vegna upplýsingaskipta sem gætu greitt fyrir vöktun með lánastofnunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknistöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

15) Ákvæðum 4. gr. a er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein er felld inn á eftir fjórðu undirgrein 1. mgr.:

„„Ef einhver hlutaðeigandi lögbær yfirvöld hafa við lok upphaflega tveggja mánaða tímabilsins vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, skulu lögbær yfirvöld í gistiaðilarríkinu fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kann að taka í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu skulu taka ákvarðanir í samræmi við þær sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur. Tveggja mánaða tímabilið skal teljast vera „sáttartímabilið“ í skilningi 19. gr. þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok upphaflega tveggja mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 3. mgr.:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem eru í þessari grein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í sjöttu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

16) Ákvæðum 42. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbæru yfirvöldin skulu við almenn skyldustörf sín taka tillit til samleitni að því er varðar eftirlitstæki og framkvæmd eftirlits við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin tryggja að:

a) lögbæru yfirvöldin taki þátt í starfsemi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar,

b) lögbæru yfirvöldin fylgi viðmiðunarreglum og tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og tilgreini ástæðurnar ef þau gera það ekki,

c) að landsbundnar heimildir sem veittar eru lögbærum yfirvöldum hindri þau ekki í sinna skyldustörfum sínum sem aðilar að Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eða samkvæmt þessari tilskipun.“,

b) Ákvæði 2. mgr. falli brott.

17) Í stað 2. mgr. 44. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skiptist á upplýsingum eða sendi upplýsingar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við þessa tilskipun, aðrar tilskipanir sem gilda um lánastofnanir, og við 31. gr. og 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Um þessar upplýsingar skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu sem sett eru fram í 1. mgr.“

18) Í stað 46. gr. komi eftirfarandi:

„46. gr.

Í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 er aðildarríkjum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins og skilgreint er í 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. þessarar tilskipunar, að um upplýsingarnar ríki þagnarskylda sem er a.m.k. jafngild þeirri sem um getur í 1. mgr. 44. gr. þessarar tilskipunar. Slíkum upplýsingaskiptum er ætlað að gera þessum yfirvöldum eða stofnunum kleift að annast eftirlitsverkefni sín.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá yfirvöldunum sem afhentu þær og þá einungis, þar sem við á, til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.“

19) Ákvæðum 49. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Ákvæði þessa þáttar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi eftirfarandi aðilum upplýsingar til að þeir geti sinnt verkefnum sínum:

a) seðlabönkum innan seðlabankakerfis Evrópu og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar þessar upplýsingar eiga við um framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjárráðstafana, eftirlit með greiðslum, greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi, og að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins,

b) eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

c) evrópska kerfisáhætturáðinu, þar sem upplýsingar eiga við vegna lögbundinna verkefna þess samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (*).

Þessi þáttur skal ekki koma í veg fyrir að yfirvöldin eða stofnanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 45. gr.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.“

b) í stað fjórðu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Aðildarríki skulu heimila, ef um neyðarástand er að ræða eins og um getur í 1. mgr. 130. gr., lögbærum yfirvöldum að veita seðlabönkum í seðlabankakerfi Evrópu, upplýsingar án tafar þegar þær skipta máli vegna framkvæmdar lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjárráðstafana, eftirlit með greiðslum, greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfum verðbréfa, og til að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins, sem og evrópska kerfisáhætturáðinu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1092/2010 þegar þær skipta máli vegna framkvæmdar lögboðinna verkefna þeirra.“

20) Ákvæðum 63. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Í ákvæðunum sem gilda um gerningana skal kveðið á um að höfuðstóll, ógreiddir vextir eða arður skuli geta staðið undir tapi og hindri ekki endurfjármögnun lánastofnunarinnar með viðeigandi aðferðum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað skv. 6. mgr.“,

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Til að tryggja samkvæma samræmingu og samleitni eftirlitsaðferða skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina kröfurnar sem gilda um gerningana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einnig gefa út viðmiðunarreglur að því er varðar gerningana sem um getur í a-lið 1. mgr. 57. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með beitingu þessara viðmiðunarreglna.“

21) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 74. gr. komi eftirfarandi:

„Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar skulu lögbæru yfirvöldin frá 31. desember 2012 nota samræmd sniðmát fyrir tilkynningarnar, tíðni þeirra og dagsetningar þegar lánastofnanir eiga að tilkynna þessa útreikninga. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að innleiða innan Sambandsins samræmd sniðmát fyrir tilkynningar (og meðfylgjandi leiðbeiningar), tíðni þeirra og dagsetningar eigi síðar en 1. janúar 2012. Sniðmátin fyrir tilkynningarnar skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig þeirrar starfsemi sem lánastofnun annast.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum varðandi lausnir í upplýsingatækni sem gilda fyrir slíkar tilkynningar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

22) Eftirfarandi undirgreinar bætast við 2. mgr. 81. gr.:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina matsaðferðina varðandi lánshæfismat. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórninna þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

23) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 2. mgr. 84. gr.:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina matsaðferðina sem lögbær yfirvöld nota til að heimila lánastofnunum að nota innramatsaðferðina.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

24) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 2. mgr. 97. gr.:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina matsaðferðina sem varðar lánshæfismat. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

25) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 1. mgr. 105. gr.:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina matsaðferðina sem lögbær yfirvöld nota til að heimila lánastofnunum að nota innramatsaðferðina.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

26) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 106. gr. komi eftirfarandi:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar málsgreinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina undanþágur frá c- og d-lið ásamt því að tilgreina skilyrðin sem notuð eru til að ákvarða hvort um er að ræða hóp tengdra viðskiptavina, eins og fram kemur í 3. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

27) Í stað 2. mgr. 110. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tilkynningar fari fram að minnsta kosti tvisvar á ári. Lögbæru yfirvöldin skulu, frá 31. desember 2012, nota samræmd sniðmát, tíðni og dagsetningar tilkynninga. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að innleiða innan Sambandsins samræmd sniðmát fyrir tilkynningar (og meðfylgjandi leiðbeiningar), tíðni þeirra og dagsetningar eigi síðar en 1. janúar 2012. Sniðmátin fyrir tilkynningarnar skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig þeirrar starfsemi sem lánastofnun annast.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum varðandi lausnir í upplýsingatækni sem gilda fyrir slíkar tilkynningar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010.“

28) Í stað fjórðu undirgreinar í 1. mgr. 111. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkjum er heimilt að setja lægri mörk en 150 milljónir evra og skulu þau upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um það.“

29) Eftirfarandi komi í stað 10. mgr. 122. gr. a:

„10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um reglufylgni lögbærra yfirvalda við þessa grein.

Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir samleitni eftirlitsaðferða varðandi þessa grein, þ.m.t. ráðstafanirnar sem gerðar eru ef ekki er staðið við skuldbindingar um áreiðanleikakönnun og áhættustýringu. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

30) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 124. gr.:

„6. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina sameiginlegt áhættumatsferli og aðferðafræði.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

31) Í stað 4. mgr. 126. gr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um alla samninga sem falla undir 3. mgr.“

32) Ákvæðum 129. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein er felld inn á eftir fyrstu undirgrein 1. mgr.:

„Hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum er heimilt, ef eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli tekst ekki að framkvæma verkefnin sem um getur í fyrstu undirgrein, eða ef lögbær yfirvöld starfa ekki með eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli að því marki sem krafist er til að framkvæma verkefnin í fyrstu undirgrein, að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem gæti gripið til aðgerða í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

b) eftirfarandi bætist við á eftir fimmtu undirgrein 2. mgr.:

„Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, ef eitthvert hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda hefur vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010 við lok sex mánaða tímabilsins, fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Sex mánaða tímabilið telst vera „samþættingartímabil“ í skilningi þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok sex mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.“

c) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 2. mgr.:

„Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu sameiginlega ákvörðunarferlisins, sem um getur í þessari málsgrein, að því er varðar umsókn um leyfi, sem um getur í 84. gr. (1. mgr.), 87. gr. (9. mgr.) og 105. gr. og 6. hluta III. viðauka, með það í huga að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010.“

d) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. hugtakið „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“ komi í stað „evrópska bankaeftirlitsnefndin“ í þriðju undirgrein,

ii. í stað fjórðu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal taka ákvörðun um beitingu 123. gr. og 124. gr. og 136. gr. (2. mgr.) á samstæðugrundvelli ef lögbær yfirvöld geta ekki tekið sameiginlega ákvörðun innan fjögurra mánaða, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættumats á dótturfélögum sem viðkomandi lögbær yfirvöld hafa unnið. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, ef einhver viðkomandi lögbæru yfirvaldanna hafa vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010 við lok fjögurra mánaða tímabilsins, fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Telja skal fjögurra mánaða tímabilið sáttatímabil í skilningi reglugerðarinnar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok fjögurra mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.“

iii. í stað fimmtu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, sem ábyrgð bera á eftirliti með dótturfélögum móðurlánastofnana eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði innan Sambandsins, skulu taka ákvörðun um beitingu 123. gr. og 124. gr. og 136. gr. (2. mgr.) á grundvelli einstakra eininga eða samstæðuhluta, að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli. Lögbæru yfirvöldin skulu, ef einhver hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda hafa vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 við lok fjögurra mánaða tímabilsins, fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Sex mánaða tímabilið telst vera sáttatímabil í skilningi þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok fjögurra mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.“

iv. í stað sjöundu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Öll lögbæru yfirvöldin skulu, ef samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, taka tillit til ráðlegginga hennar og gera grein fyrir hvers konar frávikum frá þeim.“,

v. í stað tíundu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu sameiginlega ákvörðunarferlisins sem um getur í þessari málsgrein, að því er varðar beitingu 123. gr. og 124. gr. og 136. gr. (2. mgr.) með það í huga að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010.“

33) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 1. mgr. 130. gr. komi eftirfarandi:

„1. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal, ef upp kemur neyðarástand, þ.m.t. tilvik sem skilgreindar eru í 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, eða upp kemur neikvæð þróun á mörkuðum sem hugsanlega teflir í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í hverju því aðildarríki þar sem einingar samstæðu hafa verið viðurkenndar eða þar sem mikilvæg útibú, sem um getur í 42. gr. a, hafa verið stofnuð, með fyrirvara um 2. þátt 1. kafla, gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, evrópska kerfisáhætturáðinu og yfirvöldunum, sem um getur í fjórðu undirgrein 49. gr. og 50. gr., viðvart eins fljótt og við verður komið og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti leyst sín verk af hendi. Þessar skuldbindingar skulu eiga við um öll lögbæru yfirvöldin skv. 125. og 126. gr. og um lögbæru yfirvöldin sem tilgreind eru í 1. mgr. 129. gr.

Gera skal lögbærum yfirvöldum, sem hlut eiga að máli og um getur í 125. gr. og 126. gr. og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, viðvart eins fljótt og við verður komið ef yfirvaldið, sem um getur í fjórðu málsgrein 49. gr., verður vart við ástand sem lýst er í fyrstu undirgrein.“

34) Í 131. gr. komi eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar:

„Lögbærum yfirvöldum, sem eru ábyrg fyrir leyfisveitingu dótturfyrirtækis móðurfyrirtækis sem er lánastofnun, er heimilt, með tvíhliða samningum og í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, að fela eftirlitsábyrgð sína í hendur lögbærum yfirvöldum sem veittu móðurfyrirtækinu leyfi og hafa eftirlit með því þannig að þau taki að sér að hafa eftirlit með dótturfyrirtækinu í samræmi við þessa tilskipun. Upplýsa skal Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um tilvist og efni slíkra samninga. Hún skal senda slíkar upplýsingar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna og evrópsku bankanefndarinnar.“

35) Ákvæðum 131. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal koma á fót samstarfshópum eftirlitsaðila til þess að greiða fyrir framkvæmd þeirra verkefna sem um getur í 129. gr. og 1. mgr. 130 gr., með fyrirvara um trúnaðarkvaðir 2. mgr. þessarar greinar og samræmi við lög Sambandsins, og tryggja viðeigandi samræmingu og samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld þriðja lands, eftir því sem við á.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal stuðla að og fylgjast með árangursríkri, skilvirkri og samræmdri starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila sem getur um í þessari grein, í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í þeim tilgangi, taka þar þátt eins og hún telur viðeigandi og skal teljast lögbært yfirvald þar að lútandi.

Samstarfshópar eftirlitsaðila skulu setja ramma fyrir framkvæmd eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og hinna lögbæru yfirvaldanna, sem hlut eiga að máli, á eftirfarandi verkefnum:

a) upplýsingaskiptum innbyrðis og við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010,

b) að ná samkomulagi um frjálsa skiptingu verkefna og frjálsa dreifingu ábyrgðar, eftir því sem við á,

c) að ákvarða áætlanir um eftirlitsaðgerðir á grundvelli áhættumats samstæðunnar í samræmi við 124. gr.,

d) að auka skilvirkni eftirlits með því að koma í veg fyrir óþarfa tvítekningu eftirlitskrafna, þ.m.t. í tengslum við kröfur um upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 130. gr. og 2. mgr. 132. gr.,

e) að beita varfærniskröfum með samræmdum hætti samkvæmt þessari tilskipun, þvert á allar einingar innan bankasamstæðu, með fyrirvara um aðra möguleika og ákvörðunarfrelsi sem löggjöf Bandalagsins býður upp á,

f) að beita c-lið 1. mgr. 129. gr. með tilliti til vinnu á öðrum vettvangi sem kann að verða komið á fót á þessu sviði.

Lögbæru yfirvöldin, sem eru þátttakendur í samstarfshópum eftirlitsaðila og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, skulu vinna náið saman. Trúnaðarkvaðirnar, sem um getur í 2. þætti 1. kafla, skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti skipst á trúnaðarupplýsingum innan samstarfshópa eftirlitsaðila. Stofnsetning og rekstur samstarfshópa eftirlitsaðila skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.“,

b) í 2. mgr.:

i. Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem eru í þessari grein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010.“,

ii. í stað sjöttu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem um getur í 2. þætti 1. kafla, upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um starfsemi samstarfsaðila eftirlitsaðila, þ.m.t. þegar um er að ræða neyðarástand, og veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem skipta máli varðandi samleitni eftirlits.“

36) Ákvæðum 1. mgr. 132. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgreinar bætist aftan við fyrstu undirgrein:

„Lögbæru yfirvöldin skulu vinna með Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að því er varðar þessa tilskipun í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Lögbæru yfirvöldin skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, í samræmi við 35. gr. þeirrar reglugerðar.“,

b) eftirfarandi undirliðir bætist við:

„Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa þessum tilvikum til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þegar:

a) lögbært yfirvald hefur ekki sent mikilvægar upplýsingar, eða

b) beiðni um samstarf, einkum varðandi skipti á nauðsynlegum upplýsingum, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests.

Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt, í tilvikunum sem um getur í sjöundu undirgrein, að aðhafast í samræmi við valdheimildirnar sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

37) Í stað 3. mgr. 140. gr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli skulu gera skrár yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði sem um getur í 2. mgr. 71. gr. Skrár þessar skal senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni.“

38) Ákvæðum 143. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi setning bætist aftan við fyrstu undirgrein:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og evrópsku bankanefndina við að framkvæma þessi verkefni, þ.m.t. hvort uppfæra skuli slíkar leiðbeiningar.“,

ii. Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Lögbæra yfirvaldið er annast sannprófunina, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skal taka tillit til allra slíkra leiðbeininga. Þess vegna skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en það tekur ákvörðun.“

b) í stað fjórðu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Eftirlitsaðferðunum er ætlað að ná markmiðum eftirlits á samstæðugrundvelli, eins og þau eru skilgreind í þessum kafla, og skal tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum sem málið varðar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni um þær.“

39) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 144. gr.:

„Til að tryggja samræmd skilyrði beitingar þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem ákvarða sniðmát, efnisskipan, efnisyfirlit og árlegan útgáfudag birtra upplýsinga eins og kveðið er á um í þessari grein. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

40) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 150. gr.:

„3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar að því er varðar skilyrði beitingar á:

a) 15.–17. tölulið í V. viðauka,

b) l-lið 23. töluliðar V. viðauka um viðmiðanirnar til að ákvarða viðeigandi hlutfall á milli fastra og breytilegra þátta í heildarlaunagreiðslum og ii. undirlið o-liðar 23. töluliðar V. viðauka að því er varðar tilgreiningu á hópum gerninga sem fullnægja skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim tölulið,

c) ákvæði 2. hluta í VI. viðauka um megindlegu þættina sem um getur í 12. tölulið, eigindlegu þættina sem um getur í 13. tölulið og viðmiðunina sem um getur í 14. tölulið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010.“

41) Ákvæðum 156. gr. er breytt sem hér segir:

a) hugtakið „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“ komi í stað hugtaksins „evrópska bankaeftirlitsnefndin“,

b) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og aðildarríkin og að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu, fylgjast reglulega með því hvort þessi tilskipun, ásamt tilskipun 2006/49/EB, hafi veruleg áhrif á hagsveifluna og, í ljósi þeirrar athugunar, íhuga hvort þörf sé á einhverjum ráðstöfunum til úrbóta.“

10. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/49/EB

Tilskipun 2006/49/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 18. gr.:

„5. Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 (*), er heimilt að útfæra drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina matsaðferðafræðina sem lögbær yfirvöld skulu nota til að ákveða hvort stofnanir fái leyfi til að nota innri líkön til að reikna út eiginfjárkröfur samkvæmt þessari tilskipun.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.“

2) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 22. gr.:

„Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina ef þau falla frá beitingu eiginfjárkröfu á samstæðugrundvelli, eins og kveðið er á um í þessari grein.“

3) Ákvæðum 1. mgr. 32. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, ráðinu og framkvæmdastjórninni um þær málsmeðferðarreglur.“

b) eftirfarandi undirliður bætist við:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta viðmiðunarreglur með tilliti til málsmeðferðarreglnanna sem um getur í þessari málsgrein“.

4) Í stað 1. mgr. 36. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tilnefna yfirvöld sem eru til þess bær að sinna þeim skyldustörfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þau skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um það og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra.“

5) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 1. mgr. 38. gr.:

„Lögbæru yfirvöldin skulu vinna með Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að því er varðar þessa tilskipun í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, í samræmi við 35. gr. þeirrar reglugerðar.“

11. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/65/EB

Tilskipun 2009/65/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„8. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*), heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem veita á lögbæru yfirvöldunum við umsókn starfsleyfis fyrir verðbréfasjóð.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.“

2) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 6. gr.:

„Upplýsa skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um sérhvert starfsleyfi sem veitt er og birta og uppfæra skrá yfir rekstrarfélög með starfsleyfi á vefsetri sínu.“

3) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 7. gr.:

„6. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) upplýsingarnar sem veita skal lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi rekstrarfélaga, þ.m.t. starfsáætlanirnar,

b) kröfurnar sem gilda um rekstrarfélög skv. 2. mgr. og upplýsingar vegna tilkynningarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr.,

c) kröfurnar sem gilda um hluthafa og aðila með virka eignarhlutdeild, sem og hindranir sem gætu staðið í vegi fyrir skilvirku eftirliti lögbærra yfirvalda, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar og í 1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB, í samræmi við 11. gr. þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, sniðmát og ferli fyrir tilkynningu um eða veitingu upplýsinga sem kveðið er á um í a- og b-lið fyrstu undirgreinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

4) Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um alla almenna erfiðleika almenns eðlis sem verðbréfasjóðir verða fyrir við markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna í þriðja landi.

Framkvæmdastjórnin skal athuga slík vandkvæði eins fljótt og unnt er til að finna viðeigandi lausn. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðstoða við að sinna þessu verkefni.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 11. gr.:

„3. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar tilskipunar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að staðfesta að tæmandi skrá yfir upplýsingar, eins og kveðið er á um í þessari grein og með vísun til 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2004/39/EB, fylgi með í tilkynningu fyrirhugaðra yfirtökuaðila, með fyrirvara um 2. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir fyrirkomulag samráðs milli viðkomandi lögbærra yfirvalda, eins og kveðið er á um í þessari grein, með vísun til 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

6) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„3. Án þess að það hafi áhrif á 116. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja með framseldum gerðum, í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrði 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem tilgreind eru ferli og ráðstafanir, sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr., og uppbygging og skipulagskröfur til að lágmarka hagsmunaárekstrana sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.“,

ii. önnur undirgrein falli brott.

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir um ferli, ráðstafanir, uppbyggingu og skipulagskröfur sem um getur í 3. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

7) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað inngangshluta fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„2. Án þess að það hafi áhrif á 116. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja með framseldum gerðum, í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrði 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir með það fyrir augum að tryggja að rekstrarfélagið fari að skyldunum sem settar eru fram í 1. mgr., einkum að því er varðar:“,

ii. önnur undirgrein falli brott.

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða framseldar gerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir varðandi viðmiðanir, meginreglur og aðgerðir sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 17. gr.:

„10. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður í samræmi við 1., 2., 3., 8. og 9. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir sendingu upplýsinga í samræmi við 3. og 9. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

9) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 18. gr.:

„5. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður í samræmi við 1., 2. og 4. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir sendingu upplýsinga í samræmi við 2. og 4. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

10) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:

„5. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða hvaða upplýsingar skuli veita lögbæru yfirvöldunum vegna umsóknar um stýringu verðbréfasjóðs sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir slíka sendingu upplýsinga.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í þriðju undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

11) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Ef, þrátt fyrir ráðstafanirnar sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags hafa gripið til eða vegna þess að slíkar ráðstafanir hafa reynst vera ófullnægjandi eða eru ekki tiltækar í viðkomandi aðildarríki, rekstrarfélagið neitar áfram að láta í té upplýsingarnar, sem gistiaðildarríki rekstrarfélagsins óskar eftir skv. 2. mgr. eða, heldur áfram að grjóta gegn laga- eða regluákvæðunum, sem um getur í sömu málsgrein og sem gilda í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins, er lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins heimilt að grípa til einnar af eftirfarandi ráðstöfunum:

a) að gera viðeigandi ráðstafanir eftir að hafa upplýst lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins, þ.m.t. skv. 98. gr. og 99. gr., til að hindra frekari frávik eða beita viðurlögum vegna þeirra og, eins og þörf krefur, að hindra að rekstrarfélagið komi á frekari viðskiptum á yfirráðasvæði sínu. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á yfirráðasvæðum þeirra sé unnt að birta rekstrarfélögum nauðsynleg lögfræðileg skjöl vegna þessara ráðstafana. Ef veitt þjónusta í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins felst í stýringu verðbréfasjóðs er gistiaðildarríki rekstrarfélagsins heimilt að krefjast þess að rekstrarfélagið hætti stýringu viðkomandi verðbréfasjóðs eða

b) ef það telur að lögbært yfirvald í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

b) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins er heimilt í neyðartilvikum, áður en þau grípa til ferlisins sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr., að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að vernda hagsmuni fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta. Upplýsa ber framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld annarra hlutaðeigandi aðildarríkja um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum, að ákveða að aðildarríkin sem um er að ræða verði að breyta þessum ráðstöfunum eða afnema þær, með fyrirvara um valdsvið Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á verðbréfamarkaði skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

c) Í stað fyrstu undirgreinar 9. mgr. komi eftirfarandi:

„9. Aðildarríkin skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um hve oft og í hvers konar tilvikum þau synja um leyfi skv. 17. gr., eða hafna umsókn skv. 20. gr., og um allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar skv. 5. mgr. þessarar greinar.“

12) Ákvæðum 6. mgr. 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir í tengslum við ráðstafanir sem vörslufyrirtæki gerir svo að það geti uppfyllt skyldur sínar við verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélags sem stofnsett er í öðru aðildarríki, þ.m.t. þau einstöku atriði sem þurfa að vera í stöðluðum samningi sem vörslufyrirtækið og rekstrarfélagið munu nota í samræmi við 5. mgr.“,

b) önnur undirgrein falli brott.

13) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 29. gr.:

„5. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar tilskipunar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) upplýsingarnar, sem veita ber lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi fjárfestingafélaga, þ.m.t. rekstraráætlanirnar og

b) hindranirnar sem geta komið í veg fyrir að lögbært yfirvald gegni eftirlitshlutverki með skilvirkum hætti skv. c-lið 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og ferlum fyrir veitingu upplýsinga sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

14) Í stað 6. mgr. 32. gr. komi eftirfarandi:

„6. Aðildarríki skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um hvaða fjárfestingarfélög njóta góðs af undanþágunni sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr.“

15) Ákvæðum 6. mgr. 33. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir í tengslum við ráðstafanir sem vörslufyrirtæki gerir svo að það geti uppfyllt skyldur sínar við verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélags sem stofnsett er í öðru aðildarríki, þ.m.t. þau einstöku atriði sem þurfa að vera í stöðluðum samningi sem vörslufyrirtækið og rekstrarfélagið munu nota í samræmi við 5. mgr.“,

b) önnur undirgrein falli brott.

16) Ákvæðum 43. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 5. mgr.:

i. Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem tilgreint er nákvæmlega efni, sniðmát og aðferð sem nota á til að veita upplýsingarnar sem um getur í 1. og 3. mgr.“,

ii. önnur undirgrein falli brott.

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir um efni, sniðmát og aðferðina sem um getur í 1. og 3. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

17) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 50. gr.:

„4. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina ákvæðin sem varða eignaflokkana sem verðbréfasjóðir geta fjárfest í, í samræmi við þessa grein og með framseldum gerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir og varða slík ákvæði.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

18) Ákvæðum 51. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr.:

„Lögbæru yfirvöldin skulu tryggja að allar upplýsingar, sem eru mótteknar samkvæmt þriðju málsgrein og teknar saman sérstaklega að því er varðar öll rekstrar- og fjárfestingafélög sem þau hafa eftirlit með, séu aðgengilegar Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, evrópska kerfisáhætturáðinu, sem stofnað var með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (*), í samræmi við 15. gr. þeirrar reglugerðar, til að fylgjast með kerfisáhættu á vettvangi Sambandsins.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Án þess að hafa áhrif á 116. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr., og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b,, ráðstafanir þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) viðmiðanir við mat á því hvort áhættustýringarferlið, sem rekstrarfélag notar í samræmi við fyrstuundirgrein 1. mgr., sé fullnægjandi,

b) ítarlegar reglur um nákvæmt og óháð mat á virði OTC-afleiðna og

c) ítarlegar reglur um efni og ferlið sem fylgja skal vegna miðlunar upplýsinga, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr., til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins.“,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldu gerðanna, sem framkvæmdastjórnin samþykkir um viðmiðanir og reglur sem um getur í 4. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

19) Í stað þriðju undirgreinar 4. mgr. 52. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni skrá yfir þá flokka skuldabréfa, sem um getur í fyrstu undirgrein, og flokka útgefenda sem, samkvæmt lögum og reglum um eftirlit, sem um getur í þeirri undirgrein, hafa leyfi til gefa út skuldabréf sem fullnægja skilyrðunum sem sett eru fram í þessari grein. Meðfylgjandi þessum skrám skal vera tilkynning þar sem staða ábyrgða sem eru í boði er tilgreind. Framkvæmdastjórnin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu þegar í stað framsenda þessar upplýsingar til annarra aðildarríkja ásamt hvers konar athugasemdum sem þær telja viðeigandi og gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum á vefsetrum sínum. Heimilt er að taka þessar tilkynningar til umfjöllunar innan Evrópsku verðbréfanefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 112. gr.“

20) Ákvæðum 60. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 6. mgr.:

i. í stað inngangshluta fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem tilgreint er að:“,

ii. önnur undirgrein falli brott,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir um samninginn, ráðstafanirnar og ferlin sem um getur í 6. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

21) Ákvæðum 61. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem eftirfarandi er tilgreint nánar:

a) einstök atriði, sem þurfa að vera í samningnum, sem um getur í 1. mgr., og

b) hvers konar frávik sem um getur í 2. mgr., sem teljast hafa neikvæð áhrif á fylgisjóð.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir um samninginn, ráðstafanirnar og tegundir frávika sem um getur í 3. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

22) Í stað 4. mgr. 62. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem tilgreint er efni samningsins sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.“

23) Ákvæðum 64. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem tilgreint er:

a) á hvaða sniðimáti og með hvaða hætti skuli veita þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. eða

b) aðferðina sem notuð er, ef fylgisjóður yfirfærir allar eignir eða hluta eigna sinna til höfuðsjóðs í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini, við mat og endurskoðun á þess háttar framlagi í fríðu og hlutverk vörslufyrirtækis fylgisjóðs í því ferli.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Til að tryggja samræmd skilyrði umsóknar þar sem upplýsingarnar eru veittar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir um sniðmát og afhendingarmáta veittra upplýsinga og ferlis sem um getur í 4. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

24) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 69. gr.:

„5. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina ákvæðin um innihald lýsingar, ársreikninga og hálfsársreikninga, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka, sem og um sniðmát þessara skjala.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

25) Í stað 4. mgr. 75. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, að samþykkja ráðstafanir sem skilgreina sérstök skilyrði sem uppfylla þarf þegar lýsing er lögð fram á öðrum varanlegum miðli en pappír eða á vefsetri sem telst ekki vera varanlegur miðill.“

26) Ákvæðum 78. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem eftirfarandi er skilgreint frekar:

a) ítarlegt og tæmandi efni lykilupplýsinga fyrir fjárfesta sem afhenda skal fjárfestum eins og um getur í 2., 3. og 4. mgr.,

b) ítarlegt og tæmandi efni lykilupplýsinga fyrir fjárfesta sem leggja skal fram til fjárfesta í eftirfarandi sérstökum tilvikum:

i. í tengslum við verðbréfasjóði með mismunandi fjárfestingardeildir, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem afhenda ber fjárfestum sem eru áskrifendur sérstakrar fjárfestingardeildar, þ.m.t. hvernig fjárfestir getur fært sig á milli fjárfestingardeilda og kostnaður sem því tengist,

ii. í tengslum við verðbréfasjóði með mismunandi flokka hlutdeildar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem afhenda ber fjárfestum sem eru áskrifendur að tilteknum flokki hlutdeildar,

iii. í tengslum við sjóðasjóði, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem afhenda ber fjárfestum sem eru áskrifendur að verðbréfasjóði sem sjálfur fjárfestir í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í e-lið 1. mgr. 50. gr.,

iv. í tengslum við höfuðsjóði og fylgisjóði, fjárfestaupplýsingar sem afhenda ber fjárfestum sem eru áskrifendur að fylgisjóði og

v. í tengslum við afleiðutengda, höfuðstólsvarða og aðra sambærilega verðbréfasjóði, fjárfestaupplýsingar sem afhenda ber fjárfestum með hliðsjón af sérstökum einkennum þess háttar verðbréfasjóða og

c) nákvæmar upplýsingar um sniðmát og framsetningu lykilupplýsinga fyrir fjárfesta sem afhenda ber fjárfestum eins og um getur í 5. mgr.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„8. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrðin fyrir beitingu framseldra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 7. mgr. varðandi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

27) Í stað 2. mgr. 81. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, að samþykkja ráðstafanir sem skilgreina sérstök skilyrði sem uppfylla þarf þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru lagðar fram á öðrum varanlegum miðli en pappír eða á vefsetri sem telst ekki vera varanlegur miðill.“

28) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 83. gr.:

„3. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina kröfurnar í þessari grein að því er varðar lántöku.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

29) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 84. gr.:

„4. Til að tryggja samkvæma samræmingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina skilyrðin sem verðbréfasjóðurinn þarf að uppfylla eftir samþykkt tímabundinnar frestunar endurkaupa eða innlausnar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins, eins og um getur í a-lið 2. mgr., þegar fresturinn hefur verið ákveðin.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

30) Í stað 95. gr. komi eftirfarandi:

„95. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b, ráðstafanir þar sem tilgreint er:

a) umfang upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. 91. gr.,

b) hvernig greiða eigi fyrir aðgengi lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki verðbréfasjóðs að upplýsingum eða gögnum, sem um getur í 1., 2., og 3. mgr. 93. gr., í samræmi við 7. mgr. 93. gr.

2. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu 93. gr., er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða:

a) form og efni staðlaðrar tilkynningar sem verðbréfasjóður skal nota varðandi tilkynningu sem um getur í 1. mgr. 93. gr., þ.m.t. ábending um það hvaða gögn þýðingarnar eiga við,

b) form og efni staðlaðrar staðfestingar sem lögbær yfirvöld aðildarríkis nota skv. 3. mgr. 93. gr.,

c) ferli upplýsingaskipta og notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynningar skv. 93. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

31) Í stað 1. mgr. 97. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem gegna skulu þeim skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þau skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um það og tilgreina hvers konar verkaskiptingu milli þeirra.“

32) Ákvæðum 101. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Lögbæru yfirvöldin skulu eiga samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“,

b) í stað 8. og 9. mgr. komi eftirfarandi:

„8. „Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa tilvikum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar þegar beiðni um:

a) upplýsingaskipti, eins og kveðið er á um í 109. gr., hefur verið hafnað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan hæfilegs frests,

b) rannsókn eða sannprófun á staðnum, sem kveðið er á um í 110. gr., hefur verið hafnað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan hæfilegs frests eða

c) heimild til handa embættismönnum þeirra um að vera í fylgd með embættismönnum lögbærs yfirvalds í hinu aðildarríkinu hefur verið hafnað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan hæfilegs frests.

Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt, í tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein, að grípa til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, með fyrirvara um möguleikana á að neita að verða við beiðni um upplýsingar eða vegna rannsóknar, sem kveðið er á um í 6. mgr. þessarar greinar og getu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að grípa til aðgerða skv. 17. gr. þeirrar reglugerðar í þessum tilvikum.

9. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á sameiginlegum ferlum fyrir lögbær yfirvöld til að eiga samstarf í sannprófunum á staðnum og rannsóknunum sem um getur í 4. mgr. og 5. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

33) Ákvæðum 102. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld aðildarríkjanna í því að skiptast á upplýsingum í samræmi við þessa tilskipun eða aðra löggjöf Sambandsins sem gildir um verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem leggja sitt af mörkum til starfsemi þeirra eða í að senda þær til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 eða til evrópska kerfisáhætturáðsins. Um slíkar upplýsingar gilda ákvæði um þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í 1. mgr.“

b) eftirfarandi liður bætist við í 5. mgr.:

„d) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði, Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1093/2010 (*), Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska tryggingaog lífeyrissjóðastofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1094/2010 (**) og evrópska kerfisáhætturáðið.

(*) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

(**) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.“

34) Ákvæðum 103. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um heiti þeirra yfirvalda sem heimilað er að fái upplýsingar skv. 1. mgr.“,

b) Í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Aðildarríkin skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um heiti þeirra yfirvalda eða stofnana sem heimilað er að fái upplýsingar skv. 4. mgr.“

35) Í stað 105. gr. komi eftirfarandi:

„105. gr.

Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu ákvæða þessarar tilskipunar varðandi upplýsingaskipti er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða skilyrði fyrir beitingu að því er varðar ferli upplýsingaskipta á milli lögbærra yfirvalda og á milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

36) Ákvæðum 5. mgr. 108. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað b-liðar fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„b) ef nauðsyn krefur, að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

b) Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Upplýsa skal framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina án tafar um hvers konar ráðstafanir sem gerðar eru skv. a-lið fyrstu undirgreinar.“

37) Í stað fyrirsagnar XIII. kafla komi eftirfarandi:

„FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARVALD“

38) Í stað 111. gr. komi eftirfarandi:

„111. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja tæknilegar breytingar á þessari tilskipun á eftirfarandi sviðum:

a) nánari útskýringar skilgreininga til að tryggja samkvæma samræmingu og samræmda beitingu þessarar tilskipunar alls staðar í Sambandinu, eða

b) samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga í samræmi við síðari gerðir um verðbréfasjóði og skyld málefni.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, með framseldum gerðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 112. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 112. gr. a og 112. gr. b.“

39) Í stað 112. gr. komi eftirfarandi:

„112. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 12., 14., 23., 33., 43., 51., 60., 61., 62., 64., 75., 78., 81. 95. og 111. gr., í 4 ár frá 4. janúar 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framseldar valdheimildir eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fjögurra ára tímabilsins. Framsal valdsins skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 112. gr. a.

3. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

4. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 112. gr. a og 112. gr. b.“

40) Eftirfarandi greinar bætist við:

„112. gr. a

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 12., 14., 23., 33., 43., 51., 60., 61., 62., 64., 75., 78., 81., 95. og 111. gr.

2. Stofnunin sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða framselda vald kynni að vera afturkallað.

3. Með ákvörðun um afturköllun er framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun stöðvað. Ákvörðunin öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

112. gr. b

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan þriggja mánaða frá tilkynningardegi. Heimilt er að framlengja þetta tímabil um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt framseldri gerð þegar tímabilið sem um getur í 1. mgr. rennur út, skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Framseld gerð öðlast ekki gildi ef annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið andmælir henni innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. Í samræmi við 296. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni tilgreina ástæðurnar fyrir því.“

12. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2014, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem tilgreint er hvort Evrópska verðbréfastofnunin hafi lagt fram drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum og drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hvort sem framlagningin er skyldubundin eða valkvæð, ásamt hvers konar viðeigandi tillögum.

13. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1. gr. (1. og 2. mgr.), 2. gr. (a-lið 1. mgr.), 2. gr. (2., 5., 7. og 9. mgr.), 2. gr. (b-lið 11. mgr.), 3. gr. (4. mgr.), 3. gr. (a-og b-lið 6. mgr.), 4. gr. (a-lið 1. mgr.), 4. gr. (3. mgr.), 5. gr. (a-lið 5. mgr.), 5. gr. (fyrstu undirgrein b-liðar 5. mgr.), 5. gr. (6., 8. og 9. mgr.) (í tengslum við 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2003/71/EB), 5. gr. (10. mgr.), 5. gr. (a- og b-lið 11. mgr.), 5. gr. (12. mgr.), 6. gr. (1. mgr.) (í tengslum við fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/39/EB), 6. gr. (3. mgr.), 6. gr. (a-lið 5. mgr.), 6. gr. (10., 13., 14. og 16. mgr.), 6. gr. (a- og b-lið 17. mgr.), 6. gr. (18. og 19. mgr.) (í tengslum við fyrstu undirgrein 3. mgr. 53. gr. tilskipunar 2004/39/EB), 6. gr. (a-og b-lið 21. mgr.), 6. gr. (b-lið 23. mgr.), 6. gr. (24., 25. og 27. mgr.), 7. gr. (a-lið 12. mgr.), 7. gr. (13., 14., 15. og 16. mgr.), 9. gr. (a-lið 1. mgr.), 9. gr. (2., 3., 4., 10., 11., 12., 15., 16., 17., 18., 20., 29. og 32. mgr.), 9. gr. (a- og b-lið 33. mgr.), 9. gr. (ii.–iv. undirlið d-liðar 33. mgr.), 9. gr. (34. og 35. mgr.), 9. gr. (ii. undirlið b-liðar 36. mgr.), 9. gr. (b-lið 37. mgr., 38. mgr. og 39. mgr.), 10. gr. (2. mgr., a-lið 3. mgr., 4. mgr.), 11. gr. (2., 4., 11., 14., 19. og 31. mgr.), 11. gr. (b-lið 32. mgr.) að því er varðar 8. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/65/EB, og 11. gr. (33., 34. og 36. mgr.) þessarar tilskipunar, eigi síðar en 31. desember 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 24. nóvember 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	O. CHASTEL
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/133 **2019/EES/49/03**

frá 24. janúar 2018

um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir

(tilkynnt með númeri C(2018) 213) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 16. gr. f,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu, sem jurtalyfjanefndin setti fram 2. febrúar 2016,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Valeriana officinalis* L. getur talist jurtaefni, fullbúið jurtalyf eða samsetning þeirra í skilningi tilskipunar 2001/83/EB og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Því er viðeigandi að færa *Valeriana officinalis* L. á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ætti að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB frá 21. nóvember 2008 um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42).

VIÐAUKI

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi efni er sett inn í I. viðauka á eftir *Thymus vulgaris* L., *Thymus zygis* Loefl. ex L., aetheroleum:

„*Valeriana officinalis* L.“

2) Eftirfarandi er sett inn í II. viðauka á eftir færslunni í skrá Sambandsins um *Thymus vulgaris* L., *Thymus zygis* Loefl. ex L., aetheroleum:

„FÆRSLA UM *VALERIANA OFFICINALIS* L. Í SKRÁ SAMBANDSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Valeriana officinalis L.

Grasafræðileg ætt

Valerianaceae

Almennt heiti fullbúna jurtalyfsins á öllum opinberum tungumálum ESB

BG (búlgarski): Валериана, корен
CS (čeština): kozlíkový kořen
DA (dansk): Baldrianrod
DE (Deutsch): Baldrianwurzel
EL (elliniká): Ρίζα βαλεριανής
EN (English): Valerian root
ES (español): Valeriana, raíz de
ET (eesti keel): palderjanijuur
FI (suomi): rohtovirmajuuri, juuri
FR (français): Valériane (racine de)
HR (hrvatska): odoljenov korijen
HU (magyar): Macskagyökér
IT (italiano): Valeriana radice
LT (lietuvių kalba): Valerijonų šaknys
LV (latviešu valoda): Baldriāna saknes
MT (Malti): Għerq tal-Valerjana
NL (Nederlands): Valeriaanwortel
PL (polski): Korzeń kozłka
PT (português): Valeriana, raiz
RO (română): rădăcină de valeriană
SK (slovenčina): Koreň valeriány
SL (slovenščina): korenina zdravilne špajke
SV (svenska): Vänderot, rot
IS (íslenska): Garðabrúða, rót
NO (norsk): Valerianarot

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

a) Fínskorið jurtaefni

b) Jurtaefni í duftformi

c) Safi pressaður úr ferskri rót (1:0,60–0,85)

d) Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 4–6:1), útdráttarleysir: vatn

e) Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:4–6), útdráttarleysir: vatn

f) Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 4–7:1), útdráttarleysir: metanól 45% (rúmmálshlutfall)

g) Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 5,3–6,6:1), útdráttarleysir: metanól 45% (massahlutfall)

h) Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:7–9), útdráttarleysir: sætt vín

i) Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:1), útdráttarleysir: etanól 60% (rúmmálshlutfall)

j) Tinktúra (hlutfall jurtaefnis á móti útdráttarleysi 1:8), útdráttarleysir: etanól 60% (rúmmálshlutfall)

k) Tinktúra (hlutfall jurtaefnis á móti útdráttarleysi 1:10), útdráttarleysir: etanól 56%

l) Tinktúra (hlutfall jurtaefnis á móti útdráttarleysi 1:5), útdráttarleysir: etanól 70% (rúmmálshlutfall)

m) Tinktúra (hlutfall jurtaefnis á móti útdráttarleysi 1:5), útdráttarleysir, etanól 60–80% (rúmmálshlutfall)

n) Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 5,5–7,4:1), útdráttarleysir: etanól 85% (massahlutfall)

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

04:2017:0453

Ábendingar

Jurtalyf sem hefð er fyrir til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu og auðvelda svefn.
Lyfið er jurtalyf sem hefð er fyrir við tiltekinni ábendingu sem byggist eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk.

Tiltekinn styrkleiki

Sjá „skammtar“.

Skammtar

Unglingar, fullorðnir og aldraðir
Inntaka

a) stakur skammtur: 0,3–3 g
   Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma, auk skammts fyrr um kvöldið ef nauðsyn krefur, til að auðvelda svefn.
   Jurtate: 0,3–3 g af fínskorna jurtaefninu í 150 ml af sjóðandi vatni sem jurtaseyði.
b) stakur skammtur: 0,3–2,0 g
   Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma, auk skammts fyrr um kvöldið ef nauðsyn krefur, til að auðvelda svefn.
c) stakur skammtur: 10 ml
   Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma, auk skammts fyrr um kvöldið ef nauðsyn krefur, til að auðvelda svefn.
d) stakur skammtur: 420 mg
   Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma, auk skammts fyrr um kvöldið ef nauðsyn krefur, til að auðvelda svefn.
e) stakur skammtur: 20 ml
   Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma til að auðvelda svefn.
f) stakur skammtur: 144–288 mg
   Allt að fjórum sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma, auk skammts fyrr um kvöldið ef nauðsyn krefur, til að auðvelda svefn.
g) stakur skammtur: 450 mg
   Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.
   Stakur skammtur hálfri til einni klukkustund fyrir háttatíma, auk skammts fyrr um kvöldið ef nauðsyn krefur, til að auðvelda svefn.
h) stakur skammtur: 10 ml allt að þrisvar sinnum á dag
i) stakur skammtur: 0,3–1,0 ml allt að þrisvar sinnum á dag
j) stakur skammtur: 4–8 ml allt að þrisvar sinnum á dag

k) stakur skammtur: 0,84 ml

Allt að þrisvar til fimm sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.

Stakur skammtur hálfri klukkustund fyrir háttatíma til að auðvelda svefn.

l) stakur skammtur: 1,5 ml (andleg streita), 3 ml (til að auðvelda svefn)

Allt að þrisvar sinnum á dag til að draga úr minni háttar einkennum andlegrar streitu.

Stakur skammtur hálfri klukkustund fyrir háttatíma til að auðvelda svefn.

m) stakur skammtur: 10 ml allt að þrisvar sinnum á dag

n) stakur skammtur: 322 mg allt að þrisvar sinnum á dag

Notkun sem aukefni í bað

stakur skammtur: 100 g fyrir eitt bað allt að einu sinni á dag

Íkomuleið

Inntaka

Notkun sem aukefni í bað. Hitastig: 34–37 °C, lengd baðs 10–20 mínútur.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Ef einkenni hverfa ekki við notkun jurtalyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi fyrir virka efninu.

Notkun sem aukefni í bað

Ekki skal baða allan líkamann þegar um er að ræða opin sár, umfangsmikinn skaða á húð, bráða húðsjúkdóma, háan hita, alvarlegar sýkingar, alvarlegar truflanir í blóðrás og hjartabilun.

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn yngri en 12 ára þar eð nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir hvað það varðar.

Ef einkenni versna við notkun jurtalyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Að því er varðar tinktúrur og útdrætti sem innihalda etanól verða að fylgja viðeigandi merkingar fyrir etanól, sem eru teknar úr „Guideline on excipients in the label and package leaflet of medicinal products for human use“ (leiðbeiningar um hjálparefni á merkimiða og fylgiseðli mannalyfs).

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir

Frjósemi, meðganga og mjólkurskeið

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur. Þar eð nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Engin gögn liggja fyrir um frjósemi.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Getur dregið úr hæfni til aksturs og notkunar véla Sjúklingar undir áhrifum ættu ekki að keyra eða stjórna vélum.

Aukaverkanir

Inntaka

Það getur orðið vart við einkenni frá meltingarvegi (t.d. ógleði eða kviðarkrampa) eftir inntöku jurtalyfja úr garðabrúðurót. Tíðnin er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Notkun sem aukefni í bað

Ekki vitað um neinar

Ef aukaverkanir koma fram skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Ofskömmtun

Inntaka

Skammtur af garðabrúðurót sem er um það bil 20 gr. olli einkennum s.s. þreytu, kviðarkrampa, þyngslum fyrir brjósti, svima, handaskjálfta og ljósopsstækkun sem hurfu innan sólarhrings. Ef einkenni koma í ljós skal veita meðferðarúrræði til stuðnings.

Notkun sem aukefni í bað

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

Lyfjafræðilegar upplýsingar (ef nauðsyn krefur)

Á ekki við

Lyfjafræðileg áhrif eða líkleg verkun á grundvelli langvarandi notkunar og reynslu (ef nauðsyn krefur vegna öruggrar notkunar vörunnar)

Á ekki við.“

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1936 **2019/EES/49/04**

frá 18. október 2017

um tafarlausar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun forefna sprengiefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nýlegar hryðjuverkaárásir og atburðir gefa til kynna að ógn af völdum heimagerðra sprengiefna í Evrópu er enn mikil. Þrátt fyrir tilraunir til að takmarka og stýra aðgengi að forefnum sprengiefna með skilvirkum hætti eru þau enn þá aðgengileg og notuð í þeim tilgangi að gera heimagerð sprengiefni.

2) Í ályktun 2370 (2017) leggur öryggisráð SÞ áherslu á brýna þörf þess að koma í veg fyrir að hryðjuverkamenn noti eða sækist eftir aðgangi að hráefnum og efnisþáttum sem geta verið notuð til að framleiða sprengiefni og hvetur til aukinnar árvekni, þ.m.t. með að boða til góðra viðskiptahátta, deila upplýsingum yfir landamæri og koma á fót samstarfi.

3) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 ([1]) er komið á samræmdum reglum um aðgengileika, innflutning, vörslu og notkun efna eða blandna, sem hægt er að misnota til ólöglegrar framleiðslu sprengiefna, með það í huga að takmarka aðgengi almennings að þessum efnum og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti í gegnum alla aðfangakeðjuna.

4) Nauðsynlegt er að beita reglugerð (ESB) nr. 98/2013 rétt í öllum aðildarríkjunum til að ná fram markmiðum hennar um að bæta frjálsa dreifingu hreinna efna og blandna á innri markaðnum og að útrýma röskun á samkeppni á sama tíma og almenningi er tryggð víðtæk vernd með tilliti til öryggis. Það mun einnig stuðla að því að ná fram markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 ([2]) til að koma í veg fyrir hryðjuverk sem fela í sér framleiðslu, vörslu, öflun, flutning, dreifingu eða notkun sprengiefna ásamt því að veita eða fá tilsögn í gerð eða meðferð sprengiefna.

5) Með þessum tilmælum er stefnt að því að tryggja að markmið reglugerðar (ESB) nr. 98/2013 náist með skilvirkari hætti með því að veita aðildarríkjum leiðbeiningar um beitingu reglugerðarinnar. Þessi tilmæli eru viðbót við viðmiðunar-reglurnar ([3]), sem framkvæmdastjórnin og fastanefndin um forefni hafa samþykkt ([4]), og taka tillit til umræðna í nefndinni og svæðisbundinna málstofa sem yfirvöld aðildarríkjanna tóku þátt í og haldnar voru 2016 og 2017.

6) Það ætti að takmarka aðgengi almennings að forefnum sprengiefna til að koma í veg fyrir að hryðjuverkamenn verði sér úti um forefni sprengiefna. Með reglugerð (ESB) nr. 98/2013 takmarkast notkun og aðgangur almennings að sjö hreinum efnum (forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013) ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 273, 24.10.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM (Stjtíð. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).

([3]) https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/crisis-and-terrorism/explosives/explosives-precursors/docs/guidelines_on_the_marketing_and_use_of_explosives_precursors_en.pdf

([4]) http://ec.europa.eu/transparency/regexpert/index.cfm?do=groupDetail.groupDetail=3245

([5]) Vetnisperoxíð, nítrómetan, saltpétурssýra, kalíumklóríð, kalíumperklórat, natríumklórat, natríumperklórat í meiri styrkleika en samsvarandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í I. viðauka þ.m.t. blanda eða annað efni, sem inniheldur efni í skránni í styrkleika sem er yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum.

7) Þrátt fyrir þetta bann geta aðildarríkin ákveðið að veita almenningi aðgang að þessum efnum en aðeins í gegnum leyfisveitinga- og skráningarkerfi. Frá og með 1. janúar 2017 hafa 16 aðildarríki innleitt leyfisveitinga- og/eða skráningarkerfi í stað banns ([1]). Af þeim sökum hafa almennir borgarar í þessum aðildarríkjum enn aðgang að og geta notað efni og blöndur sem eru forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum.

8) Aðildarríkin ættu að greina og stuðla að notkun á lægri styrkleika og staðgönguefnum sem af stafar minni öryggisáhætta og fastsetja skilyrði fyrir geymslu á forefnum sprengiefna. Aðildarríki sem hafa leyfisveitingakerfi ættu að gera bakgrunnsskoðun á einstaklingum sem sækja um leyfi.

9) Tilmæli þessi kalla einnig á bætta framfylgd á þeim takmörkunum og eftirliti sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 98/2013 og samvinnu þvert á geira. Aukin vitundarvakning á meðal allra aðila í aðfangakeðjunni, þ.m.t. þeirra sem starfa á netinu, gerir þeim betur kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013.

10) Án þess að hafa áhrif á lagarammann fyrir upplýsingaskipti yfir landamæri með tilliti til rannsókna sakamála að því er varðar hryðjuverk ([2]) eða á sviði tollamála ([3]), kalla þessi tilmæli eftir upplýsingaskiptum varðandi grunsamleg viðskipti, hvarf, þjófnað og önnur grunsamleg atvik eða leyfisumsóknir þegar þetta virðist ná yfir landamæri.

11) Þrátt fyrir að í nýlegum árásum og atburðum hafi aðallega verið notað tríasetontríperoxíð (TATP) nær ógnin yfir breitt svið heimagerðra sprengiefna og forefni sprengiefna. Sambandið og aðildarríki þess verða áfram að sýna árvekni með því að fylgjast með og bregðast við þróun á þessu sviði í samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila og notendur.

12) Frá því að reglugerðin var samþykkt hefur framkvæmdastjórnin vaktað og greitt fyrir beitingu hennar í nánu samstarfi við fastanefndina um forefni. Í febrúar 2017 samþykkti framkvæmdastjórnin skýrslu ([4]) þar sem ályktað var að þrátt fyrir að gildistaka reglugerðarinnar hafi stuðlað að því að draga úr ógninni, sem stafar af forefnum sprengiefna í Evrópu, sé nauðsynlegt að ákvarða ráðstafanir og aðgerðir sem styrkja eftirlitskerfið viðvíkjandi heimagerðum sprengiefnum. Í maí 2017 byrjaði framkvæmdastjórnin að vinna í því að endurskoða reglugerðina ([5]) um forefni sprengiefna með mati sem fylgt verður eftir með áhrifamati fyrri hluta árs 2018. Í matinu verður kannað mikilvægi, árangur, skilvirkni, samræmi og aukið vægi reglugerðarinnar sem og að greina hindranir og vandamál sem gætu kallað á frekari aðgerðir. Í áhrifamatinu verða ýmsir stefnuvalkostir kannaðir til að takast á við vandamál og hindranir sem greinast. Meðan beðið er eftir niðurstöðum úr þessari endurskoðun er mælt með því í tilmælunum að aðildarríkin geri tafarlaust ráðstafanir til að takmarka á skilvirkan hátt aðgengi almennings að forefnum sprengiefna innan ramma núgildandi reglugerðar.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Takmörkun á aðgengi almennings að forefnum sprengiefna

1. Aðildarríkin ættu að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013 til að takmarka aðgengi almennings að forefnum sprengiefna og koma í veg fyrir aðgengi hryðjuverkamanna að forefnum sprengiefna sem og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti í gegnum alla aðfangakeðjuna. Í þessu skyni ættu aðildarríkin að meta vandlega hvort kerfið, sem þau hafa komið á, varðandi bönn, leyfi eða skráningar nái þessum markmiðum á skilvirkan hátt. Aðildarríkin ættu að upplýsa framkvæmdastjórnina um niðurstöður matsins innan fjögurra mánaða eftir samþykkt þessara tilmæla. Þessar upplýsingar munu stuðla að mati á hugsanlegum frekari ráðstöfunum á vettvangi ESB.

([1]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um beitingu og framsal valds samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna, COM(2017) 103 lokagerð frá 28. febrúar 2017.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM frá 20. september 2005 um upplýsingaskipti og samvinnu á sviði hryðjuverkabrota (Stjtíð. ESB L 253, 29.9.2005, bls. 22).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga (Stjtíð. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1).

([4]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um beitingu og framsal valds samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna, COM(2017) 103 lokagerð frá 28. febrúar 2017.

([5]) https://ec.europa.eu/home-affairs/what-is-new/work-in-progress/initiatives/revision-regulation-marketing-and-use-explosives-precursors_en

2. Auk þess skulu aðildarríkin grípa tafarlaust til eftirfarandi aðgerða:

a) stuðla að og, ef unnt er og við á, krefjast þess að notuð séu staðgönguefni eða lægri styrkleiki sem nota má fyrir sömu lögmætu starfsemi en af stafar minni öryggisáhætta,

b) mæla fyrir um öryggisskilyrði vegna geymslu á forefnum sprengiefna fyrir rekstraraðila, atvinnunotendur og almenna borgara sem hafa forefni sprengiefna löglega í vörslu sinni,

c) veita rekstraraðilum skýra leiðsögn varðandi hvernig á að staðfesta á áhrifaríkan og skilvirkan hátt hvort einstaklingur sé almennur borgari eða ekki. Í því skyni gætu aðildarríki notað hugtakið „atvinnunotandi“ sem gefur til kynna einstakling sem hefur þörf fyrir forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum í tilgangi sem tengist atvinnugrein, viðskiptum eða starfsgrein,

d) þegar leyfisveitingakerfi er til staðar skv. 2. mgr. 4. gr reglugerðar (ESB) nr. 98/2013, gera bakgrunnsskoðun á þeim einstakling sem sækir um leyfi, þ.m.t. athugun á sakaskrá umsækjandans í öllum búseturíkjum síðustu fimm árin og

e) koma á eftirlitskerfi til að kanna hvort rekstraraðilar fari að tilskildum ákvæðum eða ekki.

Efling samstarfs og viðræðna við aðila í aðfangakeðjunni

3. Til þess að efla samstarf og viðræður við aðila í aðfangakeðjunni ættu aðildarríkin:

a) að bjóða upp á menntun til að sjá til þess að löggæsla, þeir sem veita skyndihjálp og tollyfirvöld geti greint efni og blöndur sem eru forefni sprengiefna við skyldustörf sín og brugðist tímanlega og með viðeigandi hætti við grunsamlegri starfsemi,

b) til viðbótar við gildandi tilkynningarskyldu í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 98/2013, að hvetja endanlega notendur forefna sprengiefna til að tilkynna um hvarf eða þjófnað á miklu magni efna,

c) svo framarlega sem það fellur ekki þegar undir núgildandi skuldbindingar löggjafar Sambandsins, að skiptast á upplýsingum um grunsamleg viðskipti, hvarf, þjófnað og önnur grunsamleg atvik eða leyfisumsóknir þegar þetta virðist ná yfir landamæri, við önnur hlutaðeigandi aðildarríki, eins fljótt og mögulegt er og í samræmi við landslög og viðeigandi þjóðréttarlega lagagerninga, og

d) að greina alla mikilvæga geira, þ.m.t. þá sem starfa á netinu, skipuleggja markvissa vitundarvakningu út frá sérstökum einkennum hvers geira og halda áfram viðræðum við aðila í aðfangakeðjunni og endanlega notendur til að bæta skilning á lögmætri notkun forefna sprengiefna í atvinnuskyni og þeirri sem er ekki í atvinnuskyni.

Gjört í Brussel, 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Julian KING

framkvæmdastjóri

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/105 **2019/EES/49/05**

frá 27. október 2017

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 að því er varðar að bæta Eþíópíu á skrána um þriðju lönd með mikla áhættu í töfluna í I. lið í viðaukanum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið verður að tryggja öfluga vernd fyrir heilindi og eðlilega starfsemi fjármálakerfisins og innri markaðarins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þess vegna er mælt fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 að framkvæmdastjórnin ætti að auðkenna áhættusöm þriðju lönd sem eru með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af.

2) Við auðkenningu áhættusamra þriðju landa er nauðsynlegt að taka tillit til nýlegra fyrirliggjandi upplýsinga, einkum opinberra yfirlýsinga fjármálaaðgerðahópsins og skjals fjármálaaðgerðahópsins „Að efla baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðavísu, viðvarandi ferli“ (e. *Improving Global AML/CFT Compliance: ongoing process*) og skýrslna vinnuhóps fjármálaaðgerðahópsins (e. *International Cooperation Review Group*) í tengslum við áhættu sem stafar af einstökum þriðju löndum.

3) Fjármálaaðgerðahópurinn auðkenndi Eþíópíu með verulega annmarka í stefnu sinni hvað varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („AML/CFT“) sem áhætta stafar af fyrir alþjóðlega fjármálakerfið.

4) Að teknu tilliti til víðtækrar samþættingar alþjóðlega fjármálakerfisins, náinna tengsla markaðsaðila, mikils umfangs viðskipta yfir landamæri til og frá Sambandinu, sem og aðgengi að innri markaðinum, metur framkvæmdastjórnin það sem svo að öll ógn sem hinu alþjóðlega fjármálakerfi stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé einnig ógn við fjármálakerfi Sambandsins.

5) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar og þau viðmið sem sett eru fram í 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 er það niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar að Eþíópía eigi að teljast lögsaga þriðja lands með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þess í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Eþíópía hefur þó sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila um að ráða bót á greindum annmörkum og hefur útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum sem ætti að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 19, 24.1.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

gera þeim kleift að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849. Eþíópíu ætti þar af leiðandi að bæta í töfluna í lið I í viðaukanum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 ([1]). Framkvæmdastjórnin mun endurmeta stöðu landsins í kjölfar innleiðingar á skuldbindingunni hér að ofan.

6) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lína bætist við í töfluna í lið I í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675:

„10	Eþíópía“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/212 2019/EES/49/06

frá 13. desember 2017

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Srí Lanka, Trínidad og Tóbagó, og Túnis í töfluna í I. lið í viðaukanum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið verður að tryggja öfluga vernd fyrir heilindi og eðlilega starfsemi fjármálakerfisins og innri markaðarins, gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þess vegna er mælt fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 að framkvæmdastjórnin ætti að auðkenna áhættusöm þriðju lönd sem eru með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af.

2) Framkvæmdastjórnin ætti, á viðeigandi tímapunktum, að endurskoða skrá yfir áhættusöm þriðju lönd sem talin eru upp í framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 ([2]), í ljósi framvindu þessara áhættusömu þriðju landa við að ráða bót á annmörkum í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („AML/CFT“). Framkvæmdastjórnin ætti í mati sínu að hafa hliðsjón af nýjum upplýsingum frá alþjóðastofnunum og aðilum sem setja staðla, s.s. þeim sem fjármálaaðgerðahópurinn (FATF) gefur út. Í ljósi þessara upplýsinga ætti framkvæmdastjórnin einnig að auðkenna fleiri áhættusöm þriðju lönd sem eru með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

3) Í samræmi þau viðmið sem sett er fram í tilskipun (ESB) 2015/849 tók framkvæmdastjórnin tillit til nýlegra fyrirliggjandi upplýsinga, einkum nýlegra opinberra yfirlýsinga fjármálaaðgerðahópsins og skjals fjármálaaðgerðahópsins „Að efla baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðavísu, viðvarandi ferli“ (e. *Improving Global AML/CFT Compliance: ongoing process*) og skýrslna vinnuhóps fjármálaaðgerðahópsins (e. *International Cooperation Review Group*) í tengslum við áhættu sem stafar af einstökum þriðju löndum, í samræmi við 4. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

4) Fjármálaaðgerðahópurinn auðkenndi Srí Lanka, Trínidad og Tóbagó, og Túnis með verulega annmarka í stefnu hvað varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem áhætta stafar af fyrir alþjóðlega fjármálakerfið, og hafa þau af þeirri ástæðu útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum.

5) Að teknu tilliti til víðtækrar samþættingar alþjóðlega fjármálakerfisins, náinna tengsla markaðsaðila, mikils umfangs viðskipta yfir landamæri til og frá Sambandinu, sem og aðgengi að innri markaðinum, metur framkvæmdastjórnin það sem svo að öll ógn sem hinu alþjóðlega fjármálakerfi stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé einnig ógn við fjármálakerfi Sambandsins.

6) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar og þau viðmið sem sett eru fram í 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 er það niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar að Srí Lanka, Trínidad og Tóbagó, og Túnis eigi að teljast sem lögsögur þriðja lands með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Þessi lönd hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum sem ætti að gera þeim kleift að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849. Framkvæmdastjórnin mun endurmeta stöðu þessara landa í kjölfar innleiðingar á skuldbindingunni hér að ofan.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi línur bætast við töfluna í lið I í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675:

„11	Srí Lanka
12	Trínidad og Tóbagó
13	Túnis“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1467 **2019/EES/49/07**

frá 27. júlí 2018

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Pakistan í töfluna í I. lið í viðaukanum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið verður að tryggja öfluga vernd fyrir heilindi og eðlilega starfsemi fjármálakerfisins og innri markaðarins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þess vegna er mælt fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 að framkvæmdastjórnin ætti að auðkenna áhættusöm þriðju lönd sem eru með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af.

2) Framkvæmdastjórnin ætti, á viðeigandi tímapunktum, að endurskoða skrá yfir áhættusöm þriðju lönd sem talin eru upp í framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 ([2]), í ljósi framvindu þessara áhættusömu þriðju landa við að ráða bót á annmörkum í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („AML/CFT“). Framkvæmdastjórnin ætti í mati sínu að hafa hliðsjón af nýjum upplýsingum frá alþjóðastofnunum og aðilum sem setja staðla, s.s. þeim sem fjármálaaðgerðahópurinn (FATF) gefur út. Í ljósi þessara upplýsinga ætti framkvæmdastjórnin einnig að auðkenna fleiri áhættusöm þriðju lönd sem eru með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

3) Í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í tilskipun (ESB) 2015/849 tók framkvæmdastjórnin tillit til nýlegra fyrirliggjandi upplýsinga, einkum nýlegra opinberra yfirlýsinga fjármálaaðgerðahópsins og skjals fjármálaaðgerðahópsins „Að efla baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðavísu, viðvarandi ferli“ (e. Improving Global AML/CFT Compliance: ongoing process) og skýrslna vinnuhóps fjármálaaðgerðahópsins (e. *International Cooperation Review Group*) í tengslum við áhættu sem stafar af einstökum þriðju löndum, í samræmi við 4. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

4) Fjármálaaðgerðahópurinn auðkenndi Pakistan með verulega annmarka í stefnu sinni hvað varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („AML/CFT“) sem áhætta stafar af fyrir alþjóðlega fjármálakerfið, og hefur ríkið af þeirri ástæðu útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 2.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).

5) Regluverk og skipulag sem gildir um baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Pakistan og framkvæmd þess hans hefur leitt í ljós verulega annmarka í stefnu. Meðal greindra annmarka er eftirlit og framkvæmd stýringa við baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá fjármálastofnunum, þ.m.t. fyrirtækjum á sviði gjaldeyrisskipta og peningasendinga (e. *money service businesses* (MSB)), ófullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegan flutning gjaldeyris yfir landamæri, skortur á reynslu af rannsóknum og saksókn vegna fjármögnunar hryðjuverka, þ.m.t. skortur á nauðsynlegri samhæfingu yfirvalda, ófullnægjandi innleiðing á alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og á ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1267 (1999) og 1373 (2001), og ófullnægjandi framfylgd á banni um aðgang að fjármunum og fjármálaþjónustu.

6) Að teknu tilliti til víðtækrar samþættingar alþjóðlega fjármálakerfisins, náinna tengsla markaðsaðila, mikils umfangs viðskipta yfir landamæri til og frá Sambandinu, sem og aðgengi að innri markaðinum, metur framkvæmdastjórnin það sem svo að öll ógn sem hinu alþjóðlega fjármálakerfi stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé einnig ógn við fjármálakerfi Sambandsins.

7) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar og þau viðmið sem sett eru fram í 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 er það niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar að Pakistan eigi að teljast lögsaga þriðja lands með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þess í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Landið hefur þó sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hefur útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum sem ætti að gera því kleift að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849. Framkvæmdastjórnin mun endurmeta stöðu landsins í kjölfar innleiðingar á þeirri skuldbindingu.

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lína bætist við töfluna í I. lið í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675:

„14	Pakistan“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 27. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1866 **2019/EES/49/08**

frá 28. nóvember 2018

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ([3]) sendu tiltekin aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni upplýsingar sem skipta máli við uppfærslu þeirrar skrár. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þeirra upplýsinga ætti að uppfæra skrána.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er að finna í skránum í viðauka A og B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 („flugöryggisnefndin“).

5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefndina upplýsingar um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ([4]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Angóla, Belarús (Hvíta-Rússlands), Benín, Gambíu, Indónesíu, Máritaníu, Mexíkó, Moldóvu, Nepal, Rússlands, Taílands, Venesúela og Sambíu. Framkvæmdastjórnin upplýsti einnig flugöryggisnefndina um stöðu flugöryggis í Afganistan, Gabon, Kasakstan, Líbíu og Mósambík.

6) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti einnig framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]) innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara („SAFA-skoðanir“).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 29.11.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 (Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

7) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina enn fremur um verkefni á sviði tækniaðstoðar í þriðju löndum sem verða fyrir áhrifum flugrekstrarbanns samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006. Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samstarf til að auka getu flugmálayfirvalda almenningsflugs í þriðju löndum á sviði stjórnsýslu og tækni með það fyrir augum að aðstoða þau við að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum öryggiskröfum um almenningsflug. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu. Í þessu samhengi ítrekaði framkvæmdastjórnin nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (e. *Safety Collaborative Assistance Network*) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniaðstoð við þriðju lönd sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

8) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og viðvörunarkerfis flugrekenda í þriðju löndum („TCO“) og einnig um fyrirliggjandi tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

9) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu og úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Búlgaría og Malta upplýstu framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um aðgerðir sem gripið hefur verið til í tengslum við flugrekendur sem hafa fengið vottun í Búlgaríu og Möltu.

10) Aðildarríkin ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefi til kynna að öryggisáhætta væri yfirvofandi sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum.

Flugrekendur frá Angóla

11) Með bréfi dagsettu 30. apríl 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir skrá yfir skjöl og aðgerðir, sem á að ljúka við, frá Flugmálastjórn Angóla (INAVIC).

12) Flugmálastjórn Angóla lagði fram öll umbeðin gögn í tæka tíð. Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram greiningu á gögnunum, sem Flugmálastjórn Angóla lagði fram, og komst að þeirri niðurstöðu að þau væru sett fram á skýran og skipulegan hátt. Auk þess voru afrit af flugrekandaskírteinum og rekstrarforskriftum, sem Flugmálastjórn Angóla lagði fram, í samræmi við snið Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Angóla gaf gott yfirlit yfir framhaldsaðgerðir í kjölfar niðurstaðna sem fengust við eftirlit með öryggi hjá angólskum flugrekendum á sviði flugrekstrar og lofthæfis.

13) Verklagsreglur og reglur Flugmálastjórnar Angóla hafa verið uppfærðar síðan 2015, aðallega á sviði lofthæfis, flugrekstrar og fluglækninga. Í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur hefur Flugmálastjórn Angóla einnig reglulega sent Alþjóðaflugmálastofnuninni uppfærðar útgáfur af áætlun sinni um aðgerð til úrbóta.

14) Til að fá nákvæmari og gagnreyndari skilning á eftirlitsstarfsemi í Angóla óskaði framkvæmdastjórnin eftir skýrslum frá Flugmálastjórn Angóla um skoðanir eða úttektir í tengslum við framlengingu gildistíma flugrekandaskírteina, þ.m.t. nákvæm lýsing á niðurstöðunum og þeim framhaldsaðgerðum sem beitt var vegna flugrekendanna *Sonair*, *Air Jet* og *Heli-Malongo*.

15) Skýrslurnar voru sendar til Flugöryggisstofnunar Evrópu sem ályktaði að gögn þeirra væru viðeigandi og að gæði þeirra væru mjög góð. Þessar skýrslur sýndu einnig að hlutaðeigandi flugrekendur hefðu framkvæmt viðeigandi aðgerðir til úrbóta á grundvelli niðurstaðna Flugmálastjórnar Angóla.

16) Flugmálastjórn Angóla upplýsti framkvæmdastjórnina um að hún hefði vottað tvo nýja flugrekendur, nánar tiltekið flugrekendurna *Bestflya Aircraft Management* og *SJL*. Flugmálastjórn Angóla upplýsti einnig framkvæmdastjórnina um að sjö flugrekendur, nánar tiltekið flugrekendurnir *Air Nave*, *Air26*, *Angola Air Services*, *Diexim*, *Fly540*, *Gira Globo* og *Mavewa* hafi ekki lengur gild flugrekandaskírteini.

17) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga kemst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að Flugmálastjórn Angóla hafi náð árangri með tilliti til framkvæmdar á alþjóðlegum öryggiskröfum. Áður en hægt er að taka ákvörðun um að aflétta flugrekstrarbanninu, sem flugrekendur frá Flugmálastjórn Angóla sæta, verður þó að sannreyna að árangur hafi náðst með því að senda aðila frá Sambandinu í matsheimsókn á starfsstöð Flugmálastjórnar Angóla og til valinna angólskra flugrekenda.

18) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi ætti að breyta skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins og að bæta ætti í skrána nýju flugrekendunum *Bestflya Aircraft Management* og *SJL*. Fella ætti flugrekendurna *Air Nave*, *Air26*, *Angola Air Services*, *Diexim*, *Fly540*, *Gira Globo* og *Mavewa* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 þar sem þeir hafa ekki lengur gilt flugrekandaskírteini.

Flugrekendur frá Belarús (Hvíta-Rússlandi)

19) Hinn 17. september 2018, í framhaldi af því að Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á annmörkum í öryggismálum innan ramma TCO-heimildaferlisins, hóf framkvæmdastjórnin samráð við Flugmálastjórn Belarús (AD-BLR) skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

20) Hinn 8. nóvember 2018 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og fulltrúar Flugmálastjórnar Belarús tæknifund. Á þeim fundi lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi þess að hún fengi réttar og reglubundnar upplýsingar um öryggiseftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnarinnar. Flugmálastjórn Belarús tíundaði þær ráðstafanir til úrbóta sem teknar hafa verið til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur vakið máls á innan ramma TCO-heimildaferlisins og vöktunarstarfsemi. Þó svo að þegar hafi verið óskað eftir þeim upplýsingum þegar samráðið hófst lagði Flugmálastjórn Belarús hvorki fram fullnægjandi upplýsingar um skipulag né niðurstöður eftirlitsstarfseminnar. Að teknu tilliti til þeirra erfiðleika sem upp komu hjá tilteknum umsækjendum, sem hafa fengið vottun í Belarús, við að fara í gegnum heimildarferlið, einkum vegna annmarka í öryggismálum, ítrekaði framkvæmdastjórnin mikilvægi þess að Flugmálastjórn Belarús færi að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum á sama tíma og hún innti af hendi ábyrgðarstörf sín.

21) Í ljósi núverandi annmarka í öryggismálum bauð framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Belarús til áheyrnar í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sem fór fram 13. nóvember 2018. Í þeirri áheyrn lét Flugmálastjórn Belarús framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni í té almennar upplýsingar um fluggeirann í Belarús, um fjölda þess starfsfólks sem stendur til boða til öryggiseftirlits og hvernig þeir standa að rannsókn slysa. Flugmálastjórn Belarús upplýsti einnig um stöðu öryggiseftirlits í Belarús með því að vísa til viðeigandi mikilvægra þátta Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Belarús ítrekaði ákall um náið samstarf við ESB og upplýsti um að hafin væri innleiðing nokkurra ESB-reglugerða, einkum á sviði lofthæfis og flugrekstrar. Þar sem Flugmálastjórn Belarús er sannfærð um að starfsemi hennar samrýmist að öllu leyti alþjóðlegum öryggiskröfum bauð hún ESB að koma í matsheimsókn til að fá betri innsýn í kerfið um eftirlit með flugöryggi í Belarús.

22) Framkvæmdastjórnin telur að skortur á skjalfestum upplýsingum og erfið upplýsingaskipti frá því formlegt samráð hófst geri erfitt um vik að meta hvernig Flugmálastjórn Belarús sinnir skyldustörfum sínum. Framkvæmdastjórnin telur því nauðsynlegt að aðilar frá Sambandinu fari í matsheimsókn á starfsstöð áður en boðað verður til næsta fundar flugöryggisnefndarinnar.

23) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að niðurstöður úr SAFA-skoðunum á hlaði hjá flugrekandanum *BELAVIA*, eina flugrekandanum í áætlunarflugi með farþega sem hefur fengið vottun í Belarús, hafi ekki í för með sér nein sérstök öryggisvandamál á þessu stigi að því er varðar þennan flugrekanda. Að því er varðar flugrekendur sem annast flutningaflug hefur Flugöryggisstofnun Evrópu þegar gripið til framfylgdarráðstafana í tengslum við flugrekendurna *Aircompany Grodno* og *Transaviaexport Airlines*.

24) Jafnvel þótt augljóst sé að ýmsir annmarkar sem komu í ljós þarfnist lagfæringar eru þeir enn ekki þess eðlis að þeir réttlæti að flugrekendur frá Belarús séu færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

25) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Belarús.

26) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Belarús með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Belarús, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

27) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Benín

28) Í maí 2017 felldi framkvæmdastjórnin alla flugrekendur, sem heyra undir yfirvöld Benín, brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 ([1]).

29) Með bréfi dagsettu 14. september 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir skrá frá Flugmálastjórn Benín (ANAC Bénin) yfir gögn um skipulag hennar ásamt eftirlitskerfi hennar og starfsemi, þ.m.t. skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför sem og framfylgdarráðstafanir sem hafa verið gerðar.

30) Hinn 15. október lagði Flugmálastjórn Benín fram umbeðnar upplýsingar, þ.m.t. atriði varðandi innra skipulag Flugmálastjórnarinnar, menntun og hæfi starfsfólks, þjálfunarstefnu, eftirlitsferli, tilkynningakerfi um atvik og útgáfu- og fullgildingarferli skírteina.

31) Skjölin, sem lögð voru fram, sýndu einnig að Flugmálastjórn Benín hafði vottað tvo flugrekendur, nánar tiltekið flugrekendurna *Air Taxi Bénin* og *ASAB.*

32) Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Benín til að gefa reglulega skýrslu um stöðugar umbætur í tengslum við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna og um allar nýjar tilheyrandi upplýsingar, einkum um vottun nýrra flugrekenda.

33) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Benín.

Flugrekendur frá Gambíu

34) Flugrekendum frá Gambíu hefur aldrei verið bætt í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Með bréfi dagsettu 24. ágúst 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir skrá frá Flugmálastjórn Gambíu (CAAG) yfir gögn um skipulag hennar ásamt eftirlitskerfi hennar og starfsemi, þ.m.t. skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför sem og framfylgdarráðstafanir sem hafa verið gerðar. Flugmálastjórn Gambíu lagði fram umbeðnar upplýsinga 28. september 2018.

35) Flugmálastjórn Gambíu upplýsti framkvæmdastjórnina um að á þeim tíma voru engir handhafar flugrekandaskírteina í landinu og 18 loftför í skrá um loftför. Mörg loftfaranna eru í geymslu, önnur eru ekki lengur starfrækt.

36) Flugmálastjórn Gambíu staðfesti að flugrekandaskírteini flugrekandans *Sonnig International Private Jets Gambia — SIPJ(G)* hefði ekki verið í gildi síðan í ágúst 2017.

37) Með sama bréfi upplýsti Flugmálastjórn Gambíu einnig að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði framkvæmt úttekt í tengslum við eftirlit með öryggismálum á staðnum frá 16. til 26. júlí 2018 samkvæmt úttektaráætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum með samfelldri vöktun. Flugmálastjórn Gambíu skuldbatt sig til að senda framkvæmdastjórninni úttektarskýrsluna um leið og hún liggur fyrir. Fyrri úttektarniðurstöður frá 2005 benda til heildarframkvæmdarhlutfalls sem nemur 78,46%.

38) Á grundvelli þeirra upplýsinga metur framkvæmdastjórnin það svo að sem stendur hafi ekki komið fram neinar vísbendingar um að Flugmálastjórn Gambíu myndi ekki geta uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar sínar að því er varðar öryggiseftirlit.

39) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Gambíu.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/830 frá 15. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 124, 17.5.2017, bls. 3), forsendur 12-19 um Benín.

Flugrekendur frá Indónesíu

40) Allir flugrekendur frá Indónesíu voru felldir brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 í júní 2018 ([1]). Í þeim tilgangi að vakta öryggiseftirlit í Indónesíu enn frekar héldu framkvæmdastjórnin og flugstjóri Indónesíu (DGCA Indonesia) áfram að hafa samráð sín á milli skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006. Framkvæmdastjórnin vaktar árangur Flugmálastjórnar Indónesíu við að tryggja að kerfi Indónesíu um eftirlit með flugöryggi samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum. Í því sambandi veitti Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórninni viðbótar-upplýsingar, með bréfi dagsettu 26. september 2018, ásamt uppfærðum upplýsingum um öryggiseftirlit með flugi í Indónesíu fyrir tímabilið maí 2018 til ágúst 2018 sem og um samþykkta áætlun um aðgerðir til úrbóta.

41) Þessar upplýsingar innihéldu skrá yfir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, skráð loftför og starfsemi í tengslum við öryggiseftirlit, skrá yfir framfylgdarráðstafanir sem Flugmálastjórn Indónesíu hefur gripið til, uppfærða stöðu yfir áætlun um aðgerðir til úrbóta sem afleiðing af matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í mars 2018, sem og uppfærða stöðu á framkvæmd aðgerðaáætlunar um hæfisbundna leiðsögu („PBN“) og á tækniaðstoðinni sem hefur verið veitt Flugmálastjórn Indónesíu.

42) Að því er varðar skrá yfir flugrekendur, loftför og eftirlitsstarfsemi á þessu tímabili gaf Flugmálastjórn Indónesíu út eitt nýtt flugrekandaskírteini (hluti 121) og tvö ný flugrekandaskírteini (hluti 135).

43) Að því er varðar framfylgdarráðstafanirnar, sem gripið hefur verið til, hefur Flugmálastjórn Indónesíu fellt tvö flugrekandaskírteini tímabundið úr gildi (eitt sem fellur undir hluta 121 og eitt sem fellur undir hluta 135), afturkallað eitt fullgildingarskírteini og einu sinni beitt stjórnsýsluviðurlögum gagnvart handhafa flugrekandaskírteinis (hluti 135). Þar að auki hefur Flugmálastjórn Indónesíu tekið fyrstu skrefin í því að efla eftirlit á sviði læknisfræðilegs hluta leyfisveitinga, sem viðbrögð við þeim vandamálum sem komu í ljós í ESB-matsheimsókninni í mars 2018, þar sem hún svipti tímabundið tvo viðurkennda handhafa lækningaleyfis leyfi til að stunda fluglækningar.

44) Einnig hefur verið tekið tillit til tilmæla um að innleiða hæfisbundna leiðsögu. Við lok 2018 gerir Flugmálastjórn Indónesíu ráð fyrir að hafa innleitt verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu á 23 af 25 alþjóðaflugvöllum og mun það verða forgangsverkefni hennar. Innleiðing hæfisbundinnar leiðsögu á innanlandsflugvöllum og afskekktum flugvöllum miðar vel áfram en þó ekki eins hratt.

45) Flugmálastjórn Indónesíu upplýsti einnig framkvæmdastjórnina um stöðuna á aðgerðum til úrbóta í kjölfar samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem fór fram 2017. Hinn 25. júlí 2018 endurskoðaði Alþjóðaflug-málastofnunin áætlun um aðgerðir til úrbóta á sviði lofthæfis. Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt, að fullu eða að hluta til, allar aðgerðir til úrbóta.

46) Í kjölfar banaslyss, sem átti sér stað 29. október 2018 hjá flugrekandanum *Lion Air* í tengslum við flug JT610, hafði Flugmálastjórn Indónesíu samband við framkvæmdastjórnina innan 24 klukkustunda vegna upplýsingagjafar og hún heldur áfram að veita henni upplýsingar, þ.m.t. um forvarnaraðgerðirnar sem gripið hefur verið til eftir slysið gagnvart flugrekendum sem hafa sömu tegund loftfars innan síns flota (1 loftfar sem flugrekandinn *Garuda* starfrækir og 10 sem flugrekandinn *Lion Air* starfrækir).

47) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Indónesíu.

48) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Indónesíu með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

49) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Máritaníu

50) Í desember 2012 ákvað framkvæmdastjórnin að fella alla flugrekendur, sem heyra undir yfirvöld í Máritaníu, brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 ([2]).

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 frá 14. júní 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 152, 15.6.2018, bls. 5), forsendur 40-64 um Indónesíu.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1146/2012 frá 3. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 7) forsendur 71-81 um Máritaníu.

51) Með bréfi dagsettu 30. ágúst 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir gögnum frá Flugmálastjórn Máritaníu (ANAC) um skipulag hennar ásamt eftirlitskerfi hennar og starfsemi, þ.m.t. skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför sem og framfylgdarráðstafanir sem gripið hefur verið til.

52) Hinn 10. október 2018 lagði Flugmálastjórn Máritaníu fram umbeðnar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um stjórnskipulag sitt og starfsfólk, um handhafa flugrekandaskírteina ásamt rekstrarforskriftum, um loftför skráð í Máritaníu sem og niðurstöður varðandi öryggiseftirlit, framfylgdaraðgerðir ásamt skrá yfir flugatvik og slys síðan 2016.

53) Flugmálastjórn Máritaníu upplýsti framkvæmdastjórnina um að á þeim tíma voru tveir flugrekendur sem höfðu fengið vottun í Máritaníu, nánar tiltekið flugrekandinn *Mauritania Airlines*, sem hefur aðsetur í Nouakchot og starfar sem fánaflugrekandi (e. *national flag carrier*) og flugrekandinn *Class Aviation*, leiguflugrekandi (e. *air taxi carrier*).

54) Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Máritaníu til að gefa reglulega skýrslu um stöðugar umbætur í tengslum við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna.

55) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Máritaníu.

Flugrekendur frá Mexíkó

56) Flugrekendur frá Mexíkó hafa aldrei verið færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Í kjölfar banaslyss, sem átti sér stað 18. maí 2018 hjá mexíkóska flugrekandanum *Global Air* (*Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.*) á Kúbu, hafði framkvæmdastjórnin samband við Flugmálastjórn Mexíkó (DGAC Mexico) og óskaði eftir nákvæmum upplýsingum. Samkvæmt Flugmálastjórn Mexíkó var flugrekandaskírteini flugrekandans *Global Air (Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.)* fellt tímabundið úr gildi og var tímabundnu niðurfellingunni aflétt 29. ágúst 2018 í kjölfar skoðunar sem Flugmálastjórn Mexíkó framkvæmdi. Slysið sjálft og sá stutti tími sem leið milli tímabundinnar niðurfellingar flugrekandaskírteinisins og afléttingar hennar gaf tilefni til áhyggna varðandi hvernig Flugmálastjórn Mexíkó hafi framkvæmt öryggiseftirliti sitt. Til viðbótar við þetta slys voru ýmsar vísbendingar um að flugöryggisstig í Mexíkó kynni að hafa lækkað þar sem slysum og alvarlegum flugatvikum á árinu 2018 hefur fjölgað.

57) Hinn 16. október 2018 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og Flugmálastjórn Mexíkó tæknifund. Á þeim fundi lagði Flugmálastjórn Mexíkó fram viðeigandi upplýsingar um skipulag sitt, leyfisveitingu, vottunar- og eftirlitsstarfsemi, um starfsfólk sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti og um verklagsreglur um eftirlit og lagaramma. Flugmálastjórn Mexíkó greindi einnig frá ástæðum fyrir skjótri afléttingu tímabundinnar niðurfellingar flugrekandaskírteinis flugrekandans *Global Air (Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.)*.

58) Framkvæmdastjórnin veitti athygli hröðum vexti fluggeirans í Mexíkó árið 2017, einkum að því er varðar fjölda skráðra loftfara, flugrekenda og flugleiða, og lét í ljós tilteknar áhyggjur varðandi getu Flugmálastjórnar Mexíkó til að annast fullnægjandi öryggiseftirlit. Flugmálastjórn Mexíkó svaraði því þannig að hún teldi sig hafa nauðsynlega getu og lagði áherslu á þá staðreynd að umsvifamikill flugrekandi (*Mexicana de Aviación*) hafi lýst sig gjaldþrota og að nýir flugrekendur (t.d. *Volaris*, *Aerojet*) noti sömu tegundir loftfara. Af þessum sökum hefur fjölgun skráðra loftfara, að mati Flugmálastjórnar Mexíkó, ekki nein marktæk áhrif á eftirlitsgetu Flugmálastjórnar Mexíkó.

59) Að því er varðar flugrekandann *Global Air (Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.)* greindi Flugmálastjórn Mexíkó frá því að flugrekandinn *Global Air* hefði lagt fram kæru varðandi ákvörðunina um að fella tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini hans og varðandi sérstakt skoðunarfyrirkomulag Flugmálastjórnar Mexíkó. Við lok meðferð dómstóla óskaði flugrekandinn *Global Air (Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.)* eftir að skráning loftfars síns og flugrekandaskírteini sitt yrðu felld úr gildi. Í kjölfar þessarar beiðni hefur flugrekandinn *Global Air (Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.)* enga heimild til starfrækslu í Mexíkó.

60) Til viðbótar við þennan fund og að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veitti Flugmálastjórn Mexíkó einnig upplýsingar um slysin og alvarlegu flugatvikin sem höfðu átt sér stað síðastliðin 5 ár, sem og upplýsingar um fjölda tímabundinna niðurfellinga, afturkallana og annarra framfylgdarráðstafana sem gripið var til á árunum 2017 og 2018. Flugmálastjórn Mexíkó sendi framkvæmdastjórninni einnig niðurstöður og áætlanir um aðgerðir til úrbóta úr viðbótarskoðunum sem fóru fram hjá flugrekandanum *Global Air (Aerolíneas Damojh, S.A. de C.V.)* í kjölfar slyssins á Kúbu og niðurstöður og áætlanir um aðgerðir til úrbóta hjá þremur öðrum mexíkóskum flugrekendum.

61) Á grundvelli samráðsins, sem fór fram, og upplýsinganna, sem veittar voru, telur framkvæmdastjórnin að Flugmálastjórn Mexíkó annist öryggiseftirlit með nægilega samfelldum hætti (t.d. með endurnýjun vottorða á tveggja ára fresti). Lagaramminn fyrir flug í Mexíkó virðist vera yfirgripsmikill og samrýmast viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum. Niðurstöður úr SAFA-skoðunum á hlaði, sem framkvæmdar voru hjá mexíkóskum flugrekendum, benda, á þessu stigi, ekki til neinna sértækra öryggisvandamála.

62) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar sem lagðar voru fram á og eftir samráðsfundinn um tæknimál 16. október 2018, telur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi hafi Flugmálastjórn Mexíkó nauðsynlega getu og vilja til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum.

63) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Mexíkó í skrána.

64) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Moldóvu

65) Með bréfi dagsettu 27. september 2018 upplýsti framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Moldóvu (CAAM) um tiltekin öryggisvandamál varðandi flugrekendur sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Moldóvu. Á sama tíma tilkynnti framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Moldóvu um upphaf samráðs skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

66) Hinn 12. október 2018 veitti Flugmálastjórn Moldóvu framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sem framkvæmd hefur verið að því er varðar flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Moldóvu síðastliðin þrjú ár, sem og það eftirlit sem fer fram að því er varðar flugrekandann *Air Moldova*.

67) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. mat Flugöryggisstofnunar Evrópu á TCO-heimild, á skoðunum á hlaði sem aðildarríkin hafa framkvæmt innan SAFA-áætlunarinnar og á upplýsingunum, sem Flugmálastjórn Moldóvu lagði fram, telur framkvæmdastjórnin að Flugmálastjórn Moldóvu ætti að þróa áfram getu sína í tengslum við skoðanir á flugrekendum þar sem vottun og eftirlit með þeim er á ábyrgðarsviði hennar.

68) Hinn 29. október 2018 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu, Flugmálastjórn Moldóvu og fulltrúar flugrekandans *Air Moldova* tæknifund. Á þeim fundi lagði Flugmálastjórn Moldóvu fram upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sína, þ.m.t. áætlanir um ráðningar og þjálfun tæknimenntaðs starfsfólks og um skipulega nálgun til að bæta eftirlitsgetu sína. Flugrekandinn *Air Moldova* veitti upplýsingar um hvernig fyrirtækið tekst á við áhyggjuefni varðandi líklegan skort á viðeigandi öryggismenningu í fyrirtækinu sem bent var á í tilteknum SAFA-niðurstöðum.

69) Í ljósi þeirra annmarka í öryggismálum sem komu í ljós bauð framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Moldóvu og flugrekendunum *Air Moldova* og *Aerotranscargo* áheyrn hjá flugöryggisnefndinni í samræmi við 7. g. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Áheyrnin fór fram 13. nóvember 2018. Flugmálastjórn Moldóvu lagði fram stjórnskipulag sitt, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um starfsfólk sitt, og veitti upplýsingar um lagaramma fyrir almenningsflugs í Moldóvu og framtíðarþróun hans, þ.m.t. framkvæmd „samkomulags um sameiginlegt flugsvæði milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess og Lýðveldisins Moldóvu“ ([1]). Samkvæmt upplýsingum, sem Flugmálastjórn Moldóvu lagði fram 2018, voru fjórtán ESB-lagagerðir leiddar í lög í Moldóvu og áætlað er að sautján til viðbótar verði lögleiddar 2019.

70) Við áheyrnina skuldbatt Flugmálastjórn Moldóvu sig til að upplýsa framkvæmdastjórnina stöðugt um eftirlitsstarfsemi sína og þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að bæta öryggi í almenningsflugi í Moldóvu. Flugmálastjórn Moldóvu staðfesti að hún fagnaði og styddi matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð til Moldóvu.

71) Við áheyrnina lagði flugrekandinn *Air Moldova* fram upplýsingar um skipulag og starfsemi gæðastjórnunar- og öryggisstjórnunarkerfis síns. Hann upplýsti einnig framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um ferlana, sem hann hefði innleitt til að tryggja öryggi starfrækslu sinnar, þ.m.t. hættugreining, eftirlit með flugritagögnum sem og áhættumat og -mildunaraðgerðir. Flugrekandinn *Air Moldova* greindi frá rannsóknum sínum í tengslum við alvarlega flugatvikið þar sem eitt loftfar hans átti hlut að máli í lendingu á flugvellinum Rome Fiumicino 2017 sem og öryggisaðgerðunum sem hann hafði tafarlaust gripið til í kjölfar þessa atviks.

([1]) Stjtíð. ESB L 292, 20.10.2012, bls. 3.

72) Við áheyrnina lagði flugrekandinn *Aerotranscargo* fram upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi sitt, ferli við greiningu fluggagna og frammistöðuvísa öryggis. Einkum gaf hann ítarlegar upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi sitt og fullvissu um öryggi.

73) Framkvæmdastjórnin hyggst láta fara fram, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og stuðningi aðildarríkjanna, matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í Moldóvu til að sannreyna hvort vottun og eftirlit Flugmálastjórnar Moldóvu með flugrekendum fari fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur. Í þessari matsheimsókn á starfsstöð verður lögð áhersla á að skoða Flugmálastjórn Moldóvu og valda flugrekendur í Moldóvu.

74) Jafnvel þótt augljóst sé að ýmsir annmarkar sem komu í ljós þarfnist lagfæringar eru þeir enn ekki þess eðlis að þeir réttlæti að flugrekendur frá Moldóvu séu færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

75) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Moldóvu í skrána.

76) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Moldóvu með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Moldóvu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

77) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Nepal

78) Með bréfi dagsettu 26. ágúst 2018 upplýsti Flugmálastjórn Nepal (CAAN) framkvæmdastjórnina um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Í samræmi við framlagðar upplýsingar hefur Flugmálastjórn Nepal náð takmörkuðum árangri í tengslum við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Hins vegar eru framlagðar upplýsingar ófullnægjandi til að geta dregið ályktun um raunverulegt ástand öryggismála í Nepal.

79) Tiltæk sönnunargagn benda til þess að frá byrjun 2018 hafi a.m.k. fjögur slys í almenningsflugi átt sér stað í Nepal. Síðasta slysið átti sér stað 1. september 2018 á alþjóðlega flugvellinum Tribhuvan í Kathmandu í Nepal þar sem loftfar, sem flugrekandinn *Yeti Airlines* starfrækti, átti hlut að máli. Framkvæmdastjórnin hvatti Flugmálastjórn Nepal til að vinna að framkvæmd tilmælanna í opinberu rannsóknarskýrslunum um slysin og að gera greiningu á frumorsökum þeirra ásamt því að gera viðeigandi úrbætur.

80) Að því er varðar beiðni Flugmálastjórnar Nepal um matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð telur framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin að slík sendiför sé ótímabær vegna þess að hlutfall slysa í Nepal er enn óásættanlega hátt. Af þessum sökum ætti Nepal fyrst að miða að því að fækka slysum og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar um a.m.k. tveggja ára skeið.

81) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Nepal.

Flugrekendur frá Rússlandi

82) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa, á undangengnu tímabili, haldið áfram að vakta náið öryggisframmistöðu flugrekendanna, sem hafa fengið vottun í Rússlandi og starfrækja flug í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar á loftförum tiltekinna rússneskra flugrekenda í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

83) Hinn 5. október 2018 héldu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkis fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA) til að endurskoða öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, á grundvelli skýrslna úr SAFA-skoðunum á hlaði (sem framkvæmdar voru á tímabilinu 19. september 2017 til 18. september 2018) og greina tilvik þar sem styrkja ætti eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar Rússlands.

84) Á þeim fundi fór framkvæmdastjórnin enn betur yfir niðurstöðurnar úr SAFA-skoðunum hjá fjórum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Rússlandi. Jafnvel þótt engin öryggisvandamál hafi greinst upplýsti Flugmálastjórn Rússlands framkvæmdastjórnina um að sökum þess að sumir flugrekendur hefðu gengist undir takmarkaðan fjölda skoðana yrðu framkvæmdar viðbótarskoðanir hjá tveimur af þessum flugrekendum á næsta ársfjórðungi.

85) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar sem Flugmálastjórn Rússlands lagði fram 5. október 2018, telur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi hafi Flugmálastjórn Rússland þá getu og þann vilja sem til þarf til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum. Af þessum ástæðum var niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar sú að hvorki væri þörf á að veita rússneskum flugmálayfirvöldum né flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, áheyrn hjá flugöryggisnefndinni.

86) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússlandi í skrána.

87) Aðildarríkin ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur í Rússlandi uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

88) Ef þessar skoðanir gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til þess að setja rekstrarbann á tiltekna flugrekendur frá Rússlandi og bæta þeim í viðauka A eða viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Taílandi

89) Með bréfi dagsettu 17. september 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir framvinduskýrslu frá Flugmálastjórn Taílands (CAAT) um vottunar- og eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar Taílands.

90) Hinn 24. október 2018 lagði Flugmálastjórn Taílands fram framvinduskýrslu um stöðu almenningsflugs í Taílandi, um skipulag Flugmálastjórnar Taílands, eftirlitskerfi hennar og um þær framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

91) Framvinduskýrslan veitti ítarlegar upplýsingar um framkvæmd sjálfbærniáætlunar Flugmálastjórnar Taílands, sem felur í sér skipulagsúttekt, auðkenningu nauðsynlegra umbóta, áætlaða endurskoðun á löggjöf og reglum ásamt þörf á að öðlast efnahagslega og fjárhagslega sjálfbærni.

92) Endurvottunarferli fyrir handhafa flugrekandaskírteinis stendur enn yfir á vegum Flugmálastjórnar Taílands. Frá og með september 2018 hafa 22 flugrekendur fengið endurvottun, verið er að kalla eftir útskýringum og gögnum um skoðanir hjá tveimur flugrekendum og verið er að meta gögn tveggja flugrekenda. Allir flugrekendur, sem hafa heimild til að starfrækja millilandaflug, hafa fengið endurvottun.

93) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Taílandi.

94) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Taílandi með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Taílandi, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

95) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Venesúela

96) Hinn 6. mars 2017 sótti flugrekandinn *Avior Airlines*, sem hefur fengið vottun í Venesúela, um TCO-heimild hjá Flugöryggisstofnun Evrópu. Flugöryggisstofnun Evrópu mat þá umsókn og synjaði um útgáfu TCO-heimildar 4. október 2017 af ástæðum er varða öryggi vegna þess að flugrekandinn *Avior Airlines* uppfyllti ekki viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) nr. 452/2014.

97) Hinn 14. nóvember 2017 fengu bæði Flugmálastjórn Venesúela (INAC) og flugrekandinn *Avior Airlines* áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Í kjölfar þeirrar áheyrnar, í nóvember 2017, breytti framkvæmdastjórnin skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, og var flugrekandanum *Avior Airlines* bætt í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 ([1]).

98) Framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram samráðinu við Flugmálastjórn Venesúela í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006. Hinn 29. ágúst 2018 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og Flugmálastjórn Venesúela fund um tæknimál þar sem framkvæmdastjórnin greindi frá áhyggjum sínum af getu Flugmálastjórnar Venesúela til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar að því er varðar öryggiseftirlit með flugrekendum sínum.

99) Á þessum tæknifundi gaf Flugmálastjórn Venesúela almennt yfirlit yfir eftirlit sitt með fluggeiranum og flugöryggisáætlun ríkisins og ýmis dæmi um framfylgdarráðstafanir, sem gerðar hafa verið, ásamt upplýsingum um flugsamgöngur í Venesúela. Sem eftirfylgni við þennan fund lagði Flugmálastjórn Venesúela fram frekari tæknigögn. Hún greindi einnig frá því að í kjölfar fundar flugöryggisnefndarinnar, sem haldinn var í nóvember 2017, hafði hún samband við flugrekendur með ófrágengna annmarka úr SAFA-skoðunum með beiðni um að þeir brygðust við þessum ágöllum. Í kjölfar upplýsinga frá aðildarríkjunum, sem framkvæmdu skoðanirnar, brugðust ýmsir flugrekendur frá Venesúela við þessum ágöllum en stundum á mótsagnarkenndan hátt. Til dæmis voru gerðar tillögur um mismunandi aðgerðir til úrbóta fyrir sömu eða svipaða annmarka og margar aðgerðir til úrbóta virtust aðeins ráða bót á hluta þeirra annmarka sem voru tilgreindir.

100) Flugöryggisstofnun Evrópu, aðildarríki og framkvæmdastjórnin lögðu fram greiningu á gögnunum, sem lögð voru fram, á TCO-mati frá Flugöryggisstofnun Evrópu og á niðurstöðum úr SAFA-skoðunum og viðbrögðum við þeim. Jafnvel þótt tilteknir þættir eftirlitskerfisins hefðu verið innleiddir og virtust vera fullnægjandi með tilliti til skipulags, fjölda starfsmanna sem starfa við eftirlit, skjalfestra verklagsreglna og skipulagningar skoðana, sýndi greining á fyrirliggjandi upplýsingum fjölda tilvika um mögulegt misræmi. Í nokkrum tilvikum var í sumum skoðunarskýrslum lýst alvarlegum ágöllum sem ættu alla jafna ekki að fyrirfinnast ef flugrekendur væru undir stöðugu eftirliti Flugmálastjórnar Venesúela. Þær ráðstafanir sem flugrekendur hafa gert til að bregðast við ágöllunum, sem vakin var máls á í skoðunarskýrslum Flugmálastjórnar Venesúela, virðast sýna skort á hentugri greiningu á frumorsök og viðeigandi áætlun um aðgerð til úrbóta sem geta komið í veg fyrir að sömu eða svipaðar vanefndir endurtaki sig. Svo virðist sem Flugmálastjórn Venesúela hafi hvorki komið auga á þetta vandamál né ráðið bót á því í framhaldsaðgerðum í kjölfar eigin skoðana.

101) Með hliðsjón af þessu bauð framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Venesúela, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, áheyrn hjá flugöryggisnefndinni. Við áheyrnina 14. nóvember 2018 gaf Flugmálastjórn Venesúela framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni yfirlit yfir lagarammann fyrir flug í Venesúela, skipulag Flugmálastjórnar Venesúela, starfsfólk og tölur úr flugiðnaðinum sem og nákvæmar upplýsingar um eftirlitsstarfsemi fyrir 2017 og 2018, um framkvæmt og áætlað eftirlit, um framfylgdarráðstafanir, um stöðu á framkvæmd flugöryggisáætlunar ríkis og um áhættumiðaða aðferð við eftirlit ásamt öðrum viðeigandi tækniupplýsingum. Flugmálastjórn Venesúela ítrekaði skyldu sína um að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í tengslum við flugöryggi og vilja sinn til að hefja samstarf við Flugöryggisstofnun Evrópu.

102) Við áheyrnina spurðu aðildarríkin spurninga í þeim tilgangi að skilja hvort eftirlitskerfið væri í raun komið í framkvæmd á skilvirkan hátt í Venesúela. Ekki uppfylltu öll svör frá Flugmálastjórn Venesúela tilskildar kröfur um nákvæmni.

103) Framkvæmdastjórnin bendir á að skilvirk framkvæmd úttektaráætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum fyrir Venesúela sé 93,51%. Úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum með samfelldri vöktun fór fram 2009 og síðasta heimsókn á vegum Alþjóðflugmálastofnunarinnar í tengslum við samræmda fullgildingarúttekt hennar var 2013.

104) Framkvæmdastjórnin bendir einnig á að átta flugrekendur frá Venesúela hafa formlega sótt um TCO-heimildir hjá Flugöryggisstofnun Evrópu. Hingað til hefur enginn flugrekandi frá Venesúela fengið TCO-heimild. Flugöryggisstofnun Evrópu hafnaði umsókn flugrekandans *Avior Airlines* af öryggisástæðum og hinum sjö umsóknunum hafnaði Flugöryggisstofnun Evrópu annaðhvort af stjórnsýslulegum ástæðum eða flugrekendurnir afturkölluðu þær sjálfir.

105) Framkvæmdastjórnin viðurkennir að Flugmálastjórn Venesúela hafi skuldbundið sig til að starfa með framkvæmdastjórninni og veita stöðugt uppfærðar upplýsingar um stöðu skuldbindinga sinna til eftirlits. Framkvæmdastjórnin bendir einnig á að Flugmálastjórn Venesúela sé tilbúin að funda með framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum hvenær sem þörf krefur.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2215 frá 30. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 318, 2.12.2017, bls. 1), forsendur 70-81 um Venesúela.

106) Jafnvel þótt augljóst sé að ýmsir annmarkar sem komu í ljós þarfnist lagfæringar eru þeir enn ekki þess eðlis að þeir réttlæti að flugrekendur frá Venesúela séu færðir í viðauka A eða viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

107) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Venesúela í skrána.

108) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt í Venesúela með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Venesúela, séu skoðuð á hlaði í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

109) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Sambíu

110) Í júní 2016 ákvað framkvæmdastjórnin að fella alla flugrekendur, sem heyra undir yfirvöld í Sambíu, brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 ([1]).

111) Með bréfi dagsettu 3. maí 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir gögnum frá Flugmálastjórn Sambíu (ZCAA) um skipulag hennar ásamt eftirlitskerfi hennar og starfsemi, þ.m.t. skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför sem og framfylgdarráðstafanir sem gripið hefur verið til.

112) Hinn 1. júní 2018 lagði Flugmálastjórn Sambíu fram umbeðnar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um stjórnskipulag sitt og starfsfólk, um handhafa flugrekandaskírteina ásamt rekstrarforskriftum, um loftför skráð í Sambíu sem og niðurstöður varðandi öryggiseftirlit, framfylgdaraðgerðir ásamt skrá yfir flugatvik og slys síðan 2016. Að auki lagði flugmálastjórn Sambíu fram upplýsingar um þann árangur sem náðst hefur í kjölfar þeirra tilmæla sem voru birt í lokaskýrslu heimsóknar í tengslum við samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í mars 2016.

113) Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Sambíu til að gefa reglulega skýrslu um stöðugar umbætur við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna.

114) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Sambíu.

115) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

116) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A kemur textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B kemur textinn í II. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/963 frá 16. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 160, 17.6.2016, bls. 50), forsendur 108-121 um Sambíu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

———

I. VIÐAUKI

Í stað viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
AVIOR AIRLINES	ROI-RNR-011	ROI	Venesúela
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
IRAN ASEMAN AIRLINES	FS-102	IRC	Íslamska lýðveldið Íran
IRAQI AIRWAYS	001	IAW	Írak
MED-VIEW AIRLINES	MVA/AOC/10-12/05	MEV	Nígería
AIR ZIMBABWE (PVT) LTD	177/04	AZW	Zimbabwe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum *TAAG Angola Airlines* sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO-008/11-07/17 TEJ	TEJ	Lýðveldið Angóla
GUICANGO	AO-009/11-06/17 YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO-006/11-08/18 MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
BESTFLYA AIRCRAFT MANAGEMENT	AO-015/15-06/17YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIANG	AO 007/11-08/18 YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELI-MALONGO	AO-005/11-09/18YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SJL	AO-014/13-08/18YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO-002/11-08/17 SOR	SOR	Lýðveldið Angóla

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
CANADIAN AIRWAYS CONGO	RAC06-012	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EMERAUDE	RAC06-008	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
MISTRAL AVIATION	RAC06-011	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	TSG	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AIR FAST CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0112/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TVC/0053/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/0056/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/00625/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	106/CAB/MIN/TVC/2012	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE SKY	409/CAB/MIN/TVC/0028/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0064/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/0050/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	019/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DAKOTA SPRL	409/CAB/MIN/TVC/071/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	102/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/011/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/0059/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/001/2011	KGO	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	098/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/009/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVE AIR	004/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	103/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/0084/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANSAIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/073/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WILL AIRLIFT	409/CAB/MIN/TVC/0247/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			**Djibútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
Cronos AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Afrijet og SN2AG, sem eru skráðir í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/DSA	EKG	Lýðveldið Gabon

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
ALLEGIANCE AIR TOURIST	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE REGIONALE TRANSPORT (N.R.T)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	SVG	Lýðveldið Gabon
TROPICAL AIR-GABON	011/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR BISHKEK (áður EASTOK AVIA)	15	EAA	Kirgiska lýðveldið
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
HELI SKY	47	HAC	Kirgiska lýðveldið
AIR KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
MANAS AIRWAYS	42	BAM	Kirgiska lýðveldið
S GROUP INTERNATIONAL (áður S GROUP AVIATION)	45	IND	Kirgiska lýðveldið
SKY BISHKEK	43	BIS	Kirgiska lýðveldið
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	39	SAB	Kirgiska lýðveldið
TEZ JET	46	TEZ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía
AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
GHADAMES AIR TRANSPORT	012/05	GHT	Líbía
GLOBAL AVIATION AND SERVICES	008/05	GAK	Líbía
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
AIR KASTHAMANDAP	051/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
GOMA AIR	064/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
HIMALAYA AIRLINES	084/2015	HIM	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MANANG AIR PVT LTD	082/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MUKTINATH AIRLINES	081/2013	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SAURYA AIRLINES	083/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
YETI AIRLINES DOMESTIC	037/2004	NYT	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
ALFA AIRLINES SD	54	AAJ	Lýðveldið Súdan
BADR AIRLINES	35	BDR	Lýðveldið Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Lýðveldið Súdan
ELDINDER AVIATION	8	DND	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	Óskráður	Lýðveldið Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Lýðveldið Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Lýðveldið Súdan
KUSH AVIATION CO.	60	KUH	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRWAYS	46	NOV	Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS CO.	1	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR	51	SNR	Lýðveldið Súdan
TARCO AIR	56	TRQ	Lýðveldið Súdan“.

II. VIÐAUKI

Í stað viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 kemur eftirfarandi:

„VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluraðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum loftförum af tegundinni Boeing B737-700, loftförum af tegundinni Boeing B777-200, loftförum af tegundinni Boeing B777-300 og loftförum af tegundinni Boeing B777-300ER.	Öll loftför, að undan-skildum loftförum af tegundinni Boeing B737-700, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu, loftförum af tegundinni Boeing B777-200, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu, loftförum af tegundinni Boeing B777-300, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu og loftför af tegundinni Boeing B777-300ER, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu.	Lýðveldið Angóla
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómorur	Öll loftför, að undanskildum: LET 410 UVP.	Öll loftför, að undan-skildum: D6-CAM (851336).	Kómorur
AFRIJET BUSINESS SERVICE ([1])	002/MTAC/ ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af teg-undinni Falcon 50, tveimur loftförum af tegundinni Falcon 900.	Öll loftför, að undan-skildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR.	Lýðveldið Gabon
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ ANAC-G/ DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601, einu loftfari af tegundinni HS-125-800.	Öll loftför, að undan-skildum: TR-AAG, ZS-AFG.	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
IRAN AIR	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747.	Loftför af tegundinni Fokker F100, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu; loftför af tegundinni Boeing B747, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu	Íslamska lýðveldið Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/ KOR-01	KOR	Alþýðulýðveldið Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204.	Öll loftför, að undan-skildum: P-632, P-633.	Alþýðulýð-veldið Kórea

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfrækslustig hans innan Sambandsins.“

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/161 **2019/EES/49/09**

frá 2. október 2015

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB að því er varðar ítarlegar reglur um öryggisþætti á umbúðum mannalyfja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 2. mgr. 54. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2001/83/EB, með áorðnum breytingum, er kveðið á um ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglegu aðfangakeðjuna með því að gera kröfu um að öryggisþáttum, sem eru einkvæmt auðkenni [áður: sérauðkenni] og öryggisinnsigli [áður: búnaður sem kemur í veg fyrir að átt sé við lyfið], sé komið fyrir á umbúðum tiltekinna mannalyfja til að unnt sé að sanngreina þau og sannprófa ósvikni þeirra.

2) Mismunandi kerfi til að sannprófa ósvikni lyfja, sem byggjast á mismunandi kröfum um rekjanleika eftir löndum eða svæðum, geta takmarkað dreifingu lyfja í Sambandinu og hækkað kostnaðinn hjá öllum aðilum í aðfangakeðjunni. Því er nauðsynlegt að setja reglur fyrir allt Sambandið um innleiðingu öryggisþátta fyrir mannalyf, einkum að því er varðar einkenni einkvæma auðkennisins og tækniforskriftirnar fyrir einkvæma auðkennið, fyrirkomulag á sannprófun öryggisþáttanna og stofnun og stjórnun gagnasafnakerfisins sem geymir upplýsingar um öryggisþættina.

3) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB ([2]) og 2. og 3. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, metið ávinninga, kostnað og kostnaðarhagkvæmni mismunandi stefnuvalkosta að því er varðar einkenni einkvæma auðkennisins og tækniforskriftirnar fyrir einkvæma auðkennið, fyrirkomulag á sannprófun öryggisþáttanna og stofnun og stjórnun gagnasafnakerfisins. Stefnuvalkostirnir, sem hafa verið greindir sem kostnaðarhagkvæmastir, hafa verið teknir upp í þessa reglugerð sem grundvallarþættir hennar.

4) Í þessari reglugerð er sett fram kerfi þar sem sanngreining og sannprófun á ósvikni lyfja er tryggð með kerfi til sannprófunar frá upphafi til enda aðfangakeðjunnar (e. *end-to-end verification system*) á öllum lyfjum sem eru búin öryggisþáttunum, ásamt sannprófun heildsala á tilteknum lyfjum sem mikil áhætta er á að verði fölsuð. Sannprófun á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 9.2.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglega aðfangakeðju (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 74).

ósvikni og heilleika öryggisþáttanna, sem eru settir á umbúðir lyfs í upphafi aðfangakeðjunnar, ætti í reynd að fara fram þegar lyfið er afhent almenningi þó að tilteknar undanþágur kunni að eiga við. Heildsalar ættu þó að sannprófa lyf, sem mikil áhætta er á að verði fölsuð, í allri aðfangakeðjunni til að lágmarka áhættuna á að fölsuð lyf séu í umferð í langan tíma án þess að upp komist. Sannprófa ætti ósvikni einkvæms auðkennis með því að bera einkvæma auðkennið saman við lögmæt, einkvæm auðkenni sem geymd eru í gagnasafnakerfi. Þegar pakkningin er afhent almenningi eða henni dreift utan Sambandsins eða þegar um sérstakar aðstæður er að ræða skal einkvæma auðkennið á þeirri pakkningu gert óvirkt (e. *decommissioned*) í gagnasafnakerfinu svo að aðrar pakkningar, sem eru búnar sama einkvæma auðkenninu, komist ekki í gegnum sannprófun.

5) Unnt ætti að vera að sanngreina og sannprófa ósvikni einstakra lyfjapakkninga allan þann tíma sem lyfið er á markaðnum og þann tíma til viðbótar sem þarf til að skila og farga viðkomandi pakkningu eftir fyrningardag hennar. Af þessum sökum ætti rittáknarunan, sem er samsett úr lyfjakóðanum og raðnúmerinu, að vera einkvæm fyrir tiltekna lyfjapakkningu í a.m.k. eitt ár frá fyrningardegi þeirrar pakkningar eða í fimm ár eftir að lyfið er sett í sölu eða dreifingu í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur.

6) Með því að setja lyfjakóðann, landsbundið endurgreiðslu- og auðkennisnúmer, lotunúmer og fyrningardagsetningu inn í einkvæma auðkennið er stuðlað að öryggi sjúklinga því að það auðveldar innköllunar-, afturköllunar- og skilaferlin og lyfjagátina á þessu sviði.

7) Til að hverfandi líkur séu á því að falsarar geti giskað á raðnúmer skulu raðnúmerin mynduð samkvæmt sérstökum slembireglum.

8) Þótt ekki sé skylt að gæta samræmis við tiltekna alþjóðastaðla má nota slíkt samræmi sem sönnun þess að tilteknar kröfur þessarar reglugerðar hafi verið uppfylltar. Sé ekki unnt að sanna samræmi við alþjóðastaðla ætti það að vera á ábyrgð aðilanna, sem skyldurnar hvíla á, að sanna með sannreynanlegum aðferðum að þeir uppfylli þessar kröfur.

9) Einkvæma auðkennið skal kóðað með staðlaðri gagnaskipan og málskipan svo að unnt sé að þekkja og afkóða það rétt í öllu Sambandinu með algengum skönnunarbúnaði.

10) Hnattrænt einkvæmi lyfjakóðans stuðlar ekki einungis að ótvíræðni einkvæma auðkennisins heldur auðveldar það einnig að gera einkvæmt auðkenni óvirkt þegar sú aðgerð fer fram í öðru aðildarríki en aðildarríkinu þar sem upprunalega átti að setja lyfið á markað. Gera skal ráð fyrir að lyfjakóði, sem er í samræmi við tiltekna alþjóðastaðla, sé einkvæmur hnattrænt.

11) Í því skyni að auðvelda heildsölum og aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis og gera það óvirkt er nauðsynlegt að sjá til þess að skipan og prentgæði tvívíða strikamerkisins, sem kóðar einkvæma auðkennið, geri háhraða álestur mögulegan og lágmarki álestrarvillur.

12) Gagnastökin í einkvæma auðkenninu skulu prentuð á umbúðirnar með sniði sem fólk getur lesið svo að unnt sé að sannprófa ósvikni einkvæma auðkennisins og að gera það óvirkt ef svo vill til að tvívíða strikamerkið sé ólæsilegt.

13) Tvívítt strikamerki getur geymt fleiri upplýsingar en gagnastök einkvæma auðkennisins. Unnt ætti að vera að nota geymslurýmið, sem eftir er, undir frekari upplýsingar og komast þannig hjá því að setja fleiri strikamerki.

14) Séu mörg tvívíð strikamerki á umbúðunum getur það skapað rugling með tilliti til þess hvaða strikamerki eigi að lesa til að sannprófa ósvikni lyfsins og sanngreina það. Þetta getur leitt til mistaka í sannprófun á ósvikni lyfja þannig að fölsuð lyf verði afhent almenningi fyrir slysni. Til að unnt sé að sanngreina og sannprófa ósvikni umbúða lyfja skal því varast að setja mörg tvívíð strikamerki á þær.

15) Nauðsynlegt er að sannprófa báða öryggisþættina til að tryggja ósvikni lyfs í kerfi til sannprófunar frá upphafi til enda aðfangakeðjunnar. Tilgangurinn með sannprófun á ósvikni einkvæma auðkennisins er að tryggja að lyfið komi frá löglegum framleiðanda. Sannprófun á heilleika öryggisinnsiglisins leiðir í ljós hvort umbúðirnar hafa verið opnaðar eða þeim breytt eftir að þær fóru frá framleiðandanum og þannig má tryggja að innihald umbúðanna sé ósvikið.

16) Sannprófun á ósvikni einkvæma auðkennisins er nauðsynleg aðgerð til að tryggja ósvikni lyfsins sem er búið einkvæma auðkenninu og ætti einungis að byggjast á samanburði við áreiðanlegar upplýsingar um lögmætu, einkvæmu auðkennin sem sannprófaðir notendur hafa halað upp í öruggt gagnasafnakerfi.

17) Unnt ætti að vera að breyta til baka stöðu einkvæms auðkennis, sem hefur verið gert óvirkt, til að komast hjá því að sóa lyfjum að óþörfu. Þó er brýnt að breyting stöðu til baka sé háð ströngum skilyrðum til að lágmarka ógnina við öryggi gagnasafnakerfisins sem þessi aðgerð gæti valdið ef falsarar misnotuðu hana. Þessi skilyrði ættu að gilda óháð því hvort aðgerðin til að gera það óvirkt átti sér stað á sama tíma og afhending til almennings eða fyrir þann tíma.

18) Lögbær yfirvöld ættu að geta haft aðgang að upplýsingum um öryggisþætti lyfs á meðan það lyf er í aðfangakeðjunni eða eftir að það hefur verið afhent almenningi eða innkallað eða afturkallað af markaðnum. Til að svo megi vera skulu framleiðendur halda skrár um aðgerðir, sem þeir gera með eða á einkvæmu auðkenni tiltekins lyfs eftir að auðkennið hefur verið gert óvirkt í gagnasafnakerfinu, í a.m.k. eitt ár frá fyrningardegi þess lyfs eða í fimm ár eftir að pakkningin er sett í sölu eða dreifingu í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur.

19) Fyrri tilvik fölsunar sýna að mikil áhætta er á fölsun tiltekinna lyfja, s.s. lyfja sem aðilar skila, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eða sem heildsalar skila, eða fölsun lyfja sem aðilar, sem eru hvorki framleiðandinn né heildsali, sem er handhafi markaðsleyfisins, né tilnefndur heildsali, setja í dreifingu. Því ættu heildsalar að gera viðbótarsannprófanir á ósvikni þessara lyfja í allri aðfangakeðjunni til að lágmarka þá áhættu að fölsuð lyf, sem koma inn í löglegu aðfangakeðjuna, geti verið í frjálsri dreifingu á yfirráðasvæði Sambandsins uns þau verða sannprófuð við afhendingu þeirra til almennings.

20) Sannprófun heildsala á ósvikni lyfja, sem mikil áhætta er á að verði fölsuð, yrði jafnskilvirk hvort sem hún færi fram með því að skanna einstök, einkvæm auðkenni eða skanna samsteyptan kóða sem gerði kleift að sannprófa mörg einkvæm auðkenni samtímis. Við það bætist að hægt væri með sama árangri að framkvæma sannprófunina hvenær sem er á tímabilinu frá því að heildsalinn tekur við lyfinu og þar til því er dreift áfram. Af þessum sökum ætti það að vera heildsalans að ákveða hvort hann skannar einstök einkvæm auðkenni eða samsteypta kóða, ef um slíka er að ræða, og hvenær hann framkvæmir sannprófunina, að því tilskildu að heildsalinn tryggi að öll einkvæm auðkenni lyfja, sem eru í vörslu hans og sem mikil áhætta er á að verði fölsuð, verði sannprófuð eins og krafist er í þessari reglugerð.

21) Í hinni flóknu aðfangakeðju Sambandsins getur það gerst að eigendaskipti verði á lyfi en það verði samt áfram í vörslu sama heildsala og áður eða að lyfi sé dreift á yfirráðasvæði aðildarríkis milli tveggja vörugeymslna sem tilheyra sama heildsalanum eða sama lögaðilanum en engin sala fari fram. Í þessum tilvikum ættu heildsalarnir að vera undanþegnir því að sannprófa einkvæma auðkennið þar eð fölsunaráhættan er óveruleg.

22) Almenna meginreglan er sú að í kerfi til sannprófunar frá upphafi til enda aðfangakeðjunnar ætti að gera einkvæma auðkennið óvirkt í gagnasafnakerfinu í enda aðfangakeðjunnar þegar lyfið er afhent almenningi. Tilteknar lyfjapakkningar verða þó e.t.v. ekki afhentar almenningi og því er nauðsynlegt að tryggja að einkvæm auðkenni þeirra séu gerð óvirk á mismunandi stöðum í aðfangakeðjunni. Þetta á við um lyf sem m.a. á að dreifa utan Sambandsins, sem eru ætluð til eyðingar, sem yfirvöld óska eftir að fá sem sýnishorn eða lyf sem hefur verið skilað og sem ekki er hægt að setja aftur í söluhæfar birgðir (e. *saleable stock*).

23) Þótt sett hafi verið ákvæði í reglugerð 2011/62/ESB til að setja reglur um fjarsölu lyfja til almennings og skylda framkvæmdastjórnina til að koma á fót fyrirkomulagi á sannprófun öryggisþátta hjá aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, þá er setning reglna um afhendingu lyfja til almennings enn að mestu landsbundin. Heimilt er að skipuleggja endi aðfangakeðjunnar á mismunandi hátt í hinum ýmsu aðildarríkjum og með þátttöku sérstakra

faglærðra heilbrigðisstarfsmanna. Aðildarríkin ættu að geta veitt sérstökum stofnunum eða aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, undanþágu frá þeirri skyldu að sannprófa öryggisþættina til að gefa svigrúm fyrir sérstaka eiginleika aðfangakeðjunnar á yfirráðasvæðum þeirra og tryggja að áhrif þessara sannprófunarráðstafana á framangreindar stofnanir og aðila séu hófleg.

24) Sannprófun á ósvikni einkvæms auðkennis er ekki bara mjög brýn fyrir sannprófun á ósvikni viðkomandi lyfs heldur veitir hún líka aðilanum, sem framkvæmir sannprófunina, upplýsingar um hvort lyfið er útrunnið, innkallað, afturkallað eða tilkynnt sem stolið. Aðilar sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf ættu að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis og gera það óvirkt þegar lyfið er afhent almenningi svo að þeir fái aðgang að nýjustu upplýsingum um lyfið og komi í veg fyrir að almenningi sé afhent lyf sem eru útrunnin, innkölluð, afturkölluð eða hafa verið tilkynnt sem stolin.

25) Til að komast hjá óhóflegum áhrifum á daglegan rekstur heilbrigðisþjónustustofnana ættu aðildarríkin að geta leyft aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf og starfa á heilbrigðisþjónustustofnunum, að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis og gera það óvirkt áður en lyfin eru afhent almenningi, eða veita þeim undanþágu frá slíkri skyldu með fyrirvara um tiltekin skilyrði.

26) Í sumum aðildarríkjum er aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, heimilt að opna lyfjapakkningu í þeim tilgangi að afhenda almenningi hluta af innihaldi hennar. Því er nauðsynlegt að setja reglur um sannprófun öryggisþátta og að einkvæma auðkennið sé gert óvirkt í því sérstaka tilviki.

27) Skilvirkni kerfis til sannprófunar frá upphafi til enda aðfangakeðjunnar til að koma í veg fyrir að fölsuð lyf komist í hendur almennings er háð kerfisbundinni sannprófun á ósvikni öryggisþáttanna og að einkvæmt auðkenni hverrar afhentrar pakkningar sé gert óvirkt eftir það svo að braskarar geti ekki endurnotað einkvæma auðkennið. Valdi tæknileg vandamál því að þessar aðgerðir eru ekki gerðar þegar lyfið er afhent almenningi er því brýnt að tryggja að þær fari fram hið bráðasta eftir það.

28) Kerfi til sannprófunar frá upphafi til enda aðfangakeðjunnar útheimtir uppsetningu gagnasafnakerfis sem geymir m.a. upplýsingar um lögmæt, einkvæm auðkenni tiltekins lyfs og er leitarbært svo að unnt sé að sannprófa hvort tiltekið einkvæmt auðkenni sé ósvikið og gera það óvirkt. Markaðsleyfishafarnir ættu að stofna og reka þetta gagnasafnakerfi, þar eð þeir bera ábyrgð á setningu viðkomandi lyfs á markað, og einnig framleiðendur lyfja sem eru búin öryggisþáttunum þar eð þeir bera kostnaðinn af gagnasafnakerfinu í samræmi við e-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB. Heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, ættu þó að eiga rétt á að taka þátt í stofnun og stjórnun gagnasafnakerfisins, óski þeir þess, þar eð dagleg starfsemi þeirra er háð því að gagnasafnakerfið starfi rétt. Að auki skal haft samráð við lögbær landsyfirvöld við uppsetningu gagnasafnakerfisins þar sem það mun auðvelda eftirlitsstarfsemi þeirra síðar að þau komi snemma að málinu.

29) Ekki ætti að takmarka notkun gagnasafnakerfisins í þeim tilgangi að ná markaðsforskoti. Því ætti aðild að sérstökum stofnunum eða fyrirtækjum ekki að vera forsenda fyrir notkun gagnasafnakerfisins.

30) Gagnasafnakerfið ætti að vera byggt þannig upp að tryggt sé að unnt verði að sannprófa lyfið í öllu Sambandinu. Þetta kann að krefjast millifærslu gagna og upplýsinga um einkvæm auðkenni milli gagnasafna í gagnasafnakerfinu. Til að lágmarka fjölda nauðsynlegra tenginga milli gagnasafna og tryggja rekstrarsamhæfi þeirra ætti sérhver landsbundinn og yfirþjóðlegur gagnasafnshluti gagnasafnakerfisins að tengjast og skiptast á gögnum við miðlægt gagnasafn sem gegnir hlutverki sem upplýsinga- og gagnabeinir.

31) Gagnasafnakerfið ætti að ná yfir nauðsynlega skilfleti sem veita heildsölum, aðilum með leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf og lögbærum landsyfirvöldum aðgang, annaðhvort beint eða með aðstoð hugbúnaðar, svo að þeir geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

32) Þar eð upplýsingar um lögmæt, einkvæm auðkenni eru viðkvæmar og áhrifin á lýðheilsu hugsanlega slæm ef upplýsingarnar komast í hendur braskara ætti ábyrgðin á upphali slíkra upplýsinga í gagnasafnakerfið að vera lögð á herðar markaðsleyfishafans eða aðilans sem ber ábyrgð á því að setja lyfið, sem er búið einkvæma auðkenninu, á markað. Upplýsingunum skal haldið eftir í nógu langan tíma til að unnt sé að rannsaka tilvik fölsunar á tilhlýðilegan hátt.

33) Til að samræma gagnasnið og gagnaskipti í öllu gagnasafnakerfinu og tryggja rekstrarsamhæfi gagnasafnanna sem og læsileika og áreiðanleika fluttra gagna ætti sérhvert landsbundið og yfirþjóðlegt gagnasafn að skiptast á upplýsingum og gögnum með því að nota gagnasniðið og þær tækniforskriftir fyrir gagnaskipti sem eru skilgreindar í miðlæga gagnasafninu.

34) Til að tryggja sannprófun lyfja, án þess að hindra flutninga lyfja á innri markaðnum, ættu heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, að geta sannprófað ósvikni einkvæms auðkennis og gert það óvirkt í hvaða aðildarríki sem er án tillits til þess hvar ætlunin var upprunalega að setja lyfið, sem er búið þessu einkvæma auðkenni, á markað í Sambandinu. Í þessu skyni ætti að samstilla stöðu einkvæms auðkennis milli gagnasafna og miðlæga gagnasafnið ætti, ef þörf krefur, að framsenda fyrirspurnir um sannprófun til gagnasafna sem þjóna aðildarríkjunum þar sem fyrirhugað var að setja lyfið á markað.

35) Til að tryggja að starfsemi gagnasafnakerfisins komi að gagni við sannprófun á ósvikni lyfja frá upphafi til enda aðfangakeðjunnar er nauðsynlegt að fastsetja hverjir skuli vera eiginleikar gagnasafnakerfisins og hvernig það á að starfa.

36) Það mundi auðvelda rannsókn á tilvikum þar sem grunur leikur á um fölsun eða á staðfestum fölsunartilvikum að hafa eins miklar upplýsingar og unnt er um lyfið sem er til rannsóknar. Af þessum sökum ætti að geyma skrár um allar aðgerðir varðandi einstök einkvæm auðkenni í gagnasafnakerfinu, þ.m.t. um notendur sem framkvæma þessar aðgerðir og um eðli aðgerðanna, skrárnar ættu að vera aðgengilegar við rannsóknir á atburðum sem hafa verið merktir sem hugsanleg fölsunartilvik í gagnasafnakerfinu og lögbær yfirvöld skulu tafarlaust fá aðgang að þeim óski þau eftir því.

37) Í samræmi við 3. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB er nauðsynlegt að tryggja vernd persónuupplýsinga, eins og kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, lögmæta hagsmuni af að vernda upplýsingar sem viðskiptaleynd hvílir á, og eignarhald á gögnum, sem verða til við notkun öryggisþáttanna, og þagnarskyldu um þau. Af þessum sökum ættu framleiðendur, markaðsleyfishafar, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eingöngu að hafa eignarhald á og aðgang að gögnum sem verða til þegar þeir eiga samskipti við gagnasafnakerfið. Þótt ekki sé gerð krafa í þessari framseldu reglugerð um geymslu persónuupplýsinga í gagnasafnakerfinu skal tryggja vernd persónuupplýsinga ef svo skyldi fara að notendur gagnasafnanna noti gagnasafnakerfið í tilgangi sem fellur utan gildissviðs þessarar reglugerðar.

38) Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 33. gr. þessarar reglugerðar og upplýsingarnar um stöðu einkvæms auðkennis ættu að vera aðgengilegar öllum aðilum sem krafist er að sannprófi ósvikni lyfja þar sem slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að vinna þessar sannprófanir á tilhlýðilegan hátt.

39) Til að komast hjá hugsanlegri tvíræðni og villum við sannprófun á ósvikni ættu engin einkvæm auðkenni með sama lyfjakóða og raðnúmeri að vera í gagnasafnakerfinu á einum og sama tíma.

40) Í samræmi við 1. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB skulu lyfseðilsskyld lyf búin öryggisþáttunum en lyf, sem eru ekki lyfseðilsskyld, mega ekki vera búin öryggisþáttunum. Oftast er það þó ákveðið á landsgrundvelli hvort lyf séu lyfseðilsskyld og getur verið breytilegt eftir aðildarríkjum. Að auki er aðildarríkjunum heimilt að rýmka notkunarsvið öryggisþáttanna í samræmi við 5. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB. Þannig kann þess að vera krafist í einhverju aðildarríki að lyf sé búið öryggisþáttunum en þess ekki krafist í öðru aðildarríki. Til að tryggja rétta beitingu þessarar reglugerðar ættu lögbær landsyfirvöld, sé þess óskað, að gera upplýsingar um lyf, sem eru sett á markað á yfirráðasvæði þeirra og skulu búin öryggisþáttunum, þ.m.t. lyf þar sem notkunarsvið einkvæma auðkennisins eða öryggisinnsiglisins hafa verið rýmkuð í samræmi við 5. mgr. 54 gr. a í tilskipun 2001/83/EB, aðgengilegar fyrir markaðsleyfishafa, framleiðendur, heildsala og aðila sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf.

41) Þar eð gagnasafn má nota netþjóna sem eru staðsettir í mismunandi aðildarríkjum eða netþjónninn kann að vera staðsettur í öðru aðildarríki en því sem hann þjónar ættu lögbær landsyfirvöld að mega gera eftirlitsúttektir eða fylgjast með slíkum eftirlitsúttektum í öðrum aðildarríkjum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

42) Skrár yfir lyf eða lyfjaflokka, sem, ef um er að ræða lyfseðilsskyld lyf, skulu ekki búin öryggisþáttunum og, ef um er að ræða lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld, skulu búin öryggisþáttunum, skulu teknar saman með hliðsjón af áhættunni á fölsun lyfjanna eða lyfjaflokkanna og áhættunni sem hlýst af slíkri fölsun, í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, með áorðnum breytingum. Slíka áhættu ætti að meta á grundvelli viðmiðananna sem um getur í fyrrnefndri grein.

43) Til að komast hjá röskun á afhendingu lyfja er nauðsynlegt að gera umbreytingarráðstafanir fyrir lyf sem hafa verið sett í sölu eða dreifingu, án öryggisþáttanna, fyrir daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem lyfið er sett á markað.

44) Þegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB öðlaðist gildi höfðu Belgía, Grikkland og Ítalía þegar tekið upp kerfi til að sannprófa ósvikni lyfja og sanngreina hverja pakkningu fyrir sig. Í tilskipun 2011/62/ESB var þessum aðildarríkjum veittur frekari umbreytingarfrestur til aðlögunar að samræmda Sambandskerfinu fyrir öryggisþætti, sem voru innleiddir með þeirri tilskipun í sama tilgangi, með því að heimila þeim að fresta beitingu tilskipunarinnar að því er það kerfi varðaði. Til að tryggja samræmi milli landsbundinna lögleiðingarráðstafana, sem voru samþykktar samkvæmt tilskipuninni, og reglnanna í þessari reglugerð ætti að veita þessum aðildarríkjum sama frekari umbreytingarfrest varðandi beitingu reglnanna í þessari reglugerð að því er það kerfi varðar.

45) Í þágu réttarvissu og skýrleika laga með tilliti til gildandi reglna í aðildarríkjunum, sem fá frekari umbreytingarfrest í samræmi við þessa reglugerð, skal þess krafist að hvert þessara aðildarríkja tilkynni framkvæmdastjórninni frá hvaða degi ákvæði þessarar reglugerðar, sem falla undir frekari umbreytingarfrest, koma til framkvæmda á yfirráðasvæði þess svo að framkvæmdastjórnin geti birt gildistökudaginn í því aðildarríki með nægum fyrirvara í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

a) þau einkenni og tækniforskriftir einkvæma auðkennisins sem gera kleift að sannprófa ósvikni lyfja og sanngreina hverja pakkningu fyrir sig,

b) fyrirkomulagið á sannprófun öryggisþáttanna,

c) ákvæði um stofnun, stjórnun og aðgengi að gagnasafnakerfinu sem inniheldur upplýsingarnar um öryggisþættina,

d) skrá yfir lyfseðilsskyld lyf og lyfjaflokka sem skulu ekki búin öryggisþáttunum,

e) skrá yfir lyf og lyfjaflokka sem eru ekki lyfseðilsskyld og skulu búin öryggisþáttunum,

f) málsmeðferðarreglur varðandi tilkynningar lögbærra landsyfirvalda til framkvæmdastjórnarinnar varðandi lyf, sem eru ekki lyfseðilsskyld og sem talið er að áhætta sé á að verði fölsuð, og lyfseðilsskyld lyf, sem ekki er talið að áhætta sé á að verði fölsuð, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB,

g) málsmeðferðarreglur varðandi skjótt mat á tilkynningunum, sem um getur í f-lið þessarar greinar, og skjótar ákvarðanir varðandi tilkynningarnar.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

a) lyfseðilsskyld lyf sem skulu búin öryggisþáttum á umbúðunum skv. 1. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/ESB nema þau séu í skránni sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð,

b) lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld og eru í skránni sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð,

c) lyf þar sem aðildarríkin hafa rýmkað notkunarsvið einkvæma auðkennisins eða öryggisinnsiglisins í samræmi við 5. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

2. Þegar vísað er til umbúða í ákvæði í þessari reglugerð skal ákvæðið gilda um ytri umbúðir eða um innri umbúðir ef lyfið hefur engar ytri umbúðir.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Að því er varðar þessa reglugerð skulu skilgreiningarnar í 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB gilda.

2. Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

a) „*einkvæmt auðkenni*“: öryggisþáttur sem gerir kleift að sannprófa ósvikni einstakra lyfjapakkninga og sanngreina þær,

b) „*öryggisinnsigli*“: öryggisþáttur sem gerir kleift að sannprófa hvort átt hafi verið við umbúðir lyfja,

c) „*einkvæmt auðkenni gert óvirkt*“: aðgerð sem breytir virkri stöðu einkvæms auðkennis, sem er geymt í gagnasafnakerfinu sem um getur í 31. gr. þessarar reglugerðar, í stöðu sem kemur í veg fyrir að frekari sannprófun á ósvikni þessa einkvæma auðkennis takist,

d) „*virkt, einkvæmt auðkenni*“: einkvæmt auðkenni sem hefur ekki verið gert óvirkt eða er ekki lengur óvirkt,

e) „*virk staða*“: staða virks, einkvæms auðkennis sem er geymt í gagnasafnakerfinu sem um getur í 31. gr.,

f) „*heilbrigðisþjónustustofnun*“: sjúkrahús, legu- eða göngudeildir eða heilsugæslustöð.

II. KAFLI

TÆKNIFORSKRIFTIR EINKVÆMA AUÐKENNISINS

4. gr.

Samsetning einkvæma auðkennisins

Framleiðandinn skal setja einkvæmt auðkenni, sem er í samræmi við eftirfarandi tækniforskriftir, á umbúðir lyfs:

a) Einkvæma auðkennið skal vera runa tölustafa eða ritstafa sem er einkvæm fyrir tiltekna lyfjapakkningu.

b) Einkvæma auðkennið skal samsett úr eftirfarandi gagnastökum:

   i. kóða sem gerir kleift að sanngreina a.m.k. heiti, almennt heiti, lyfjaform, styrkleika og stærð og tegund lyfjapakkningarinnar sem er búið einkvæma auðkenninu („lyfjakóði“),

   ii. runu tölustafa eða ritstafa sem er að hámarki 20 rittákn og búin til með löggengu (e. *deterministic*) eða brigðgengu (e. *non-deterministic*) slembialgrími („raðnúmer“),

   iii. landsbundnu endurgreiðslunúmeri eða öðru landsbundnu númeri sem auðkennir lyfið ef gerð er krafa um það í aðildarríkinu þar sem fyrirhugað er að setja lyfið á markað,

iv. lotunúmeri,

v. fyrningardagsetningu.

c) Líkurnar á því að unnt verði að giska á raðnúmerið skulu vera hverfandi og ávallt minni en einn á móti tíu þúsund.

d) Rittáknarunan, sem er samsett úr lyfjakóðanum og raðnúmerinu, skal vera einkvæm fyrir tiltekna lyfjapakkningu í a.m.k. eitt ár frá fyrningardegi þeirrar pakkningar eða í fimm ár eftir að pakkningin er sett í sölu eða dreifingu í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur.

e) Ef landsbundna endurgreiðslunúmerið eða annað landsbundið númer sem auðkennir lyfið er innifalið í lyfjakóðanum er ekki nauðsynlegt að endurtaka það í einkvæma auðkenninu.

5. gr.

Gagnaberi fyrir einkvæma auðkennið

1. Framleiðendur skulu kóða einkvæma auðkennið inn í tvívítt strikamerki.

2. Strikamerkið skal vera tölvutækt gagnafylki með búnaði fyrir villugát (e. *error detection*) og leiðréttingu sem er jafngildur eða betri en hjá Data Matrix ECC200. Strikamerki, sem eru í samræmi við staðalinn ISO/IEC 16022:2006 frá Alþjóðlegu staðlasamtökunum/Alþjóðaraftækninefndinni, teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein.

3. Framleiðendur skulu prenta strikamerkið á umbúðirnar á slétt, einsleitt yfirborð með litlu endurkasti.

4. Þegar einkvæma auðkennið er kóðað í gagnafylki skal skipan þess fylgja alþjóðlega viðurkenndri, staðlaðri málskipan og merkingarfræði gagna (kóðunarreglu) sem gerir kleift að sanngreina hvert gagnastak, sem einkvæma auðkennið er samsett af, og afkóða það rétt með almennum skönnunarbúnaði. Í kóðunarreglunni skulu vera gagnaauðkenni eða auðkenni notkunarforrits (e. *application identifier*) eða aðrar rittáknarunur sem auðkenna upphaf og endi á runu hvers einstaks gagnastaks í einkvæma auðkenninu og skilgreina upplýsingarnar sem felast í þessum gagnastökum. Einkvæm auðkenni með kóðunarreglu, sem er í samræmi við staðalinn ISO/IES 15418:2009, teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein.

5. Þegar lyfjakóði er kóðaður í gagnafylki sem gagnastak einkvæms auðkennis skal hann fylgja kóðunarreglu og hefjast á rittáknum sem eru sérstök fyrir kóðunarregluna sem er notuð. Hann skal einnig innihalda rittákn eða rittáknarunur sem auðkenna lyfið sem lyf. Í kóðanum, sem úr þessu verður, skulu vera færri en 50 rittákn og hann skal vera einkvæmur hnattrænt. Lyfjakóðar, sem eru í samræmi við staðlana ISO/IEC 15459-3:2014 og ISO/IEC 15459-4:2014, teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein.

6. Ef nauðsyn krefur má nota mismunandi kóðunarreglur innan sama einkvæma auðkennis, að því tilskildu að það hindri ekki afkóðun þess. Í því tilviki skal einkvæma auðkennið innihalda stöðluð rittákn sem gera kleift að sanngreina upphaf og endi einkvæma auðkennisins sem og upphaf og endi hverrar kóðunarreglu. Einkvæm auðkenni, sem innihalda margar kóðunarreglur og eru í samræmi við staðalinn ISO/IES 15434:2006, teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein.

6. gr.

Prentgæði tvívíða strikamerkisins

1. Framleiðendur skulu meta prentgæði gagnafylkisins með því að meta a.m.k. eftirfarandi stika þess:

a) birtuskil milli ljósu og dökku flatanna,

b) einsleitni í endurkasti frá ljósum og dökkum flötum,

c) áslæga misleitni,

d) misleitni hnitanetsins,

e) ónotaða villuleiðréttingu,

f) sköddun fasta mynstursins,

g) getu viðmiðunarafkóðunaralgrímsins til að afkóða gagnafylkið.

2. Framleiðendur skulu tilgreina þau lágmarksgæði prentunar sem tryggja nákvæman læsileika gagnafylkisins í gegnum alla aðfangakeðjuna í a.m.k. eitt ár eftir fyrningardagsetninguna á pakkningunni eða í fimm ár eftir að pakkningin hefur verið sett í sölu eða dreifingu í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur.

3. Þegar framleiðendur prenta gagnafylkið skulu þeir ekki nota prentun með minni gæðum en lágmarksgæðunum sem um getur í 2. mgr.

4. Prentgæði, sem eru metin a.m.k. 1,5 í samræmi við staðalinn ISO/IES 15415:2011, teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein.

7. gr.

Snið sem fólk getur lesið

1. Framleiðendur skulu prenta eftirfarandi gagnastök einkvæma auðkennisins á umbúðirnar á sniði sem fólk getur lesið:

a) lyfjakóðann,

b) raðnúmerið,

c) landsbundna endurgreiðslunúmerið eða annað landsbundið númer sem auðkennir lyfið ef gerð er krafa um það í aðildarríkinu þar sem fyrirhugað er að setja lyfið á markað og númerið er ekki prentað á öðrum stað á umbúðunum.

2. Fyrsta málsgrein gildir ekki ef summa tveggja lengstu stærðarmála umbúðanna er 10 cm eða minni.

3. Ef stærð umbúðanna leyfir skulu gagnastökin, sem fólk getur lesið, vera næst tvívíða strikamerkinu sem ber einkvæma auðkennið.

8. gr.

Viðbótarupplýsingar í tvívíða strikamerkinu

Framleiðendur mega setja aðrar upplýsingar en einkvæma auðkennið í tvívíða strikamerkið sem ber einkvæma auðkennið ef lögbæra yfirvaldið heimilar það í samræmi við V. bálk tilskipunar 2001/83/EB.

9. gr.

Strikamerki á umbúðunum

Lyf, sem skulu búin öryggisþáttunum skv. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, skulu ekki bera neitt annað sýnilegt, tvívítt strikamerki á umbúðunum til sanngreiningar og sannprófunar á ósvikni lyfjanna en tvívíða strikamerkið með einkvæma auðkenninu.

III. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI UM SANNPRÓFUN ÖRYGGISÞÁTTANNA

10. gr.

Sannprófun öryggisþáttanna

Þegar framleiðendur, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, sannprófa öryggisþættina skulu þeir sannprófa eftirfarandi:

a) ósvikni einkvæma auðkennisins,

b) heilleika öryggisinnsiglisins.

11. gr.

Sannprófun á ósvikni einkvæma auðkennisins

Þegar framleiðendur, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis skulu þeir bera einkvæma auðkennið saman við einkvæm auðkenni sem eru í geymslu í gagnasafnakerfinu sem um getur í 31. gr. Einkvæmt auðkenni skal teljast ósvikið ef gagnasafnakerfið inniheldur virkt, einkvæmt auðkenni með sama lyfjakóða og sama raðnúmeri og einkvæma auðkennið sem er til sannprófunar.

12. gr.

Einkvæm auðkenni sem hafa verið gerð óvirk

Ekki skal halda áfram að dreifa lyfi sem er búið einkvæmu auðkenni sem hefur verið gert óvirkt eða afhenda það almenningi nema í eftirfarandi tilvikum:

a) einkvæma auðkennið var gert óvirkt í samræmi við a-lið 22. gr. og lyfinu er dreift til útflutnings út úr Sambandinu,

b) einkvæma auðkennið var gert óvirkt áður en kom að því að afhenda almenningi lyfið, skv. 23., 26,. 28, eða 41. gr.,

c) einkvæma auðkennið var gert óvirkt í samræmi við b- eða c-lið 22. gr. eða 40. gr. og lyfið er afhent aðilanum sem ber ábyrgð á förgun þess,

d) einkvæma auðkennið var gert óvirkt í samræmi við d-lið 22. gr. og lyfið er afhent lögbærum landsyfirvöldum.

13. gr.

Breyting til baka á stöðu einkvæms auðkennis sem hefur verið gert óvirkt

1. Framleiðendur, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, mega einungis breyta stöðu einkvæms auðkennis, sem hefur verið gert óvirkt, til baka í virka stöðu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) aðilinn, sem framkvæmir breytinguna til baka, hefur sama leyfi eða rétt og vinnur á sama athafnasvæði og aðilinn sem gerði einkvæma auðkennið óvirkt,

b) breyting til baka á stöðu einkvæma auðkennisins gerist eigi síðar en tíu dögum eftir að einkvæma auðkennið var gert óvirkt,

c) ekki er komið fram yfir fyrningardaginn á lyfjapakkningunni,

d) lyfjapakkningin hefur ekki verið skráð í gagnasafnakerfið sem innkölluð, afturkölluð, ætluð til eyðingar eða stolin og aðilinn, sem framkvæmir breytinguna til baka, hefur ekki vitneskju um að pakkningin er stolin,

e) lyfið hefur ekki verið afhent almenningi.

2. Lyf, sem eru búin einkvæmu auðkenni sem ekki er hægt að breyta til baka í virka stöðu vegna þess að skilyrðin, sem eru sett fram í 1. mgr., hafa ekki verið uppfyllt, skulu ekki sett aftur í söluhæfar birgðir.

IV. KAFLI

FYRIRKOMULAG Á SANNPRÓFUN HJÁ FRAMLEIÐENDUM Á ÖRYGGISÞÁTTUM OG EINKVÆMA AUÐKENNIÐ GERT ÓVIRKT

14. gr.

Sannprófun á tvívíða strikamerkinu

Framleiðandinn, sem setur öryggisþættina á lyfjapakkninguna, skal sannreyna að tvívíða strikamerkið, sem ber einkvæma auðkennið, sé í samræmi við 5. og 6. gr., sé læsilegt og innihaldi réttar upplýsingar.

15. gr.

Skráahald

Framleiðandinn, sem setur öryggisþættina á lyfjapakkninguna, skal halda skrá yfir hverja aðgerð sem hann framkvæmir með eða á einkvæma auðkenninu á lyfjapakkningunni í a.m.k. eitt ár eftir fyrningardagsetninguna á pakkningunni eða í fimm ár eftir að pakkningin hefur verið sett í sölu eða dreifingu, í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur, og skal afhenda lögbærum yfirvöldum þessar skrár sé þess óskað.

16. gr.

Sannprófanir sem gera skal áður en öryggisþættirnir eru fjarlægðir eða þeim skipt út

1. Áður en framleiðandinn fjarlægir eða hylur öryggisþættina, að hluta eða í heild, í samræmi við 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB skal hann sannprófa eftirfarandi:

a) heilleika öryggisinnsiglisins,

b) ósvikni einkvæma auðkennisins og að það sé gert óvirkt ef því er skipt út.

2. Framleiðendur, sem eru bæði handhafar framleiðsluleyfis skv. 40. gr. tilskipunar 2001/83/EB og leyfis til að framleiða eða flytja rannsóknarlyf inn í Sambandið, eins og um getur í 61. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 ([1]), skulu sannprófa öryggisþættina og gera einkvæmt auðkenni á lyfjapakkningu óvirkt áður en þeir endurpakka lyfinu eða endurmerkja það í þeim tilgangi að nota það sem rannsóknarlyf með markaðsleyfi eða aukalyf með markaðsleyfi.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 frá 16. apríl 2014 um klínískar prófanir á mannalyfjum og niðurfellingu á tilskipun 2001/20/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 1).

17. gr.

Jafngilt, einkvæmt auðkenni

Þegar framleiðandi setur einkvæmt auðkenni á umbúðir lyfs í samræmi við b-lið 1. mgr. 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB skal hann sannreyna að skipan og samsetning einkvæma auðkennisins, sem sett er á umbúðirnar, uppfylli kröfurnar, að því er varðar lyfjakóðann og landsbundna endurgreiðslunúmerið eða annað landsbundið númer sem auðkennir lyfið, sem gilda í aðildarríkinu þar sem fyrirhugað er að setja lyfið á markað, svo að unnt sé að sannprófa ósvikni einkvæma auðkennisins og gera það óvirkt.

18. gr.

Aðgerðir sem framleiðendur skulu grípa til ef umbúðir eru rofnar eða grunur vaknar um fölsun

Hafi framleiðandi ástæðu til að ætla að átt hafi verið við umbúðir lyfs eða sýni sannprófun á öryggisþáttunum að lyfið sé e.t.v. ekki ósvikið skal framleiðandi hvorki setja lyfið í sölu né dreifingu og skal þegar í stað tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum þar um.

19. gr.

Ákvæði sem gilda um framleiðanda sem dreifir lyfjum sínum í gegnum heildsölu

Ef framleiðandi dreifir lyfjum sínum í gegnum heildsölu gilda um hann ákvæði 20. gr. (a-liður), 22., 23. og 24. gr. auk ákvæða 14.–18. gr.

V. KAFLI

FYRIRKOMULAG Á SANNPRÓFUN HJÁ HEILDSÖLUM Á ÖRYGGISÞÁTTUM OG EINKVÆMA AUÐKENNIÐ GERT ÓVIRKT

20. gr.

Sannprófun á ósvikni einkvæma auðkennisins hjá heildsölum

Heildsali skal sannprófa ósvikni einkvæma auðkennisins á a.m.k. eftirfarandi lyfjum sem hann hefur í vörslu sinni:

a) lyfjum sem aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eða annar heildsali hafa skilað honum,

b) lyfjum sem hann fær frá heildsala sem er ekki framleiðandi þeirra, heildsalinn með markaðsleyfið eða heildsali sem markaðsleyfishafi hefur tilnefnt, með skriflegum samningi, til að geyma og dreifa þeim lyfjum sem falla undir markaðsleyfi hans, fyrir hans hönd.

21. gr.

Undanþágur frá b-lið 20. gr.

Ekki er krafist sannprófunar á ósvikni einkvæms auðkennis lyfs samkvæmt b-lið 20. gr. í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar eigandaskipti verða á lyfinu en það er áfram í vörslu sama heildsalans,

b) þegar lyfinu er dreift á yfirráðasvæði aðildarríkis milli tveggja vörugeymslna sem tilheyra sama heildsalanum eða sama lögaðilanum en engin sala fer fram.

22. gr.

Einkvæm auðkenni gerð óvirk hjá heildsölum

Heildsali skal sannprófa ósvikni og gera óvirkt einkvæmt auðkenni eftirfarandi lyfja:

a) lyfja sem hann ætlar dreifa utan Sambandsins,

b) lyfja sem aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eða annar heildsali hafa skilað honum og sem ekki er unnt að setja aftur í söluhæfar birgðir,

c) lyfja sem eru ætluð til eyðingar,

d) lyfja sem lögbær yfirvöld óska eftir að fá afhent sem sýnishorn meðan lyfin eru í vörslu hans,

e) lyfja sem hann ætlar að dreifa til aðila eða stofnana, sem um getur í 23. gr., ef þess er krafist í landslöggjöfinni í samræmi við þá grein.

23. gr.

Ákvæði þar sem tekið er tillit til sérstakra eiginleika aðfangakeðja aðildarríkjanna

Aðildarríki geta krafist þess, ef taka þarf tillit til sérstakra eiginleika aðfangakeðjunnar á yfirráðasvæði þeirra, að heildsali sannprófi öryggisþættina og geri einkvæmt auðkenni lyfs óvirkt áður en hann afhendir lyfið einhverjum af eftirtöldum aðilum eða stofnunum:

a) aðilum sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf en starfa ekki á heilbrigðisþjónustustofnun eða í lyfsölu,

b) dýralæknum og dýralyfjasmásölum,

c) tannlæknum,

d) sjónglerjafræðingum og sjóntækjafræðingum,

e) bráðatæknum og bráðalæknum,

f) her, lögreglu og öðrum ríkisstofnunum sem halda birgðir af lyfjum vegna almannavarna og viðlagastjórnunar,

g) háskólum og öðrum æðri menntastofnunum sem nota lyf til rannsókna og kennslu, að heilbrigðisþjónustustofnunum undanskildum,

h) fangelsum,

i) skólum,

j) líknarstofnunum og

k) hjúkrunarheimilum.

24. gr.

Aðgerðir sem heildsalar skulu grípa til ef umbúðir eru rofnar eða grunur vaknar um fölsun

Heildsali skal hvorki afhenda né flytja út lyf hafi hann ástæðu til að ætla að átt hafi verið við umbúðir þess eða sýni sannprófun á öryggisþáttum lyfsins að lyfið sé e.t.v. ekki ósvikið. Hann skal tafarlaust tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum þar um.

VI. KAFLI

FYRIRKOMULAG Á SANNPRÓFUN HJÁ AÐILUM, SEM HAFA LEYFI EÐA RÉTT TIL AÐ AFHENDA ALMENNINGI LYF, Á ÖRYGGISÞÁTTUM OG EINKVÆMA AUÐKENNIÐ GERT ÓVIRKT

25. gr.

Skyldur aðila sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf

1. Aðilar sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf skulu, við afhendingu lyfjanna til almennings, sannprófa öryggisþættina og gera einkvæma auðkennið óvirkt á öllum lyfjum, sem eru búin öryggisþáttunum, sem þeir afhenda almenningi.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf og starfa á heilbrigðisþjónustustofnun, framkvæma þessa sannprófun og óvirkingu hvenær sem er á meðan lyfið er í vörslu heilbrigðisþjónustustofnunarinnar, að því tilskildu að engin sala fari fram á lyfinu á tímabilinu frá því að heilbrigðisþjónustustofnunin tekur við því og þar til það er afhent almenningi.

3. Til að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis lyfs og gera þetta einkvæma auðkenni óvirkt skulu aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, tengjast gagnasafnakerfinu sem um getur í 31. gr. gegnum landsbundna eða yfirþjóðlega gagnasafnið sem þjónar yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leyfi þeirra eða réttur eru bundin við.

4. Þeir skulu einnig sannprófa öryggisþættina og gera óvirk einkvæm auðkenni eftirfarandi lyfja sem eru búin öryggisþáttunum:

a) lyfja sem eru í vörslu þeirra og sem ekki er unnt að skila til heildsala eða framleiðenda,

b) lyfja sem lögbær yfirvöld óska eftir að fá afhent sem sýnishorn, í samræmi við landslöggjöf, á meðan lyfin eru í vörslu þessara aðila,

c) lyfja sem þeir afhenda til notkunar sem rannsóknarlyf með markaðsleyfi eða aukalyf með markaðsleyfi eins og skilgreint er í 9. og 10. lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

26. gr.

Undanþágur frá 25. gr.

1. Aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eru undanþegnir þeirri skyldu að sannprófa öryggisþætti og gera óvirk einkvæm auðkenni lyfja sem þeir fá afhent sem ókeypis sýnishorn í samræmi við 96. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

2. Aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, sem starfa ekki á heilbrigðisþjónustustofnun eða í lyfsölu, eru undanþegnir þeirri skyldu að sannprófa öryggisþætti og gera einkvæm auðkenni lyfja óvirk hafi sú skylda verið lögð á heildsala með landslöggjöf í samræmi við 23. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. geta aðildarríkin ákveðið, ef taka þarf tillit til sérstakra eiginleika aðfangakeðjunnar á yfirráðasvæði þeirra, að veita aðila, sem hefur leyfi eða rétt til að afhenda lyf til almennings og starfar á heilbrigðisþjónustustofnun, undanþágu frá þeim skyldum að sannprófa einkvæma auðkennið og gera það óvirkt, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að aðilinn, sem hefur leyfi eða rétt til að afhenda lyf til almennings, fái lyfið, sem er búið einkvæma auðkenninu, hjá heildsala sem tilheyrir sama lögaðila og heilbrigðisþjónustustofnunin,

b) að heildsalinn, sem afhendir heilbrigðisþjónustustofnuninni lyfið, framkvæmi sannprófunina og geri einkvæma auðkennið óvirkt,

c) að engin sala á lyfinu fari fram milli heildsalans, sem afhendir lyfið, og viðkomandi heilbrigðisþjónustustofnunar,

d) að lyfið sé afhent almenningi innan þessarar heilbrigðisþjónustustofnunar.

27. gr.

Skyldur við beitingu undanþágna

Ef sannprófun á ósvikni einkvæma auðkennisins og að það sé óvirkt fer fram fyrr en um getur í 25. gr. (1. mgr.), skv. 23. eða 26. gr., skal sannprófa heilleika öryggisinnsiglisins við afhendingu lyfsins til almennings.

28. gr.

Skyldur við afhendingu á aðeins hluta pakkningar

Ef aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, afhenda aðeins hluta lyfjapakkningar og einkvæmt auðkenni lyfsins hefur ekki verið gert óvirkt skulu þeir, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr., sannprófa öryggisþættina og gera þetta einkvæma auðkenni óvirkt þegar pakkningin er opnuð í fyrsta skipti.

29. gr.

Skyldur í tilvikum þegar ekki er unnt að sannprófa ósvikni og gera einkvæma auðkennið óvirkt

Ef aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, geta ekki sökum tæknilegra vandamála sannprófað ósvikni einkvæms auðkennis og gert það óvirkt við afhendingu lyfsins, sem er búið því einkvæma auðkenni, til almennings skulu þessir aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr., skrá einkvæma auðkennið og, um leið og tæknilegu vandamálin hafa verið leyst, sannprófa ósviknina og gera einkvæma auðkennið óvirkt.

30. gr.

Aðgerðir sem aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, skulu grípa til vakni grunur um fölsun

Ef aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, hafa ástæðu til að ætla að átt hafi verið við umbúðir lyfsins eða sannprófun öryggisþátta lyfsins sýnir að lyfið sé e.t.v. ekki ósvikið skulu þessir aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, ekki afhenda lyfið og skulu tafarlaust tilkynna það viðeigandi lögbærum yfirvöldum.

VII. KAFLI

STOFNUN, STJÓRNUN OG AÐGENGI AÐ GAGNASAFNAKERFINU

31. gr.

Stofnun gagnasafnakerfisins

1. Gagnasafnakerfið, sem inniheldur upplýsingarnar um öryggisþættina skv. e-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, skal stofnað og stjórnað af einum eða fleiri lögaðilum sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni og sem framleiðendur og markaðsleyfishafar lyfja, sem eru búin öryggisþáttunum, hafa stofnað í Sambandinu.

2. Við stofnun gagnasafnakerfisins skulu lögaðilinn eða lögaðilarnir, sem um getur í 1. mgr., a.m.k. hafa samráð við heildsala, aðila, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, og viðkomandi lögbær landsyfirvöld.

3. Heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eiga rétt á að taka þátt í starfsemi lögaðilans eða lögaðilanna, sem um getur í 1. mgr., að eigin vali og þeim að kostnaðarlausu.

4. Lögaðilinn eða lögaðilarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu ekki krefjast þess að framleiðendur, markaðsleyfishafar, heildsalar eða aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, séu aðilar að einu eða fleiri tilteknum stofnunum eða fyrirtækjum til að fá að nota gagnasafnakerfið.

5. Framleiðendur lyfja, sem eru búin öryggisþáttunum, skulu bera kostnaðinn af gagnasafnakerfinu í samræmi við e-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

32. gr.

Uppbygging gagnasafnakerfisins

1. Gagnasafnakerfið skal samanstanda af eftirfarandi rafrænum gagnasöfnum:

a) miðlægum upplýsinga- og gagnabeini (netaldi (e. *hub*)),

b) gagnasöfnum sem þjóna yfirráðasvæði eins aðildarríkis („landsbundin gagnasöfn“) eða yfirráðasvæði margra aðildarríkja („yfirþjóðleg gagnasöfn“). Þessi gagnasöfn skulu tengd við netaldið.

2. Landsbundnu og yfirþjóðlegu gagnasöfnin skulu vera nægilega mörg til að tryggt sé að eitt landsbundið eða yfirþjóðlegt gagnasafn þjóni yfirráðasvæði hvers aðildarríkis.

3. Gagnasafnakerfið skal fela í sér nauðsynleg grunnvirki upplýsingatækninnar, vélbúnað og hugbúnað til að hægt sé að framkvæma eftirfarandi verk:

a) að hala upp, flokka, vinna úr, breyta og geyma upplýsingar um öryggisþættina sem gera kleift að sannprófa ósvikni lyfja og sanngreina þau,

b) að sanngreina einstakar lyfjapakkningar sem eru búnar öryggisþáttunum og sannprófa ósvikni einkvæma auðkennisins á viðkomandi pakkningu og gera það óvirkt hvar sem er í löglegu aðfangakeðjunni.

4. Í gagnasafnakerfinu skulu vera forritaskil (e. *application programming interface*) sem gera heildsölum eða aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, kleift að leita í gagnasafnakerfinu með þar til gerðum hugbúnaði til að sannprófa ósvikni einkvæmra auðkenna og gera þau óvirk í gagnasafnakerfinu. Forritaskilin skulu einnig gefa lögbærum landsyfirvöldum kost á aðgangi að gagnasafnakerfinu með þar til gerðum hugbúnaði í samræmi við 39. gr.

Í gagnasafnakerfinu skulu einnig vera myndræn notendaviðmót sem veita beinan aðgang að gagnasafnakerfinu í samræmi við i-lið 1. mgr. 35. gr.

Sjálfur skönnunarbúnaðurinn, sem er notaður til að lesa einkvæma auðkennið, er ekki hluti af gagnasafnakerfinu.

33. gr.

Upphal upplýsinga í gagnasafnakerfið

1. Markaðsleyfishafinn eða, ef um er að ræða samhliða innflutt eða samhliða dreifð lyf sem eru búin jafngildu, einkvæmu auðkenni í samræmi við 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu þessara lyfja á markað, skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., séu halaðar upp í gagnasafnakerfið áður en framleiðandinn setur lyfið í sölu eða dreifingu, og sé haldið uppfærðum þaðan í frá.

Upplýsingarnar skulu geymdar í öllum landsbundnum eða yfirþjóðlegum gagnasöfnum sem þjóna yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem fyrirhugað er að setja lyfið, sem er búið einkvæma auðkenninu, á markað. Upplýsingarnar, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. þessarar greinar, að raðnúmerinu undanskildu, skulu einnig geymdar í netaldinu.

2. Þegar um er að ræða lyf sem er búið einkvæmu auðkenni skal a.m.k. hala upp eftirfarandi upplýsingum í gagnasafnakerfið:

a) gagnastökum einkvæma auðkennisins í samræmi við b-lið 4. gr.,

b) kóðunarreglu lyfjakóðans,

c) heiti og almennu heiti lyfsins, lyfjaformi, styrkleika og tegund og stærð lyfjapakkningarinnar, í samræmi við íðorðanotkunina sem um getur í b-lið og e- til g-lið 1. mgr. 25. gr. framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2012 ([1]),

d) aðildarríki eða aðildarríkjum þar sem fyrirhugað er að setja lyfið á markað,

e) ef við á, kóðanum sem auðkennir færsluna sem svarar til lyfsins, sem er búið einkvæma auðkenninu, í gagnagrunninum sem um getur í l-lið 1. mgr. 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]),

f) nafni og heimilisfangi framleiðandans sem setur öryggisþættina á lyfjapakkninguna,

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2012 frá 19. júní 2012 um lyfjagátarstarfsemi sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB (Stjtíð. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 5).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

g) nafni og heimilisfangi markaðsleyfishafa,

h) skrá yfir heildsalana sem markaðsleyfishafi hefur, með skriflegum samningi, tilnefnt fyrir sína hönd til að geyma og dreifa lyfjunum sem falla undir markaðsleyfi hans.

3. Upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. skal hala upp í gagnasafnakerfið, annaðhvort í gegnum netaldið eða í gegnum landsbundið eða yfirþjóðlegt gagnasafnakerfi.

Ef upphal fer fram í gegnum netaldið skal netaldið geyma afrit af upplýsingunum, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr., að raðnúmerinu undanskildu, og flytja allar upplýsingarnar í öll landsbundnu eða yfirþjóðlegu gagnasöfnin sem þjóna yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem fyrirhugað er að setja lyfið, sem er búið einkvæma auðkenninu, á markað.

Ef upphal fer fram í gegnum landsbundið eða yfirþjóðlegt gagnasafn skal það gagnasafn þegar í stað flytja afrit af upplýsingunum, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr., yfir í netaldið, að raðnúmerinu undanskildu, og nota til þess gagnasniðið og gagnaskiptaforskriftirnar sem netaldið skilgreinir.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr, skulu geymdar í gagnasöfnunum, sem þeim var upprunalega halað upp í, í a.m.k. eitt ár eftir fyrningardag lyfsins eða í fimm ár eftir að lyfið er sett í sölu eða dreifingu í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur.

34. gr.

Virkni netaldsins

1. Hvert landsbundið eða yfirþjóðlegt gagnasafn, sem er hluti af gagnasafnakerfinu, skal skiptast á gögnum við netaldið og nota til þessa gagnasniðið og gagnaskiptafyrirkomulagið sem netaldið skilgreinir.

2. Sé ekki unnt að sannprófa óvirkni einkvæma auðkennisins vegna þess að landsbundið eða yfirþjóðlegt gagnasafn inniheldur ekki einkvæmt auðkenni með sama lyfjakóða og raðnúmeri og eru í einkvæma auðkenninu sem er til sannprófunar skal landsbundna eða yfirþjóðlega gagnasafnið framsenda fyrirspurnina til netaldsins til að sannprófa hvort einkvæma auðkennið sé geymt annars staðar í gagnasafnakerfinu.

Þegar netaldið fær fyrirspurnina skal það sanngreina, á grundvelli upplýsinganna í fyrirspurninni, öll landsbundin eða yfirþjóðleg gagnasöfn sem þjóna yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem fyrirhugað var að setja lyfið, sem er búið einkvæma auðkenninu, á markað og skal framsenda fyrirspurnina til þessara gagnasafna.

Netaldið skal síðan senda svar þessara gagnasafna til gagnasafnsins þaðan sem fyrirspurnin kom.

3. Ef landsbundið eða yfirþjóðlegt gagnasafn tilkynnir um breytingu á stöðu einkvæms auðkennis skal netaldið tryggja samstillingu þeirrar stöðu milli landsbundnu og yfirþjóðlegu gagnasafnanna sem þjóna yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem fyrirhugað var að setja lyfið, sem er búið einkvæma auðkenninu, á markað.

4. Þegar netaldinu berast upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr. 35. gr., skal það sjá til þess að lotunúmerin fyrir og eftir endurpakkningu eða endurmerkingu tengist rafrænt við þau einkvæmu auðkenni sem voru gerð óvirk og við jafngildu, einkvæmu auðkennin sem sett voru á umbúðir lyfs.

35. gr.

Eiginleikar gagnasafnakerfisins

1. Hvert gagnasafn í gagnasafnakerfinu skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) Það skal staðsett í Sambandinu.

b) Það skal stofnað og rekið af lögaðila sem er ekki rekinn í hagnaðarskyni og er stofnaður í Sambandinu af framleiðendum og markaðsleyfishöfum lyfja, sem eru búin öryggisþáttunum, og, ef þeir hafa óskað eftir því að vera þátttakendur, af heildsölum og aðilum sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf.

c) Það skal vera algerlega rekstrarsamhæft við hin gagnasöfnin sem gagnasafnakerfið samanstendur af; að því er þennan kafla varðar merkir rekstrarsamhæfi fulla starfræna samþættingu gagnasafna og rafræn gagnaskipti milli þeirra, án tillits til þess hvaða þjónustuveitandi er notaður.

d) Það skal gera framleiðendum, heildsölum og aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, kleift að framkvæma áreiðanlega, rafræna sanngreiningu og sannprófun á ósvikni einstakra lyfjapakkninga í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

e) Það skal búið forritaskilum sem geta flutt gögn og skipst á gögnum við hugbúnaðinn sem heildsalar, aðilar sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf og, eftir því sem við á, lögbær landsyfirvöld nota.

f) Ef heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, senda inn fyrirspurn í gagnasafnið í því skyni að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis og gera það óvirkt skal svartími gagnasafnsins fyrir a.m.k. 95% fyrirspurna, án tillits til hraða nettengingarinnar, vera styttri en 300 millisekúndur. Afköst gagnasafnsins skulu gera heildsölum og aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, fært að starfa án verulegra tafa.

g) Gagnasafnið skal halda fullkomna skrá („gagnaferil“) yfir allar aðgerðir sem varða tiltekið einkvæmt auðkenni, yfir notendur sem framkvæma þessar aðgerðir og yfir eðli aðgerðanna; gagnaferillinn skal búinn til þegar einkvæma auðkennið er halað upp í gagnasafnið og skal viðhaldið í a.m.k. eitt ár eftir fyrningardag lyfsins sem er búið einkvæma auðkenninu eða í fimm ár eftir að lyfið er sett í sölu eða dreifingu í samræmi við 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2001/83/EB, hvort heldur varir lengur.

h) Í samræmi við 38. gr. skal uppbygging gagnasafnsins vera með þeim hætti sem tryggir vernd persónuupplýsinga og upplýsinga, sem viðskiptaleynd hvílir á, og eignarhald á gögnum, sem verða til þegar framleiðendur, markaðsleyfishafar, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, eiga samskipti við gagnasafnið.

i) Gagnasafnið skal innihalda myndræn notendaviðmót sem veita eftirfarandi sannprófuðum notendum beinan aðgang að því í samræmi við b-lið 37. gr.:

   i. heildsölum og aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, til að þeir geti sannprófað ósvikni einkvæma auðkennisins og gert það óvirkt ef þeirra eigin hugbúnaður skyldi bila,

   ii. lögbærum landsyfirvöldum í þeim tilgangi sem um getur í 39. gr.

2. Ef staða einkvæms auðkennis á lyfi, sem fyrirhugað er að setja á markað í fleiri en einu aðildarríki, breytist í landsbundnu eða yfirþjóðlegu gagnasafni skal það gagnasafn þegar í stað tilkynna stöðubreytinguna til netaldsins nema um sé að ræða óvirkingu sem markaðsleyfishafar hafa framkvæmt í samræmi við 40. og 41. gr.

3. Landsbundin eða yfirþjóðleg gagnasöfn skulu ekki leyfa upphal eða geymslu á einkvæmu auðkenni sem inniheldur sama lyfjakóða og raðnúmer eins og annað einkvæmt auðkenni sem er þegar í geymslu í gagnasafninu.

4. Fyrir hverja lotu endurpakkaðra eða endurmerktra lyfjapakkninga, sem jafngild, einkvæm auðkenni voru sett á í samræmi við 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, skal aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu lyfsins á markað, tilkynna netaldinu um lotunúmerið eða -númerin á pakkningunum sem á að endurpakka eða endurmerkja og um einkvæmu auðkennin á þessum pakkningum. Hann skal að auki tilkynna netaldinu um lotunúmer lotunnar, sem varð til við endurpökkunina eða endurmerkinguna, og um jafngildu, einkvæmu auðkennin í þeirri lotu.

36. gr.

Aðgerðir gagnasafnakerfisins

Gagnasafnakerfið skal a.m.k. styðja við eftirfarandi aðgerðir:

a) endurtekna sannprófun á ósvikni virks, einkvæms auðkennis í samræmi við11. gr.,

b) gangsetningu viðvörunar í kerfinu og útstöðinni (e. *terminal*), þar sem verið er að sannprófa ósvikni einkvæms auðkennis, ef sannprófunin staðfestir ekki að einkvæma auðkennið sé ósvikið í samræmi við 11. gr. Slíkan atburð skal merkja í kerfinu sem hugsanlegt fölsunartilvik nema lyfið sé skráð í kerfinu sem innkallað, afturkallað eða ætlað til eyðingar,

c) að gera einkvæmt auðkenni óvirkt í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð,

d) samtengdar aðgerðir til sanngreiningar á lyfjapakkningu sem er búin einkvæma auðkenninu og til sannprófunar á ósvikni þessa einkvæma auðkennis og að það hafi verið gert óvirkt,

e) sanngreiningu lyfjapakkningar sem er búin einkvæma auðkenninu og sannprófun á ósvikni þessa einkvæma auðkennis og að það hafi verið gert óvirkt í aðildarríki sem er ekki aðildarríkið þar sem lyfið sem er búið einkvæma auðkenninu var sett á markað,

f) lestur upplýsinganna í tvívíða strikamerkinu sem kóðar einkvæma auðkennið, sanngreiningu á lyfinu sem ber strikamerkið og sannprófun á stöðu einkvæma auðkennisins, án þess að gangsetja viðvörunina sem um getur í b-lið þessarar greinar,

g) aðgang sannprófaðra heildsala að skránni yfir heildsala, sem um getur í h-lið 2. mgr. 33. gr., í þeim tilgangi að skera úr um hvort þeir þurfi að sannprófa einkvæmt auðkenni tiltekins lyfs, sbr. þó h-lið 1. mgr. 35. gr.,

h) sannprófun á ósvikni einkvæms auðkennis og að það hafi verið gert óvirkt með því að leita handvirkt í kerfinu með gagnastökum einkvæma auðkennisins,

i) tafarlausa miðlun upplýsinga um tiltekið einkvæmt auðkenni til lögbærra landsyfirvalda og Lyfjastofnunar Evrópu, sé þess óskað,

j) gerð skýrslna sem gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannprófa hvort einstakir markaðsleyfishafar, framleiðendur, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, hlíti kröfum þessarar reglugerðar, eða að rannsaka hugsanleg fölsunartilvik,

k) breytingu til baka á stöðu einkvæms auðkennis úr óvirkri stöðu í virka stöðu, sbr. þó skilyrðin sem um getur í 13. gr.,

l) ábendingu um að einkvæmt auðkenni hafi verið gert óvirkt,

m) ábendingu um að lyf hafi verið innkallað eða afturkallað, því hafi verið stolið, það hafi verið flutt út, lögbær landsyfirvöld hafi óskað eftir lyfinu sem sýnishorni, markaðsleyfishafi hafi upplýst að um sé að ræða ókeypis sýnishorn eða að það sé ætlað til eyðingar,

n) samtengingu, eftir lyfjalotum, á upplýsingum um einkvæm auðkenni, sem hefur verið eytt eða hafa verið hulin, við upplýsingarnar um jafngild, einkvæm auðkenni sem eru sett á þessi lyf í samræmi við 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB,

o) samstillingu á stöðu einkvæms auðkennis milli landsbundinna eða yfirþjóðlegra gagnasafna sem þjóna yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem fyrirhugað er að setja viðkomandi lyf á markað.

37. gr.

Skyldur lögaðila sem stofnar og rekur gagnasafn sem er hluti af gagnasafnakerfinu

Sérhver lögaðili sem stofnar og rekur gagnasafn sem er hluti af gagnasafnakerfinu skal framkvæma eftirfarandi aðgerðir:

a) upplýsa viðeigandi lögbær landsyfirvöld um þá fyrirætlun sína að staðsetja gagnasafnið eða hluta þess á yfirráðasvæði þeirra og tilkynna þeim um leið og gagnasafnið verður rekstrarhæft,

b) taka upp öryggisverklag sem tryggir að einungis notendur með sannprófað auðkenni, hlutverk og lögmæti, geti fengið aðgang að gagnasafninu eða halað upp upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 33. gr.,

c) vakta gagnasafnið stöðugt með tilliti til atburða sem gefa viðvörun um hugsanleg fölsunartilvik í samræmi við b-lið 36. gr.,

d) gera ráðstafanir til tafarlausrar rannsóknar á öllum tilvikum hugsanlegrar fölsunar, sem er merkt í kerfinu í samræmi við b-lið 36. gr, og ráðstafanir til að gefa lögbærum landsyfirvöldum, Evrópsku lyfjastofnuninni og framkvæmdastjórninni viðvörun ef fölsun er staðfest,

e) gera reglubundnar úttektir á gagnasafninu til að sannprófa að kröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar. Úttektir skulu fara fram a.m.k. árlega fyrstu fimm árin eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda í aðildarríkinu þar sem gagnasafnið er staðsett og a.m.k. á þriggja ára fresti þaðan í frá. Miðla skal niðurstöðu þessara úttekta til lögbærra yfirvalda, sé þess óskað,

f) gera gagnaferilinn, sem um getur í g-lið 1. mgr. 35. gr., þegar í stað aðgengilegan lögbærum yfirvöldum, óski þau þess,

g) gera skýrslurnar, sem um getur í j-lið 36. gr., aðgengilegar lögbærum yfirvöldum, óski þau þess.

38. gr.

Gagnavernd og eignarhald gagna

1. Framleiðendur, markaðsleyfishafar, heildsalar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, skulu bera ábyrgð á öllum gögnum sem verða til þegar þeir eiga samskipti við gagnasafnakerfið og eru geymd í gagnaferlinum. Þeir skulu eingöngu hafa eignarhald á og aðgang að þessum gögnum, að undanskildum upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 33. gr. og upplýsingunum um stöðu einkvæms auðkennis.

2. Lögaðilinn, sem stjórnar gagnasafninu þar sem gagnaferillinn er geymdur, skal ekki hafa aðgang að gagnaferlinum og gögnunum í honum án skriflegs samþykkis löglegra eigenda gagnanna nema í þeim tilgangi að rannsaka hugsanleg fölsunartilvik sem eru merkt í kerfinu í samræmi við b-lið 36. gr.

39. gr.

Aðgangur lögbærra landsyfirvalda

Lögaðili, sem stofnar og stjórnar gagnasafni sem er notað til að sannprófa ósvikni einkvæmra auðkenna eða gera óvirk einkvæm auðkenni lyfja sem eru sett á markað í einhverju aðildarríkjanna, skal veita lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis aðgang að því gagnasafni og upplýsingunum í því í eftirfarandi tilgangi:

a) vegna umsjónar með starfsemi gagnasafnanna og rannsóknar á hugsanlegum fölsunartilvikum,

b) vegna endurgreiðslu,

c) vegna lyfjagátar eða lyfjafaraldursfræði.

VIII. KAFLI

SKYLDUR MARKAÐSLEYFISHAFA, SAMHLIÐA INNFLYTJENDA OG SAMHLIÐA DREIFINGARAÐILA

40. gr.

Innkölluð, afturkölluð eða stolin lyf

Markaðsleyfishafinn eða, sé um að ræða samhliða innflutt eða samhliða dreifð lyf sem eru búin jafngildu, einkvæmu auðkenni í samræmi við 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, aðilinn, sem ber ábyrgð á að setja þessi lyf á markað, skal þegar í stað gera allar eftirfarandi ráðstafanir:

a) tryggja að einkvæmt auðkenni lyfs, sem á að innkalla eða afturkalla, sé gert óvirkt í öllum landsbundnum eða yfirþjóðlegum gagnasöfnum sem þjóna yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem innköllunin eða afturköllunin á að fara fram,

b) tryggja að einkvæmt auðkenni, ef það er þekkt, lyfs sem hefur verið stolið, sé gert óvirkt í öllum landsbundnum eða yfirþjóðlegum gagnasöfnum þar sem upplýsingar um þetta lyf eru geymdar,

c) tilgreina í gagnasöfnunum, sem um getur í a- og b-lið, að þetta lyf hafi verið innkallað eða afturkallað eða því hafi verið stolið, eftir því sem við á.

41. gr.

Lyf sem á að afhenda sem ókeypis sýnishorn

Markaðsleyfishafi, sem ætlar að afhenda eitthvað af lyfjum sínum sem ókeypis sýnishorn í samræmi við 96. gr. tilskipunar 2001/83/EB, skal, ef lyfið er búið öryggisþáttunum, tilgreina það sem ókeypis sýnishorn í gagnasafnakerfinu og tryggja að einkvæmt auðkenni þess verði gert óvirkt áður en hann lætur það af hendi til aðilana sem hafa réttindi og hæfi til að ávísa þeim.

42. gr.

Fjarlæging einkvæmra auðkenna úr gagnasafnakerfinu

Markaðsleyfishafinn eða, ef um er að ræða samhliða innflutt eða samhliða dreifð lyf sem eru búin jafngildu, einkvæmu auðkenni í samræmi við 47. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu þessara lyfja á markað, skal ekki hala einkvæm auðkenni upp í gagnasafnakerfið fyrr en hann hefur fjarlægt úr því eldri einkvæm auðkenni, ef um slík er að ræða, sem innihalda sama lyfjakóðann og raðnúmerið og einkvæma auðkennið sem er verið að hala upp.

IX. KAFLI

SKYLDUR LÖGBÆRRA LANDSYFIRVALDA

43. gr.

Upplýsingar sem lögbærum landsyfirvöldum ber að veita

Lögbær landsyfirvöld skulu veita markaðsleyfishöfum, framleiðendum, heildsölum og aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, aðgang að upplýsingum um eftirfarandi, óski þeir þess:

a) lyf sem hafa verið sett á markað á yfirráðasvæði þeirra og skulu búin öryggisþáttunum í samræmi við o-lið 54. gr. tilskipunar 2001/83/EB og þessa reglugerð,

b) lyf sem eru lyfseðilsskyld eða falla undir endurgreiðslu og eru búin einkvæmu auðkenni sem er með rýmkað notkunarsvið vegna endurgreiðslu eða lyfjagátar í samræmi við 5. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB,

c) lyf sem eru búin öryggisinnsigli sem er með rýmkað notkunarsvið vegna öryggis sjúklinga í samræmi við 5. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

44. gr.

Eftirlit með gagnasafnakerfinu

1. Lögbær landsyfirvöld skulu hafa eftirlit með starfsemi allra gagnasafna, sem eru staðsett á yfirráðasvæði þeirra, í því skyni að sannprófa, með eftirlitsúttektum ef nauðsyn krefur, að gagnasafnið og lögaðilinn, sem ber ábyrgð á stofnun og stjórnun gagnasafnsins, uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

2. Lögbært landsyfirvald getur með skriflegum samningi framselt hvaða skyldu sem er samkvæmt þessari grein til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis eða þriðja aðila.

3. Ef gagnasafn sem er ekki staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis er notað í þeim tilgangi að sannprófa ósvikni lyfja sem eru sett á markað í því aðildarríki er lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis heimilt að fylgjast með eftirlitsúttekt á gagnasafninu eða framkvæma sjálfstæða eftirlitsúttekt, háð samþykki aðildarríkisins þar sem gagnasafnið er staðsett.

4. Lögbært landsyfirvald skal senda skýrslur um eftirlitsstarfsemina til Lyfjastofnunar Evrópu sem skal gera þær aðgengilegar öðrum lögbærum landsyfirvöldum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

5. Lögbær landsyfirvöld geta lagt sitt af mörkum til stjórnunar sérhvers gagnasafns sem er notað til að sanngreina lyf og sannprófa ósvikni eða gera óvirk einkvæm auðkenni lyfja sem sett eru á markað á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem þau tilheyra.

Lögbær landsyfirvöld geta tekið þátt í stjórn lögaðila sem reka þessi gagnasöfn og getur allt að þriðjungi stjórnarmanna verið á þeirra vegum.

X. KAFLI

SKRÁR YFIR UNDANÞÁGUR OG TILKYNNINGAR TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

45. gr.

Skrár yfir undanþágur frá kröfunni um að lyf skulu búin öryggisþáttunum eða ekki búin þeim

1. Skrá yfir lyfseðilsskyld lyf og lyfjaflokka sem skulu ekki búin öryggisþáttunum er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Skrá yfir lyf og lyfjaflokka sem eru ekki lyfseðilsskyld og skulu búin öryggisþáttunum er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

46. gr.

Tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar

1. Lögbær landsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lyf, sem eru ekki lyfseðilsskyld og sem þau telja að áhætta sé á að verði fölsuð, um leið og þau verða vör við slíka áhættu. Til þess skulu þau nota eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Lögbær landsyfirvöld geta upplýst framkvæmdastjórnina um lyf sem þau telja að ekki sé áhætta á að verði fölsuð. Til þess skulu þau nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. Að því er varðar tilkynningarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr, skulu lögbær landsyfirvöld láta fara fram mat á hvers kyns áhættu á fölsun og hvers kyns áhættu sem leiðir af fölsun þessara lyfja, að teknu tilliti til viðmiðana sem taldar eru upp í b-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

4. Þegar lögbær landsyfirvöld senda framkvæmdastjórninni tilkynningu, sem um getur í 1. mgr., skulu þau láta henni í té sönnunargögn og skjöl sem staðfesta að fölsun hafi átt sér stað.

47. gr.

Mat á niðurstöðum

Telji framkvæmdastjórnin eða aðildarríki, í kjölfar tilkynningar eins og um getur í 46. gr. og vegna þess að borgarar í Sambandinu hafa látist eða verið lagðir inn á sjúkrahús eftir að hafa verið útsettir fyrir fölsuðum lyfjum, að grípa þurfi til skjótra aðgerða til að vernda lýðheilsu skal framkvæmdastjórnin meta tilkynninguna án tafar og eigi síðar en innan 45 daga.

XI. KAFLI

UMBREYTINGARRÁÐSTAFANIR OG GILDISTAKA

48. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Hafi lyf verið sett í sölu eða dreifingu án öryggisþáttanna í einhverju aðildarríkjanna fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í því aðildarríki, og þeim er ekki endurpakkað né eru þau endurmerkt eftir það, má setja þau á markað, dreifa þeim og afhenda þau almenningi í því aðildarríki fram að fyrningardegi lyfjanna.

49. gr.

Beiting í aðildarríkjum sem eru þegar með kerfi til sannprófunar á ósvikni lyfja og til sanngreiningar á einstökum pakkningum

1. Hvert aðildarríki, sem um getur í öðrum málslið b-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 2011/62/ESB, skal tilkynna framkvæmdastjórninni frá hvaða degi beiting 1.–48.gr. þessar reglugerðar hefst á yfirráðasvæði þess í samræmi við þriðju undirgrein 50. gr. Tilkynningin skal eiga sér stað eigi síðar en sex mánuðum áður en beitingin hefst.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynningu um allar dagsetningar sem henni er tilkynnt um í samræmi við 1. mgr. í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*

50. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. febrúar 2019.

Aðildarríkin, sem um getur í öðrum málslið b-liðar 2. undirgreinar 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 2011/62/ESB, skulu þó beita 1.–48.gr. þessarar reglugerðar í síðasta lagi frá og með 9. febrúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfseðilsskyld lyf og lyfjaflokka sem skulu ekki búin öryggisþáttunum sem um getur í 1. mgr. 45. gr.

Heiti virks efnis eða lyfjaflokks	Lyfjaform	Styrkleiki	Athugasemdir
Smáskammtalyf	Öll	Allur	
Geislageitur	Allar	Allur	
Samstæður	Allar	Allur	
Forefni geislavirkra kjarnategunda	Öll	Allur	
Hátæknimeðferðarlyf sem innihalda eða eru vefir eða frumur	Öll	Allur	
Lyfjagös	Lyfjagas	Allur	
Lausnir til næringar í æð, í ATC-flokki sem hefst á B05BA (e. *ATC code (anatomical therapeutical chemical classification system*))	Innrennslislausn	Allur	
Lausnir sem hafa áhrif á jafnvægi rafkleifra efna, í ATC-flokki sem hefst á B05BB	Innrennslislausn	Allur	
Osmótísk þvagræsilyf, í ATC-flokki sem hefst á B05BC	Innrennslislausn	Allur	
Þykkni sem blandað er í lausnir til notkunar í bláæð, í ATC-flokki sem hefst á B05X	Öll	Allur	
Leysar og þynningarvökvar, þ.m.t. skolvökvar, í ATC-flokki sem hefst á V07AB	Öll	Allur	
Skuggaefni, í ATC-flokki sem hefst á V08	Öll	Allur	
Ofnæmispróf, í ATC-flokki sem hefst á V04CL	Öll	Allur	
Útdrættir úr ofnæmisvökum, í ATC-flokki sem hefst á V01AA	Allir	Allur	

II. VIÐAUKI

Skrá yfir lyf og lyfjaflokka sem eru ekki lyfseðilsskyld og skulu búin öryggisþáttunum sem um getur í 2. mgr. 45. gr.

Heiti virks efnis eða lyfjaflokks	Lyfjaform	Styrkleiki	Athugasemdir
Ómeprasól	sýruþolið hylki, hart	20 mg	
Ómeprasól	sýruþolið hylki, hart	40 mg	

III. VIÐAUKI

Tilkynning til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld og sem talin er áhætta á að verði fölsuð skv. 4. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

Aðildarríki:	Heiti lögbærs yfirvalds:

Færsla nr.	Virkt efni (almennt heiti)	Lyfjaform	Styrkleiki	ATC-flokkur	Sönnunargögn (vinsamlegast leggið fram sönnunargögn um eitt eða fleiri tilvik fölsunar í löglegu aðfangakeðjunni og tilgreinið heimildina fyrir upplýsingunum)
1					
2					
3					
4					
5					
6					
7					
8					
9					
10					
11					
12					
13					
14					
15					

Athugasemd: Fjöldi færslnanna er ekki bindandi.

IV. VIÐAUKI

Tilkynning til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lyf sem ekki er talin áhætta á að verði fölsuð skv. 4. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

Aðildarríki:	Heiti lögbærs yfirvalds:

Færsla nr.	Virkt efni (almennt heiti)	Lyfjaform	Styrkleiki	ATC-flokkur	Athugasemdir/Viðbótarupplýsingar
1					
2					
3					
4					
5					
6					
7					
8					
9					
10					
11					
12					
13					
14					
15					

Athugasemd: Fjöldi færslnanna er ekki bindandi.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/352 **2019/EES/49/10**

frá 15. febrúar 2017

um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að hafnir verði óaðskiljanlegur hluti samfelldrar flutninga- og vörustjórnunarkeðju til að stuðla að vexti og skilvirkari notkun og starfsemi samevrópska flutninganetsins og innri markaðarins. Þetta krefst nútímalegrar hafnarþjónustu sem stuðlar að skilvirkri notkun hafna og hagstæðu fjárfestingarumhverfi til að þróa hafnir í samræmi við núverandi kröfur og framtíðarkröfur varðandi flutninga og vörustjórnun.

2) Hafnir stuðla að samkeppnishæfni evrópskra atvinnugreina á heimsmarkaði til langs tíma og skapa, á sama tíma, virðisauka og ný störf á öllum strandsvæðum Sambandsins. Til að takast á við áskoranir, sem sjóflutningageirinn stendur frammi fyrir, og til að auka skilvirkni og sjálfbærni flutninga- og vörustjórnunarkeðja er nauðsynlegt að innleiða, samhliða þessari reglugerð, aðgerðirnar um einföldun stjórnsýslu sem settar eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 23. maí 2013 sem ber titilinn „Hafnir: tæki til að auka hagvöxt“.

3) Í orðsendingu sinni frá 3. október 2012 sem ber titilinn „Lög um innri markað II — Vinnum saman í þágu hagvaxtar“ vakti framkvæmdastjórnin máls á því að til að gera sjóflutninga eftirsóknarverðari verði hafnarþjónusta að vera aðgengileg, skilvirk og áreiðanleg og að nauðsynlegt sé að leysa álitamál er varða gagnsæi opinberrar fjármögnunar og hafnargjalda sem og einföldun stjórnsýslu í höfnum, og endurskoða takmarkanir á þjónustustarfsemi í höfnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 57, 3.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 327, 12.11.2013, bls. 111.

([2]) Stjtíð. ESB C 114, 15.4.2014, bls. 57.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. janúar 2017.

4) Bættur aðgangur að hafnarþjónustu, innleiðing gagnsæis í fjármálum og sjálfstæði hafna við sjó mun auka gæði og skilvirkni þjónustu við hafnarnotendur og stuðla að hagstæðara umhverfi með tilliti til fjármögnunar í höfnum, ásamt því að draga úr kostnaði fyrir flutningsþega og stuðla að eflingu flutninga á stuttum sjóleiðum og betri samþættingu sjóflutninga við flutninga með járnbrautum, flutninga á skipgengum vatnaleiðum og flutninga á vegum.

5) Einföldun á tollferlum getur skapað efnahagslegan ávinning fyrir hafnir við sjó með tilliti til samkeppnishæfni. Til að stuðla að sanngjarnri samkeppni og draga úr formkröfum við tollmeðferð er mikilvægt að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna samþykki viðeigandi nálgun sem er skilvirk og byggð á áhættumati. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin taki til athugunar þörfina á viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr formsatriðum við skýrslugjöf í höfnum við sjó og takast á við ósanngjarna samkeppni.

6) Skýr rammi ákvæða, sem eru gagnsæ, sanngjörn og án mismununar, í tengslum við fjármögnun hafnargrunnvirkja og hafnarþjónustu og álagningu gjalda þar að lútandi, gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja að viðskiptaáform og fjárfestingaráætlanir hverrar hafnar og, ef við á, almennur stefnurammi ríkishafna fylgi samkeppnisreglum að öllu leyti. Gagnsæi fjármálatengsla gerir einkum kleift að viðhafa sanngjarnt og skilvirkt eftirlit með ríkisaðstoð sem kemur þar með í veg fyrir markaðsröskun. Í ályktun ráðsins frá 5. júní 2014 var framkvæmdastjórnin í því skyni hvött til þess að skoða viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð við hafnir við sjó til að tryggja sanngjarna samkeppni og stöðugan lagaramma fyrir fjárfestingar í höfnum.

7) Yfirgnæfandi meirihluti skipaumferðar í Sambandinu fer um hafnir við sjó innan samevrópska flutninganetsins sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 ([1]). Til að uppfylla markmið þessarar reglugerðar með hóflegum hætti og án þess að lagðar séu ónauðsynlegar byrðar á aðrar hafnir ætti þessi reglugerð að gilda um hafnir við sjó innan samevrópska flutninganetsins, sem allar gegna mikilvægu hlutverki fyrir evrópska flutningakerfið, annaðhvort vegna þess að um höfnina fer meira en 0,1% af samanlögðum vöru- eða farþegaflutningum innan ESB eða vegna þess að höfnin bætir svæðisbundinn aðgang að eyjum eða jaðarsvæðum. Innan ramma þessarar reglugerðar ætti þó að veita aðildarríkjum möguleika á að ákveða hvort þau ætli að beita ákvæðum þessarar reglugerðar á hafnir við sjó innan heildarnetsins sem er staðsett við ystu svæði. Aðildarríkin ættu einnig að eiga kost á að innleiða undanþágur til að komast hjá óhóflegri stjórnsýslubyrði fyrir þær hafnir við sjó innan heildarnetsins þar sem árlegir vöruflutningar um höfnina réttlæta ekki að þessari reglugerð sé beitt að fullu.

8) Úthafsleiðsöguþjónusta hefur ekki bein áhrif á skilvirkni hafna þar sem þjónustan er ekki notuð fyrir beina siglingu inn í og út úr höfnum og því þarf ekki að fella þessa þjónustu undir þessa reglugerð.

9) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa nein áhrif á reglur aðildarríkjanna um skipan eignarréttar, sem gildir um hafnir við sjó, og í henni ætti að gera ráð fyrir mismunandi hafnarmannvirkjum í aðildarríkjunum.

10) Í þessari reglugerð er ekki innleitt tiltekið líkan fyrir stjórnun hafna við sjó og hún hefur ekki nein áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna, í samræmi við lög Sambandsins, til að veita þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Hægt er að nota mismunandi líkön fyrir hafnarstjórnun, að því tilskildu að ramminn um veitingu hafnarþjónustu og sameiginlegu reglurnar um gagnsæi í fjármálum, sem sett eru fram í þessari reglugerð, séu virt.

11) Í samræmi við almennar meginreglur sáttmálanna ætti veitendum hafnarþjónustu að vera frjálst að veita þjónustu sína í þeim höfnum við sjó sem falla undir þessa reglugerð. Þó ætti að vera hægt að setja tiltekin skilyrði um nýtingu þessa frelsis.

12) Þessi reglugerð ætti hvorki að takmarka möguleika hafnarstjórnar né lögbærs yfirvalds til að koma á gjaldtökukerfi, svo framarlega sem hafnargrunnvirkjagjöld, sem rekstraraðilar fljótandi fara eða eigendur farms greiða, séu gagnsæ, einkum auðgreinanleg og án mismununar, og stuðli að viðhaldi og þróun grunnvirkja og þjónustuaðstöðu og að veitingu þjónustu, sem þarf til að framkvæma eða greiða fyrir flutningastarfsemi á hafnarsvæðinu og siglingaleiðum, sem veita aðgang að þeim höfnum sem falla undir valdheimildir hafnarstjórnar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

13) Í þágu skilvirkrar, öruggrar og umhverfisvænnar hafnarstjórnunar ætti hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, að geta krafist þess að veitendur hafnarþjónustu geti sýnt fram á að þeir uppfylli lágmarkskröfur um að veita þjónustuna með viðeigandi hætti. Þessar lágmarkskröfur ætti að takmarka við skýrt afmörkuð skilyrði, að svo miklu leyti sem þessar kröfur eru gagnsæjar, hlutlægar, án mismununar, hóflegar og viðeigandi fyrir veitingu hafnarþjónustu. Í samræmi við almenn markmið þessarar reglugerðar ættu lágmarkskröfurnar að stuðla að fyrsta flokks hafnarþjónustu og ættu ekki að hafa í för með sér markaðshindranir.

14) Mikilvægt er að allir veitendur hafnarþjónustu, samkvæmt beiðni hafnarstjórnar, geti sýnt fram á að þeir geti veitt lágmarksfjölda skipa þjónustu og haft aðgang að nauðsynlegu starfsfólki og búnaði. Þeir ættu að beita viðeigandi ákvæðum og reglum, þ.m.t. gildandi vinnulöggjöf og viðeigandi kjarasamningum sem og gæðakröfum viðkomandi hafnar.

15) Þegar ákvarðað er hvort veitandi hafnarþjónustu uppfyllir kröfur um gott orðspor ætti lögbært yfirvald eða hafnarstjórn að íhuga hvort knýjandi ástæður séu til að efast um áreiðanleika veitanda hafnarþjónustunnar, t.d. hvort hann hafi verið sakfelldur eða sætt viðurlögum við alvarlegum hegningarlagabrotum eða alvarlegum brotum á gildandi lögum Sambandsins og landslögum.

16) Aðildarríkin ættu að geta krafist þess að skyldur á sviði félagsmála- og vinnulöggjafar séu uppfylltar í tengslum við starfrækslu hafnarþjónustu í viðkomandi höfn.

17) Aðildarríkin ættu að upplýsa framkvæmdastjórnina áður en ákvörðun kann að vera tekin um fánaríkiskröfu gagnvart skipum sem eru aðallega notuð við dráttar- og legufæraaðgerðir. Slík ákvörðun ætti að vera án mismununar, byggjast á gagnsæjum og hlutlægum viðmiðunum og ekki hafa í för með sér óréttmætar markaðshindranir.

18) Þegar þess er krafist að lágmarkskröfur séu uppfylltar ætti ferlið við veitingu réttinda til að veita hafnarþjónustu að vera gagnsætt, hlutlægt, hóflegt og án mismununar og ætti að gera veitendum hafnarþjónustu kleift að hefja veitingu hafnarþjónustu sinnar á tilskildum tíma.

19) Þar sem hafnir eru afmörkuð landfræðileg svæði gæti fjöldi veitenda hafnarþjónustu, í tilteknum tilvikum, takmarkast af skorti á landsvæði eða sjávarlóðum, einkennum hafnargrunnvirkis eða eðli hafnarumferðar eða nauðsynjar þess að tryggja örugga, áreiðanlega eða umhverfislega sjálfbæra hafnarstarfsemi.

20) Hvers konar takmarkanir á fjölda veitenda hafnarþjónustu ætti að rökstyðja á skýran og hlutlægan hátt og þær ættu ekki að hafa í för með sér óréttmætar markaðshindranir.

21) Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, ætti að birta þá fyrirætlun sína að framkvæma valferli í tengslum við veitingu hafnarþjónustu, þ.m.t. á Netinu og, eftir því sem við á, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Slík birting ætti að innihalda upplýsingar um valferlið, frestinn til að skila tilboðum, viðeigandi valforsendur og upplýsingar um hvernig nálgast megi viðeigandi gögn sem eru nauðsynleg til að undirbúa umsókn.

22) Til að tryggja gagnsæi og jafna meðferð ættu breytingar á ákvæðum samnings innan gildistíma hans að teljast jafngilda nýrri úthlutun samnings, þegar þær hafa í för með sér að samningurinn verður verulega frábrugðinn upprunalega samningnum, og sýna þar með vilja aðilanna um að endursemja um mikilvæga skilmála þessa samnings.

23) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að leggja á skyldu til að veita opinbera þjónustu sem tengist hafnarþjónustu.

24) Í Sambandinu eru margvíslegar hafnir við sjó sem hafa mismunandi líkön fyrir skipulag hafnarþjónustu. Þar af leiðandi myndi ekki vera viðeigandi að innleiða eitt samræmt líkan. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, ætti að geta takmarkað fjölda veitenda tiltekinnar hafnarþjónustu, ef það er réttlætanlegt af einni eða fleiri ástæðum.

25) Í 34. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ([1]) er kveðið á um að samningar, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að inna af hendi starfsemi, skulu ekki falla undir þá tilskipun ef aðildarríkið eða samningsstofnanir geta sýnt fram á að í aðildarríkinu, þar sem starfsemin á að fara fram, sé starfsemin í beinni samkeppni á mörkuðum sem aðgangur er ekki takmarkaður að. Sú málsmeðferð sem notuð er til að slá því föstu hvort sú sé raunin ætti að vera málsmeðferðin sem sett er fram í 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB. Ef því er slegið föstu, fyrir tilstuðlan þessarar málsmeðferðar, að hafnargeirinn eða undirgeiri hans ásamt hafnarþjónustu, eigi í slíkri beinni samkeppni er, af þessum sökum, við hæfi að geirinn falli ekki undir reglurnar um takmarkanir á markaðsaðgangi samkvæmt þessari reglugerð.

26) Nema undanþága um samkeppnismarkað gildi ætti hafnarstjórn eða lögbært yfirvald að birta fyrir fram sérhverja fyrirætlun um að takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu og færa fullnægjandi rök fyrir henni til að gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með athugasemdir.

27) Ef hafnarstjórn eða lögbært yfirvald sér sjálft um að veita hafnarþjónustu eða veitir hana fyrir tilstuðlan lagalega aðgreinds aðila sem það stjórnar sjálft, með beinum eða óbeinum hætti, ætti að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja sanngjarnan og gagnsæjan markaðsaðgang að hafnarþjónustu þegar fjöldi veitenda hafnarþjónustu er takmarkaður. Slíkar ráðstafanir gætu m.a. verið með því sniði að viðeigandi landsyfirvaldi, sem er óháð hafnarstjórn eða lögbæru yfirvaldi, verði falið að samþykkja ákvörðunina um að takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu.

28) Sá möguleiki að setja lágmarkskröfur og takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu, sem aðildarríkin geta enn nýtt sér, ætti ekki að koma í veg fyrir að þau tryggi ótakmarkað frelsi til að veita þjónustu í höfnum sínum.

29) Birta ætti opinberlega ferlið við val á veitendum hafnarþjónustu sem og niðurstöður úr því og ætti ferlið að fara fram án mismununar, vera gagnsætt og opið öllum hagsmunaaðilum.

30) Eina réttlætanlega ástæðan fyrir því að leggja á skyldu til að veita opinbera þjónustu, sem leiðir til takmörkunar á fjölda veitenda hafnarþjónustu, ætti að varða almannahagsmuni, í því skyni að tryggja aðgengi allra notenda að hafnarþjónustu, aðgengi að hafnarþjónustu allt árið, viðráðanlegt verð á hafnarþjónustunni fyrir tiltekinn hóp notenda, öryggi hafnar, hafnarvernd eða umhverfislega sjálfbærni hafnarstarfsemi sem og samheldni milli svæða.

31) Jafnvel þótt landsyfirvöld ákvarði og innleiði skyldur til að veita opinbera þjónustu ætti ekki að líta á almenna skyldu, sem fastsett er í lögum Sambandsins eða landslögum, um móttöku sérhvers skips í höfn, sem getur af eigin rammleik siglt inn í höfn og lagst að bryggju, án mismununar eða hindrana, sem skyldu um opinbera þjónustu að því er þessa reglugerð varðar.

32) Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld greiði bætur vegna aðgerða, sem gripið er til, í því skyni að uppfylla skylduna um að veita opinbera þjónustu, að því tilskildu að slíkar bætur samrýmist viðeigandi reglum um ríkisaðstoð. Ef skylda til að veita opinbera þjónustu telst þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, er nauðsynlegt að tryggja að farið sé að kröfum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB ([2]) og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 ([3]) sem og að orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. janúar 2012 sem ber titilinn „Rammi Evrópusambandsins um ríkisaðstoð í formi bóta vegna opinberrar þjónustu“.

33) Ef um er að ræða marga aðila sem veita hafnarþjónustu ætti hafnarstjórn eða lögbært yfirvald ekki að gera upp á milli þeirra og sér í lagi hvorki að hygla fyrirtæki né stofnun þar sem þessir aðilar hafa sjálfir hagsmuna að gæta.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtíð. ESB, L 7, 11.1.2012, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8).

34) Hafnarstjórn eða lögbært yfirvald ætti að geta valið hvort það veitir hafnarþjónustuna sjálft eða felur innri rekstraraðila að sjá um veitingu slíkrar þjónustu. Ef um er að ræða takmarkaðan fjölda veitenda hafnarþjónustu ættu innri rekstraraðilar að einskorða veitta hafnarþjónustu einungis við þá höfn eða þær hafnir sem þeim hefur verið úthlutað, nema í þeim tilvikum þar sem undanþága vegna samkeppnismarkaðar gildir.

35) Aðildarríkin ættu að viðhalda rétti sínum til að tryggja viðunandi félagslegt vernd fyrir starfsfólk fyrirtækja sem veita hafnarþjónustu. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á það hvernig aðildarríkin beita reglum á sviði félagsmála- og vinnuréttar. Rétt þykir að skýra að í þeim tilvikum þar sem tilskipun ráðsins 2001/23/EB ([1]) á ekki við og gerð samnings um hafnarþjónustu felur í sér að skipt sé um veitanda hafnarþjónustu, ætti hafnarstjórn eða lögbært yfirvald, samt sem áður, að geta krafist þess að réttindi og skyldur fyrrum veitanda hafnarþjónustu, sem stafa af ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem er í gildi á þeim degi sem breytingin tekur gildi, yfirfærist á nýlega tilnefndan veitanda hafnarþjónustu.

36) Þegar ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fela í sér vinnslu persónuupplýsinga ætti slík vinnsla að fara fram í samræmi við gildandi lög Sambandsins og einkum í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]).

37) Í flóknum og samkeppnishæfum geira eins og hafnarþjónustu er grunnþjálfun og reglubundin þjálfun starfsfólks nauðsynleg til að tryggja gæði þjónustunnar og vernda heilbrigði og öryggi hafnarstarfsmanna. Aðildarríkin ættu því að tryggja að veitendur hafnarþjónustu sjái starfsmönnum sínum fyrir fullnægjandi þjálfun.

38) Í mörgum höfnum eru notaðir opinberir samningar til að gefa þjónustuveitendum á sviði meðhöndlunar farms og farþegaþjónustu aðgang að markaðnum. Evrópudómstóllinn hefur staðfest að lögbær yfirvöld séu bundin af meginreglunni um gagnsæi og banni við mismunun þegar þau gera slíka samninga. Jafnvel þótt II. kafli þessarar reglugerðar ætti ekki að gilda um veitingu þjónustu vegna farmmeðferðar- og farþegaþjónustu ætti aðildarríkjum áfram að vera frjálst að beita reglum II. kafla í tengslum við þessa þjónustu eða halda núverandi landslögum sínum um markaðsaðgang að því er varðar farmmeðferðar- og farþegaþjónustu, samhliða því að virða meginreglurnar sem settar eru fram í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

39) Samkvæmt ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.960 er nauðsynlegt að á hverju hafnsögusvæði sé hafnsögumaður sem býr yfir mjög sérhæfðri reynslu og sé staðkunnugur svæðinu. Enn fremur er hafnsöguþjónusta almennt skyldubundin og sjá aðildarríkin oft sjálf um að skipuleggja eða veita þessa þjónustu. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ([3]) er hafnsögumönnum enn fremur falið það hlutverk að greina lögbærum yfirvöldum frá augljósum frávikum sem gætu ógnað öruggri siglingu fljótandi fars eða stofnað í hættu eða skaðað sjávarumhverfið. Þar sem öryggisskilyrði leyfa það er auk þess mikilvægt að öll aðildarríkin hvetji til notkunar skírteina um undanþágu frá hafnsöguþjónustu (e. *Pilotage Exemption Certificates*), eða svipaðs fyrirkomulags, til að auka skilvirkni í höfnum og sér í lagi til að efla flutninga á stuttum sjóleiðum. Til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra á milli slíkra verkefna í almannaþágu og viðskiptalegra aðstæðna ætti II. kafli þessarar reglugerðar ekki að gilda um hafnsöguþjónustu. Aðildarríkin ættu þó áfram að hafa frelsi til að ákveða hvort þau beiti II. kafla í tengslum við hafnsöguþjónustu. Ef þau taka slíka ákvörðun ætti framkvæmdastjórnin að vera upplýst um það til að tryggja dreifingu viðeigandi upplýsinga.

40) Án þess að hafa áhrif á samkeppnisreglur Sambandsins ætti þessi reglugerð ekki að ganga gegn rétti aðildarríkjanna, eftir atvikum, til að setja gjaldskrá í því skyni að koma í veg fyrir of há gjöld fyrir hafnarþjónustu í tilvikum þar sem staðan á hafnarþjónustumarkaðnum er slík að ekki er hægt að viðhafa virka samkeppni.

([1]) Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar (Stjtíð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

41) Fjármálatengsl milli hafna við sjó, sem taka við opinberu fjármagni, og veitenda hafnarþjónustu annars vegar og opinberra yfirvalda hins vegar ættu að vera gagnsæ til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og koma í veg fyrir markaðsröskun. Í þessu tilliti ætti í þessari reglugerð að rýmka gildissvið meginreglna um gagnsæi fjármálatengsla, sem sett eru fram í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB ([1]), þannig að þau taki til annarra viðtakenda, sbr. þó gildissvið þeirrar tilskipunar.

42) Í þessari reglugerð er nauðsynlegt að setja fram reglur um gagnsæi fjármálatengsla til að koma í veg fyrir ójafna samkeppni milli hafna í Sambandinu, einkum þar sem hafnir innan samevrópska flutninganetsins uppfylla skilyrðin til að sækja um fjármögnun frá Sambandinu fyrir tilstuðlan sjóðsins fyrir samtengda Evrópu sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ([2]).

43) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og gagnsæi við úthlutun og nýtingu á opinberu fjármagni og til að koma í veg fyrir markaðsröskun er nauðsynlegt að hafnarstjórn, sem þiggur opinbert fé á sama tíma og hún starfar einnig sem þjónustuveitandi, verði gert að halda reikningum fyrir starfsemi, sem kostuð er með opinberu fjármagni og stunduð í krafti hlutverks hennar sem hafnarstjórn, aðskildum frá reikningum fyrir starfsemi sem framkvæmd er á samkeppnisgrundvelli. Í öllu falli ætti að tryggja að farið sé að reglum um ríkisaðstoð.

44) Þegar unnið að dýpkun innan hafnarsvæðis, á vegum hafnar eða annarrar einingar, ætti að halda reikningum vegna dýpkunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi, til að tryggja gagnsæi.

45) Án þess að hafa áhrif á lög Sambandsins og heimildir framkvæmdastjórnarinnar er mikilvægt að framkvæmdastjórnin greini, með tímanlegum hætti og í samráði við alla hagsmunaaðila, hvaða fjárfestingar opinberra aðila í hafnargrunnvirkjum falla undir gildissvið reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 ([3]) (reglugerð um almenna hópundanþágu) og hvaða grunnvirki falla ekki undir gildissvið ríkisaðstoðar, með tilliti til þess að tiltekin grunnvirki eru ekki af efnahagslegum toga, þ.m.t. aðgangs- og varnargrunnvirki, að því tilskildu að allir hugsanlegir notendur hafi aðgang að þeim á jafnréttisgrundvelli og án mismununar.

46) Hafnarþjónustugjöld, sem veitendur hafnarþjónustu leggja á innan ramma skyldunnar til að veita opinbera þjónustu, og gjöld fyrir hafnsöguþjónustu, sem er ekki veitt á grundvelli virkrar samkeppni, gætu falið í sér meiri hættu á verðlagsmisnotkun í þeim tilvikum þar sem einokunarstaða ríkir. Fyrir slíka þjónustu ætti að gera ráðstafanir til að tryggja að gjöldin séu ákveðin með gagnsæjum, hlutlægum hætti og án mismununar sem og þannig að þau séu í hlutfallslegu samræmi við kostnað þjónustunnar sem veitt er.

47) Fyrir skilvirkni sakir ætti að ákvarða hafnargrunnvirkjagjöld í hverri höfn á gagnsæjan hátt í samræmi við viðskiptaáform og fjárfestingaráætlanir hverrar hafnar fyrir sig og, ef við á, í samræmi við almennar kröfur sem mælt er fyrir um innan ramma almennrar stefnu viðkomandi aðildarríkis í hafnarmálum.

48) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á rétt hafna og viðskiptavina þeirra til að semja, eftir atvikum, um afslætti sem eru háðir viðskiptaleynd. Markmiðið með þessari reglugerð er ekki að krefjast þess að almenningur eða þriðju aðilar séu upplýstir um slíka afslætti. Hins vegar ætti hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, a.m.k. að birta stöðluð gjöld áður en verðmismunun verður reyndin.

49) Leyfa ætti breytileika í hafnargrunnvirkjagjöldum til að efla flutninga á stuttum sjóleiðum og laða að fljótandi för með árangur yfir meðallagi á sviði umhverfismála og orku- eða kolefnisnýtni innan flutningastarfsemi, einkum flutninga á sjó eða starfsemi á landi þeim tengdum. Þetta ætti að stuðla að því að stefnumarkmið á sviði umhverfis og loftslagsbreytinga náist og sjálfbærri þróun hafnar og umhverfis hennar, einkum með því að stuðla að því að draga úr umhverfissporum fljótandi fara sem koma til hafnar og dvelja þar.

([1]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

50) Með hliðsjón af stefnu hafnarinnar á sviði efnahagsmála, stefnu hafnarinnar á sviði skipulagsáætlunar eða viðskiptaháttum hafnarinnar og, ef við á, almennri stefnu viðkomandi aðildarríkis á sviði hafnarmála, getur breytileiki hafnargrunnvirkjagjalda leitt til þess að gjöld fyrir tiltekinn flokk notenda séu fastsett við núll. Slíkir flokkar notenda gætu m.a. verið sjúkraskip, skip í leiðangri sem tengist vísindum, menningu eða mannúðarmálum, dráttarbátar og fljótandi þjónustubúnaður hafnarinnar.

51) Í samstarfi við aðildarríkin ætti framkvæmdastjórnin að útfæra leiðbeiningar um sameiginlegar flokkunarviðmiðanir fyrir skip í tengslum við valfrjálst umhverfisgjald, að teknu tilliti til alþjóðlega viðurkenndra staðla.

52) Nauðsynlegt er að tryggja að haft sé samráð við notendur hafna og aðra hagsmunaaðila um mikilvæg málefni sem tengjast heilbrigðri þróun hafnarinnar, stefnu hennar í gjaldtöku ásamt árangri hennar og getu til að laða að og skapa atvinnustarfsemi. Undir slík mikilvæg málefni fellur samræming hafnarþjónustu innan hafnarsvæðisins, skilvirkni tenginga við upplandið og skilvirkni stjórnsýslu í höfnum sem og umhverfismál. Slíkt samráð ætti hvorki að hafa áhrif á aðrar, sérstakar valdheimildir, sem tengjast þessum málefnum, né heldur á möguleika aðildarríkjanna að halda slíka samráðsfundi í einstökum ríkjum. Hafnarstjórn ætti einkum að hafa samráð við notendur hafna og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila varðandi áætlanir um þróun hafnarinnar.

53) Til að tryggja rétta og skilvirka beitingu þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin að tryggja að til staðar sé skilvirk málsmeðferð um meðferð kvartana.

54) Yfirvöld aðildarríkja ættu að vinna saman við meðhöndlun kvartana í deilumálum aðila, sem eru með staðfestu í öðrum aðildarríkjum, og ættu að skiptast á almennum upplýsingum um meðferð kvartana til að greiða fyrir samræmdri beitingu þessarar reglugerðar.

55) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja ramma um veitingu hafnarþjónustu sem og um viðeigandi ramma til að laða að nauðsynlegar fjárfestingar í öllum höfnum við sjó innan samevrópska flutninganetsins, vegna Evrópuvíddarinnar eða þess að höfnin og viðkomandi siglingageiri eru í eðli sínu alþjóðleg og ná yfir landamæri, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess að nauðsynlegt er að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum í Evrópu, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þeim markmiðum.

56) Viðræðunefnd starfsgreina innan hafnargeirans á vettvangi ESB skapar ramma fyrir aðila vinnumarkaðarins til að þróa sameiginlega nálgun að félagslegum áskorunum að því er varðar tengsl milli aðila vinnumarkaðarins í höfnum, þ.m.t. vinnuskilyrði, málefni er varða heilbrigði og öryggi, þjálfunarkröfur og faglega menntun og hæfi. Þennan ramma ætti að þróa, einkum í ljósi markaðs- og tækniþróunar, og gera ætti geirann eftirsóknarverðari fyrir ungt starfsfólk af báðum kynjum á vinnumarkaðnum, jafnframt því að tekið sé tillit til mikilvægis þess að standa vörð um samkeppnishæfni evrópskra hafna við sjó og stuðla að góðum vinnuskilyrðum. Með fullri virðingu fyrir sjálfræði aðila vinnumarkaðarins og að teknu tilliti til tæknilegra framfara og framþróunar á sviði vörustjórnunar er viðræðunefnd starfsgreina fyrir hafnargeirann á vettvangi ESB hvött til að útbúa leiðbeiningar um þróun þjálfunarkrafna til að koma í veg fyrir slys á vinnustaðnum og tryggja hafnarstarfsmönnum heilbrigði og öryggi á hæsta mögulega stigi. Aðilar vinnumarkaðarins ættu einnig að kanna mismunandi skipulagslíkön fyrir vinnuafl í höfnum við sjó sem tryggir gæðastörf og örugg vinnuskilyrði ásamt því að bregðast við sveiflum í eftirspurn eftir vinnu í höfnum. Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin styðji og greiði fyrir vinnu viðræðunefndar starfsgreina fyrir hafnargeirann á vettvangi ESB.

57) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er komið á:

a) ramma um veitingu hafnarþjónustu,

b) sameiginlegum reglum um gagnsæi í fjármálum og um hafnarþjónustu- og hafnargrunnvirkjagjöld.

2. Þessi reglugerð gildir um veitingu eftirfarandi flokka hafnarþjónustu („hafnarþjónusta“), ýmist á hafnarsvæðinu eða á siglingaleiðinni að höfninni:

a) eldsneytistöku,

b) meðhöndlun farms,

c) festarþjónustu,

d) farþegaþjónustu,

e) söfnun úrgangs og farmleifa frá skipum,

f) hafnsöguþjónustu og

g) dráttarbátaþjónustu.

3. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. gilda einnig um dýpkun.

4. Þessi reglugerð gildir um allar hafnir við sjó innan samevrópska flutninganetsins sem skráðar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1315/2013.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að þessi reglugerð gildi ekki um hafnir við sjó innan heildarnetsins, sem eru staðsettar við ystu svæðin sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ef aðildarríki ákveða að þessi reglugerð gildi ekki um slíkar hafnir við sjó skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka ákvörðun.

6. Aðildarríkin geta einnig ákveðið að þessi reglugerð gildi um aðrar hafnir við sjó. Ef aðildarríkin ákveða að þessi reglugerð gildi um aðrar hafnir við sjó skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka ákvörðun.

7. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB ([1]) og 2014/24/ESB ([2]) og tilskipun 2014/25/ESB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „eldsneytistaka“: afgreiðsla til fljótandi fars, sem liggur við bryggju, á föstu, fljótandi eða loftkenndu eldsneyti eða hvers konar orkugjafa, sem notaður er til að knýja fljótandi farið, ásamt því að vera almennur og sértækur orkugjafi um borð í fljótandi farinu,

2) „meðhöndlun farms“: skipulagning og meðhöndlun farms milli fljótandi fars, sem flytur hann, og lands, hvort heldur sem er í tengslum við innflutning, útflutning eða umskipun farms, þ.m.t. meðhöndlun, sjóbúningur, losun, stöflun, flutningur og tímabundin geymsla farms í viðeigandi farmmeðhöndlunarstöð og í beinum tengslum við flutning farms, að undanskilinni hýsingu í vörugeymslu, tæmingu (e. *stripping*), endurpökkun eða annarri virðisaukandi þjónustu sem tengist farminum, nema aðildarríkið ákveði annað.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).
([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

3) „lögbært yfirvald“: opinber aðili eða einkaaðili sem hefur heimild, á staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum vettvangi, til að annast starfsemi, samkvæmt landslögum eða landsbundnum gerningum, sem varðar skipulagningu og stjórnun hafnarstarfsemi, í tengslum við hafnarstjórn eða í staðinn fyrir hana,

4) „dýpkun“: í því skyni að gera fljótandi förum kleift að komast að höfninni er sandur, setlög eða önnur efni fjarlægð frá botni siglingaleiðar að höfninni eða innan hafnarsvæðisins, sem fellur undir valdheimildir hafnarstjórnar, þ.m.t. förgun efnisins sem er fjarlægt, og tekur þetta bæði til upphaflegrar losunar (stofndýpkun) og viðhaldsdýpkunar, sem er framkvæmd til að halda siglingaleiðinni opinni, án þess að teljast hafnarþjónusta fyrir notendur,

5) „hafnarstjórn“: opinber aðili eða einkaaðili sem hefur það hlutverk samkvæmt landslögum eða landsbundnum gerningum að stjórna og hafa umsjón með hafnargrunnvirkjum, eða hefur valdheimildir til þess, á staðbundnum vettvangi, mögulega í tengslum við aðra starfsemi, ásamt því að sinna einu eða fleiri af eftirfarandi verkefnum í viðkomandi höfn: samræmingu hafnarumferðar, stjórnun hafnarumferðar, samræmingu starfsemi rekstraraðila í viðkomandi höfn og vöktun starfsemi rekstraraðila í viðkomandi höfn,

6) „festarþjónusta“: þjónusta við að leggja skipum að eða frá bryggju, þ.m.t. að draga skip meðfram viðlegubryggju, sem krafist er fyrir örugga starfrækslu fljótandi fars í höfninni, eða á siglingaleiðinni að höfninni,

7) „farþegaþjónusta“: móttaka og meðhöndlun farþega, farangurs þeirra og ökutækja milli fljótandi farsins, sem flytur þau, og lands, og felur einnig í sér vinnslu persónuupplýsinga og flutning farþega innan viðkomandi farþegamiðstöðvar,

8) „hafnsöguþjónusta“: leiðsöguþjónusta fyrir fljótandi för sem er í höndum hafnsögumanns eða hafnsögustöðvar til að tryggja örugga komu eða brottför fljótandi fars í höfn á siglingaleið að höfninni eða örugga siglingu fars innan hafnarinnar,

9) „hafnargrunnvirkjagjald“: gjald sem lagt er á, beint eða óbeint, í þágu hafnarstjórnar eða lögbærs yfirvalds, fyrir notkun á grunnvirkjum, aðstöðu og þjónustu, þ.m.t. siglingaleið að viðkomandi höfn, sem og aðgangur að þjónustu fyrir afgreiðslu farþega og farms en að undanskildum gjöldum fyrir lóðarleigu og gjöldum sem hafa jafngild áhrif,

10) „söfnun úrgangs og farmleifa frá skipum“: móttaka úrgangs og farmleifa frá skipum í hvers konar aðstöðu, hvort sem um er að ræða fasta, fljótandi eða hreyfanlega aðstöðu, sem nota má til að taka á móti úrgangi og farmleifum frá skipum, eins og það er skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB ([1]),

11) „hafnarþjónustugjald“: gjald sem lagt er á í þágu veitanda hafnarþjónustu og greiðist af notendum viðkomandi þjónustu,

12) „hafnarþjónustusamningur“: formlegur og lagalega bindandi samningur eða gerningur, sem hefur jafngild réttaráhrif, milli veitanda hafnarþjónustu og hafnarstjórnar, eða lögbærs yfirvalds, sem varðar veitingu hafnarþjónustu, einn eða fleiri flokka þjónustu, sbr. þó aðferðina sem notuð er til að tilnefna veitendur hafnarþjónustu,

13) „veitandi hafnarþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem býður upp á eða óskar eftir því að bjóða upp á einn eða fleiri flokka hafnarþjónustu gegn þóknun,

14) „skylda til að veita opinbera þjónustu“: krafa sem skilgreind er eða ákvörðuð til að tryggja veitingu hafnarþjónustu eða -starfsemi sem varðar almannahagsmuni, sem rekstraraðili, ef hann tæki mið af eigin viðskiptahagsmunum, myndi ekki taka að sér eða ekki að sama marki eða samkvæmt sömu skilyrðum,

15) „flutningur á stuttum sjóleiðum“: flutningur farms og farþega sjóleiðis milli hafna sem staðsettar eru í Evrópu (landfræðilega séð) eða milli þessara hafna og hafna sem staðsettar eru í löndum utan Evrópu með strandlengju við innhöf sem liggja að landamærum Evrópu,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).

16) „höfn við sjó“: landsvæði og hafsvæði, sem samanstanda af grunnvirkjum og búnaði þar sem fyrst og fremst er hægt að taka á móti fljótandi förum, ferma og afferma þau, geyma vörur, taka á móti og afhenda þessar vörur og þar sem farþegar, áhöfn og aðrir einstaklingar geta farið að og frá borði, og hvers konar önnur grunnvirki sem nauðsynleg eru fyrir flutningsaðila innan hafnarsvæðisins,

17) „dráttarbátaþjónusta“: aðstoð sem dráttarbátur veitir fljótandi fari til að tryggja örugga siglingu inn í eða út úr höfn eða örugga siglingu innan hafnarinnar með því að aðstoða fljótandi farið við stjórntök þess,

18) „siglingaleið“: aðgangur að höfn frá opnu hafi, t.d. aðkomuleiðir að höfnum, innsiglingaleiðir, ár, sjóskipaskurðir og firðir, að því tilskildu að slík siglingaleið falli undir valdheimildir hafnarstjórnarinnar.

II. KAFLI

VEITING HAFNARÞJÓNUSTU

3. gr.

Skipulag hafnarþjónustu

1. Aðgangur að markaði til að veita hafnarþjónustu í höfnum við sjó getur, samkvæmt þessari reglugerð, verið háður:

a) lágmarkskröfum um veitingu hafnarþjónustu,

b) takmörkunum á fjölda veitenda,

c) skyldum til að veita opinbera þjónustu,

d) takmörkunum sem tengjast innri rekstraraðilum.

2. Aðildarríkin geta ákveðið í landslögum sínum að engin þeirra skilyrða sem um getur í 1. mgr. gildi um einn eða fleiri flokka hafnarþjónustu.

3. Skilmálar sem gilda um aðgang að aðstöðu, tækjum og búnaði í höfninni skulu vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar.

4. gr.

Lágmarkskröfur um veitingu hafnarþjónustu

1. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, getur krafist þess að veitendur hafnarþjónustu, þ.m.t. undirverktakar, uppfylli lágmarkskröfur um að veita viðkomandi hafnarþjónustu.

2. Lágmarkskröfurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., mega einungis gilda um eftirfarandi:

a) faglega menntun og hæfi veitanda hafnarþjónustu, starfsfólks hans eða þeirra einstaklinga sem hafa í raun og að staðaldri umsjón með starfsemi veitanda hafnarþjónustu,

b) fjárhagslega getu veitanda hafnarþjónustu,

c) þann búnað sem nauðsynlegur er til að veita viðeigandi hafnarþjónustu við eðlileg og örugg skilyrði og getuna til að viðhalda þessum búnaði í tilskildu ástandi,

d) aðgengi að viðeigandi hafnarþjónustu á öllum bryggjum, án raskana, dag sem nótt, allt árið um kring, fyrir alla notendur,

e) uppfyllingu krafna um siglingaöryggi eða öryggi hafnarinnar og hafnarvernd eða aðgang að höfninni, tækjum hennar, búnaði, starfsfólki og öðrum einstaklingum,

f) uppfyllingu staðbundinna, landsbundinna og alþjóðlegra umhverfiskrafna sem og umhverfiskrafna Sambandsins,

g) uppfyllingu skyldna á sviði félagsmála- og vinnulöggjafar, sem gilda í aðildarríki viðkomandi hafnar, þ.m.t. skilmálar gildandi kjarasamninga, kröfur um mönnun og kröfur um vinnu- og hvíldartíma farmanna, og gildandi reglna um vinnueftirlit,

h) óflekkað mannorð veitanda hafnarþjónustu, eins og ákveðið er í samræmi við gildandi landslög um óflekkað mannorð, að teknu tilliti til knýjandi ástæðna til að efast um áreiðanleika veitanda hafnarþjónustu.

3. Ef aðildarríki telur nauðsynlegt að taka ákvörðun um fánaríkiskröfu gagnvart fljótandi förum, sem eru aðallega notuð við dráttar- og legufæraaðgerðir, í höfnum sem eru staðsettar á yfirráðasvæði þess, til að tryggja að farið sé að fullu að g-lið 2. mgr., skal aðildarríkið upplýsa framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína áður en útboðstilkynningin er birt eða, ef engin slík útboðstilkynning er fyrir hendi, áður en það tekur ákvörðun um viðkomandi fánaríkiskröfu, sbr. þó 4. mgr.

4. Lágmarkskröfur skulu:

a) vera gagnsæjar, hlutlægar, án mismununar, viðeigandi og í hlutfallslegu samræmi við flokk og eðli viðkomandi hafnarþjónustu,

b) uppfylltar, þar til réttindin til að veita hafnarþjónustu falla úr gildi.

5. Ef lágmarkskröfurnar innihalda sértæka þekkingu á staðbundnum aðstæðum skal hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, tryggja að aðgangur að upplýsingum sé fullnægjandi samkvæmt gagnsæjum skilyrðum án mismununar.

6. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, birta lágmarkskröfurnar, sem um getur í 2. mgr., og ferlið við veitingu réttinda til að veita hafnarþjónustu, í samræmi við þessar kröfur, eigi síðar en 24. mars 2019, eða, að því er varðar lágmarkskröfur, sem eiga að taka gildi eftir þann dag, a.m.k. þremur mánuðum áður en þessar kröfur eiga að taka gildi. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal upplýsa veitendur hafnarþjónustu um það fyrir fram ef einhverjar breytingar verða á viðmiðunum og ferlinu.

7. Þessi grein gildir án þess að hafa áhrif á 7. gr.

5. gr.

Málsmeðferð til að tryggja að farið sé að lágmarkskröfum

1. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal koma fram við veitendur hafnarþjónustu með gagnsæjum, hlutlægum og viðeigandi hætti án mismununar.

2. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal veita eða synja veitanda um rétt til að veita hafnarþjónustu á grundvelli þeirra lágmarkskrafna sem settar eru í samræmi við 4. gr., innan tilskilins tíma, sem þó má aldrei vera lengri en fjórir mánuðir, frá móttöku beiðni um að veita slík réttindi og nauðsynleg gögn.

3. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal rökstyðja slíka synjun með tilhlýðilegum hætti á grundvelli lágmarkskrafnanna sem settar eru fram í 2. mgr. 4. gr.

4. Sérhver takmörkun eða svipting hafnarstjórnar eða lögbærs yfirvalds á réttinum til að veita hafnarþjónustu skal vera rökstudd á tilhlýðilegan hátt og samrýmast 1. mgr.

6. gr.

Takmarkanir á fjölda veitenda hafnarþjónustu

1. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, getur takmarkað fjölda veitenda hafnarþjónustu fyrir tiltekna hafnarþjónustu af einni eða fleiri eftirfarandi ástæðum:

a) ef skortur er á landsvæði eða sjávarlóðum eða slík svæði eru frátekin til annarra nota, að því tilskildu að takmörkunin samrýmist ákvörðunum eða áætlunum hafnarstjórnar og, eftir því sem við á, annarra opinberra yfirvalda í samræmi við landslög,

b) vöntun á slíkri takmörkun, sem kemur í veg fyrir að hægt sé að veita opinbera þjónustu, eins og kveðið er á um í 7. gr., þ.m.t. þegar slík vöntun leiðir til óhóflega mikils kostnaðar við að sinna slíkum skyldum fyrir hafnarstjórn, lögbært yfirvald eða notendur hafna,

c) vöntun á slíkri takmörkun, sem stangast á við nauðsyn þess að tryggja örugga, áreiðanlega eða umhverfislega sjálfbæra hafnarstarfsemi,

d) ef eðli hafnargrunnvirkis eða eðli hafnarumferðar er þannig að ógerlegt reynist að hafa marga veitendur hafnarþjónustu í höfninni,

e) ef ákveðið hefur verið, skv. 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, að hafnargeirinn eða undirgeiri hans ásamt tilheyrandi hafnarþjónustu, í aðildarríki annist starfsemi sem er háð samkeppnisskilyrðum í samræmi við 34. gr. þeirrar tilskipunar. Í slíkum tilvikum skulu 2. og 3. mgr. þessarar greinar ekki gilda.

2. Til að gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að leggja fram athugasemdir innan tilskilins tíma skal hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, birta allar tillögur um takmörkun á fjölda veitenda hafnarþjónustu, í samræmi við 1. mgr., ásamt rökstuðningi fyrir því, a.m.k. þremur mánuðum áður en ákvörðun um að takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu hefur verið samþykkt.

3. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal birta samþykkta ákvörðun um að takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu.

4. Ef hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, ákveður að takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu skal hún fylgja valferli sem skal vera opið öllum hagsmunaaðilum, án mismununar og gagnsætt. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal birta upplýsingar um hafnarþjónustuna sem á að veita, sem og um valferlið, og skal tryggja að allar mikilvægar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar hagsmunaaðilum til að geta undirbúið umsóknir sínar, séu í raun aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum. Hagsmunaaðilum skal gefinn nægur tími til að gera þeim kleift að framkvæma markvisst mat og undirbúa umsóknir sínar. Við eðlilegar kringumstæður skal slíkur frestur vera að lágmarki 30 dagar.

5. Ákvæði 4. mgr. gilda ekki í þeim tilvikum sem um getur í e-lið 1. mgr. 7. mgr. þessarar greinar og í 8. gr.

6. Þegar hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, sér annaðhvort sjálft um að veita hafnarþjónustu eða veitir hana fyrir tilstuðlan lagalegs aðgreinds aðila, sem hún stjórnar sjálf með beinum eða óbeinum hætti, skal hlutaðeigandi aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ef slíkar ráðstafanir eru ekki fyrir hendi skulu veitendur ekki vera færri en tveir, nema ein eða fleiri af ástæðunum, sem tilgreindar eru í 1. mgr., réttlæti að fjöldi veitenda hafnarþjónustu verði takmarkaður við einungis einn veitanda.

7. Aðildarríkin geta ákveðið að hafnir þeirra innan heildarnetsins, sem uppfylla ekki viðmiðanirnar í b-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013, megi takmarka fjölda þjónustuveitenda fyrir tiltekna hafnarþjónustu. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka ákvörðun.

7. gr.

Skylda til að veita opinbera þjónustu

1. Aðildarríkin geta ákveðið að leggja þær skyldur á veitendur hafnarþjónustu að veita opinbera þjónustu sem tengist hafnarþjónustu og geta falið hafnarstjórn, eða lögbæru yfirvaldi, að leggja á slíkar skyldur, til að tryggja a.m.k. eitt af eftirfarandi:

a) aðgengi að hafnarþjónustu á öllum bryggjum, án raskana, dag sem nótt, allt árið um kring, fyrir alla notendur hafna,

b) aðgengi að þjónustu fyrir alla notendur á jafnréttisgrundvelli,

c) viðráðanlegt verð þjónustunnar fyrir tiltekinn flokk notenda,

d) öryggi hafnar, hafnarvernd eða umhverfislega sjálfbærni hafnarstarfsemi,

e) að almenningi sé veitt viðunandi flutningaþjónusta og

f) samheldni milli svæða.

2. Skyldan til að veita opinberu þjónustuna, sem um getur í 1. mgr., skal vera skýrt skilgreind, gagnsæ, sanngreinanleg og án mismununar, og tryggja jafnan aðgang allra veitenda hafnarþjónustu sem hafa staðfestu í Sambandinu.

3. Ef aðildarríki ákveður að leggja á skyldur um opinbera þjónustu fyrir sömu þjónustu í öllum höfnum sínum við sjó, sem falla undir þessa reglugerð, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar skyldur.

4. Ef röskun verður á hafnarþjónustu, sem fellur undir opinbera þjónustuskyldu, eða þegar bráð hætta er á að slík staða komi upp, getur hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, gripið til neyðarráðstafana. Neyðarráðstöfunin getur verið milliliðalaus úthlutun þar sem öðrum veitanda er falið að veita þjónustuna í allt að tvö ár. Á því tímabili skal hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, annaðhvort hefja nýtt ferli til að velja veitanda hafnarþjónustu eða beita 8. gr. Sameiginlegar kjaraaðgerðir á vinnumarkaði, sem fara fram í samræmi við landslög, teljast ekki til röskunar á hafnarþjónustu sem getur haft í för með sér að gripið sé til neyðarráðstafana.

8. gr.

Innri rekstraraðili

1. Án þess að hafa áhrif á 6. mgr. 6. gr. getur hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, ákveðið annaðhvort að veita hafnarþjónustuna sjálf eða fyrir tilstuðlan sjálfstæðs lögaðila, sem hún hefur yfirráð yfir, sem svipar til þeirra yfirráða sem hún hefur yfir eigin deildum, að því tilskildu að 4. gr. gildi jafnt fyrir alla rekstraraðila sem veita viðkomandi hafnarþjónustu. Í slíku tilviki telst veitandi hafnarþjónustu vera innri rekstraraðili að því er þessa reglugerð varðar.

2. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, telst aðeins hafa yfirráð yfir sjálfstæðum lögaðila, sem svipar til þess yfirráðs sem hún hefur yfir eigin deildum, ef hún hefur afgerandi áhrif bæði á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir hlutaðeigandi lögaðila.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 6. gr. skulu störf innri rekstraraðila takmarkast við að veita hafnarþjónustuna, sem honum hefur verið úthlutað, einungis í þeirri eða þeim höfnum þar sem honum hefur verið úthlutað að veita hafnarþjónustu.

9. gr.

Verndun réttinda starfsmanna

1. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á beitingu félagsmála- og vinnulöggjafar í aðildarríkjunum.

2. Án þess að hafa áhrif á lög Sambandsins og landslög, þ.m.t. gildandi kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins, skal hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, krefjast þess að tilnefndur veitandi hafnarþjónustu tryggi að vinnuskilyrði starfsfólks samrýmist gildandi skyldum á sviði félagsmála- og vinnulöggjafar og fari að félagslegum kröfum, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins, landslögum eða kjarasamningum.

3. Ef um er að ræða breytingu á stöðu veitanda hafnarþjónustu, vegna veitingu sérleyfis eða opinbers samnings, getur hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, krafist þess að réttindi og skyldur fyrrum veitanda hafnarþjónustu, sem leiða af ráðningar-samningi, eða ráðningarsambandi, eins og það er skilgreint í landslögum, sem er í gildi á þeim degi sem breytingin tekur gildi, flytjist yfir á nýlega tilnefndan veitanda hafnarþjónustu. Í slíku tilviki skal starfsfólk, sem fyrrum veitandi hafnarþjónustu hefur ráðið, fá sömu réttindi og það ætti rétt á ef um aðilaskipti á fyrirtækjum, í skilningi tilskipunar 2001/23/EB, hefði verið að ræða.

4. Ef flutningur á starfsfólki á sér stað í tengslum við veitingu hafnarþjónustu skal, í útboðsgögnum og samningum um opinbera hafnarþjónustu, tilgreina viðkomandi starfsfólk og veita gagnsæjar upplýsingar um samningsbundinn rétt þess og samkvæmt hvaða skilyrðum starfsmenn teljast vera tengdir hafnarþjónustunni.

10. gr.

Undanþágur

1. Þessi kafli og 21. gr. gilda ekki um meðhöndlun farms, farþega- eða hafnsöguþjónustu.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að þessi kafli og 21. gr. gildi um hafnsöguþjónustu. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka ákvörðun.

III. KAFLI

GAGNSÆI Í FJÁRMÁLUM OG SJÁLFSTÆÐI

11. gr.

Gagnsæi fjármálatengsla

1. Fjármálatengsl milli opinberra yfirvalda og hafnarstjórnar eða annarra aðila, sem veita hafnarþjónustu fyrir hennar hönd og þiggja opinbert fjármagn, skulu endurspeglast með gagnsæjum hætti í bókhaldskerfinu til að sýna eftirfarandi atriði með skýrum hætti:

a) opinbert fjármagn sem opinber yfirvöld veita hafnarstjórn viðkomandi hafnar millilíðalaust til ráðstöfunar,

b) opinbert fjármagn, sem opinber yfirvöld veita fyrir milligöngu opinberra fyrirtækja eða opinberra fjármálastofnana, og

c) til hvaða nota þetta opinbera fjármagn var úthlutað.

2. Ef hafnarstjórn, sem tekur á móti opinberu fjármagni, sér sjálf um að veita hafnarþjónustu eða sjá um dýpkun, eða annar aðili veitir slíka þjónustu fyrir hennar hönd, skal hún halda reikninga yfir hafnarþjónustu eða dýpkun, sem kostuð er af opinberu fjármagni, aðskildum frá reikningum fyrir aðra starfsemi sína með þeim hætti:

a) að öllum kostnaði og tekjum sé rétt skipt eða ráðstafað með því að rökstyðja með hlutlægum hætti kostnaðarbókhaldsreglurnar, sem eru alltaf notaðar eins, og

b) að ekki fari á milli mála eftir hvaða kostnaðarbókhaldsreglum aðskilið bókhald er fært.

3. Til opinbers fjármagns, sem um getur í 1. mgr., telst hlutafé og fjárígildi sem er hliðstætt eigin fé, óendurkræfir styrkir, styrkir sem á aðeins að endurgreiða við tilteknar aðstæður, lán, þ.m.t. yfirdrættir og fyrirframgreiðslur í formi fjármagnsinnspýtinga, ábyrgðir frá opinberum yfirvöldum til hafnarstjórnar og hvers konar annar opinber fjárstuðningur.

4. Hafnarstjórn, eða annar aðili sem veitir hafnarþjónustu fyrir hennar hönd, skal geyma upplýsingar um fjármálatengslin, sem um getur í 1. og 2. mgr., í fimm ár frá lokum þess reikningsárs sem upplýsingarnar eiga við um.

5. Hafnarstjórn, eða annar aðili sem veitir hafnarþjónustu fyrir hennar hönd, skal, ef borin er fram formleg kvörtun og sé þess óskað, veita viðeigandi yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki aðgang að upplýsingunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., og að hvers konar viðbótarupplýsingum, sem yfirvaldið telur þörf á, til að meta nákvæmlega innsend gögn og meta hvort farið sé að þessari reglugerð í samræmi við samkeppnisreglur. Viðeigandi yfirvald skal veita framkvæmdastjórninni aðgang að slíkum upplýsingum sé þess óskað. Upplýsingarnar skulu sendar innan þriggja mánaða frá dagsetningu beiðninnar.

6. Ef hafnarstjórn, eða annar aðili sem veitir hafnarþjónustu fyrir hennar hönd, hefur ekki móttekið opinbert fjármagn á undangengnum uppgjörsárum, en byrjar að taka á móti slíku fjármagni, skal framkvæmdastjórnin eða viðkomandi aðili beita 1. og 3. mgr. frá uppgjörsárinu, eftir að opinbert fjármagn hefur verið millifært.

7. Ef opinbert fjármagn er greitt sem bætur fyrir skyldu til að veita opinbera þjónustu skal það sýnt sérstaklega í viðeigandi reikningum og ekki er heimilt að yfirfæra það á aðra þjónustu eða atvinnustarfsemi.

8. Aðildarríkin geta ákveðið að 2. mgr. þessarar greinar gildi ekki um hafnirnar innan heildarnetsins, sem uppfylla ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013, ef þetta hefur í för með sér óhóflega stjórnsýslulega byrði, að því tilskildu að móttekið opinbert fjármagn, og notkun þess til veitingar hafnarþjónustu, sé að öllu leyti gagnsætt í bókhaldskerfi þeirra. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina fyrir fram um slíka ákvörðun.

12. gr.

Hafnarþjónustugjöld

1. Gjöldin fyrir þjónustu, sem innri rekstraraðili veitir samkvæmt skyldu til að veita opinbera þjónustu, gjöldin fyrir hafnsöguþjónustu, sem á ekki í beinni samkeppni, og gjöldin sem veitendur hafnarþjónustunnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., leggja á, skulu vera gagnsæ, hlutlæg og án mismununar sem og í hlutfallslegu samræmi við kostnað þjónustunnar sem veitt er.

2. Heimilt er að sameina greiðslu hafnarþjónustugjalda öðrum greiðslum, t.d. greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda. Í slíku tilviki skal veitandi hafnarþjónustu og, eftir því sem við á, hafnarstjórn, tryggja að fjárhæð hafnarþjónustugjaldsins sé auðgreinanleg fyrir notanda hafnarþjónustunnar.

3. Ef lögð er fram formleg kvörtun skal veitandi hafnarþjónustu, sé þess óskað, veita viðeigandi yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um samsetningu og fjárhæð hafnarþjónustugjaldanna sem falla undir 1. mgr.

13. gr.

Hafnargrunnvirkjagjöld

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lagt sé á hafnargrunnvirkjagjald. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að veitendur hafnar-þjónustu, sem nýta sér grunnvirki hafnarinnar, leggi á hafnarþjónustugjöld.

2. Heimilt er að sameina greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda öðrum greiðslum, t.d. greiðslu hafnarþjónustugjalda. Í slíku tilviki skal hafnarstjórn tryggja að fjárhæð hafnargrunnvirkjagjaldsins sé auðgreinanleg fyrir notanda hafnargrunnvirkisins.

3. Til að stuðla að skilvirku grunnvirkjagjaldkerfi skal ákvarða samsetningu og fjárhæð hafnargrunnvirkjagjalda í samræmi við viðskiptaáform og fjárfestingaráætlanir hverrar hafnar fyrir sig og í samræmi við samkeppnisreglur. Þar sem við á skulu slík gjöld einnig uppfylla almennar kröfur sem settar eru innan ramma almennrar stefnu viðkomandi aðildarríkis í hafnarmálum.

4. Hafnargrunnvirkjagjöld mega vera breytileg í samræmi við stefnu hafnarinnar á sviði efnahagsmála og stefnu hennar á sviði skipulagsáætlunar, m.a. í tengslum við tiltekna flokka notenda, eða í því skyni að stuðla að skilvirkari notkun hafnar-grunnvirkja, flutningum á stuttum sjóleiðum eða miklum árangri í umhverfismálum, orkunýtni eða kolefnisnýtni flutningsaðgerða, sbr. þó 3. mgr. Viðmiðanir um slíkan breytileika skulu vera gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar sem og samrýmast samkeppnislögum, þ.m.t. reglum um ríkisaðstoð. Með hafnargrunnvirkjagjöldum er heimilt að taka tillit til ytri kostnaðar og þau geta verið breytileg með hliðsjón af viðskiptaháttum.

5. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal tryggja að notendur hafna sem og fulltrúar eða fulltrúasamtök notenda hafna séu upplýst um eðli og fjárhæð hafnargrunnvirkjagjalda. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, skal tryggja að notendur hafnargrunnvirkis séu upplýstir um hvers konar breytingar á eðli eða fjárhæð hafnargrunnvirkjagjalda a.m.k. tveimur mánuður áður en breytingarnar taka gildi. Hafnarstjórn, eða lögbært yfirvald, þarf ekki að birta sundurliðun á gjöldum vegna einstakra samningaviðræðna.

6. Ef lögð er fram formleg kvörtun skal hafnarstjórn, sé þess óskað, veita viðeigandi yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki aðgang að upplýsingunum, sem um getur í 4. og 5. mgr., og öðrum viðeigandi upplýsingum um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um samsetningu og fjárhæð hafnarþjónustugjalda. Yfirvaldið skal veita framkvæmdastjórninni aðgang að þessum upplýsingum sé þess óskað.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Þjálfun starfsfólks

Veitendur hafnarþjónustu skulu tryggja að starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun til að öðlast nauðsynlega þekkingu til að sinna störfum sínum, þar sem sérstök áhersla er lögð á heilbrigðis- og öryggisþætti og að þjálfunarkröfur séu reglulega uppfærðar til að takast á við áskoranir í tengslum við tækninýjungar.

15. gr.

Samráð notenda hafna og annarra hagsmunaaðila

1. Í samræmi við gildandi landslög skal hafnarstjórn hafa samráð við notendur hafna um gjaldtökustefnu sína, þ.m.t. í tilvikum sem falla undir 8. gr. Slíkt samráð skal einkum fela í sér umtalsverðar breytingar á hafnargrunnvirkja- og hafnarþjónustugjöldum í þeim tilvikum þar sem innri rekstraraðilar veita hafnarþjónustu samkvæmt skyldum til að veita opinbera þjónustu.

2. Í samræmi við gildandi landslög skal hafnarstjórn hafa samráð við notendur hafna og aðra viðeigandi hagsmunaaðila um mikilvæg málefni sem falla undir valdheimildir hennar varðandi:

a) samræmingu hafnarþjónustu innan hafnarsvæðisins,

b) ráðstafanir til að bæta tengingu við upplandið, þ.m.t. ráðstafanir til að þróa og bæta skilvirkni flutninga með járnbrautum og á skipgengum vatnaleiðum,

c) skilvirkni stjórnsýslureglna í höfnum og ráðstafanir til að einfalda þær,

d) umhverfisleg málefni,

e) skipulagsáætlun og

f) ráðstafanir til að tryggja öryggi á hafnarsvæðinu, þ.m.t., eftir því sem við á, heilbrigði og öryggi hafnarstarfsmanna

3. Veitendur hafnarþjónustu skulu veita notendum hafnarinnar aðgang að fullnægjandi upplýsingum um eðli og fjárhæð hafnarþjónustugjalda.

4. Hafnarstjórn og veitendur hafnarþjónustu skulu fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál þegar þau uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Meðhöndlun kvartana

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að skilvirk málsmeðferð sé fyrir hendi við meðhöndlun kvartana sem til koma þegar þessi reglugerð gildir um hafnir við sjó sem falla undir þessa reglugerð.

2. Meðhöndlun kvartana skal fara þannig fram að ekki komi til hagsmunaárekstra og þannig að hún sé hvorki háð starfsemi hafnarstjórnar né veitendum hafnarþjónustu. Aðildarríkin skulu tryggja skilvirkan aðskilnað milli meðhöndlunar kvartana annars vegar og eignarhalds og stjórnunar hafna, veitingar hafnarþjónustu og hafnarnotkunar hins vegar. Meðhöndlun kvartana skal vera óhlutdræg og gagnsæ og virða að fullu réttinn til að stunda frjálsan atvinnurekstur.

3. Kvartanir skulu lagðar fram í því aðildarríki sem höfnin, þar sem ágreiningurinn telst eiga uppruna sinn, er staðsett í. Aðildarríki skulu tryggja að notendur hafna og aðrir viðeigandi hagsmunaaðilar séu upplýstir um hvernig og hvert eigi að leggja fram kvörtun og hvaða yfirvöld beri ábyrgð á meðhöndlun kvartana.

4. Yfirvöldin, sem bera ábyrgð á meðhöndlun kvartana, skulu, eftir því sem við á, vinna saman, að því er varðar gagnkvæma aðstoð í ágreiningsmálum, þegar í hlut eiga aðilar með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum.

5. Yfirvöldin, sem bera ábyrgð á meðhöndlun kvartana, skulu, í samræmi við landslög, hafa valdheimildir til að krefjast þess að hafnarstjórnir, veitendur hafnarþjónustu og notendur hafna láti þeim í té upplýsingar sem varða kvörtun.

6. Yfirvöld, sem bera ábyrgð á meðhöndlun kvartana, skulu, í samræmi við landslög, hafa valdheimildir til að taka ákvarðanir sem hafa bindandi áhrif, sbr. þó úrskurðarvald dómstóla, ef við á.

7. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um málsmeðferðina við meðhöndlun kvartana og um yfirvöldin, sem um getur í 3. mgr., eigi síðar en 24. mars 2019 og um hvers konar síðari breytingar á þessum upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra þessar upplýsingar reglulega á vefsetri sínu.

8. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, skiptast á almennum upplýsingum um beitingu þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal styðja slíkt samstarf.

17. gr.

Viðeigandi yfirvöld

Aðildarríkin skulu tryggja að notendur hafna og aðrir viðeigandi hagsmunaaðilar séu upplýstir um viðeigandi yfirvöld sem um getur í 11. gr. (5. mgr.), 12. gr. (3. mgr.) og 13. gr. (6. mgr.). Aðildarríkin skulu einnig upplýsa framkvæmdastjórnina um þessi yfirvöld, eigi síðar en 24. mars 2019, og um hvers konar síðari breytingar á þessum upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra reglulega þessar upplýsingar á vefsetri sínu.

18. gr.

Áfrýjanir

1. Allir aðilar sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta skulu eiga rétt á að áfrýja ákvörðunum eða einstökum aðgerðum, sem hafnarstjórn, lögbært yfirvald eða annað viðeigandi landsyfirvald grípur til, samkvæmt þessari reglugerð. Áfrýjunaraðilar skulu vera óháðir þeim aðilum sem í hlut eiga og geta verið dómstólar.

2. Ef áfrýjunaraðilinn, sem um getur í 1. mgr., er ekki dómstóll skulu ástæður ákvarðana hans gefnar skriflega. Ákvarðanir hans skulu einnig háðar endurskoðun landsdómstóls.

19. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar aðgerðir, eigi síðar en 24. mars 2019, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

20. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 24. mars 2023, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu og skilvirkni þessarar reglugerðar.

Í þessari skýrslu skal taka tillit til þeirra framfara sem hafa orðið innan ramma viðræðunefndar starfsgreina fyrir hafnargeirann á vettvangi ESB.

21. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Þessi reglugerð gildir ekki um hafnarþjónustusamninga sem gerðir voru fyrir 15. febrúar 2017 og eru háðir tímamörkum.

2. Eigi síðar en 1. júlí 2025 skal hafnarþjónustusamningum, sem gerðir voru fyrir 15. febrúar 2017, sem eru ekki háðir tímamörkum, eða hafa álíka áhrif, breytt þannig að þeir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. mars 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. febrúar 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	I. BORG
forseti.	*forseti.*

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1125/2014 **2019/EES/49/11**

frá 19. september 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar sem lánamiðlarar skulu hafa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánssamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 ([1]), einkum annarri undirgrein a-liðar 2. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í a-lið 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2014/17/ESB er þess krafist að lánamiðlarar skuli hafa starfsábyrgðartryggingu, sem nær yfir svæðið þar sem þeir bjóða þjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu vegna bótaábyrgðar sem er til komin vegna gáleysis af hálfu sérfræðinga.

2) Þó að krafan um að lánamiðlarar í fasteignageiranum séu með starfsábyrgðartryggingu eða sambærilega tryggingu sé ný krafa samkvæmt reglum á vettvangi Sambandsins finnast dæmi um slíka kröfu á vettvangi aðildarríkjanna í tilteknum aðildarríkjum. Staðreyndin er sú að í ríkjum, þar sem komin er á reynsla af kröfum um starfsábyrgðartryggingar, er að finna hæsta hlutfall fasteignasölu um millilið innan Sambandsins, þar hafa lánamiðlarar þegar haslað sér völl á markaði í verulegum mæli og þar af leiðandi hefur einnig verið gengið fram með sértækari hætti í reglusetningu innan þess geira. Því ættu reglur Sambandsins um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar að grundvallast á reynslu þessara ríkja þegar ákvarðað er hver sé heppilegasta aðferðin við að reikna slíka lágmarksfjárhæð.

3) Sú aðferð mundi henta Sambandinu í heild, þ.m.t. ríkjum þar sem fasteignamarkaðurinn er minni. Þetta stafar af því að ekki er fylgni á milli krafna á hendur lánamiðlurum og undirliggjandi fjárhæðar veðlánsins, sem getur verið mjög mismunandi innan Sambandsins, heldur grundvallast á gáleysi í starfi; þá er munurinn á tjóninu sem af því hlýst miklu minni.

4) Í þriðju undirgrein a-liðar 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2014/17/ESB er krafist endurskoðunar á lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingarinnar eða sambærilegu tryggingarinnar með reglulegu millibili. Þar af leiðandi er hugsanlegt að í framtíðinni verði aðrir valkostir eða aðferðafræði meira viðeigandi til að ákvarða umfang þessara skyldna lánamiðlara, einkum með bættum aðgangi að eldri gögnum og aukinni reynslu af eftirliti með virkni starfsábyrgðartryggingarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 24.10.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34.

5) Til að hægt sé að mæla skýrt fyrir um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingarinnar eða sambærilegrar tryggingar og til að tryggja samræmdari aðferð í öllu Sambandinu væri við hæfi að tilgreina beitingu lágmarksfjárhæðar fyrir hverja kröfu og fyrir hvert ár. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB ([1]) er gerð krafa um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar fyrir hverja kröfu og fyrir hvert ár. Þar af leiðandi þekkja flestir miðlarar sem annast vátryggingamiðlun, og vátryggjendur þeirra, þessa aðferð og því liggur beint við að koma á fót svipuðu kerfi fyrir lánamiðlara. Auk þess er slík aðferð einnig notuð í flestum aðildarríkjum þar sem þess er krafist að landslögum að lánamiðlarar hafi starfsábyrgðartryggingar. Því ætti einnig að leggja til slíka aðgreiningu fjárhæðar fyrir hvert ár og fjárhæðar fyrir hverja kröfu í reglum um starfsábyrgðartryggingu fyrir lánamiðlara.

6) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingarinnar eða sambærilegrar tryggingar, sem lánamiðlarar skulu hafa og um getur í fyrstu undirgrein a-liðar 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2014/17/ESB, skal vera:

a) 460 000 evrur fyrir hverja kröfu,

b) samanlagt 750 000 evrur fyrir hvert almanaksár fyrir allar kröfur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

_____

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga (Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2003, bls. 3).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2026 **2019/EES/49/12**

frá 19. desember 2018

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ([1]), einkum 48. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umhverfisstjórnunarkerfi ESB var komið á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009. Tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfi ESB er að stuðla að stöðugum umbótum á umhverfisárangri fyrirtækja/stofnana með því að fá fyrirtæki/stofnanir til að stofna og reka umhverfisstjórnunarkerfi, meta árangurinn af slíkum kerfum, veita upplýsingar um árangur í umhverfismálum, halda uppi opnum skoðanaskiptum við almenning og aðra hagsmunaaðila og stuðla að virkri þátttöku starfsmanna. Til að ná þessu markmiði eru settar fram sértækar kröfur í I. til IV. viðauka við þá reglugerð sem fyrirtæki/stofnanir, sem vilja taka þátt í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og fá skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið, verða að fylgja.

2) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 eru settar fram kröfur um skýrslugjöf um umhverfismál. Breyta ætti þeim viðauka til að koma á úrbótum sem gera þarf í ljósi fenginnar reynslu af rekstri umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Með tilliti til fjölda og eðlis þessara breytingar er rétt að skipta út IV. viðauka í heild sinni til glöggvunar.

3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1221/2009 til samræmis við það.

4) Fyrirtæki/stofnanir sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skulu árlega annaðhvort útbúa eða uppfæra umhverfisyfirlýsingu í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009. Umhverfisyfirlýsingin eða uppfærða umhverfisyfirlýsingin skal fullgilt af umhverfissannprófanda með faggildingu eða leyfi, sem hluti af sannprófun fyrirtækisins/stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. þeirrar reglugerðar, nema um sé að ræða lítil fyrirtæki/litlar stofnanir sem eru undanþegin skv. 7. gr. þeirrar reglugerðar. Fyrirtæki/stofnanir sem eru að undirbúa skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skulu einnig leggja fram fullgilda umhverfisyfirlýsingu sem hluta af umsókn þeirra um skráningu. Því er þörf á umbreytingartímabili til að veita fyrirtækjum/stofnunum nægan tíma til að laga sig að breytingunum sem gerðar eru með þessari reglugerð.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 kemur texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Ef fullgilding umhverfisyfirlýsingar eða uppfærðrar umhverfisyfirlýsingar skal fara fram samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 eftir gildistökudag þessarar reglugerðar en fyrir 9. janúar 2020 má fullgilda yfirlýsinguna í því tilviki, í samráði við umhverfissannprófanda og þar til bæran aðila, án tillits til þeirrar breytingar sem gerð er með 1. gr. þessarar reglugerðar.

Ef áframsenda skal ófullgilta uppfærða umhverfisyfirlýsingu til þar til bærs aðila skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 eftir gildistökudag þessarar reglugerðar en fyrir 9. janúar 2020 má undirbúa yfirlýsinguna í því tilviki, í samráði við þar til bæran aðila, án tillits til þeirrar breytingar sem gerð er með 1. gr. þessarar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

SKÝRSLUGJÖF UM UMHVERFISMÁL

A. **Inngangur**

Upplýsingar um umhverfismál skulu settar fram á skýran og skilmerkilegan hátt og er æskilegt að þær séu tiltækar í rafrænu formi. Fyrirtækið/stofnunin skal ákvarða hvaða snið hentar best til að gera þessar upplýsingar aðgengilegar hlutaðeigandi aðilum á notendavænan hátt.

B. **Umhverfisyfirlýsing**

Umhverfisyfirlýsingin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi atriði og uppfylla lágmarkskröfur um eftirfarandi:

a) samantekt á starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, vörum og þjónustu, tengslum fyrirtækisins/stofnunarinnar við móðurfyrirtæki eins og við á og skýr og ótvíræð lýsing á gildissviði skráningar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, þ.m.t. skrá yfir athafnasvæði sem tilheyra skráningunni,

b) umhverfisstefnu og stutta lýsingu á eftirlits- og stjórnunarkerfi sem styður umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins/stofnunarinnar,

c) lýsingu á öllum mikilvægum beinum og óbeinum umhverfisþáttum sem leiða til verulegra umhverfisáhrifa af hálfu fyrirtækisins/stofnunarinnar, stutta lýsingu á þeirri nálgun sem notuð er til að ákvarða mikilvægi þeirra og skýringu á eðli áhrifanna með tilliti til þessara þátta,

d) lýsingu á almennum og sértækum markmiðum í umhverfismálum í tengslum við mikilvæga umhverfisþætti og umhverfisáhrif,

e) lýsingu á aðgerðum sem eru framkvæmdar og áætlaðar til að bæta umhverfisárangur, ná almennum og sértækum markmiðum og tryggja að lagaskilyrði varðandi umhverfismál séu uppfyllt.

Ef unnt er skal vísa til viðeigandi bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun sem eru kynntar í geiratengdum tilvísunarskjölum eins og um getur í 46. gr.,

f) samantekt á fyrirliggjandi gögnum um umhverfisárangur fyrirtækis/stofnunar með tilliti til mikilvægra umhverfisþátta.

Skýrslugjöfin skal ná yfir kjarnavísa um umhverfisárangur og sértæka umhverfisárangursvísa, eins og sett er fram í C-lið. Þegar almenn og sértæk markmið í umhverfismálum liggja fyrir skal gera grein fyrir viðkomandi gögnum,

g) vísun í helstu lagaákvæði sem fyrirtækið/stofnunin þarf að taka tillit til til að tryggja að lagaskilyrði varðandi umhverfismál séu uppfyllt ásamt yfirlýsingu um samræmi við lög,

h) staðfestingu að því er varðar kröfur í 8. mgr. 25. gr. og nafn og faggildingar- eða leyfisnúmer umhverfissannprófandans ásamt dagsetningu fullgildingar. Í staðinn má nota yfirlýsinguna sem um getur í VII. viðauka og er undirrituð af umhverfissannprófanda.

Uppfærða umhverfisyfirlýsingin skal a.m.k. innihalda þau atriði og uppfylla þær lágmarkskröfur sem eru tilgreind í e- til h-lið.

Fyrirtæki/stofnanir geta ákveðið að setja í umhverfisyfirlýsingu sína viðbótarupplýsingar um staðreyndir varðandi starfsemi, vörur og þjónustu fyrirtækis/stofnunar eða varðandi samræmi við sértækar kröfur. Umhverfissannprófandinn skal fullgilda allar upplýsingarnar í umhverfisyfirlýsingunni.

Umhverfisyfirlýsingin getur fylgt öðrum skýrslugjafargögnum fyrirtækisins/stofnunarinnar (t.d. skýrslum um rekstur, sjálfbærni eða samfélagslega ábyrgð fyrirtækja). Aðgreina skal með skýrum hætti á milli fullgiltra og ófullgiltra upplýsinga þegar þær fylgja slíkum skýrslugjafargögnum. Umhverfisyfirlýsingin skal auðkennd með skýrum hætti (t.d. með EMAS-kennimerkinu) og skal skjalið innihalda stutta skýringu á fullgildingarferlinu innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis ESB.

C. **Skýrslugjöf á grundvelli umhverfisárangursvísa og eigindlegra upplýsinga**

1. *Inngangur*

Fyrirtæki/stofnanir skulu, bæði í umhverfisyfirlýsingunni og uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni, gera grein fyrir mikilvægum beinum og óbeinum umhverfisþáttum sínum með því að nota kjarnavísana um umhverfisárangur og sértæku umhverfisárangursvísana, eins og sett er fram hér á eftir. Ef engin megindleg gögn liggja fyrir skulu fyrirtæki/stofnanir gera grein fyrir eigindlegum upplýsingum eins og lýst er í 4. lið.

Skýrslugjöfin skal innihalda gögn um raunveruleg aðföng og afurðir. Geti birting haft neikvæð áhrif á upplýsingaleynd viðskipta- eða iðnaðarupplýsinga í tilvikum þar sem kveðið er á um slíka leynd í landslögum eða lögum Bandalagsins í því skyni að vernda lögmæta viðskipahagsmuni þá er viðkomandi fyrirtæki/stofnun heimilt að greina frá þessum upplýsingum miðað við grunntölu, þ.e. með því að setja grunnár (með grunntölunni 100) sem raunveruleg/ar aðföng/ afurðir miðast við.

Vísarnir skulu:

a) gera kleift að meta nákvæmlega árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,

b) vera auðskiljanlegir og ótvíræðir,

c) gefa kost á samanburði frá ári til árs í því skyni að meta hvort umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar hafi aukist; til að gera þennan samanburð mögulegan skal skýrslugjöfin ná yfir a.m.k. þriggja ára starfsemistímabil, að því tilskildu að gögnin liggi fyrir,

d) gefa kost á samanburði við geirabundnar, landsbundnar eða svæðisbundnar viðmiðanir eftir því sem við á,

e) gefa kost á samanburði við kröfur samkvæmt reglum eftir því sem við á.

Til að styðja þetta skal fyrirtækið/stofnunin skilgreina stuttlega gildissviðið sem hver vísir nær yfir (þ.m.t. skipulagsleg og efnisleg mörk, notkunarsvið og reikniaðferð).

2. *Kjarnavísar um umhverfisárangur*

a) Kjarnavísar varða árangur á þeim aðalsviðum umhverfismála sem hér eru tilgreind:

i. Orka.

ii. Efniviður.

iii. Vatn.

iv. Úrgangur.

v. Landnotkun með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni.

vi. Losun.

Skýrslugjöf um kjarnavísa um umhverfisárangur er skyldubundin. Þó getur fyrirtæki/stofnun metið mikilvægi þessara vísa með tilliti til mikilvægra umhverfisþátta og -áhrifa þess/hennar. Komist fyrirtæki/stofnun að þeirri niðurstöðu að einn eða fleiri kjarnavísar skipti ekki máli í sambandi við mikilvæga umhverfisþætti og -áhrif þess/hennar er fyrirtækinu/stofnuninni heimilt að gera ekki grein fyrir þeim kjarnavísum. Í því tilviki skal fyrirtækið/stofnunin setja skýra og rökstudda skýringu á því í umhverfisyfirlýsingunni.

b) Hver kjarnavísir er samsettur af:

i. tölu A sem sýnir árleg/ar heildaraföng/-afurðir á tilteknu sviði,

ii. tölu B sem sýnir árlegt viðmiðunargildi fyrir starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar og

iii. tölu R sem sýnir hlutfallið A/B,

Hvert fyrirtæki/hver stofnun skal gera grein fyrir öllum þremur atriðum fyrir hvern vísi um sig.

c) Gera skal grein fyrir tölu A, árlegum heildaraföngum/-afurðum á tilteknu sviði, á eftirfarandi hátt:

i. Um orku

— „bein heildarorkunotkun“ samsvarar árlegu heildarmagni af orku sem fyrirtækið/stofnunin notar,

— „heildarnotkun á endurnýjanlegri orku“ samsvarar árlegu heildarmagni af orku sem fyrirtækið/stofnunin notar og kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum,

— „heildarframleiðsla á endurnýjanlegri orku“ samsvarar árlegu heildarorkumagni sem fyrirtækið/stofnunin framleiðir úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

Gera skal grein fyrir síðasta atriðinu einungis ef heildarorka sem fyrirtækið/stofnunin framleiðir úr endurnýjanlegum orkugjöfum fer talsvert yfir heildarnotkun fyrirtækisins/stofnunarinnar á endurnýjanlegri orku, eða ef fyrirtækið/stofnunin hefur ekki notað endurnýjanlegu orkuna sem það/hún framleiðir.

Ef ólíkar tegundir orku eru notaðar eða, ef um er að ræða endurnýjanlega orku, framleiddar (eins og rafmagn, varmi, eldsneyti eða annað) skal skýra sérstaklega frá árlegri notkun eða framleiðslu, eins og við á.

Orku skal helst gefa upp í kWh, MWh, GJ eða öðrum mælieiningum sem eru almennt notaðar til að skýra frá þeirri tegund orku sem er notuð eða framleidd.

ii. Um efnivið

— „árlegt massaflæði helstu efna sem notuð eru“ (að undanskildum orkuberum og vatni), helst gefið upp í þyngdareiningum (t.d. kílóum eða tonnum) eða rúmmálseiningum (t.d. m^3) eða öðrum mælieiningum sem eru almennt notaðar í geiranum.

Ef notaðar eru ólíkar tegundir efna skal skýra sérstaklega frá árlegu massaflæði þeirra, eins og við á.

iii. Um vatn

— „árleg heildarnotkun á vatni“, gefin upp í rúmmálseiningum (t.d. lítrum eða m^3),

iv. Um úrgang

— „árleg heildarframleiðsla á úrgangi“, sundurliðuð eftir tegund, helst gefin upp í þyngdareiningum (t.d. kílóum eða tonnum) eða rúmmálseiningum (t.d. m^3) eða öðrum mælieiningum sem eru almennt notaðar í geiranum,

— „árleg heildarframleiðsla á hættulegum úrgangi“, helst gefin upp í þyngdareiningum (t.d. kílóum eða tonnum) eða m^3 eða öðrum mælieiningum sem eru almennt notaðar í geiranum,

v. Um landnotkun með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni

— landnotkunarhættir að því er varðar líffræðilega fjölbreytni, gefnir upp í flatareiningum (t.d. fermetrum eða hekturum):

— heildarlandnotkun

— afmarkað svæði í heild

— náttúrumiðuð svæði í heild á athafnasvæðinu

— náttúrumiðuð svæði í heild utan athafnasvæðis

„Náttúrumiðað svæði“ er svæði sem er fyrst og fremst ætlað fyrir náttúruvernd eða -endurheimt. Náttúrumiðuð svæði geta verið staðsett á athafnasvæðinu og náð yfir þök, útveggi, frárennsliskerfi eða aðra þætti sem hafa verið hannaðir, aðlagaðir eða er stjórnað til að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Náttúrumiðuð svæði geta einnig verið staðsett utan athafnasvæðis fyrirtækisins/stofnunarinnar, að því tilskildu að svæðið sé í eigu eða umsjón fyrirtækisins/stofnunarinnar og sé fyrst og fremst ætlað til að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Einnig er unnt að lýsa svæðum undir sameiginlegri stjórn sem eru ætluð til að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni, að því tilskildu að gildissvið sameiginlegu stjórnarinnar sé skilmerkilega skilgreint.

„Afmarkað svæði“ er svæði þar sem upprunalegur jarðvegur hefur verið þakinn (t.d. vegir) sem gerir hann ógegndræpan. Þetta ógegndræpi getur valdið umhverfisáhrifum.

vi. Um losun

— „árleg heildarlosun gróðurhúsalofttegunda“, þ.m.t. að lágmarki losun CO_2, CH_4, N_2O, HFC, PFC, NF_3 og SF_6, gefin upp sem koltvísýringsjafngildi í tonnum,

Fyrirtækið/stofnunin ætti að íhuga að gefa skýrslu um eigin losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt viðtekinni aðferðafræði, t.d. bókuninni um gróðurhúsalofttegundir.

— „árleg heildarlosun út í andrúmsloft“, þ.m.t. að lágmarki losun SO^2, NOx og PM, gefin upp í kílóum eða tonnum.

d) Val á og skýrslugjöf um tölu B, sem sýnir árlegt viðmiðunargildi fyrir starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, skal fara fram samkvæmt eftirfarandi kröfum:

Tala B skal:

i. vera skiljanleg,

ii. vera tala sem sýnir best árlega heildarstarfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar,

iii. gefa rétta lýsingu á umhverfisárangri fyrirtækisins/stofnunarinnar með tilliti til sérstakra einkenna og starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar,

iv. vera sameiginlegt viðmiðunargildi fyrir geira viðkomandi fyrirtækis/stofnunar, eins og eftirfarandi dæmi:

— árlegar efnislegar afurðir í heild

— heildarfjöldi starfsfólks

— heildarfjöldi gistinótta

— heildarfjöldi íbúa á einu svæði (ef um er að ræða opinbera stjórnsýslu)

— tonn af unnum úrgangi (varðandi fyrirtæki/stofnanir sem starfa í úrgangsstjórnunargeiranum)

— heildarorkuframleiðsla (varðandi fyrirtæki/stofnanir sem starfa í orkuframleiðslugeiranum)

v. tryggja samanburðarhæfi tilkynntra vísa yfir lengri tíma. Þegar búið er að skilgreina tölu B skal hún notuð í væntanlegum umhverfisyfirlýsingum.

Breyting á tölu B skal skýrð í umhverfisyfirlýsingunni. Ef tölu B er breytt skal fyrirtækið/stofnunin tryggja að talan sé samanburðarhæf fyrir a.m.k. þrjú ár með því að endurreikna vísana fyrir undangengin ár samkvæmt nýskilgreindri tölu B.

3. *Sértækir umhverfisárangursvísar*

Hvert fyrirtæki/hver stofnun skal einnig gefa árlega skýrslu um árangur sinn varðandi mikilvæga beina og óbeina umhverfisþætti og -áhrif sem tengjast kjarnastarfsemi og eru mælanleg og sannprófanleg og sem falla ekki þegar undir kjarnavísa.

Skýrslugjöf um slíka vísa skal gerð í samræmi við kröfur sem settar eru í inngangínum að þessum lið.

Fyrirtækið/stofnunin skal taka tillit til geiratengdra tilvísunarskjala eins og um getur í 46. gr. til að auðvelda greiningu á viðeigandi geiratengdum vísum.

4. *Skýrslugjöf um mikilvæga umhverfisþætti á grundvelli eigindlegra upplýsinga*

Ef engin megindleg gögn eru tiltæk til að skýra frá mikilvægum beinum eða óbeinum umhverfisþáttum skulu fyrirtæki/stofnanir skýra frá árangri sínum á grundvelli eigindlegra upplýsinga.

D. **Staðbundin ábyrgð**

Fyrirtæki/stofnanir, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, geta óskað eftir að fá að útbúa eina heildarumhverfis-yfirlýsingu sem nær til margra mismunandi landfræðilegra staða.

Þar eð tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfi ESB er að tryggja staðbundna ábyrgð skulu fyrirtæki/stofnanir sjá til þess að veruleg umhverfisáhrif hvers athafnasvæðis séu skýrt skilgreind og þeirra getið í sameiginlegu umhverfisyfirlýsingunni.

E. **Aðgengi almennings**

Fyrirtækið/stofnunin skal geta sýnt umhverfissannprófandanum fram á að hver sá sem sýnir áhuga á umhverfisárangri fyrirtækisins/stofnunarinnar geti fengið auðveldan og frjálsan aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er skv. B- og C-lið. Til að tryggja þetta gagnsæi skal umhverfisyfirlýsingin helst vera aðgengileg öllum á vefsetri fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Fyrirtækið/stofnunin skal tryggja að þessar upplýsingar um hvert athafnasvæði eða fyrirtæki/stofnun séu birtar á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis eða þriðja lands þar sem athafnasvæðið eða fyrirtækið/stofnunin er staðsett.

Ef um er að ræða heildarumhverfisyfirlýsingu skal fyrirtækið/stofnunin auk þess tryggja (vegna skráningar) að þessar upplýsingar séu aðgengilegar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem fyrirtækið/stofnunin er skráð eða á opinberu tungumáli eða tungumálum Sambandsins sem samþykkt var eða voru af þar til bærum aðila sem ber ábyrgð á skráningunni.

Einnig má gera umhverfisyfirlýsinguna aðgengilega á fleiri tungumálum, að því tilskildu að innihald þýdda skjalsins sé í samræmi við innihald upprunalegu umhverfisyfirlýsingarinnar sem var fullgilt af umhverfissannprófandanum og að skýrt komi fram að skjalið sé þýðing á fullgilta skjalinu.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2042 **2019/EES/49/13**

frá 18. desember 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 til að tilgreina nákvæmlega prófunarskilyrði við prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og kveða á um vöktun gagna um gerðarviðurkenningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að taka tillit til mismunandi gilda koltvísýringslosunar, sem ákvörðuð eru með NEDC-prófunaraðferðinni, og þeirra gilda sem ákvörðuð eru samkvæmt nýju WLTP-prófunaraðferðinni, hefur, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 ([2]), verið innleidd aðferð til að sýna fram á fylgni milli koltvísýringslosunargildanna að því er varðar létt atvinnuökutæki.

2) Fylgniaðferðin á að skila niðurstöðum sem tryggja að kröfurnar um skerðingu, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 510/2011, séu álíka strangar samkvæmt gömlu og nýju prófunaraðferðunum. Viðurkenningaryfirvöld og tækniþjónusta ættu því ásamt framleiðendum að leitast við að tryggja að WLTP- og NEDC-prófanir, sem framkvæmdar eru í tengslum við þessa reglugerð, uppfylli prófunarskilyrði sem eru sambærileg og í samræmi við markmið þessarar reglugerðar.

3) Því er nauðsynlegt að skýra tiltekna þætti WLTP-prófunarskilyrðanna sem ættu að gilda um fylgniaðferðirnar sem eru framkvæmdar til að fá gögn úr WLTP- og NEDC-prófunum sem gera kleift að vakta koltvísýringslosun frá ökutækjum sem eru nýskráð 2020. Þessar nánari útlistanir ættu að gilda með fyrirvara um aðferðina og kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([3]) og án þess að hafa áhrif á gildi mögulegra gerðarviðurkenninga sem veittar eru á þeim grundvelli.

4) Árið 2020 er einnig nauðsynlegt að ákvarða muninn á koltvísýringslosunargildum, sem framleiðendur tilgreina að því er varðar WLTP-gerðarviðurkenninguna, og þeim gildum sem mæld eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1151. Því ætti að krefjast þess af framleiðendum að þeir reikni út og gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um WLTP-koltvísýringsgildin fyrir öll ný létt atvinnuökutæki sem skráð eru á almanaksárinu 2020 með því að nota mæligildin fyrir ökutæki H og L sem ílag við brúunaraðferðina.

5) Árið 2020 munu einungis vera tiltæk mæligildi fyrir ökutæki í hópi H að því er varðar takmarkaðan fjölda brúunarhópa. Fylgjast ætti náið með fjölda þessara hópa og framkvæmdastjórnin ætti að íhuga að undanskilja þessa hópa útreikningnum tilvísunargagna fyrir árið 2020, ef um er að ræða marktæka fjölgun slíkra hópa samanborið við stöðuna árið 2018.

6) Bæta ætti gagnsæi losunarprófananna og framkvæmdastjórnin ætti þar með að hafa aðgang að gögnum um WLTP-prófanirnar sem og gögnunum um fylgniniðurstöðurnar. Þetta mun gera framkvæmdastjórninni kleift að greina skjótt vandamál og ráða bót á þeim og mögulegu misræmi varðandi framkvæmd aðferðanna. Af þessum sökum ætti að ljúka við ílagsgagnafylkið fyrir hverja WLTP-prófun sem framkvæmd er og senda það til framkvæmdastjórnarinnar í heild sinni sem hluta af gagnaskiptum fyrir tilstuðlan fylgnitólsins. Til að tryggja trúnað ætti að dulkóða ílagsgagnaskrána fyrir sendingu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 6. gr. a bætist við:

„6. gr. a

Skýrslugjöf um niðurstöður mælinga úr WLTP-prófunaraðferðinni

1. Framleiðendur skulu reikna út koltvísýringsgildi við blandaðan akstur fyrir hvert nýtt létt atvinnuökutæki sem er skráð 2020 í samræmi við formúluna, sem er sett fram í öðrum undirlið liðar 3.2.3.2.4 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, þar sem í stað M_{CO2-H} og M_{CO2-L} fyrir viðkomandi brúnarhóp koma gildin $M_{CO2,C,5}$ í liðunum 2.5.1.1.3 (ökutæki H) og 2.5.1.2.3 (ökutæki L) í gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

Ef koltvísýringslosun við blandaðan akstur ákvarðast eingöngu af vísun í ökutæki H skulu framleiðendur gefa upp gildið $M_{CO2,C,5}$ í liðnum 2.5.1.1.3 (ökutæki H) í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Framleiðandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þau koltvísýringslosunargildi, ásamt gildunum $M_{CO2,C,5}$ sem notuð eru við útreikninginn, í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin hefur móttekið tilkynninguna um bráðabirgðagögnin fyrir árið 2020 með því að upphala þeim gögnum af reikningi framleiðanda í viðskiptagagnasafni Umhverfisstofnunar Evrópu.

2. Ef gögnin, sem um getur í 1. mgr., eru ekki lögð fram innan tilskilins frests skal framkvæmdastjórnin nota gildið sem skráð er í lið 2.5.1.2.3 í gerðarviðurkenningarvottorðinu og líta á það sem koltvísýringslosunargildi í blönduðum akstri, að því er varðar 1. mgr., fyrir öll nýskráð ökutæki í brúnarhópnum sem gerðarviðurkenningarvottorðið var gefið út fyrir og, eftir atvikum, fyrir þá hópa þar sem aðeins mæligildi fyrir ökutæki H eru tiltæk.“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir 2.2a og 2.2b bætast við:

„2.2a. Prófunarskilyrði fyrir WLTP-prófunaraðferðina

Til að WLTP-prófunin teljist hafa þýðingu í samræmi við lið 2.2 í I. viðauka við þessa reglugerð og í þeim tilgangi að ákvarða ílagsgögnin, sem sett eru fram í lið 2.4, skulu prófunarskilyrðin, sem sett eru fram í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, gilda með eftirfarandi útskýringum:

a) leiðréttingá niðurstöðum úr WLTP-prófun fyrir massalosun koltvísýrings, í samræmi við 2. viðbæti í 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, gildir um allar slíkar prófunarniðurstöður þrátt fyrir ákvæðin í a-lið liðar 3.4.4 þess viðbætis,

b) ef prófunarökutækið er búið tækni sem hefur áhrif á koltvísýringsframmistöðu þess, þ.m.t. en ekki takmarkað við þá tækni sem um getur í 42.–50. lið ílagsgagnafylkisins, sem sett er fram í lið 2.4, og ætlað er að virka við prófunina skal þessari tækni beitt við ökutækjaprófunina, óháð þeirri prófunaraðferð sem beitt er, þ.e. NEDC- eða WLTP-prófunaraðferð, sbr. þó kröfurnar í reglugerð (ESB) 2017/1151,

c) ef prófunarökutækið er búið sjálfskiptingu skal sami valkvæði notkunarhamurinn notaður, óháð þeirri prófunaraðferð sem beitt er; ef besti og versti hamurinn er notaður fyrir WLTP-prófunina, í samræmi við c-lið liðar 1.2 í 6. viðbæti 8. undirviðauka í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, skal nota versta haminn sem ílag við fylgnitólið sem og fyrir allar raunverulegar NEDC-prófanir,

d) ef prófunarökutækið er búið beinskiptingu skal $n_{min\_drive\_set}$ skilgreint með formúlunni sem sett er fram í k-lið (3) í 2. lið 2. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151;

með samþykki viðurkenningaryfirvaldsins eða, eftir atvikum, tækniþjónustunnar, er framleiðandanum heimilt að reikna út gírskiptingarnar mismunandi, að því tilskildu að það sé réttlætanlegt í ljósi ökuhæfni ökutækisins og að öryggismörk viðbótaraflsins, sem er beitt í samræmi við lið 3.4 í 2. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, fari ekki yfir 20%.

Skilyrðin, sem um getur í a- til d-lið, skulu gilda að því er varðar fylgnina samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/1151 og gerðarviðurkenningarnar sem veittar eru samkvæmt þeirri reglugerð.

2.2b. Gildissvið WLTP-prófunarskilyrða

Nákvæmnin, sem um getur í a- til d-lið liðar 2.2a, skal gilda í samræmi við eftirfarandi:

a) fyrir nýjar gerðir ökutækja frá og með gildistöku þessarar reglugerðar,

b) fyrir fyrirliggjandi gerðir ökutækja skulu framleiðendur, að því er varðar þær gerðir ökutækja sem taka til ökutækja sem sett eru á markað árið 2020, afhenda viðurkenningaryfirvaldinu gögn og á grundvelli þeirra skal viðurkenningaryfirvaldið staðfesta hvort prófunarskilyrðin, sem um getur í a- til d-lið liðar 2.2a, hafi verið uppfyllt í WLTP-gerðarviðurkenningarprófunum.

Í staðfestingunni skal tilgreina auðkenni brúunarhópsins og staðfestingu að því er varðar hvert prófunarskilyrði sem um getur í a- til d- lið. Viðurkenningaryfirvaldið skal gefa staðfestinguna út til handa framleiðandanum, tryggja að hún sé skráð og að unnt sé að gera hana aðgengilega án tafar að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

Ef viðurkenningaryfirvaldið getur ekki staðfest að eitt eða fleiri prófunarskilyrði, sem vísað er í, hafi verið uppfyllt skal framleiðandinn tryggja að ný WLTP-prófun eða, eftir atvikum, prófunarröð, í samræmi við 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, sé framkvæmd undir eftirliti viðurkenningaryfirvalds eða, eftir atvikum, tækniþjónustu með því að beita prófunarskilyrðunum, sem sett eru fram í a- til d- lið liðar 2.2a, gagnvart brúunarhópnum sem um er að ræða, þ.m.t. ný fylgni í samræmi við þessa reglugerð.

Framleiðandanum er heimilt, í því tilviki þar sem einungis prófunarskilyrðin sem um getur í a-lið liðar 2.2a eru ekki uppfyllt, að leiðrétta það gildi í ílagsfylkinu án þess að þörf sé á nýrri WLTP-prófun.

Viðurkenningaryfirvaldið eða, eftir atvikum, tilnefnda tækniþjónustan skal skrá niðurstöður endurprófunarinnar eða leiðréttingarinnar og fylgninnar, í samræmi við 5. lið I. viðauka, og fullgerða fylgniskráin, sem byggist á endurprófunum á ílagsgögnunum, skal send framkvæmdastjórninni, í samræmi við lið 3.1.1.2, eigi síðar en 30. apríl 2021.“

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 2.4:

i. Eftirfarandi málsliður bætist við fyrstu málsgreinina:

„Fylla skal út í ílagsgagnafylkið fyrir hverja WLTP-prófun sem framkvæmd er.“

ii. Töflu 1 er breytt sem hér segir:

— Í stað textans í nr. 56 í dálkinum „athugasemdir“ kemur eftirfarandi:

„Mörg gildi: gögn frá innbyggðu greiningarkerfi (OBD) og vegkefli, 1Hz fyrir innbyggða greiningarkerfið og 10Hz fyrir vegkeflið, 0,1 km/klst. nákvæmni“.

— Í stað textans í nr. 57 í dálkinum „athugasemdir“ kemur eftirfarandi:

„Mörg gildi: 1Hz. Reikna skal út fræðilega gírskiptingu fyrir ökutæki H og L (ef við á)“.

— Í stað textans í nr. 61 í dálkinum „athugasemdir“ kemur eftirfarandi:

„Mörg gildi: 1Hz (tíðni sýnatöku tækisins 20Hz), 0,1 A nákvæmni, ytri mælibúnaður samstilltur við vegkeflið“.

— Eftirfarandi kemur í stað textans í nr. 67:

„67	Margfaldandi/samleggjandi endurnýjunarstuðull K_i fyrir ökutæki H og L	—	1. viðbætir 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Fyrir ökutæki, sem eru ekki með kerfi sem endurnýja sig reglubundið, er þetta gildi jafnt og 1.“*

— Eftirfarandi nýjar færslur bætast við:

„69	Varmagildi eldsneytis	kWh/l	2. viðbætir 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Gildi í samræmi við töflu A6.Viðb.2/1 í reglugerð (ESB) 2017/1151*
70	Eldsneytisnotkun við WLTP-prófun fyrir ökutæki H og L	l/100 km	6. liður í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Ójöfnuð eldsneytisnotkun í prófun 1*
71	Nafnspenna í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi	V	Samkvæmt DIN EN 60050-482	*Fyrir lágspennurafgeymi eins og lýst er í 2. viðbæti í 6. Undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151*
72	Leiðréttingarstuðull ATCT-hóps	—	undirviðauki 6a í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Leiðréttingarstuðull ATCT-hóps (14 °C leiðrétting)*
73	Leiðrétting á hraða og fjarlægð í WLTP-prófun	—	Reglugerð (ESB) 2017/1151	*Leiðrétting framkvæmd? 0 = nei | 1 = já*
74	Leiðrétting fyrir hleðslujafnvægi endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis (RCB) í WLTP-prófun	—	2. viðbætir í 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Leiðrétting framkvæmd? 0 = nei | 1 = já*
75	Fjöldi WLTP-prófana	1, 2 eða 3		*Tilgreina skal hvort prófunargögnin séu tekin úr fyrstu, annarri eða þriðju WLTP-prófuninni*
76	Yfirlýst WLTP-koltvísýringsgildi fyrir ökutæki H og L	g/km	Yfirlýsing framleiðanda	*Yfirlýst WLTP-gildi fyrir ökutæki H og L. Gildin skulu innihalda allar leiðréttingar (ef við á)*
77	Mæld WLTP-koltvísýringsgildi sem eru leiðrétt fyrir ökutæki H og/eða L	g/km	Gildin $MCO_{2,C,5}$ í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Mæld koltvísýringsgildi í blönduðum akstri fyrir ökutæki H og L eftir allar viðeigandi leiðréttingar. Ef um er að ræða tvær eða þrjár WLTP-prófanir skulu allar mældar niðurstöður uppgefnar.*
78	Endurtekin WLTP-prófun	—	b-liður liðar 2.2b í I. viðauka	*Tilgreina skal hvaða prófunarskilyrði, eins og um getur í a- til d-lið liðar 2.2a í I. viðauka, hafa sætt endurteknum prófunum“.*

c) Lið 3.1.1.1 er breytt sem hér segir:

i. Ákvæði a-liðar fellur brott.

ii. Í stað iii. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ílagsgögnin sem tilgreind eru í lið 2.4.“

iii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Dulkóða skal samantektarskrána, sem um getur í c-lið, til að tryggja trúnað.“

d) Í stað liðar 3.1.1.2 kemur eftirfarandi:

„3.1.1.2. Fullgerð fylgniskrá

Þegar upprunaleg frálagsskýrsla fylgnitólsins hefur verið gefin út, í samræmi við lið 3.1.1.1, skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið eða, eftir atvikum, tilnefnd tækniþjónusta hala upp samantektarskýrslunni, sem um getur í c-lið liðar 3.1.1.1, og senda hana netþjóni framkvæmdastjórnarinnar sem sendir svar til sendandans (og afrit til viðeigandi þjónustusviða framkvæmdastjórnarinnar), sem og heila tölu, sem valin er af handahófi, á bilinu 0-99, tætikóða samantektarskýrslunnar sem tengir þá tölu ótvírætt við upprunalegu frálagsskýrsluna sem netþjónn framkvæmdastjórnarinnar undirritar með rafrænum hætti.

Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal útbúa fullgerða fylgniskrá eða, eftir atvikum, tilnefnd tækniþjónusta sem skal innihalda upprunalegu frálagsskýrslu fylgnitólsins, sem um getur lið 3.1.1.1, og svar frá netþjóni framkvæmdastjórnarinnar. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal geyma skrána sem prófunarskýrslu í samræmi við VIII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði c- og d-liðar 2. mgr. 1. gr. gilda frá 1. febrúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2043 **2019/EES/49/14**

frá 18. desember 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 til að tilgreina nákvæmlega prófunarskilyrði við prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og kveða á um vöktun gagna um gerðarviðurkenningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum fyrstu undirgrein 7. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að taka tillit til mismunandi gilda koltvísýringslosunar, sem ákvörðuð eru með NEDC-prófunaraðferðinni, og þeirra gilda sem ákvörðuð eru samkvæmt nýju WLTP-prófunaraðferðinni, hefur, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 ([2]), verið innleidd aðferð til að sýna fram á fylgni milli koltvísýringslosunargildanna að því er varðar fólksbifreiðar.

2) Fylgniaðferðin á að skila niðurstöðum sem tryggja að kröfurnar um skerðingu, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 443/2009, séu álíka strangar samkvæmt gömlu og nýju prófunaraðferðunum. Viðurkenningaryfirvöld og tækniþjónusta ættu því, ásamt framleiðendum, að leitast við að tryggja að WLTP- og NEDC-prófanir, sem framkvæmdar eru í tengslum við þessa reglugerð, uppfylli prófunarskilyrði sem eru sambærileg og í samræmi við markmið þessarar reglugerðar.

3) Því er nauðsynlegt að skýra tiltekna þætti WLTP-prófunarskilyrðanna sem ættu að gilda um fylgniaðferðirnar sem eru framkvæmdar til að fá gögn úr WLTP- og NEDC-prófunum sem gera kleift að vakta koltvísýringslosun frá ökutækjum sem eru nýskráð 2020. Þessar nánari útlistanir ættu að gilda með fyrirvara um aðferðina og kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([3]) og án þess að hafa áhrif á gildi gerðarviðurkenninga sem veittar eru á þeim grundvelli.

4) Árið 2020 er einnig nauðsynlegt að ákvarða muninn á koltvísýringslosunargildum, sem framleiðendur tilgreina að því er varðar gerðarviðurkenningu fyrir losun, og þeim gildum sem mæld eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1151. Því ætti að krefjast þess af framleiðendum að þeir reikni út og gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um WLTP-koltvísýringslosunargildi fyrir allar nýjar fólksbifreiðar sem skráðar eru á almanaksárinu 2020 með því að nota mæligildin fyrir ökutæki H og L sem ílag við brúunaraðferðina.

5) Árið 2020 munu einungis vera tiltæk mæligildi fyrir ökutæki í hópi H að því er varðar takmarkaðan fjölda brúunarhópa. Fylgjast ætti náið með fjölda þessara hópa og framkvæmdastjórnin ætti að íhuga að undanskilja þessa hópa útreikningnum tilvísunargagna fyrir árið 2020, ef um er að ræða marktæka fjölgun slíkra hópa samanborið við stöðuna árið 2018.

6) Bæta ætti gagnsæi losunarprófananna og framkvæmdastjórnin ætti þar með að hafa aðgang að gögnum um WLTP-prófanirnar sem og gögnunum um fylgniniðurstöðurnar. Þetta mun gera framkvæmdastjórninni kleift að greina skjótt vandamál og ráða bót á þeim og mögulegu misræmi varðandi framkvæmd aðferðanna. Af þessum sökum ætti að ljúka við ílagsgagnafylkið fyrir hverja WLTP-prófun sem framkvæmd er og senda það til framkvæmdastjórnarinnar í heild sinni sem hluta af gagnaskiptum fyrir tilstuðlan fylgnitólsins. Til að tryggja trúnað ætti að dulkóða ílagsgagnaskrána fyrir sendingu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 7. gr. a bætist við:

„7. gr. a

Skýrslugjöf um niðurstöður mælinga úr WLTP-prófunaraðferðinni

1. Framleiðendur skulu reikna út koltvísýringsgildi við blandaðan akstur fyrir hverja nýja fólksbifreið sem er skráð 2020 í samræmi við formúluna, sem sett er fram í öðrum undirlið liðar 3.2.3.2.4 í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, þar sem í stað M_{CO2-H} og M_{CO2-L} fyrir viðkomandi brúnarhóp koma gildin $M_{CO2,C,5}$ í liðunum 2.5.1.1.3 (ökutæki H) og 2.5.1.2.3 (ökutæki L) í gerðarviðurkenningarvottorðinu eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

Ef koltvísýringslosun við blandaðan akstur ákvarðast eingöngu af vísun í ökutæki H skulu framleiðendur gefa upp gildið $M_{CO2,C,5}$ í liðnum 2.5.1.1.3 (ökutæki H) í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Framleiðendurnir skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina þau koltvísýringslosunargildi, ásamt gildunum $M_{CO2,C,5}$ sem notuð eru við útreikninginn, í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin hefur móttekið tilkynninguna um bráðabirgðagögnin fyrir árið 2020 með því að upphala þeim gögnum af reikningi framleiðanda í viðskiptagagnasafni Umhverfisstofnunar Evrópu.

2. Ef gögnin, sem um getur í 1. mgr., eru ekki lögð fram innan tilskilins frests skal framkvæmdastjórnin nota gildið sem skráð er í lið 2.5.1.2.3 í gerðarviðurkenningarvottorðinu og líta á það sem koltvísýringslosunargildi í blönduðum akstri, að því er varðar 1. mgr., fyrir öll nýskráð ökutæki í brúnarhópnum sem gerðarviðurkenningarvottorðið var gefið út fyrir og, eftir atvikum, gildið sem tilgreint er í lið 2.5.1.1.3 fyrir þá hópa þar sem aðeins mæligildi fyrir ökutæki H eru tiltæk.

3. Framkvæmdastjórnin skal vakta þá brúnarhópa þar sem koltvísýringslosun ákvarðast af vísun í ökutæki H eingöngu fyrir hvern framleiðanda og, ef um er að ræða fjölgun slíkra hópa, skal miða við stöðuna árið 2018, meta áhrif fjölgunarinnar á útreikninginn, sem um getur í 1. mgr., og, eftir því sem við á, undanskilja þessa hópa þessum útreikningi.“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir 2.2a og 2.2b bætast við:

„2.2a. Prófunarskilyrði fyrir WLTP-prófunaraðferðina

Til að WLTP-prófun teljist hafa þýðingu í samræmi við lið 2.2 og í þeim tilgangi að ákvarða ílagsgögnin, sem sett eru fram í lið 2.4, skulu prófunarskilyrðin, sem sett eru fram í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, gilda með eftirfarandi útskýringum:

a) leiðrétting á niðurstöðum úr WLTP-prófun fyrir massalosun koltvísýrings, í samræmi við 2. viðbæti í 6. Undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, gildir um allar slíkar prófunarniðurstöður þrátt fyrir ákvæðin í a-lið liðar 3.4.4 þess viðbætis,

b) ef prófunarökutækið er búið tækni sem hefur áhrif á koltvísýringsframmistöðu þess, þ.m.t. en ekki takmarkað við þá tækni sem um getur í 42.-50. lið ílagsgagnafylkisins, sem sett er fram í lið 2.4, og ætlað er að virka við prófunina, skal þessari tækni beitt við ökutækjaprófunina, óháð þeirri prófunaraðferð sem beitt er, þ.e. NEDC- eða WLTP-prófunaraðferð, sbr. þó kröfurnar í reglugerð (ESB) 2017/1151,

c) ef prófunarökutækið er búið sjálfskiptingu, skal sami valkvæði notkunarhamurinn notaður, óháð þeirri prófunaraðferð sem beitt er; ef besti og versti hamurinn er notaður fyrir WLTP-prófanir, í samræmi við c-lið liðar 1.2 í 6. viðbæti 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, skal nota versta haminn sem ílag við fylgnitólið sem og fyrir allar raunverulegar NEDC-prófanir,

d) ef prófunarökutækið er búið beinskiptingu, skal $n_{min\_drive\_set}$ skilgreint með formúlunni sem sett er fram í k-lið (3) í 2. lið 2. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151;

með samþykki viðurkenningaryfirvaldsins eða, eftir atvikum, tækniþjónustunnar, er framleiðandanum heimilt að reikna út gírskiptingarnar mismunandi, að því tilskildu að það sé réttlætanlegt í ljósi ökuhæfni ökutækisins og að öryggismörk viðbótaraflsins, sem er beitt í samræmi við lið 3.4 í 2. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, fari ekki yfir 20%.

Skilyrðin, sem um getur í a- til d-lið, skulu gilda að því er varðar fylgnina sem framkvæmd er samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/1151 og gerðarviðurkenningarnar sem veittar eru samkvæmt þeirri reglugerð.

2.2b. Gildissvið WLTP-prófunarskilyrða

Nákvæmnin, sem um getur í a-til d-lið liðar 2.2a, skal gilda í samræmi við eftirfarandi:

a) fyrir nýjar gerðir ökutækja frá og með gildistöku þessarar reglugerðar,

b) fyrir fyrirliggjandi gerðir ökutækja skulu framleiðendur, að því er varðar þær gerðir ökutækja sem taka til ökutækja sem sett eru á markað árið 2020, afhenda viðurkenningaryfirvaldinu gögn og á grundvelli þeirra skal viðurkenningaryfirvaldið staðfesta hvort prófunarskilyrðin, sem um getur í a- til d-lið liðar 2.2a, hafi verið uppfyllt í WLTP-gerðarviðurkenningarprófunum.

Í staðfestingunni skal tilgreina auðkenni brúnarhópsins og staðfestingu að því er varðar hvert prófunarskilyrði sem um getur í a- til d- lið. Viðurkenningaryfirvaldið skal gefa staðfestinguna út til handa framleiðandanum, tryggja að hún sé skráð og að unnt sé að gera hana aðgengilega án tafar að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

Ef viðurkenningaryfirvaldið getur ekki staðfest að eitt eða fleiri prófunarskilyrði, sem vísað er í, hafi verið uppfyllt skal framleiðandinn tryggja að ný WLTP-prófun eða, eftir atvikum, prófunarröð, í samræmi við 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, sé framkvæmd undir eftirliti viðurkenningaryfirvalds eða, eftir atvikum, tækniþjónustu með því að beita prófunarskilyrðunum, sem sett eru fram í a- til d- lið liðar 2.2a, gagnvart brúnarhópnum sem um er að ræða, þ.m.t. ný fylgni í samræmi við þessa reglugerð.

Framleiðandanum er heimilt, í því tilviki þar sem einungis prófunarskilyrðin, sem um getur í a-lið liðar 2.2a eru ekki uppfyllt, að leiðrétta það gildi í ílagsfylkinu án þess að þörf sé á nýrri WLTP-prófun.

Viðurkenningaryfirvaldið eða, eftir atvikum, tilnefnda tækniþjónustan skal skrá niðurstöður endurprófunarinnar eða leiðréttingarinnar og fylgninnar, í samræmi við 5. lið I. viðauka, og fullgerða fylgniskráin, sem byggist á endurprófunum á ílagsgögnunum, skal send framkvæmdastjórninni, í samræmi við lið 3.1.1.2, eigi síðar en 30. apríl 2021.“

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 2.4:

i. Eftirfarandi málsliður bætist við fyrstu málsgreinina:

„Fylla skal út í ílagsgagnafylkið fyrir hverja WLTP-prófun sem framkvæmd er.“

ii. Töflu 1 er breytt sem hér segir:

— Í stað textans í nr. 56 í dálkinum „athugasemdir“ kemur eftirfarandi:

„Mörg gildi: gögn frá innbyggðu greiningarkerfi (OBD) og vegkefli, 1Hz fyrir innbyggða greiningarkerfið og 10Hz fyrir vegkeflið, 0,1 km/klst. nákvæmni“.

— Í stað textans í nr. 57 í dálkinum „athugasemdir“ kemur eftirfarandi:

„Mörg gildi: 1Hz. Reikna skal út fræðilega gírskiptingu fyrir ökutæki H og L (ef við á)“.

— Í stað textans í nr. 61 í dálkinum „athugasemdir“ kemur eftirfarandi:

„Mörg gildi: 1Hz (tíðni sýnatöku tækisins 20Hz), 0,1 A nákvæmni, ytri mælibúnaður samstilltur við vegkeflið“.

— Eftirfarandi kemur í stað textans í nr. 67:

„67	Margfaldandi/samleggjandi endurnýjunarstuðull K_i fyrir ökutæki H og L	—	1. viðbætir 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Fyrir ökutæki, sem eru ekki með kerfi sem endurnýja sig reglubundið, er þetta gildi jafnt og 1.“*

— Eftirfarandi nýjar færslur bætast við:

„69	Varmagildi eldsneytis	kWh/l	2. viðbætir 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Gildi í samræmi við töflu A6.Viðb.2/1 í reglugerð (ESB) 2017/1151*
70	Eldsneytisnotkun við WLTP-prófun fyrir ökutæki H og L	l/100km	6. liður 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Ójöfnuð eldsneytisnotkun í prófun 1*
71	Nafnspenna í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi	V	Samkvæmt DIN EN 60050-482	*Fyrir lágspennurafgeymi eins og lýst er í 2. viðbæti í 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151*
72	Leiðréttingarstuðull ATCT-hóps	—	undirviðauki 6a í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Leiðréttingarstuðull ATCT-hóps (14 °C leiðrétting)*
73	Leiðrétting á hraða og fjarlægð í WLTP-prófun	—	Reglugerð (ESB) 2017/1151	*Leiðrétting framkvæmd?* *0 = nei | 1 = já*
74	Leiðrétting fyrir hleðslujafnvægi endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis (RCB) í WLTP-prófun	—	2. viðbætir í 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Leiðrétting framkvæmd?* *0 = nei | 1 = já*
75	Fjöldi WLTP-prófana	1, 2 eða 3		*Tilgreina skal hvort prófunargögnin séu tekin úr fyrstu, annarri eða þriðju WLTP-prófuninni*
76	Yfirlýst WLTP-koltvísýringsgildi fyrir ökutæki H og/eða L	g/km	Yfirlýsing framleiðanda	*Yfirlýst WLTP-gildi fyrir ökutæki H og L Gildin skulu innihalda allar leiðréttingar (ef við á)*
77	Mæld WLTP-koltvísýringsgildi sem eru leiðrétt fyrir ökutæki H og/eða L	g/km	*Gildin $MCO_{2,C,5}$ í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151*	*Mæld koltvísýringsgildi í blönduðum akstri fyrir ökutæki H og L eftir allar viðeigandi leiðréttingar. Ef um er að ræða 2 eða 3 WLTP-prófanir skulu allar mældar niðurstöður uppgefnar.*
78	Endurtekin WLTP-prófun	—	b-liður liðar 2.2b í I. viðauka	*Tilgreina skal hvaða prófunarskilyrði, eins og um getur í a- til d-lið liðar 2.2a í I.viðauka, hafa sætt endurteknum prófunum“*

c) Lið 3.1.1.1 er breytt sem hér segir:

i. Ákvæði a-liðar fellur brott.

ii. Í stað iii. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ílagsgögnin sem tilgreind eru í lið 2.4.“

iii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Dulkóða skal samantektarskrána, sem um getur í c-lið, til að tryggja trúnað.“

d) Í stað liðar 3.1.1.2 kemur eftirfarandi:

„3.1.1.2. Fullgerð fylgniskrá

Þegar upprunaleg frálagsskýrsla fylgnitólsins hefur verið gefin út, í samræmi við lið 3.1.1.1, skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið eða, eftir atvikum, tilnefnd tækniþjónusta hala upp samantektarskýrslunni, sem um getur í c-lið liðar 3.1.1.1, og senda hana netþjóni framkvæmdastjórnarinnar, sem sendir svar til sendandans (og afrit til viðeigandi þjónustusviða framkvæmdastjórnarinnar), sem og heila tölu, sem valin er af handahófi, á bilinu 0-99, tætikóða samantektarskýrslunnar sem ótvírætt tengir þá tölu við upprunalegu frálagsskýrsluna sem netþjónn framkvæmdastjórnarinnar undirritar með rafrænum hætti.

Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal útbúa fullgerða fylgniskrá eða, eftir atvikum, tilnefnd tækniþjónusta sem skal innihalda upprunalegu frálagsskýrslu fylgnitólsins, sem um getur lið 3.1.1.1, og svar frá netþjóni framkvæmdastjórnarinnar. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal geyma skrána sem prófunarskýrslu í samræmi við VIII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði c- og d-liðar 2. liðar 1. gr. gilda frá 1. febrúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1987 **2019/EES/49/15**

frá 31. október 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 15 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]), voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) birti 12. apríl 2016 breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 15, reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini. Markmiðið með breytingunum er að skýra sumar kröfur og liðka fyrir aðlöguninni hjá fyrirtækjum sem vinna að því að koma staðlinum til framkvæmda.

3) Með samráði við Evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil er staðfest að breytingar á IFRS-staðli 15 uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS- staðli 15, reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Nánari útlistun á IFRS-staðli 15

reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini

Breytingar á

IFRS-staðli 15*, reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*

Ákvæðum 26., 27. og 29. liðar er breytt. Ekki eru gerðar breytingar á 28. og 30. lið en þeir eru taldir með hér til að auðvelda tilvísanir.

Aðgreindar vörur eða þjónusta

26. Umsamdar vörur eða þjónustu geta, eftir tegund samnings, falið í sér, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi:

a) sölu á vörum sem eining framleiðir (t.d. birgðir framleiðanda),

b) endursölu á vörum sem eining hefur keypt (t.d. varning smásala),

c) endursölu á rétti til vara eða þjónustu sem eining hefur keypt (t.d. miði sem eining hefur endurselt og kemur þá fram sem umbjóðandi, eins og lýst er í liðum B34–B38),

d) framkvæmd samningsbundins verkefnis (eða verkefna) fyrir viðskiptavin,

e) veitingu þeirrar þjónustu að vera ætið reiðubúnar til að láta í té vörur eða þjónustu (t.d. ótilgreindar uppfærslur á hugbúnaði sem eru látnar í té á grundvelli þess hvort og hvenær slíkt er til reiðu) eða hafa vörur eða þjónustu til reiðu fyrir viðskiptavin sem hann getur notað þegar og ef hann kýs svo,

f) veitingu þjónustu sem felst í því að skipuleggja yfirfærslu á vörum eða þjónustu til viðskiptavinar fyrir annan aðila (s.s. með því að koma fram sem umboðsaðili fyrir annan aðila, eins og lýst er í liðum B34–B38),

g) veitingu réttar til vara eða þjónustu sem verða látnar í té í framtíðinni og viðskiptavinur getur endurselt eða látið viðskiptavini sínum í té (t.d. eining sem selur smásala vöru lofar að yfirfæra til einstaklings, sem kaupir vöruna frá smásalanum, viðbótarvöru eða viðbótarþjónustu),

h) smíði, framleiðslu eða þróun eigna fyrir hönd viðskiptavinar,

i) veitingu leyfa (sjá liði B52–B63B) og

j) veitingu kaupréttar fyrir viðbótarvörur eða -þjónustu (þegar þessir valkostir veita viðskiptavini efnislegan rétt, eins og lýst er í liðum B39–B43).

27. Vara eða þjónusta, sem viðskiptavinur fær loforð um, telst vera aðgreind ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn getur notið ávinnings af vörunni eða þjónustunni, annaðhvort einni og sér eða ásamt öðrum tilföngum sem viðskiptavinurinn hefur auðvelt aðgengi að (þ.e. varan eða þjónustan getur verið aðgreind) og

b) loforð einingarinnar um að yfirfæra til viðskiptavinar vöru eða þjónustu má greina sérstaklega frá öðrum loforðum samningsins (þ.e. loforð um að yfirfæra vöruna eða þjónustuna er aðgreint innan samningsins).

28. Viðskiptavinur getur notið ávinnings af vöru eða þjónustu í samræmi við a-lið 27. liðar ef hægt er að nota vöruna eða þjónustuna, neyta hennar, selja fyrir hærri fjárhæð en sem nemur hrakvirði eða halda henni þannig að til verði efnahagslegur ávinningur. Að því er sumar vörur eða þjónustu varðar kann viðskiptavinur að njóta ávinnings af vöru eða þjónustu einni og sér. Að því er aðrar vörur eða þjónustu varðar kann viðskiptavinur að njóta ávinnings af vöru eða þjónustu einungis ásamt öðrum auðveldlega aðgengilegum tilföngum. Auðveldlega aðgengilegt tilfang er vara eða þjónusta sem einingin eða önnur eining selur sérstaklega eða tilfang sem viðskiptavinurinn hefur þegar fengið frá einingunni (m.a. vörur eða þjónusta sem einingin hefur þegar yfirfært til viðskiptavinarins samkvæmt samningnum) eða í öðrum viðskiptum eða atburðum. Ýmsir þættir geta gefið vísbendingu um að viðskiptavinurinn hafi notið ávinnings af vöru eða þjónustu, annaðhvort einni og sér eða ásamt öðrum auðveldlega aðgengilegum tilföngum. Þannig myndi sú staðreynd að eining selur reglubundið, svo dæmi sé tekið, vöru eða þjónustu sérstaklega, gefa til kynna að viðskiptavinur gæti notið ávinnings af þeirri vöru eða þjónustu einni og sér eða ásamt öðrum auðveldlega aðgengilegum tilföngum.

29. Við mat á því hvort greina megi sérstaklega loforð einingar um að yfirfæra vörur eða þjónustu til viðskiptavinar, í samræmi við b-lið 27. liðar, er markmiðið að ákvarða hvort eðli loforðsins, í tengslum við samninginn, sé að yfirfæra þessar vöru eða þjónustu hverja fyrir sig eða, þess í stað, að yfirfæra samtengda vöru eða vörur þar sem umsamdar vörur eða þjónusta eru þá aðföng. Þættir, sem gefa til kynna að greina megi sérstaklega tvö eða fleiri loforð um að yfirfæra til viðskiptavinar vöru eða þjónustu, taka til, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) einingin veitir umtalsverða þjónustu við að fella vörurnar eða þjónustuna, ásamt öðrum vörum eða þjónustu sem lofað er samkvæmt samningnum, inn í samstæðu vara eða þjónustu sem stendur fyrir samanlagðan afrakstur sem viðskiptavinurinn hefur gert samning um. Með öðrum orðum notar einingin vörurnar eða þjónustuna sem aðföng til að framleiða eða afhenda samanlagðan afrakstur sem viðskiptavinurinn tilgreinir. Samanlagður afrakstur getur falið í sér fleiri en einn fasa, þátt eða einingu,

b) ein vara eða fleiri eða þjónusta breytir í veigamiklum atriðum eða aðlagar, eða er breytt í veigamiklum atriðum eða aðlöguð af annarri vöru eða fleiri öðrum vörum eða annarri þjónustu sem lofað er í samningnum,

c) vörurnar eða þjónustan eru verulega víxlháðar eða hafa rík innbyrðis tengsl sín á milli. Með öðrum orðum þá er hver vara eða þjónusta verulega háð annarri vöru, einni eða fleiri, eða annarri þjónustu í samningnum. Í sumum tilvikum eru t.d. tvær eða fleiri vörur (eða þjónusta) verulega háðar hvor annarri vegna þess að einingin getur ekki staðið við skuldbindingar sínar með því að yfirfæra þær vörur eða þjónustu hverja fyrir sig.

30. Ef umsamin vara eða þjónusta er ekki aðgreind skal eining sameina þá vöru eða þjónustu öðrum umsömdum vörum eða þjónustu þar til hún greinir aðgreinda samstæðu vara eða þjónustu. Í sumum tilvikum myndi það leiða til þess að einingin færði allar vörur eða þjónustu, sem lofað er samkvæmt samningi, sem eina árangurstengda skuldbindingu.

Í viðbæti B er liðum B1, B34–B38, B52–B53 og B58 breytt og liðum B34A, B35A, B35B, B37A, B59A, B63A og B63B er bætt við. Liður B57 falli brott. Ekki eru gerðar breytingar á liðum B54–B56, B59 og B60–B63 en þeir eru taldir með hér til að auðvelda tilvísanir.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

…

B1 Þessum leiðbeiningum um beitingu er skipt í eftirfarandi flokka:

a) …

i) leyfisveitingar (liðir B52–B63B),

j) …

Eining kemur fram sem umbjóðandi eða umboðsaðili

B34 Þegar annar aðili tekur þátt í að láta viðskiptavini í té vörur eða þjónustu skal einingin ákvarða hvort í loforði hennar felist árangurstengd skuldbinding um að hún láti sjálf í té tilgreindar vörur eða þjónustu (þ.e. einingin kemur fram sem umbjóðandi) eða hún eigi að gera ráðstafanir svo að hinn aðilinn geti látið þær vörur eða þjónustu í té (þ.e. einingin kemur fram sem umboðsaðili). Eining ákvarðar hvort um sé að ræða umbjóðanda eða umboðsaðila í tilviki hverrar tilgreindar vöru eða þjónustu sem lofuð er viðskiptavininum. Tilgreind vara eða þjónusta er aðgreind vara eða þjónusta (eða aðgreind samstæða vara eða þjónustu) sem látin er viðskiptavininum í té (sjá 27.–30. lið). Ef samningur við viðskiptavin nær yfir fleiri en eina tilgreinda vöru eða þjónustu gæti eining verið umbjóðandi fyrir sumar tilgreindar vörur eða þjónustu og umboðsaðili fyrir aðrar vörur eða þjónustu.

B34A Til að ákvarða hvers eðlis loforðið er (eins og lýst er í lið B34) skal eining:

a) skilgreina tilgreindar vörur eða þjónustu sem á að veita viðskiptavininum (sem gæti t.d. verið réttur til vöru eða þjónustu sem annar aðili mun veita (sjá 26. lið)) og

b) meta hvort hún ræður yfir (eins og lýst er í 33. lið) hverri tilgreindri vöru eða þjónustu áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins.

B35 Eining er umbjóðandi ef hún ræður yfir tilgreindri vöru eða þjónustu áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins. Eining hefur þó ekki endilega yfirráð yfir tilgreindri vöru ef hún fær löglegt eignarhald yfir vörunni í aðeins mjög skamman tíma áður en löglegt eignarhald er yfirfært til viðskiptavinar. Eining sem er umbjóðandi getur sjálf efnt árangurstengda skuldbindingu um að láta í té tilgreinda vöru eða þjónustu eða hún getur ráðið annan aðila (t.d. undirverktaka) til að efna hana, í heild eða að hluta, fyrir sína hönd.

B35A Þegar annar aðili tekur þátt í að láta viðskiptavini í té vörur eða þjónustu öðlast eining, sem er umbjóðandi, yfirráð yfir einhverju eftirtalinna:

a) vöru eða annarri eign frá hinum aðilanum sem einingin þá yfirfærir til viðskiptavinarins,

b) rétt á þjónustu sem hinn aðilinn annast, þá getur einingin fengið þann aðila til að veita viðskiptavininum þjónustuna fyrir hönd einingarinnar,

c) góðri þjónustu frá hinum aðilanum sem hann svo sameinar öðrum vörum eða þjónustu þegar hann lætur viðskiptavininum í té tilgreinda vöru eða þjónustu. Ef eining veitir t.d. umtalsverða þjónustu við að fella vörur eða þjónustu (sjá a-lið 29. liðar), sem annar aðili veitir, inn í tilgreinda vöru eða þjónustu sem viðskiptavinurinn hefur gert samning um, ræður einingin yfir tilgreindri vöru eða þjónustu áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins. Ástæða þessa er sú að einingin öðlast fyrst yfirráð yfir aðföngum fyrir tilgreindar vörur eða þjónustu (sem felur í sér vörur og þjónustu frá öðrum aðilum) og stýrir notkun þeirra til að mynda samanlagðan afrakstur sem er hin tilgreinda vara eða þjónusta.

B35B Þegar eining sem er umbjóðandi efnir árangurstengda skuldbindingu skal hún færa tekjur sem heildarfjárhæð þess endurgjalds sem hún gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir þessa tilgreindu yfirfærðu vöru eða þjónustu.

B36 Eining er umboðsaðili ef árangurstengd skuldbinding hennar felst í því að fá annan aðila til að láta í té tilgreinda vöru eða þjónustu. Eining sem er umboðsaðili ræður ekki yfir tilgreindri vöru eða þjónustu sem annar aðili lætur í té áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins. Þegar eining sem er umboðsaðili efnir árangurstengda skuldbindingu skal hún færa tekjur sem þóknun eða umboðslaun sem hún gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir að hafa milligöngu um að hinn aðilann láti í té tilgreindar vörur eða þjónustu. Þóknun eða umboðslaun einingar gæti verið hrein fjárhæð endurgjalds sem einingin heldur eftir þegar hún hefur greitt hinum aðilanum móttekið endurgjald í skiptum fyrir vörur eða þjónustu sem sá aðili lætur í té.

B37 Vísbendingar um að eining ráði yfir tilgreindri vöru eða þjónustu áður en hún er yfirfærð til viðskiptavinarins (og hún sé því umbjóðandi (sjá lið B35)) taka til, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) að einingin beri höfuðábyrgð á því að efna loforð um að láta vöruna eða þjónustuna í té. Þetta tekur að jafnaði til ábyrgðar á að tilgreind vara eða þjónusta sé ásættanleg (t.d. aðalábyrgð á að varan eða þjónustan sé í samræmi við forskrift viðskiptavinarins). Ef einingin ber höfuðábyrgð á því að efna loforð um að láta vöruna eða þjónustuna í té getur það bent til þess að hinn aðilinn, sem tekur þátt í að láta tilgreinda vöru eða þjónustu í té, starfi á vegum einingarinnar,

b) að einingin beri áhættu af birgðum áður en tilgreind vara eða þjónusta hefur verið yfirfærð til viðskiptavinar eða eftir yfirfærslu á yfirráðum til viðskiptavinar (t.d. ef viðskiptavinurinn hefur skilarétt á vöru). Ef einingin fær t.d. eða skuldbindur sig til að fá tilgreinda vöru eða þjónustu áður en hún hefur gert samning við viðskiptavin, getur það bent til þess að einingin geti ráðið yfir notkun og notið í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af eigninni eða þjónustunni áður en hún er yfirfærð til viðskiptavinarins,

c) að einingin hafi ákvörðunarrétt varðandi verðlagningu á tilgreindri vöru eða þjónustu. Ákvörðun um verð sem viðskiptavinurinn greiðir fyrir tilgreinda vöru eða þjónustu getur bent til þess að einingin hafi getu til að stjórna notkun á þeirri vöru eða þjónustu og njóta í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af vörunni eða þjónustunni. Umboðsaðili getur hins vegar í sumum tilvikum haft ákvörðunarrétt varðandi verðlagningu. Umboðsaðili getur t.d. haft nokkurn sveigjanleika til að ákveða verð til að mynda viðbótartekjur af þeirri þjónustu sinni að hafa milligöngu um að aðrir aðilar láti viðskiptavinum í té vörur eða þjónustu.

B37A Vísarnir í lið B37 kunna að skipta máli, meira eða minna, við mat á yfirráðum eftir því hvers eðlis tilgreind vara eða þjónusta er og skilmálum og skilyrðum samningsins. Auk þess kunna mismunandi vísar í ólíkum samningum að veita meira sannfærandi rök.

B38 Ef önnur eining tekur á sig árangurstengda skuldbindingu einingarinnar og samningsbundin réttindi í samningnum svo að einingunni er ekki lengur skylt að efna árangurstengda skuldbindingu um að yfirfæra tiltekna vöru eða þjónustu til viðskiptavinarins (þ.e. einingin kemur ekki lengur fram sem umbjóðandi) skal einingin ekki færa tekjur af þeirri árangurstengdu skuldbindingu. Þess í stað skal einingin meta hvort færa skuli tekjur af því að efna árangurstengda skuldbindingu til að fá samning fyrir hinn aðilann (þ.e. hvort einingin komi fram sem umboðsaðili).

…

Leyfisveiting

B52 Leyfi veitir viðskiptavini rétt til að nota hugverk einingar. Leyfi vegna hugverka geta tekið til, en takmarkast þó ekki við, leyfi vegna eftirfarandi:

a) hugbúnaðar og tækni,

b) kvikmynda, tónlistar og fjölmiðlunar og afþreyingar með öðru sniði,

c) sérleyfa og

d) einkaleyfa, vörumerkja og höfundarréttar.

B53 Til viðbótar við loforð um að veita viðskiptavini leyfi getur eining einnig lofað að yfirfæra aðrar vörur eða þjónustu til viðskiptavinarins. Tilgreina má þessi loforð með skýrum hætti í samningnum eða gefa þau til kynna með hefðbundnum viðskiptaháttum einingar, yfirlýstum stefnum hennar eða sérstökum yfirlýsingum (sjá 24. lið). Eins og með aðrar tegundir samninga þá beitir eining 22.–30. lið til að skilgreina hverja árangurstengda skuldbindingu í samningnum þegar samningur við viðskiptavin felur í sér loforð um leyfisveitingu (eða leyfisveitingar) til viðbótar við aðrar umsamdar vörur eða þjónustu.

B54 Ef loforðið um veitingu leyfis er ekki aðgreint frá öðrum umsömdum vörum eða þjónustu í samningnum, í samræmi við 26.–30. lið, skal eining færa það loforð um leyfisveitingu og þær umsömdu vörur eða þjónustu saman sem eina árangurstengda skuldbindingu. Dæmi um leyfi sem ekki eru aðgreind frá öðrum vörum eða þjónustu sem lofað er í samningi eru eftirfarandi:

a) leyfi sem er hluti af efnislegum fjármunum og sem er óaðskiljanlegur hluti af virkni vörunnar og

b) leyfi sem viðskiptavinurinn getur aðeins hagnast á í tengslum við tengda þjónustu (s.s. þjónusta á Netinu sem einingin veitir og leyfisveiting gerir viðskiptavininum kleift að nálgast efni).

B55 Ef leyfið er ekki aðgreint skal eining beita 31.–38. lið til að ákvarða hvort árangurstengda skuldbindingin (sem felur í sér umsamið leyfi) er árangurstengd skuldbinding sem er efnd á tilteknu tímabili eða á ákveðnum tímapunkti.

B56 Ef loforð um leyfisveitingu er aðgreint frá öðrum umsömdum vörum og þjónustu í samningnum og loforðið um veitingu leyfisins því aðskilin árangurstengd skuldbinding skal eining ákvarða hvort leyfið yfirfærist til við-skiptavinarins annaðhvort á ákveðnum tímapunkti eða á tilteknu tímabili. Við þessa ákvörðun skal eining hafa í huga hvort í loforði einingarinnar um leyfisveitingu til handa viðskiptavininum felist það að veita viðskiptavininum annaðhvort:

a) rétt til aðgangs að hugverki einingarinnar eins og það er fyrir hendi á öllu gildistímabili leyfisins eða

b) rétt til afnota af hugverki einingarinnar eins og það er fyrir hendi á þeim tímapunkti þegar leyfið er veitt.

Eðli loforðs einingarinnar ákvarðað

B57 [Felldur brott]

B58 Eðli loforðs einingar vegna leyfisveitingar er loforð um veitingu réttar til aðgangs að hugverkum einingarinnar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) í samningi er gerð krafa um, eða viðskiptavinur hefur ástæðu til að ætla, að einingin sinni athöfnum sem hafa veruleg áhrif á hugverk sem viðskiptavinurinn á rétt á (sjá liði B59 og B59A),

b) þau réttindi sem leyfið veitir hafa bein jákvæð eða neikvæð áhrif á viðskiptavininn vegna athafna einingarinnar sem tilgreind er í a-lið liðar B58 og

c) þessar athafnir leiða ekki til yfirfærslu á vörum eða þjónustu til viðskiptavinarins þegar þær eru framkvæmdar (sjá 25. lið).

B59 Þættir, sem geta gefið vísbendingu um að viðskiptavinur geti haft ástæðu til að ætla að eining framkvæmi athafnir sem hafa veruleg áhrif á hugverk, taka m.a. til hefðbundinna viðskiptahátta einingarinnar, birtra stefnumiða eða sérstakra yfirlýsinga. Þótt það sé ekki ákvarðandi þáttur getur tilvist sameiginlegra fjárhagslegra hagsmuna (t.d. sölubundinnar rétthafagreiðslu) einingarinnar og viðskiptavinarins varðandi hugverkið, sem viðskiptavinurinn á rétt á, einnig gefið til kynna að viðskiptavinurinn geti haft ástæðu til að ætla að einingin muni sinna slíkum athöfnum.

B59A Starfsemi einingar hefur veruleg áhrif á hugverk sem viðskiptavinurinn á rétt á þegar annaðhvort:

a) búist er við að slík starfsemi breyti umtalsvert formgerð (t.d. hönnun eða inntaki) eða virkni (t.d. getu til að sinna starfi eða verkefni) hugverks eða

b) geta viðskiptavinarins til að njóta ávinnings af hugverkinu er í meginatriðum dregin af eða háð þeirri starfsemi. Ávinningur af vöruheiti leiðir t.d. oft af eða er háður yfirstandandi aðgerðum einingar sem styðja eða viðhalda verðgildi hugverksins.

Til samræmis við það, ef það hugverk, sem viðskiptavinurinn á rétt á, hefur umtalsverða sjálfstæða virkni leiðir verulegur hluti ávinningsins af því hugverki af þeirri virkni. Af þessum sökum er geta viðskiptavinarins til að njóta ávinnings af hugverkinu ekki háð verulegum áhrifum af athöfnum einingarinnar nema þær athafnir breyti umtalsvert formgerð hennar eða virkni. Hugverk sem oft hafa umtalsverða sjálfstæða virkni eru hugbúnaður, líffræðileg efnasambönd eða lyfjaformúlur og fullbúið fjölmiðlaefni (eins og t.d. kvikmyndir, sjónvarpsþættir og tónlistarupptökur).

B60 Ef skilyrðin í lið B58 eru uppfyllt skal eining færa loforð um leyfisveitingu sem árangurstengda skuldbindingu sem er efnd á tilteknu tímabili vegna þess að viðskiptavinurinn mun samtímis taka við og neyta ávinnings af árangri einingarinnar við að veita aðgang að hugverki sínu um leið og sá árangur kemur fram (sjá a-lið 35. liðar). Eining skal beita 39.–45. lið við val á viðeigandi ráðstöfun til að meta árangur sinn við að efna að fullu árangurstengda skuldbindingu um að veita aðgang.

B61 Ef skilyrðin í lið B58 eru ekki uppfyllt felst loforð einingar í því að veita rétt til afnota af hugverki einingarinnar eins og það stendur (með tilliti til forms og virkni) á þeim tímapunkti þegar leyfið er veitt viðskiptavininum. Þetta þýðir að viðskiptavinurinn getur stjórnað notkun á leyfi og notið í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af leyfinu á þeim tímapunkti þegar leyfið er yfirfært. Eining skal færa loforð um veitingu réttar til afnota af hugverki einingarinnar sem árangurstengda skuldbindingu sem efnd er á tilteknum tímapunkti. Eining skal beita 38. lið til að ákvarða á hvaða tímapunkti leyfið er yfirfært til viðskiptavinarins. Ekki er þó unnt að færa tekjur af leyfi sem veitir rétt til afnota af hugverki einingar áður en það tímabil hefst þar sem viðskiptavinurinn getur notað leyfið og notið ávinnings af því. Ef hugbúnaðarleyfi tekur t.d. gildi áður en eining lætur viðskiptavininum í té (eða kemur á annan hátt á framfæri) kóða sem gerir honum kleift að nota hugbúnaðinn tafarlaust skal einingin ekki færa tekjur af því fyrr en sá kóði hefur verið látinn í té (eða komið á annan hátt á framfæri).

B62 Eining skal horfa fram hjá eftirfarandi þáttum þegar hún ákvarðar hvort leyfi veiti rétt til aðgangs að hugverki einingarinnar eða rétt til að nota hugverk einingarinnar:

a) takmarkanir varðandi tíma, landsvæði eða afnot — í þessum takmörkunum eru einkenni umsaminna leyfa skilgreind fremur en að tilgreint sé hvort eining efni árangurstengda skuldbindingu sína á ákveðnum tímapunkti eða með tímanum,

b) ábyrgðaryfirlýsingar einingarinnar um að hún hafi gilt einkaleyfi fyrir hugverki og að hún muni verja það einkaleyfi fyrir óheimilli notkun — loforð um að verja einkaleyfisrétt er ekki árangurstengd skuldbinding vegna þess að það að verja einkaleyfið ver verðgildi hugverkaeigna einingarinnar og fullvissar viðskiptavininn um að yfirfært leyfi uppfylli skilyrði leyfisins sem lofað er í samningnum.

Sölu- eða nýtingarbundnar rétthafagreiðslur

B63 Þrátt fyrir kröfurnar í 56.–59. lið skal eining aðeins færa tekjur af sölu- eða nýtingarbundnum rétthafagreiðslum sem lofað er í skiptum fyrir leyfi vegna hugverka þegar (eða eftir því sem) sá eftirfarandi atburður sem verður síðar á sér stað:

a) síðari sala eða afnot eiga sér stað og

b) árangurstengda skuldbindingin, sem sumum eða öllum sölu- eða nýtingarbundnu rétthafagreiðslunum hefur verið ráðstafað til, hefur verið efnd (eða efnd að hluta).

B63A Krafan í lið B63 um sölu- eða nýtingarbundnar rétthafagreiðslur gildir þegar rétthafargreiðslan tengist aðeins leyfi vegna hugverka eða þegar leyfi vegna hugverka er ráðandi liður í tengslum við rétthafagreiðsluna (t.d. getur leyfi vegna hugverka verið ráðandi liður í tengslum við rétthafagreiðslu þegar eining hefur réttmætar væntingar um að viðskiptavinurinn telji leyfið verulega verðmætara en aðrar vörur eða þjónustu sem rétthafagreiðslan tengist).

B63B Þegar krafan í lið B63A er uppfyllt skal færa tekjur af sölu- eða nýtingarbundnum rétti að fullu í samræmi við lið B63. Þegar krafan í lið B63A er ekki uppfyllt eiga kröfur um breytilegt endurgjald í 50.–59. lið við um sölu- eða nýtingarbundnar rétthafagreiðslur.

Í viðbæti C er liðum C2, C5 og C7 breytt og liðum C1B, C7A og C8A bætt við. Ekki eru gerðar breytingar á liðum C3 og C6 en þeir eru taldir með hér til að auðvelda tilvísanir.

GILDISTÖKUDAGUR

…

C1B *Með nánari útlistun á IFRS-staðli 15,* reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini, sem gefinn var út í apríl 2016, breyttust 26., 27. og 29. liður, liðir B1, B34–B38, B52–B53, B58, C2, C5 og C7, liður B57 féll brott og liðir B34A, B35A, B35B, B37A, B59A, B63A, B63B, C7A og C8A bættust við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

UMBREYTING

C2 Að því er varðar umbreytingarákvæðin í liðum C3–C8A:

a) upphafsdagur beitingar er upphaf reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir þessum staðli í fyrsta sinn og

b) uppfylltur samningur er samningur þar sem eining hefur yfirfært allar vörur eða þjónustu sem auðkennd er í samræmi við IAS-staðal 11, *verksamningar*, IAS-staðal 18, *reglulegar tekjur*, og tengdar túlkanir.

C3 Eining skal beita þessum staðli með því að nota aðra hvora eftirfarandi aðferða:

a) afturvirkt fyrir hvert fyrra reikningsskilatímabil sem sett er fram í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* með fyrirvara um úrræðin í lið C5 eða

b) afturvirkt með samlegðaráhrifum af því að beita þessum staðli í upphafi sem færður er á upphafsdegi beitingar í samræmi við liði C7–C8.

…

C5 Eining getur notað eitt eða fleiri af eftirfarandi hentugum úrræðum við afturvirka beitingu þessa staðals í samræmi við a-lið liðar C3:

a) að því er varðar uppfyllta samninga þarf eining ekki að endurgera samninga sem:

i. hefjast og lýkur innan sama árlega reikningsskilatímabils eða

ii. hafa verið uppfylltir í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram,

b) að því er varðar uppfyllta samninga með breytilegu endurgjaldi má eining nota viðskiptaverðið á þeim degi þegar samningurinn var uppfylltur fremur en að meta fjárhæðir breytilegs endurgjalds á sambærilegum reikningsskilatímabilum,

c) í samræmi við 20.–21. lið þarf eining ekki að gera afturvirka endurgerð á samningum vegna samninga sem breytt er fyrir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram. Þess í stað skal eining endurspegla samanlögð áhrif allra breytinganna sem urðu fyrir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram þegar eining:

i. skilgreinir árangurstengdar skuldbindingar sem hafa verið efndar og ekki hafa verið efndar,

ii. ákvarðar viðskiptaverð og

iii. ráðstafar heildarverði í viðskiptum til árangurstengdra skuldbindinga sem hafa verið efndar og ekki hafa verið efndar,

d) að því er varðar öll reikningsskilatímabil sem sett eru fram fyrir upphafsdag beitingar þarf eining hvorki að greina frá fjárhæð viðskiptaverðs til eftirstandandi árangurstengdra skuldbindinga né útskýra hvenær einingin gerir ráð fyrir að færa þá fjárhæð sem tekjur (sjá 120. lið).

C6 Einingin skal, að því er varðar þau hentugu úrræði sem um getur í lið C5 og hún notar, beita viðkomandi úrræði af samkvæmni gagnvart öllum samningum innan allra reikningsskilatímabila sem sett eru fram. Þessu til viðbótar skal einingin leggja fram allar eftirfarandi upplýsingar:

a) þau úrræði sem notuð hafa verið og

b) að því marki sem það er mögulegt, eigindlegt mat á ætluðum áhrifum þess að beita hverju þessara úrræða.

C7 Ef eining velur að beita þessum staðli afturvirkt í samræmi við b-lið liðar C3 skal hún færa samlegðaráhrif af því að beita í upphafi þessum staðli sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar. Samkvæmt þessari umbreytingaraðferð getur eining valið að beita þessum staðli afturvirkt vegna samninga sem ekki hafa verið uppfylltir á upphafsdegi beitingar (t.d. 1. janúar 2018 að því er varðar einingu með fjárhagsár sem lýkur 31. desember).

C7A Eining sem beitir þessum staðli afturvirkt í samræmi við b-lið liðar C3, getur einnig notast við hentuga úrræðið sem lýst er í c-lið liðar C5, annaðhvort:

a) fyrir allar breytingar á samningi sem verða fyrir upphaf fyrsta tímabils sem sett er fram eða

b) fyrir allar breytingar á samningi sem verða fyrir þann dag sem samningurinn kemur til framkvæmda.

Ef eining nýtir sér þetta hentuga úrræði skal hún beita því úrræði á sama hátt gagnvart öllum samningum og birta upplýsingarnar sem krafist er í ákvæðum liðar C6.

…

C8A Eining skal beita *nánari útlistun á IFRS-staðli 15* afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8. Við að beita breytingunum afturvirkt skal eining beita breytingunum eins og þær hefðu verið með í IFRS-staðli 15 á upphafsdegi beitingar. Af þessum sökum beitir eining ekki þessum breytingum á reikningsskilatímabil eða samninga þar sem kröfum IFRS-staðals 15 er ekki beitt í samræmi við liði C2–C8. Ef eining beitir t.d. aðeins IFRS-staðli 15, í samræmi við b-lið liðar C3, á samninga sem ekki hafa verið uppfylltir á upphafsdegi breytingar skal eining ekki endurgera uppfyllta samninga á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 15 vegna áhrifa af þessum breytingum.

———

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1988 **2019/EES/49/16**

frá 3. nóvember 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 4 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 12. september 2016 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 4, beiting IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar* með IFRS-staðli 4, *vátryggingasamningar* („breytingar á IFRS-staðli 4“). Markmiðið með breytingunum á IFRS-staðli 4 er að bregðast við tímabundnum afleiðingum reikningsskila vegna mismunandi gildistökudaga IFRS-staðals 9 og nýs staðals fyrir vátryggingasamninga sem kemur í stað IFRS-staðals 4 (IFRS-staðall 17).

3) Markmið IFRS-staðals 9 er að bæta reikningsskil fjármálagerninga með því að takast á við þau málefni sem upp komu á þessu sviði í fjármálakreppunni. Einkum er með IFRS-staðli 9 brugðist við þeirri kröfu G20-hópsins að taka upp aðferð við færslu væntra taps af fjáreignum sem lítur betur til framtíðar.

4) Breytingarnar á IFRS-staðli 4 gera einingum sem einkum stunda vátryggingastarfsemi kleift að fresta gildistökudegi IFRS-staðals 9 til 1. janúar 2021. Áhrif slíkrar frestunar eru þau að hlutaðeigandi einingar geta haldið áfram að skila reikningum samkvæmt fyrirliggjandi staðli, IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*. Breytingarnar á IFRS-staðli 4 gera einnig einingum, sem gefa út vátryggingasamninga, kleift að fjarlægja úr rekstrarreikningi hluta af viðbótarreikningsskilalegu ósamræmi og tímabundnum óstöðugleika sem gæti átt sér stað þegar IFRS-staðli 9 er beitt áður en IFRS-staðall 17 kemur til framkvæmda.

5) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingar á IFRS-staðli 4 uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

6) Framkvæmdastjórnin telur þó að breytingarnar á IFRS-staðli 4 séu ekki nægjanlega umfangsmiklar til að uppfylla þarfir allra veigamikilla vátryggingaaðila í Sambandinu. Einkum myndu tryggingafélög innan fjármálasamsteypa ekki geta frestað beitingu IFRS-staðals 9, en það gæti sett þau í verri stöðu gagnvart samkeppnisaðilum. Því ætti að heimila tryggingafélögum fjármálasamsteypa sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([3]) að fresta beitingu IFRS-staðals 9 til 1. janúar 2021.

7) Frestun tryggingafélaga í fjármálasamsteypum á beitingu IFRS-staðals 9 þýðir beitingu tveggja ólíkra reikningsskilastaðla innan einnar fjármálasamsteypu sem getur myndað högnun í reikningsskilum auk þess að geta valdið fjárfestum vandkvæðum við að skilja samstæðureikningsskilin. Slík frestun ætti því að vera háð vissum skilyrðum. Til að koma í veg fyrir að samstæðan yfirfæri fjármálagerninga milli geira, til að færa sér í nyt hagstæðari reikningshaldslega meðferð, ætti tímabundið bann við yfirfærslu fjármálagerninga, annarra en fjármálagerninga sem metnir eru á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

gangvirði með breytingum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, að eiga við. Eingöngu yfirfærslur fjármálagerninga sem uppfylla skilyrði um að afskráðar séu af reikningum yfirfærsluaðilans, ættu að falla undir bann við yfirfærslu. Fjármálagerningar, sem eining innan samstæðunnar hefur gefið út, ættu ekki að falla undir þetta bann vegna þess að eignarhlutdeild innan samstæðu á fjármálagerningum er felld brott í samstæðureikningi fyrirtækjasamstæðunnar.

8) Frestun beitingar á IFRS-staðli 9 er í samræmi við nálgun IFRS-staðals 4 sem gerir vátryggingasamstæðum kleift að taka dótturfélög með í samstæðureikningsskil án þess að samræma mat á vátryggingaskuldum samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum dótturfélaga með reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af öðrum í samstæðunni. Þó að notkun ósamræmdra reikningsskilaaðferða kunni að draga úr skiljanleika reikningsskilanna eru notendur reikningsskilanna þegar kunnugir reikningsskilum samkvæmt IAS-staðli 39 og frestunin gildir einungis í takmarkaðan tíma. Skilyrðin sem sett eru fyrir notkun frestunarinnar ættu einnig að draga úr slíkum áhyggjum.

9) Frestun á beitingu IFRS-staðals 9 fyrir tryggingafélög innan fjármálasamsteypa ættu að gilda í takmarkaðan tíma vegna þess að mikilvægt er að úrbæturnar sem innleiddar eru með IFRS-staðli 9 komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er auk þess sem gildistökudagur IFRS-staðals 17 er 1. janúar 2021.

10) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS-staðli 4, *vátryggingasamningar*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Fjármálasamsteypa, eins og hún er skilgreind í 14. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, getur valið að engin eininga hennar sem starfar innan tryggingageirans, í skilningi b-liðar 8. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, beiti IFRS-staðli 9 í samstæðureikningsskilum fyrir fjárhagsár sem hefjast fyrir 1. janúar 2021 að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) að engir fjármálagerningar séu yfirfærðir milli tryggingafélagsins og annarra geira fjármálasamsteypunnar eftir 29. nóvember 2017, aðrir en fjármálagerningar sem metnir eru á gangvirði með breytingum á gangvirði sem báðir geirar, sem taka þátt í slíkum yfirfærslum, færa í rekstrarreikning,

b) að fjármálasamsteypan skýri frá, í samstæðureikningsskilum, hvaða vátryggingaaðilar innan samstæðunnar beiti IAS-staðli 39,

c) að greint sé sérstaklega frá upplýsingum sem farið er fram á samkvæmt IFRS-staðli 7 fyrir tryggingafélagið sem beitir IAS-staðli 39 og frá öðrum í samstæðunni sem beita IFRS-staðli 9.

3. gr.

1. Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

2. Fjármálasamsteypa getur þó kosið að beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. gr., frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs hennar sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Beiting IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar* með IFRS-staðli 4, *vátryggingasamningar*

(Breytingar á IFRS-staðli 4)

Breytingar á

IFRS-staðli 4, *vátryggingasamningar*

Ákvæðum 3. liðar er breytt.

GILDISSVIÐ

…

3. Í þessum IFRS-staðli er ekki fjallað um aðra þætti reikningshalds af hálfu vátryggjenda eins og færslu fjáreigna í eigu vátryggjenda og fjárskulda, sem vátryggjendur gefa út (sbr. IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: framsetning*, IFRS-staðal 7 og IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*) nema:

   a) liður 20A veitir vátryggjendum sem uppfylla tilgreindar viðmiðanir heimild til tímabundinnar undanþágu frá IFRS-staðli 9,

   b) liður 35B veitir vátryggjendum heimild til að beita endurflokkunaraðferðinni á tilteknar fjáreignir og

   c) liður 45 veitir vátryggjendum heimild til að endurflokka, við tilteknar aðstæður, sumar eða allar fjáreignir sínar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

…

Ákvæðum 5. liðar er breytt.

…

5. Til að auðvelda tilvísanir lýsir þessi IFRS-staðall einingu sem gefur út vátryggingasamning sem vátryggjanda hvort sem útgefandi er talinn vera vátryggjandi í lagalegu tilliti eða vegna eftirlits. Allar tilvísanir í vátryggjanda í a- til b-lið 3. liðar, liðum 20A–20Q, 35B–35N, 39B–39M og 46.–49. lið skulu einnig lesnar sem tilvísanir í útgefanda fjármálagernings sem í felst valkvæður þáttur.

…

Nýjum fyrirsögnum er bætt við neðan við 20. lið og liði 20K og 20N. Nýjum liðum, 20A–20Q, er bætt við.

FÆRSLA OG MAT

…

Tímabundin undanþága frá IFRS-staðli 9

20A IFRS-staðall 9 fjallar um reikningsskil í fjármálagerningum og gildir um árstímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Þessi IFRS-staðall veitir hins vegar vátryggjanda, sem uppfyllir viðmiðanirnar í lið 20B, tímabundna undanþágu sem heimilar vátryggjandanum, án þess að þess sé krafist, að beita IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* fremur en IFRS-staðli 9 að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2021. Vátryggjandi sem beitir tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 skal:

   a) fara að kröfunum í IFRS-staðli 9 sem eru nauðsynlegar til birtingar upplýsinga sem krafist er í liðum 39B–39J í þessum staðli og

   b) beita öllum gildandi IFRS-stöðlum á fjármálagerninga sína, með þeirri undantekningu sem lýst er í liðum 20A–20Q, 39B–39J og 46.–47. lið þessa IFRS-staðals.

20B Vátryggjandi má beita tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 ef, og einungis ef:

a) hann hefur ekki áður beitt annarri útfærslu af IFRS-staðli 9 ([1]), að öðru leyti en kröfum um framsetningu hagnaðar og taps af fjárskuldum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í c-lið liðar 5.7.1, liðum 5.7.7.–5.7.9, 7.2.14 og B5.7.5–B5.7.20 í IFRS-staðli 9 og

b) starfsemi hans er aðallega tengd vátryggingum, eins og lýst er í lið 20D, á árlegum reikningsskiladegi fyrir 1. apríl 2016 eða á síðari árlegum reikningsskiladegi eins og tilgreint er í lið 20G.

20C Vátryggjandi sem beitir tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 hefur aðeins heimild til að beita kröfum um framsetningu hagnaðar og taps af fjárskuldum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í c-lið í lið 5.7.1, liðum 5.7.7–5.7.9, 7.2.14 og B5.7.5–B5.7.20 í IFRS-staðli 9. Ef vátryggjandi velur að beita þessum kröfum skal hann beita viðeigandi umbreytingarákvæðum IFRS-staðals 9, greina frá því að hann hafi beitt þessum kröfum og láta í té skyldar upplýsingar sem eru settar fram í 10.–11. lið í IFRS-staðli 7 (eins og honum var breytt með IFRS-staðli 9 (2010)).

20D Starfsemi vátryggjanda er aðallega tengd vátryggingum ef, og einungis ef:

a) bókfært verð skuldbindinga vátryggjandans, sem koma til vegna samninga sem falla undir gildissvið þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals sem tekur til hvers konar geymslufjárþátta eða innbyggðra afleiða sem sundurgreindar eru frá vátryggingasamningum með beitingu 7.–12. liðar þessa IFRS-staðals, er umtalsverð samanborið við bókfært heildarverð allra skuldbindinga hans og

b) hlutfall af bókfærðu heildarverði skuldbindinga vátryggjandans sem tengjast vátryggingum (sbr. lið 20E), miðað við bókfært heildarverð allra skuldbindinga hans er:

i. meira en 90 prósent eða

ii. minna eða jafnt 90 prósentum en meira en 80 prósent auk þess sem vátryggjandinn tekur ekki þátt í umtalsverðri starfsemi sem ekki tengist vátryggingum (sbr. lið 20F).

20E Við beitingu b-liðar í lið 20D samanstanda skuldbindingar sem tengjast vátryggingum af:

a) skuldbindingum sem koma til vegna samninga sem falla undir gildissvið þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals, eins og lýst er í a-lið liðar 20D,

b) óafleiddum fjárfestingaskuldum sem eru metnar á gagnvirði í rekstrarreikningi þar sem IAS-staðli 39 er beitt (þ.m.t. þeim sem tilgreindar eru á gangvirði í rekstrarreikningi sem vátryggjandinn hefur beitt vegna krafnanna í IFRS-staðli 9 varðandi framsetningu hagnaðar og taps (sbr. a-lið í lið 20B og lið 20C)) og

c) skuldbindingum sem verða til vegna þess að vátryggjandinn gefur út eða uppfyllir skuldbindingar sem leiða af samningunum í a- og b-lið. Sem dæmi um slíkar skuldbindingar eru afleiður sem notaðar eru til að draga úr áhættu sem hlýst af þessum samningum og því að eignin styður við þessa samninga, viðkomandi skattskuldbindingar eins og frestaðar skattskuldbindingar fyrir tímabundinn mismun á skattskyldu vegna skuldbindinga sem koma til vegna þessara samninga, og útgefnir skuldagerningar sem teknir eru með í lögbundnu, eigin fé vátryggjanda.

20F Við mat á því hvort hann taki þátt í umtalsverðri starfsemi sem ekki tengist vátryggingum við beitingu ii-liðar b-liðar í lið 20D skal vátryggjandi hafa í huga:

a) aðeins þá starfsemi sem hann getur aflað tekna af og getur haft í för með sér útgjöld og

b) megindlega eða eigindlega þætti (eða hvoru tveggja), þ.m.t. upplýsingar sem eru öllum aðgengilegar eins og atvinnugreinaflokkun sem notendur reikningsskila nota á vátryggjandann.

20G Í b-lið liðar 20B er þess krafist að eining meti hvort hún uppfylli skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9 á árlegum reikningsskiladegi sem er fyrir 1. apríl 2016. Eftir þann dag:

a) skal eining, sem hefur áður uppfyllt skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9, endurmeta hvort starfsemi hennar er aðallega tengd vátryggingum á síðari árlegum reikningsskiladegi ef, og einungis ef, breyting hefur orðið á starfsemi einingarinnar eins og lýst er í liðum 20H–20I, á því árstímabili sem lauk þann dag.

([1]) Ráðið gaf út síðari útgáfur af IFRS-staðli 9 á árunum 2009, 2010, 2013 og 2014.

b) hefur eining, sem áður hefur ekki uppfyllt skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9, leyfi til að endurmeta hvort starfsemi hennar er aðallega tengd vátryggingum á síðari árlega reikningsskiladegi fyrir 31. desember 2018 ef, og einungis ef, breyting hefur orðið á starfsemi einingarinnar eins og lýst er í liðum 20H–20I, á því árstímabili sem lauk þann dag.

20H Við beitingu liðar 20G er breyting á starfsemi einingar breyting sem:

a) ákveðin er af yfirstjórn einingarinnar í kjölfar ytri eða innri breytinga,

b) hefur mikla þýðingu fyrir rekstur einingarinnar og

c) hægt er að sýna utanaðkomandi aðilum fram á.

Til samræmis við það verður slík breyting einungis þegar eining hefur eða lýkur starfsemi sem hefur þýðingu fyrir rekstur hennar eða breytir umfangi hluta af starfsemi hennar verulega, t.d. þegar einingin hefur eignast, selt eða lagt niður starfsemi.

20I Gert er ráð fyrir að breytingar á starfsemi eininga, eins og lýst er í lið 20H, séu afar fátíðar. Eftirfarandi tilvik teljast ekki breytingar á starfsemi einingar við beitingu liðar 20G:

a) breyting á fjármögnunarskipulagi einingarinnar sem í sjálfu sér hefur ekki áhrif á þá starfsemi sem einingin hefur tekjur af og hefur í för með sér útgjöld.

b) áætlanir einingarinnar um sölu á starfsemi, jafnvel þótt eignir og skuldir séu flokkaðar eins og þeim sé haldið til sölu við beitingu IFRS-staðals 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*. Áætlun um sölu á starfsemi gæti breytt starfsemi einingarinnar og leitt til endurmats í framtíðinni en hefur enn ekki áhrif á skuldir sem færðar eru í efnahagsreikning hennar.

20J Ef eining uppfyllir ekki lengur skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9 vegna endurmats (sbr. a-lið í lið 20G) er einingunni aðeins heimilt að beita tímabundnum undanþágum frá IFRS-staðli 9 til loka þess árstímabils sem hófst strax að loknu því endurmati. Samt sem áður verður eining að beita IFRS-staðli 9 fyrir árstímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar. Ákvarði eining t.d. að hún uppfylli ekki lengur skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9 með beitingu a-liðar í lið 20G þann 31. desember 2018 (lok árstímabils þess) er einingunni einungis heimilt að beita tímabundnu undanþágunni frá IFRS-staðli 9 til 31. desember 2019.

20K Vátryggjandi sem áður kaus að beita tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 má við upphaf allra síðari árstímabila velja að beita IFRS-staðli 9 óafturkræft.

Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn

20L Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, má beita tímabundnu undanþágunni frá IFRS-staðli 9 eins og lýst er í lið 20A ef, og einungis ef, hann uppfyllir viðmiðanirnar sem lýst er í lið 20B. Við beitingu b-liðar í lið 20B skal notandi sem beitir IFRS-stöðlunum í fyrsta sinn nota bókfært verð sem ákvarðað er við beitingu IFRS-staðla þann dag sem tilgreindur er í þeim lið.

20M IFRS-staðall 1 felur í sér kröfur og undanþágur sem gilda fyrir notanda sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn. Þær kröfur og undanþágur (t.d. liðir D16–D17 í IFRS-staðli 1) ógilda ekki kröfurnar í liðum 20A–20Q og 39B–39J í þessum IFRS-staðli. Kröfur og undanþágur í IFRS-staðli 1 ógilda t.d. ekki þá kröfu að notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn verði að uppfylla viðmiðanir sem tilgreindar eru í lið 20L til að beita tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9.

20N Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, sem birtir upplýsingar sem krafist er í ákvæðum liða 39B–39J skal nota kröfur og undanþágur í IFRS-staðli 1 sem eru viðeigandi við mat sem krafist er við birtingu upplýsinganna.

Tímabundin undanþága frá sértækum kröfum í IAS-staðli 28

20O Í 35.–36. lið í IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, er þess krafist að eining beiti samræmdum reikningsskilaaðferðum þegar hún notar hlutdeildaraðferðina. Samt sem áður er einingu heimilt, en þess er ekki krafist, að viðhalda viðeigandi reikningsskilaaðferðum sem beitt er af hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2021, með eftirfarandi hætti:

a) einingin beitir IFRS-staðli 9 en hlutdeildarfélagið eða samreksturinn beitir tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 eða

b) einingin beitir tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 en hlutdeildarfélagið eða samreksturinn beitir IFRS-staðli 9.

20P Þegar eining notar hlutdeildaraðferð til að gera grein fyrir fjárfestingum í hlutdeildarfélagi eða samrekstri:

a) ef IFRS-staðli 9 var áður beitt í reikningsskilum sem notuð voru til að beita hlutdeildaraðferðinni á það hlutdeildarfélag eða þann samrekstur (eftir að hafa endurspeglað allar aðlaganir sem einingin gerði) skal IFRS-staðli 9 áfram beitt,

b) ef tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 var áður beitt í reikningsskilum sem notuð voru til að beita hlutdeildaraðferðinni á það hlutdeildarfélag eða þann samrekstur (eftir að hafa endurspeglað allar leiðréttingar sem einingin gerði) má beita IFRS-staðli 9 í kjölfarið.

20Q Eining má beita lið 20O og b-lið liðar 20P hvorum um sig fyrir hvert hlutdeildarfélag eða samrekstur.

Nýjum liðum, 35A–35N, 39B–39M og 46.–49. lið, er bætt við. Nýjum fyrirsögnum er bætt við á eftir liðum 35A, 35K, 35M, 39A, 39J og 45. og 47. lið.

Valkvæðir þættir í fjármálagerningum

…

35A Tímabundnu undanþágurnar í liðum 20A, 20L og 20O og endurflokkunaraðferðin í lið 35B eru einnig tiltækar útgefanda fjármálagernings sem hefur að geyma valkvæðan þátt. Til samræmis við það skulu allar tilvísanir í vátryggjanda í a- og b-lið 3. liðar, liðum 20A–20Q, 35B–35N, 39B–39M og í 46.–49. lið einnig lesnar sem tilvísanir í útgefanda fjármálagernings sem hefur að geyma valkvæðan þátt.

FRAMSETNING

Endurflokkunaraðferðin

35B Vátryggjanda er heimilt, en þó ekki skylt að beita endurflokkunaraðferðinni á tilteknar fjáreignir. Vátryggjandi sem beitir endurflokkunaraðferðinni skal:

a) endurflokka fjárhæð sem leiðir til rekstrarreiknings í lok reikningsskilatímabils á milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu svo tilteknar fjáreignir séu sambærilegar því að vátryggjandinn hafi beitt IAS-staðli 39 á tilgreindu fjáreignirnar. Til samræmis við það er endurflokkuð fjárhæð jöfn mismuninum á milli:

i. fjárhæðarinnar sem tilgreind er í rekstrarreikningi fyrir tilgreindu fjáreignirnar sem beita IFRS-staðli 9 og

ii. fjárhæðarinnar sem hefði verið færð í rekstrarreikning fyrir tilteknu fjáreignirnar ef vátryggjandinn hefði beitt IAS-staðli 39,

b) beita öllum gildandi IFRS-stöðlum á fjármálagerninga sína, með þeirri undantekningu sem lýst er í liðum 35B–35N, 39K–39M og 48.–49. lið þessa IFRS-staðals.

35C Vátryggjandi getur eingöngu valið að beita endurflokkunaraðferðinni sem lýst er í lið 35B þegar hann beitir IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn, þ.m.t. þegar hann beitir IFRS-staðli í fyrsta sinn eftir að hafa áður beitt:

a) tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 sem lýst er í lið 20A eða

b) eingöngu kröfum um framsetningu hagnaðar og taps af fjárskuldum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í c-lið liðar 5.7.1, liðum 5.7.7.–5.7.9, 7.2.14 og B5.7.5–B5.7.20 í IFRS-staðli 9.

35D Vátryggjandi skal leggja fram endurflokkaða fjárhæð milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu með því að beita endurflokkunaraðferðinni:

a) sem sérlínu í rekstrarreikningi og

b) í annarri heildarafkomu sem aðgreindan þátt annarrar heildarafkomu.

35E Fjáreign uppfyllir skilyrði tilgreiningar fyrir endurflokkunaraðferðina ef, og einungis ef, eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning með því að beita IFRS-staðals 9 en hefði ekki verið metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í heild sinni ef IAS-staðli 39 hefði verið beitt og

b) henni er ekki haldið vegna starfsemi sem er ótengd samningum innan gildissviðs þessa IFRS-staðals. Dæmi um fjáreignir sem mundu ekki uppfylla skilyrði fyrir endurflokkunaraðferðinni eru þær eignir sem haldið er vegna bankastarfsemi eða fjáreignir sem varðveittar eru í sjóðum er varða fjárfestingasamninga sem eru utan gildissviðs þessa IFRS-staðals.

35F Vátryggjandi getur tilgreint að fjáreign uppfylli skilyrði fyrir endurflokkunaraðferðinni þegar hann velur að beita þeirri aðferð (sbr. lið 35C). Í kjölfarið má hann tilgreina að fjáreign uppfylli skilyrði fyrir endurflokkunaraðferðinni þá og því aðeins:

a) að sú eign sé upphaflega færð eða

b) að sú eign hafi nýlega uppfyllt skilyrðin í b-lið í lið 35E sem hún uppfyllti ekki áður.

35G Vátryggjanda er heimilt að tilgreina fjáreign sem uppfyllir skilyrði fyrir endurflokkunaraðferðinni með því að beita lið 35F fyrir hvern og einn gerning.

35H Ef við á, við beitingu endurflokkunaraðferðarinnar á nýlega tilgreinda fjáreign með því að beita b-lið í lið 35F:

a) skal gangvirði á tilgreiningardegi vera nýtt afskrifað bókfært verð og

b) virkir vextir skulu ákvarðaðir þar sem byggt er á gangvirði á tilgreiningardegi.

35I Eining skal beita endurflokkunaraðferðinni á tilgreinda fjáreign þar til sú fjáreign er afskráð. Eining, hins vegar:

a) skal hætta að tilgreina fjáreign þegar fjáreignin uppfyllir ekki lengur skilyrðin í b-lið liðar 35E. Fjáreignin uppfyllir t.d. ekki lengur þau skilyrði þegar eining yfirfærir þá eign svo henni er haldið með tilliti til bankastarfsemi hennar eða þegar eining hættir að vera vátryggjandi,

b) má, við upphaf hvers ársтímabils, hætta að beita endurflokkunaraðferðinni á allar tilgreindar fjáreignir. Eining sem kýs að hætta að nota endurflokkunaraðferðina skal beita IAS-staðli 8 til að gera grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferð.

35J Þegar eining hættir að tilgreina fjáreign með beitingu a-liðar í lið 35I skal hún endurflokka eftirstandandi fjárhæð, sem varðar þá fjáreign, úr uppsafnaðri annarri heildarafkomu í rekstrarreikning, sem endurflokkunarleiðréttingu (sbr. IAS-staðal 1).

35K Ef eining hættir að nota endurflokkunaraðferðina og beitir valinu sem sett er fram í b-lið liðar 35I, eða vegna þess að hún er ekki lengur vátryggjandi, skal hún ekki beita endurflokkunaraðferðinni síðar. Vátryggjandi sem kosið hefur að beita endurflokkunaraðferðinni (sbr. lið 35C) en á ekki fjáreignir sem uppfylla skilyrðin (sbr. lið 35E) getur síðar beitt endurflokkunaraðferðinni þegar hann á fjáreignir sem uppfylla skilyrðin.

Samspil við aðrar kröfur

35L Í 30. lið þessa IFRS-staðals er leyfð starfsvenja sem stundum er lýst sem skuggareikningshaldi. Ef vátryggjandi beitir endurflokkunaraðferðinni getur skuggareikningshald átt við.

35M Að endurflokka fjárhæð milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu með beitingu liðar B35 kann að hafa áhrif á að aðrar fjárhæðir séu taldar með annarri heildarafkomu, t.d. tekjusköttum. Vátryggjandi skal beita viðeigandi IFRS-staðli, eins og t.d. IAS-staðli 12, *tekjuskattar*, til að ákvarða slík áhrif.

Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn

35N Ef notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, velur að beita endurflokkunaraðferðinni, skal hann leiðrétta samanburðarupplýsingar svo þær endurspegli endurflokkunaraðferðina ef, og einungis ef, leiðréttar samanburðarupplýsingar samrýmast IFRS-staðli 9 (sbr. liði E1–E2 í IFRS-staðli 1).

…

BIRTING UPPLÝSINGA

…

Upplýsingagjöf um notkun tímabundinnar undanþágu frá IFRS-staðli 9

39B Vátryggjandi, sem kýs að beita tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9, skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift:

a) að skilja hvernig vátryggjandinn uppfyllti skilyrðin um tímabundnu undanþáguna og

b) að bera vátryggjendur, sem beita tímabundnu undanþágunni, saman við einingar sem beita IFRS-staðli 9.

39C Til að fara að a-lið í lið 39B skal vátryggjandi greina frá því að hann beiti tímabundnu undanþágunni frá IFRS-staðli 9 og því hvernig vátryggjandinn komst að þeirri niðurstöðu þann dag, sem tilgreindur er í b-lið liðar 20B, að hann uppfyllti skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9, þ.m.t.:

a) hvort bókfært verð skuldbindinga vátryggjandans, sem koma til vegna samninga sem falla undir gildissvið þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals (þ.e. þær skuldbindingar sem lýst er í a-lið liðar 20E) var lægra en eða jafnt 90 prósentum af bókfærðu heildarverði allra skuldbindinga hans og eðli og bókfært verð skuldbindinganna sem tengjast vátryggingum sem eru ekki skuldbindingar, sem koma til vegna samninga sem falla undir gildissvið þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals (þ.e. þær skuldbindingar sem lýst er í b- og c-lið liðar 20E),

b) hvort hlutfall bókfærðs heildarverðs af skuldbindingum vátryggjandans sem tengjast vátryggingum miðað við bókfært heildarverð allra skuldbindinga hans, var lægra en eða jafnt 90 prósentum en hærra en 80 prósent og hvernig vátryggjandinn ákvað að taka ekki þátt í umtalsverðri starfsemi sem tengist ekki vátryggingum, þ.m.t. hvaða upplýsingar hann tók tillit til og

c) hvort vátryggjandinn uppfyllti skilyrði um undanþágu frá IFRS-staðli 9 á grundvelli endurmats með beitingu b-liðar í lið 20G:

   i. ástæða endurmatsins,

   ii. dagsetningin þegar breytingar sem skipta máli á starfsemi vátryggjandans voru gerðar og

   iii. ítarleg skýring á breytingu á starfsemi vátryggjandans og efnisleg lýsing á áhrifum þeirrar breytingar á reikningsskil hans.

39D Ef, við beitingu a-liðar í lið 20G, eining kemst að þeirri niðurstöðu að starfsemi hennar er ekki lengur aðallega tengd vátryggingum skal hún birta eftirfarandi upplýsingar á hverju reikningsskilatímabili áður en hún byrjar að beita IFRS-staðli 9:

a) þá staðreynd að hún uppfylli ekki lengur skilyrði um tímabundna undanþágu frá IFRS-staðli 9,

b) dagsetninguna þegar breytingar sem skipta máli á starfsemi vátryggjandans voru gerðar og

c) ítarlega skýringu á breytingu á starfsemi einingarinnar og efnislega lýsingu á áhrifum þeirrar breytingar á reikningsskil hennar.

39E Til að fara að ákvæðum b-liðar í lið 39B skal vátryggjandi birta sérstaklega gangvirði við lok reikningsskilatímabils og fjárhæð breytingarinnar á gangvirði á tímabilinu fyrir eftirfarandi tvo flokka fjáreigna hvorn um sig:

a) fjáreignir með samningsbundna skilmála sem ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól (þ.e. fjáreignir sem uppfylla skilyrði b-liðar í lið 4.1.2 og b-liðar í lið 4.1.2 A í IFRS-staðli 9), að undanskildum fjáreignum sem uppfylla skilgreiningu í IFRS-staðli 9 fyrir því að vera ætlaðar til veltuviðskipta eða sem er stjórnað og árangur þeirra er metinn á gangvirði (sbr. lið B4.1.6 í IFRS-staðli 9),

b) allar fjáreignir aðrar en þær sem tilgreindar eru í a-lið í lið 39E; þ.e. fjáreign:

i. með samningsbundna skilmála sem ákvarða ekki tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól,

ii. sem uppfyllir skilgreiningu á veltuviðskiptum skv. IFRS-staðli 9 eða

iii. sem er stjórnað og árangur þess er metinn á gangvirði.

39F Þegar vátryggjandinn veitir upplýsingar skv. lið 39E:

a) má hann telja bókfært verð fjáreignarinnar sem metin er með beitingu IAS-staðals 39 vera raunhæfa nálgun við gangvirði hennar ef vátryggjandinn er ekki krafinn um að upplýsa um gangvirðið skv. a-lið 29. liðar í IFRS-staðli 7 (t.d. skammtímaviðskiptakröfur) og

b) skal hann meta hversu nákvæmar upplýsingar nauðsynlegt er að veita notendum reikningsskila svo þeir skilji eiginleika fjáreignanna.

39G Til að fara að b-lið í lið 39B skal vátryggjandi birta upplýsingar um áhættuskuldbindingu vegna útlánaáhættu, m.a. verulega samþjöppun útlánaáhættu, sem er fólgin í fjáreignunum sem lýst er í a-lið liðar 39E. Að því varðar þær fjáreignir skal vátryggjandi, við lok reikningsskilatímabils, hið minnsta birta eftirfarandi upplýsingar:

a) bókfært verð vegna beitingar IAS-staðals 39, eftir útlánaáhættuflokkun eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7 (í tilviki fjáreigna sem eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, áður en leiðrétt er fyrir fjárhæð niðurfærslna),

b) gangvirði og bókfært verð vegna beitingar IAS-staðals 39, fyrir fjáreignir sem lýst er í a-lið liðar 39E sem ekki hafa litla útlánaáhættu við lok reikningsskilatímabils (ef um er að ræða fjáreignir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, áður en leiðrétt er fyrir fjárhæð niðurfærslna). Að því er varðar þessar upplýsingar uppfyllir liður B5.5.22 IFRS-staðals 9 viðeigandi kröfur til að meta hvort útlánaáhætta af fjármálagerningi er talin lítil.

39H Til þess að fara að b-lið í lið 39B skal vátryggjandi birta upplýsingar um hvar notandi reikningsskila getur aflað upplýsinga, sem eru öllum aðgengilegar úr IFRS-staðli 9, sem tengjast einingu innan samstæðunnar, sem ekki eru veittar í samstæðureikningsskilum samstæðunnar fyrir viðkomandi reikningsskilatímabil. Slíkra upplýsinga, samkvæmt IFRS-staðli 9 mætti t.d. afla úr opinberum eigin eða aðgreindum reikningsskilum einingar innan samstæðunnar sem beitt hefur IFRS-staðli 9.

39I Ef eining kýs að beita undanþágu í lið 20O frá sérstökum kröfum í IAS-staðli 28 skal hún birta upplýsingar þar um.

39J Ef einingin beitti tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 þegar hún færði fjárfestingu sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri með hlutdeildaraðferð (sbr. t.d. a-lið í lið 20O) skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar, til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt IFRS-staðli 12 *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*:

a) upplýsingarnar sem lýst er í liðum 39B–39H fyrir hvert hlutdeildarfélag eða hvern samrekstur sem skipta máli fyrir eininguna. Fjárhæðirnar, sem birtar eru skulu vera þær sömu og í reikningsskilum samkvæmt IFRS-stöðlum hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins eftir að hafa endurspeglað allar breytingar sem einingin gerði með hlutdeildaraðferð (sbr. a-lið í lið B14 í IFRS-staðli 12), frekar en hlutdeild einingarinnar í þessum fjárhæðum,

b) tölulegar upplýsingar sem lýst er í liðum 39B–39H í samanteknu formi fyrir einstök smávægileg hlutdeildarfélög eða samrekstur. Heildarfjárhæðir:

i. sem birtar eru skulu vera hlutur einingarinnar í þessum fjárhæðum og

ii. fyrir hlutdeildarfélög skulu birtar aðgreindar frá heildarfjárhæðum sem eru birtar fyrir samrekstur.

Upplýsingagjöf um endurflokkunaraðferðina

39K Vátryggjandi sem beitir endurflokkunaraðferðinni skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja:

a) hvernig endurflokkuð fjárhæð milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu er reiknuð og

b) áhrif þeirrar endurflokkunar á reikningsskilin.

39L Til þess að fara að lið 39K skal vátryggjandi greina frá:

a) þeirri staðreynd að hann beiti endurflokkunaraðferðinni,

b) bókfærðu verði, við lok reikningsskilatímabils, fjáreigna sem vátryggjandinn beitir endurflokkunaraðferðinni á, fyrir hvern flokk fjáreigna,

c) grundvallaratriðum við að tilgreina fjáreignirnar fyrir endurflokkunaraðferðina, þ.m.t. útskýringu á hverri tilgreindri fjáreign sem haldið er utan lögaðilans sem gefur út samninga sem falla undir gildissvið þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals,

d) útskýringu á endurflokkaðri fjárhæð milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu sem gerir notendum reikningsskila kleift að skilja hvernig sú fjárhæð er ákvörðuð, þ.m.t.:

i. fjárhæðin sem gefin er upp í rekstrarreikningi fyrir tilgreindu fjáreignirnar þar sem IFRS-staðli 9 er beitt og

ii. fjárhæðin sem hefði verið færð í rekstrarreikning fyrir tilgreindu fjáreignirnar ef vátryggjandinn hefði beitt IAS-staðli 39,

e) áhrifum endurflokkunarinnar sem lýst er í liðum 35B og 35M á sérhverja sérlínu í rekstrarreikningi og

f) hvort vátryggjandinn hafi, á reikningsskilatímabilinu, breytt tilgreiningum á fjáreignum:

i. endurflokkaðri fjárhæð milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu sem tengist nýlega tilgreindri fjáreign með beitingu endurflokkunaraðferðarinnar (sbr. b-lið í lið 35F),

ii. fjárhæðinni sem hefði verið endurflokkuð milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu ef ekki hefði verið hætt að tilgreina fjáreignina (sbr. a-lið í lið 35I) og

iii. endurflokkaðri fjárhæð á reikningsskilatímabilinu í rekstrarreikning frá annarri uppsafnaðri heildarafkomu fyrir fjáreignir sem hætt hefur verið að tilgreina (sbr. lið 35J).

39M Ef einingin beitti endurflokkunaraðferðinni þegar hún færði fjárfestingu sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri með hlutdeildaraðferðinni skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt IFRS-staðli 12:

a) upplýsingarnar, sem lýst er í liðum 39K–39L fyrir hvert hlutdeildarfélag eða hvern samrekstur, sem skipta máli fyrir einninguna. Fjárhæðirnar, sem birtar eru, skulu vera þær sömu og í reikningsskilum samkvæmt IFRS-stöðlum hlutdeildarfélagsins eða samrekstursins eftir að hafa endurspeglað allar breytingar sem einingin gerði með hlutdeildaraðferð (sbr. a-lið í lið B14 í IFRS-staðli 12), frekar en hlutur einingarinnar í þessum fjárhæðum,

b) tölulegu upplýsingarnar sem lýst er í liðum 39K til d-liðar í lið 39L og f-lið í lið 39L og áhrif endurflokkunarinnar sem lýst er í lið 35B á rekstrarreikninginn og aðra heildarafkomu á samanteknu formi fyrir öll smávægileg hlutdeildarfélög eða samrekstur. Heildarfjárhæðir:

i. sem eru birtar skulu vera hlutur einingarinnar í þessum fjárhæðum og

ii. fyrir hlutdeildarfélög skulu birtar aðgreindar frá heildarfjárhæðum sem eru birtar fyrir samrekstur.

…

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

…

Beiting IFRS-staðals 4 með IFRS-staðli 9

Tímabundin undanþága frá IFRS-staðli 9

46. *Beiting IFRS-staðals 9*, fjármálagerningar *með IFRS-staðli 4*, vátryggingasamningar (breytingar á IFRS-staðli 4), útgefnir í september 2016, breyttu 3. og 5. lið og bættu við liðum 20A–20Q, 35A og 39B–39J og fyrirsögnum eftir 20. lið og liði 20K, 20N og 39A. Eining skal beita þessum breytingum, sem veita vátryggjendum sem uppfylla tilgreindar viðmiðanir heimild til tímabundinnar undanþágu frá IFRS-staðli 9, að því er varðar árstímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar.

47. Eining sem birtir upplýsingar, sem krafist er í ákvæðum liða 39B–39J, skal nota umbreytingarákvæði í IFRS-staðli 9 sem eru viðeigandi við mat sem krafist er við birtingu upplýsinganna. Upphafsdagur beitingar í því skyni skal teljast upphaf fyrsta árstímabils sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

Endurflokkunaraðferðin

48. *Beiting IFRS-staðals 9*, fjármálagerningar *með IFRS-staðli 4*, vátryggingasamningar (breytingar á IFRS-staðli 4), útgefnir í september 2016, breyttu 3. og 5. lið og bættu við liðum 35A–35N og 39K–39M og fyrirsögnum eftir liði 35A, 35K, 35M og 39J. Eining skal beita þessum breytingum, sem veita vátryggjendum heimild til að beita endurflokkunaraðferðinni á tilgreindar fjáreignir, þegar hún beitir IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn (sbr. lið 35C).

49. Eining sem kýs að beita endurflokkunaraðferðinni skal:

a) beita þeirri aðferð afturvirkt á tilteknar fjáreignir þegar skipt er yfir í IFRS-staðal 9. Samkvæmt því skal eining t.d. færa, sem leiðréttingu á upphafsstöðu annarrar uppsafnaðrar heildarafkomu, fjárhæð sem er jöfn mismuninum milli gangvirðis tiltekinna fjáreigna sem ákvarðað er með beitingu IFRS-staðals 9 og bókfærðs verðs þeirra sem ákvarðað er með beitingu IAS-staðals 39,

b) leiðrétta samanburðarupplýsingar svo þær endurspegli endurflokkunaraðferðina ef, og einungis ef, einingin leiðréttir samanburðarupplýsingarnar með beitingu IFRS-staðals 9.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1989 **2019/EES/49/17**

frá 6. nóvember 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 12 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 19. janúar 2016 birti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 12, *tekjuskattar*. Markmið breytinganna er að skýra hvernig færa eigi frestaða skattinneign sem tengist skuldagerningum sem eru metnir á gangvirði.

3) Með samráði við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil er staðfest að breytingarnar á IAS-staðli 12 uppfylla skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Alþjóðareikningsskilaráðið ákvað að gildistökudagur breytinganna á IAS-staðli 12 væri 1. janúar 2017. Því ættu ákvæði þessarar reglugerðar að gilda afturvirkt til að tryggja réttarvissu fyrir viðkomandi útgefendur og samræmi við aðra reikningsskilastaðla sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1126/2008.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 12, *tekjuskattar*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2017 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Færsla frestaðrar skattinneignar fyrir óinnleyst tap

(Breytingar á IAS-staðli 12)

Breytingar á IAS-staðli 12, *tekjuskattar*

Ákvæðum 29. liðar er breytt og liðum 27A, 29A og 98G er bætt við. Dæmi á eftir 26. lið bætist einnig við. Ekki eru gerðar breytingar á 24. lið, 26. lið (d-lið), 27. og 28. lið en þeir eru taldir með hér til að auðvelda tilvísanir.

Frádráttarbær, tímabundinn mismunur

24 Færa skal frestaða skattinneign vegna alls frádráttarbærs, tímabundins mismunar að því marki sem líklegt er að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar, sem unnt er að nýta inneignina á móti, nema frestaða skattinneignin stafi af upphaflegri færslu eignar eða skuldar í viðskiptum sem:

a) eru ekki sameining fyrirtækja og

b) hafa hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað (skattalegt tap) á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað.

Á hinn bóginn skal færa frestaða skattinneign skv. 44. lið vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum og hlutdeild í sameiginlegu fyrirkomulagi.

…

26 Eftirfarandi eru dæmi um frádráttarbæran, tímabundinn mismun sem leiðir af sér frestaða skattinneign:

a) …

d) tilteknar eignir má færa á gangvirði eða endurmeta án þess að gerð sé sambærileg, skattaleg leiðrétting (sjá 20. lið). Frádráttarbær, tímabundinn mismunur myndast ef skattverð eignarinnar er hærra en bókfært verð hennar.

Dæmi til skýringar á d-lið 26. liðar
Greining á frádráttarbærum, tímabundnum mismun við lok 2. árs: Eining A kaupir á 1 000 GE í upphafi 1. árs, skuldagerning að nafnvirði 1 000 GE sem greiða ber á gjalddaga eftir 5 ár, með 2% vöxtum sem greiða ber í lok hvers árs. Virkir vextir eru 2%. Skuldagerningurinn er metinn á gangvirði. Við lok 2. árs hefur gangvirði skuldagerningsins lækkað í 918 GE vegna hækkunar markaðsvaxta í 5%. Líklegt er að eining A innheimti samningsbundið sjóðstreymi ef hún á skuldagerninginn áfram. Hagnaður (tap) af skuldagerningnum er aðeins skattskyldur (frádráttarbær) þegar hann er innleystur. Hagnaðurinn (tapið) af sölunni eða þegar skuldagerningurinn fellur í gjalddaga er reiknaður í skattalegum tilgangi sem mismunurinn milli þeirrar fjárhæðar sem er innheimt og upphaflegs kostnaðar við skuldagerninginn. Til samræmis við það er skattverð skuldagerningsins upphaflegur kostnaður hans. *Mismunurinn milli bókfærðs verðs skuldagerningsins í efnahagsreikningi einingar A upp á 918 GE og skattverðs hans upp á 1 000 GE veldur frádráttarbærum, tímabundnum mismun upp á 82 GE í lok 2. árs (sjá 20. lið og d-lið 26. liðar), óháð því hvort eining A væntir þess að endurheimta bókfært verð skuldagerningsins með sölu eða með notkun, þ.e. með því að hafa hann í vörslu sinni og innheimta samningsbundið sjóðstreymi, eða blöndu af þessu tvennu.*

Þetta er vegna þess að frádráttarbær, tímabundinn mismunur er mismunur á bókfærðu verði eignar eða skuldar í efnahagsreikningi og skattverði hans sem mun mynda fjárhæðir sem verða frádráttarbærar á síðari tímabilum þegar skattskyldur hagnaður (skattalegt tap) verður ákvarðaður þegar bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar er endurheimt eða greitt (sjá 5. lið). Eining A fær frádrátt sem samsvarar skattverði eignarinnar upp á 1 000 GE við ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps), annaðhvort af sölu eða á gjalddaga.

27 Bakfærsla á frádráttarbærum, tímabundnum mismun leiðir til frádráttar við ákvörðun skattskylds hagnaðar á síðari tímabilum. Efnahagslegur ávinningur í formi lækkunar á skattgreiðslum rennur þó aðeins til einingarinnar ef hún aflar nægilegs skattskylds hagnaðar sem unnt er að jafna á móti frádrættinum. Af þessum sökum færir eining því aðeins frestaðar skattinneignir að líklegt sé að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar og unnt verði að nýta frádráttarbæran, tímabundinn mismun á móti honum.

27A Þegar eining metur hvort skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar og unnt verði að nýta frádráttarbæran, tímabundinn mismun á móti honum þarf hún að hafa í huga hvort skattalög takmarki uppsprettur skattskylds hagnaðar sem hún getur dregið frá bakfærslu þessa frádráttarbæra, tímabundna mismunar. Ef skattalög setja engar slíkar takmarkanir skal eining meta frádráttarbæran, tímabundinn mismun í samhengi við allan annan frádráttarbæran, tímabundinn mismun einingarinnar. Ef, hins vegar, skattalög takmarka notkun á tapi til frádráttar frá tekjum af tiltekinni tegund er frádráttarbær, tímabundinn mismunur aðeins metinn ásamt öðrum frádráttarbærum, tímabundnum mismun af viðeigandi tegund.

28 Líklegt er að tiltækur verði skattskyldur hagnaður sem nýtist á móti frádráttarbærum, tímabundnum mismun þegar til ráðstöfunar eru nægilegur, tímabundinn mismunur á skattskyldu sem snertir sama skattyfirvald og sömu skattskyldu eininguna og vænst er að snúist við:

a) á sama tímabili og vænst er að frádráttarbær, tímabundinn mismunur snúist við eða

b) á tímabilum með skattalegu tapi sem stafar af frestuðum skattinneignum og unnt er að bakfæra eða yfirfæra.

Við slíkar aðstæður er frestaða skattinneignin færð á sama tímabili og frádráttarbæri, tímabundni mismunurinn verður til.

29 Þegar ekki er til nægilegur, tímabundinn mismunur á skattskyldu sem heyrir undir sama skattyfirvaldið og sömu skattskyldu eininguna, er frestaða skattinneignin færð að því marki sem:

a) líklegt er að einingin muni hafa nægilegan skattskyldan hagnað sem heyrir undir sama skattyfirvaldið og sömu skattskyldu eininguna á sama tímabili og frádráttarbær, tímabundinn mismunur snýst við (eða á þeim tímabilum með skattalegu tapi sem stafar af frestaðri skattinneign og unnt er að bakfæra eða yfirfæra). Þegar eining leggur mat á hvort hún muni hafa nægilegan, skattskyldan hagnað á síðari tímabilum skal hún:

i. bera frádráttarbæran, tímabundinn mismun saman við skattskyldan framtíðarhagnað sem útilokar skattafrádrátt sem stafar af bakfærslu þessa frádráttarbæra, tímabundna mismunar. Þessi samanburður sýnir að hvaða marki skattskyldur framtíðarhagnaður nægir einingunni til að draga frá fjárhæðirnar sem stafa af bakfærslu á þessum frádráttarbæra, tímabundna mismun,

ii. líta fram hjá skattskyldum fjárhæðum sem stafa af frádráttarbærum, tímabundnum mismun, sem ætla má að verði til á síðari tímabilum, vegna þess að frestaða skattinneignin, sem stafar af þessum frádráttarbæra, tímabundna mismun, þarf einnig sjálf skattskyldan hagnað í framtíðinni til að unnt sé að nýta hana,

b) einingin hefur tækifæri til að beita skattaáætlunum sem mynda munu skattskyldan hagnað á viðeigandi tímabilum.

29A Mat á líklegum skattskyldum framtíðarhagnaði getur falið í sér endurheimt sumra af eignum einingar fyrir meira en bókfært verð þeirra ef næg sönnun liggur fyrir um að líklegt sé að einingin nái því. Til dæmis, þegar eining er metin á gangvirði skal hún líta til þess hvort fyrir liggja fullnægjandi sannanir til að hægt sé að álykta að líklegt sé að einingin muni endurheimta eignina fyrir hærri fjárhæð en bókfært verð hennar er. Þetta getur t.d. átt við þegar eining væntir þess að vera handhafi skuldagernings á föstum vöxtum og innheimta samningsbundið sjóðstreymi.

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

98G *Færsla frestaðrar skattainneignar fyrir óinnleyst tap* (Breytingar á IAS-staðli 12), sem gefnar voru út í janúar 2016, breyttu 29. lið og bættu við liðum 27A, 29A og dæminu á eftir 26. lið. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2017 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Við upphaflega beitingu breytingarinnar má þó færa breytingar á upphaflegu eigin fé fyrsta samanburðartímabilsins sem upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða sem annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á), án þess að ráðstafa mismuninum milli upphaflegs óráðstafaðs eigin fjár og annarra eiginfjárþátta. Ef eining beitir þessum úrræðum skal hún greina frá því.

_____

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/144 **2019/EES/49/18**

frá 28. janúar 2019

um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis (leyfishafi er Fertinagro Biotech S.L.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/895 ([2]) var blanda með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris*, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og varphænur.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 21. febrúar 2018 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi 3-fýtasi, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt við að bæta geymd fosfórs hjá eldiskjúklingum og sú niðurstaða getur átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Þar eð verkunarháttur getur talist sá sami hjá alifuglategundum hefur Matvælaöryggisstofnunin yfirfært þessa niðurstöðu á skilvirkni hjá aukategundum alifugla til eldis og sem eru aldar til varps eða til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á 3-fýtasa sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu fyrir 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/895 frá 24. maí 2017 um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og varphænur (leyfishafi er Fertinagro Nutrientes S.L.) (Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 120.)

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5203.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a25	Fertinagro Nutrientes S.L.	3-fýtasi EC 3.1.3.8	*Samsetning aukefnis:* Blanda með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), með virkni að lágmarki: 1 000 FTU ([1])/ml Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 3-fýtasi (EC 3.1.3.8), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094) *Greiningaraðferð* ([2]) Til að magnákvarða 3-fýtasavirkni í fóðuraukefninu: — litmæling sem byggist á ensím-efnahvarfi fýtasa við fýtat Til að magnákvarða 3-fýtasavirkni í fóðri: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat – EN ISO 30024	Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis	—	500 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	20. febrúar 2029

([1]) 1 FTU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtathvarfefni við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/114 **2019/EES/49/19**

frá 24. janúar 2019

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ([1]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([2]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB ([3]) og 2003/91/EB ([4]) voru samþykktar til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar aðferðarlýsingar hafa verið settar. Að því er varðar yrki, sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins, er í þessum tilskipunum kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda.

2) Frá því að síðasta breyting var gerð á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB með framkvæmdartilskipun (ESB) 2018/100 ([5]) hafa yrkisskrifstofa Bandalagsins og Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja fastsett frekari aðferðarlýsingar og viðmiðunarreglur og hafa uppfært þær sem fyrir voru.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB kemur textinn sem settur er fram í A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 25.1.2019, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

([5]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/100 frá 22. janúar 2018 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (Stjtíð. ESB L 17, 23.1.2018, bls. 34).

2. gr.

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB kemur textinn sem settur er fram í B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. september 2019, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeim útgáfum af tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB sem voru í gildi áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

A-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) ([1])

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Festuca arundinacea Schreb.	Tágavingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
Festuca filiformis Pourr.	Þráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca ovina L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca pratensis Huds.	Hávingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
Festuca rubra L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca trachyphylla (Hack.) Krajina	Skrápvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Lolium multiflorum Lam.	Slétturýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
Lolium perenne L.	Vallarrýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
Lolium x hybridum Hausskn.	Rýgresisblendingur	TP 4/1 frá 23.6.2011
Pisum sativum L. (partim)	Fóðurertur	TP 7/2, 2. endursk. frá 15.3.2017
Poa pratensis L.	Vallarsveifgras	TP 33/1 frá 15.3.2017
Vicia sativa L.	Fóðurflækja	TP 32/1 frá 19.4.2016
Brassica napus L. var. *napobrassica* (L.) Rchb.	Gulrófur	TP 89/1 frá 11.3.2015
Raphanus sativus L. var. *oleiformis* Pers.	Fóðurhreðkur	TP 178/1 frá 15.3.2017
Brassica napus L. (partim)	Fóðurrepjur	TP 36/2 frá 16.11.2011
Cannabis sativa L.	Hampur	TP 276/1 endursk. að hluta til frá 21.3.2018
Glycine max (L.) Merr.	Sojabaunir	TP 80/1 frá 15.3.2017
Gossypium spp.	Baðmull	TP 88/1 frá 19.4.2016
Helianthus annuus L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
Linum usitatissimum L.	Lín/spunalín	TP 57/2 frá 19.3.2014
Sinapis alba L.	Hvítur mustarður	TP 179/1 frá 15.3.2017
Avena nuda L.	Snoðhafrar	TP 20/2 frá 1.10.2015
Avena sativa L. (þ.m.t. *A. byzantina* K. Koch)	Hafrar	TP 20/2 frá 1.10.2015
Hordeum vulgare L.	Bygg	TP 19/4 frá 1.10.2015
Oryza sativa L.	Hrísgrjón	TP 16/3 frá 1.10.2015
Secale cereale L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
xTriticosecale Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni *Triticum* og tegunda af ættkvíslinni *Secale*	TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011
Triticum aestivum L.	Hveiti	TP 3/4, 2. endursk. frá 16.2.2011
Triticum durum Desf.	Harðhveiti	TP 120/3 frá 19.3.2014
Zea mays L. (partim)	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum tuberosum L.	Kartöflur	TP 23/3 frá 15.3.2017

([1]) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir ([1])

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Beta vulgaris L.	Fóðursykurrófur	TG/150/3 frá 4.11.1994
Agrostis canina L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis gigantea Roth	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis stolonifera L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis capillaris L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Bromus catharticus Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Bromus sitchensis Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Dactylis glomerata L.	Axhnoðapuntur	TG/31/8 frá 17.4.2002
xFestulolium Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni *Festuca* og tegunda af ættkvíslinni *Lolium*	TG/243/1 frá 9.4.2008
Phleum nodosum L.	Hnúðfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Phleum pratense L.	Vallarfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Lotus corniculatus L.	Akurmaríuskór	TG 193/1 frá 9.4.2008
Lupinus albus L.	Ljósalúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus angustifolius L.	Lensulúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus luteus L.	Ilmlúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
Medicago doliata Carmign.	Broddrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago italica (Mill.) Fiori	Spælrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago littoralis Rohde ex Loisel.	Randrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago lupulina L.	Svartrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago murex Willd.	Hnattrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago polymorpha L.	Dvergrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago rugosa Desr.	Úfrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago sativa L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Medicago scutellata (L.) Mill.	Skjaldrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago truncatula Gaertn.	Þornrefasmári	TG 228/1 frá 5.4.2006
Medicago x *varia* T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Trifolium pratense L.	Rauðsmári	TG/5/7 frá 4.4.2001
Trifolium repens L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
Vicia faba L.	Garðbaunir	TG/8/6 frá 17.4.2002
Phacelia tanacetifolia Benth.	Hunangsjurt	TG/319/1 frá 5.4.2017
Arachis hypogaea L.	Jarðhnetur	TG/93/4 frá 9.4.2014
Brassica rapa L. var. silvestris (Lam.) Briggs	Nepjur	TG/185/3 frá 17.4.2002
Carthamus tinctorius L.	Litunarþistill	TG/134/3 frá 12.10.1990
Papaver somniferum L.	Valmúi	TG/166/4 frá 9.4.2014
Sorghum bicolor (L.) Moench	Dúrra	TG/122/4 frá 25.3.2015

Sorghum sudanense (Piper) Stapf.	Akurdúrra	TG/122/4 frá 25.3.2015
Sorghum bicolor (L.) Moench x *Sorghum sudanense* (Piper) Stapf	Blendingar sem koma fram við kynblöndun *Sorghum bicolor* og *Sorghum sudanense*	TG/122/4 frá 25.3.2015

(1) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).“

———

B-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) (1)

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Allium cepa L. (Cepa-yrkishópur)	Laukar og bananaskalottlaukar (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium cepa L. (Aggregatum-yrkishópur)	Skalottlaukar	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium fistulosum L.	Pípulaukar	TP 161/1 frá 11.3.2010
Allium porrum L.	Blaðlaukar	TP 85/2 frá 1.4.2009
Allium sativum L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
Allium schoenoprasum L.	Graslaukur	TP 198/2 frá 11.3.2015
Apium graveolens L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
Apium graveolens L.	Hnúðsillur	TP 74/1 frá 13.3.2008
Asparagus officinalis L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.2.2011
Beta vulgaris L.	Rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur	TP 60/1 frá 1.4.2009
Beta vulgaris L.	Blaðbeðjur	TP 106/1 frá 11.3.2015
Brassica oleracea L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.2.2011
Brassica oleracea L.	Blómkál	TP 45/2, 2. endursk. frá 21.3.2018
Brassica oleracea L.	Spergilkál eða sprotakál	TP 151/2, endursk. frá 15.3.2017
Brassica oleracea L.	Rósakál	TP 54/2, endursk. frá 15.3.2017
Brassica oleracea L.	Hnúðkál	TP 65/1, endursk. frá 15.3.2017
Brassica oleracea L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3, endursk. frá 15.3.2017
Brassica rapa L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
Capsicum annuum L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2, endursk. frá 15.3.2017
Cichorium endivia L.	Hrokkinblaðssalat og breiðblaða salatfíflar	TP 118/3 frá 19.3.2014
Cichorium intybus L.	Iðnaðarsikoríur	TP 172/2 frá 1.12.2005
Cichorium intybus L.	Kaffifíflar	TP 154/1 frá 21.3.2007
Cichorium intybus L.	Jólasalat	TP 173/2 frá 21.3.2018
Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelónur	TP 142/2 frá 19.3.2014
Cucumis melo L.	Melónur	TP 104/2 frá 21.3.2007
Cucumis sativus L.	Gúrkur og smágúrkur	TP 61/2, endursk. frá 21.3.2018
Cucurbita maxima Duchesne	Tröllagrasker	TP 155/1 frá 11.3.2015
Cucurbita pepo L.	Grasker eða dvergbítar	TP 119/1 endursk. frá 19.3.2014

Cynara cardunculus L.	Ætiþistlar og salatþistlar	TP 184/2 frá 27.2.2013
Daucus carota L.	Gulrætur og fóðurgulrætur	TP 49/3 frá 13.3.2008
Foeniculum vulgare Mill.	Fennikur	TP 183/1 frá 25.3.2004
Lactuca sativa L.	Salat	TP 13/6 frá 21.3.2018
Solanum lycopersicum L.	Tómatar	TP 44/4, 3. endursk. frá 21.3.2018
Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
Phaseolus coccineus L.	Glæsibaunir	TP 9/1 frá 21.3.2007
Phaseolus vulgaris L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
Pisum sativum L. (partim)	Mergertur, hýðisertur og sykurertur	TP 7/2, 2. endursk. frá 15.3.2017
Raphanus sativus L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 endursk. frá 11.3.2015
Rheum rhabarbarum L	Rabarbarar	TP 62/1 frá 19.4.2016
Scorzonera hispanica L.	Svartrætur	TP 116/1 frá 11.3.2015
Solanum melongena L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
Spinacia oleracea L.	Spínat	TP 55/5, 2. endursk. frá 15.3.2017
Valerianella locusta (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
Vicia faba L. (partim)	Breiðbaunir	TP Broadbean/1 frá 25.3.2004
Zea mays L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum habrochaites S. Knapp & D.M. Spooner, *Solanum lycopersicum* L. x *Solanum habrochaites* S. Knapp & D.M. Spooner, *Solanum lycopersicum* L. x *Solanum peruvianum* (L.) Mill., *Solanum lycopersicum* L. x *Solanum cheesmaniae* (L. Ridley) Fosberg, *Solanum pimpinellifolium* L. x *Solanum habrochaites* S. Knapp & D.M. Spooner	Grunnstofnar tómata	TP 294/1, 3. endursk. frá 21.3.2018
Cucurbita maxima Duchesne x *Cucurbita moschata* Duchesne	Tegundablandaðir blendingar *Cucurbita maxima* Duchesne x. *Cucurbita moschata* Duchesne til notkunar sem grunnstofnar	TP 311/1 frá 15.3.2017

(1) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir (1)

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Brassica rapa L.	Næpur	TG/37/10 frá 4.4.2001

(1) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2016 **2019/EES/49/20**

frá 18. desember 2018

um leyfi til að setja á markað afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis*) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.

4) Hinn 23. janúar 2018 sendi fyrirtækið Obà Food Sr. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í skilningi 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að almenningur neyti afhýddra grjóna af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) sem slíkra eða sem innihaldsefnis í matvælum.

5) Skjalfestu gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna fram á að afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í löndum Vestur-Afríku, einkum Gíneu, Nígeríu og Malí.

6) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 28. febrúar 2018.

7) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

8) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu afhýddra grjóna af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf), eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færð á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis*)““	

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Afhýdd grjón af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	**Lýsing/Skilgreining** Hefðbundnu matvælin eru afhýdd grjón (klíð fjarlægt) af hvítfingragrasi (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf). Hvítfingragras (*Digitaria exilis* (Kippist) Stapf) er einær jurtkennd planta sem tilheyrir grasætt. **Dæmigerðir næringarþættir afhýddra grjóna af hvítfingragrasi:** Kolvetni: 76,1 g/100 g af hvítfingragrasi Vatn: 12,4 g/100 g af hvítfingragrasi Prótín: 6,9 g/100 g af hvítfingragrasi Fita: 1,2 g/100 g af hvítfingragrasi Trefjar: 2,2 g/100 g af hvítfingragrasi Aska: 1,2 g/100 g af hvítfingragrasi Fýtatinnihald: ≤ 2,1 mg/g“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2017 **2019/EES/49/21**

frá 18. desember 2018

um leyfi til að setja á markað síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu. Hinn 5. apríl 2018 sendi fyrirtækið Sorghum Zrt. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í skilningi 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á leyfi til að almenningur neyti síróps úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench sem slíks eða sem innihaldsefnis í matvælum.

4) Skjalfestu gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna fram á að síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench hafi reynst öruggt til notkunar sem matvæli í Bandaríkjunum.

5) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 30. apríl 2018.

6) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu síróps úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „síróp úr dúrru (*Sorghum bicolor*)“.	

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	**Lýsing/Skilgreining** Hefðbundnu matvælin eru síróp úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench (ættkvísl *Sorghum*, ætt grasætt). Sírópið er fengið úr stilkum af *S. bicolor* eftir notkun framleiðsluaðferða, s.s. mölun, útdráttur og uppgufun, þ.m.t. hitameðhöndlun, til að fá síróp sem er a.m.k. 74 Brix-gráður. **Gögn um samsetningu síróps úr *Sorghum bicolor* (L.) Moench** Vatn: 22,7 g/100 g Aska: 2,4 Heildarsykur: > 74,0 g/100 g“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/729 **2019/EES/49/22**

frá 26. febrúar 2018

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa tiltekin forefni fíkniefna á skrá yfir skráð efni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 frá 11. febrúar 2004 um forefni ávana- og fíkniefna ([1]), einkum 15. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Bandalagsins og þriðju landa ([2]), einkum a-lið 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) I. viðauki við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og viðaukinn við reglugerð (EB) nr. 111/2005 innihalda hvor um sig skrá yfir skráð efni sem falla undir fjölda samræmdra aðgerða varðandi eftirlit og vöktun sem kveðið er á um í þessum reglugerðum.

2) Með ákvörðunum Fíkniefnanefndar Sameinuðu þjóðanna 60/12/EB og 60/13/EB, á sextugasta fundi hennar 16. mars 2017, var 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídíni og *N*-fenetýl-4-píperídóni bætt í töflu 1 í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 19. desember 1988 ([3]) (hér á eftir nefndur samningur Sameinuðu þjóðanna frá 1988).

3) Tilgangur reglugerðar (EB) nr. 273/2004 og reglugerðar (EB) nr. 111/2005 er framkvæmd 12. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna frá 1988 í Sambandinu. Af þessum sökum ætti að bæta 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídíni og *N*-fenetýl-4-píperídóni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

4) Skráðu efnunum, sem skráð eru í þá viðauka, er skipt í flokka sem mismunandi aðgerðir gilda um til þess að ná hlutfallslegu jafnvægi á milli þeirrar ógnar sem stafar af hverju tilteknu efni og byrðar á lögmæta verslun. Ströngustu aðgerðirnar varðandi eftirlit og vöktun gilda um efni í 1. flokki. Til dæmis þarf að geyma efni í 1. flokki í öruggu húsnæði og hver rekstraraðili, sem á í viðskiptum með efnin, þarf til þess leyfi.

5) 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídín er milliliðalaust forefni fentanýls og asetýlfentanýls. *N*-fenetýl-4-píperídón má nota annað hvort sem upphafsefni fyrir 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídín, sem í kjölfarið getur myndað fentanýl, en það getur einnig verið beint forefni fyrir fjölda hliðstæðuefna. Með öðrum orðum er auðvelt að breyta báðum efnunum í fentanýl eða hliðstæðuefni fentanýls.

6) Rangnotkun og misnotkun fentanýls og hliðstæðuefna fentanýls veldur alvarlegum félagslegum og lýðheilsuvanda-málum (einkum auknum fjölda dauðsfalla vegna ofskömmtunar) á sumum svæðum í Sambandinu. Til eru vísbendingar um að talsverð ólögmæt framleiðsla á fentanýli á grundvelli 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídíns og *N*-fenetýl-4-píperídóns fari fram í Sambandinu. Til að bregðast við þessu vandamáli ætti að innleiða eftirlit með innflutningi á 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídíni og *N*-fenetýl-4-píperídóni.

7) Lögleg framleiðsla 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídíns og *N*-fenetýl-4-píperídóns, viðskipti með efnin og notkun þeirra eru takmörkuð í Sambandinu. Skráning efnanna í 1. flokk hefði af þessum sökum í för með sér einungis takmarkað aukalegt stjórnsýsluálag fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld í Sambandinu. Samráð við rekstraraðila og aðildarríki hefur greinilega leitt í ljós að skrá skuli bæði efnin sem efni í 1. flokki í reglugerðunum.

8) Í ljósi sjónarmiðanna í forsendum 5, 6 og 7 ætti að skrá 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídín og *N*-fenetýl-4-píperídón sem efni í 1. flokki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2005, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 326, 24.11.1990, bls. 57.

9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 273/2004 og reglugerð (EB) nr. 111/2005 til samræmis við það.

10) Þar eð lögleg framleiðsla, viðskipti með og notkun 4-anilín-*N*-fenetýlpíperídíns og *N*-fenetýl-4-píperídóns fyrirfinnast í Sambandinu ætti að gefa rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að laga sig að breytingunum sem gerðar eru með þessari reglugerð.

11) Með reglugerð (EB) nr. 273/2004 og reglugerð (EB) nr. 111/2005 er tilteknum ákvæðum í samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1988 komið í framkvæmd Í ljósi hinna nánu efnislegu tengsla milli þessara tveggja reglugerða er réttlætanlegt að samþykkja breytingarnar með einni framseldri gerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 273/2004

Í töfluna fyrir skráð efni í 1. flokki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 bætist eftirfarandi færslur í skrána yfir efni á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerum þeirra:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„4-anilín-*N*-fenetýlpíperídín		2933 39 99	21409-26-7
N-fenetýl-4-píperídón		2933 39 99	39742-60-4“.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 111/2005

Í töfluna fyrir skráð efni í 1. flokki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 bætist eftirfarandi færslur í skrána yfir efni á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerum þeirra:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„4-anilín-*N*-fenetýlpíperídín		2933 39 99	21409-26-7
N-fenetýl-píperídón		2933 39 99	39742-60-4“.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/169 **2019/EES/49/23**

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramík í tilteknum þéttum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur eða hærri var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 7.c.II í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Stakir keramíkþéttar fyrir málspennu sem er 125 riðstraumur eða 250 V jafnstraumur eða hærri geta geymt og losað rafhleðslu (rafstöðufræðileg rýmd) og eru hluti háspennurása í ýmiss konar raf- og rafeindabúnaði. Þeir eru notaðir á öllum tegundum markaða og á margan hátt, t.d. fyrir kerfi fyrir félagsleg grunnvirki, sjálfvirkni í iðnaði, olíu- og jarðefnaleit, tíðnibreytingu raforku, háorkuaflgjafa, fjarskipti og lækningatæki.

6) Hlutverk blýs í rafefnakeramík er að ná háum rafstuðli við háa vinnsluspennu, mikilli orkugeymslugetu (einnig við hátt hitastig), litlum leka við háspennu og hátt hitastig og litlu tapi við mikinn straum, háa tíðni og hátt hitastig.

7) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út í tilteknum keramíkþéttum vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja undanþáguna fyrir notkun blýs í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur eða hærri. Til glöggvunar ætti að bæta því við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að notkun sem fellur undir færslur 7.c.I og 7.c.IV sé undanþegin færslu 7.c.II.

8) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru enn fáanlegir á markaðnum fyrir viðkomandi notkun ætti að endurnýja undanþáguna fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í mest fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

9) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað færslu 7.c.II í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„7.c.II	Blý í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er 125 V riðspenna eða 250 V jafnspenna eða hærri	Gildir ekki um notkun sem fellur undir lið 7.c.I og 7.c.IV í þessum viðauka. Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/170 2019/EES/49/24

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni fyrir tiltekna þétta, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs í rafefnakeramík-efnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni fyrir þétta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 7.c.IV í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning þeirrar undanþágu var 21. júlí 2016.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Í keramíkþétta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum eru notuð rafefnakeramíkefni sem innihalda keramíkþrýstirafefni (blýsirkontítanat). Blý sem inniheldur keramíkþrýstirafefni hefur mikil þrýstiraftæknileg áhrif, háan rafstuðul og býr yfir hitaskautunareiginleikum og járnraflegum eiginleikum.

6) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum er enn vísindalega og tæknilega ómögulegt að skipta út blýi fullkomlega eða taka það út. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja undanþáguna fyrir notkun blýs í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni fyrir þétta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum.

7) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum í dag eða verða að öllum líkindum fáanlegir í náinni framtíð fyrir viðkomandi notkun ætti að endurnýja undanþáguna fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í mest fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

8) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 7.c.IV í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„7.c.IV.	Blý í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni fyrir þétta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/171 2019/EES/49/25

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Kadmíum er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun kadmíums og efnasambanda þess í rafsnertum var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 8.b. í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Efni sem innihalda kadmíum í rafsnertum eru notuð í margs konar rafvélrænan búnað sem efnisþáttur sem getur leitt straum ósamfellt um snertifleti. Búnaðurinn nær einkum yfir straumrofa fyrir rafmagnshreyfla, rafliða og spólurofa, rofa fyrir vélknúin verkfæri, rofa fyrir tæki, varrofa fyrir skiptibúnað, aflgjafa, viðveru-/seinkunarskynjara og stjórnborð til ljósastýringar.

6) Kadmíum í rafsnertum gefur þeim mikilvæga eiginleika, s.s. afburðaafköst, slokknun ljósboga, meiri eðlisleiðni, minni snertitæring og tiltölulega auðveld framleiðsla í samanburði við staðgöngukostina.

7) Að því er varðar tiltekna notkun, sem fellur undir gildandi undanþágu, er sem stendur ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út kadmíumi eða taka það út vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum eða vegna þess að meiri tíma þarf til að tryggja áreiðanleika þeirra staðgönguefna sem tiltæk eru. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja hana varðandi þá tilteknu notkun.

8) Að því er varðar aðra notkun sem fellur sem stendur undir undanþáguna eru skilyrðin fyrir endurnýjun ekki uppfyllt. Undanþágan fyrir þessa notkun ætti að gilda áfram í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar framseldu tilskipunar í samræmi við 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

9) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum fyrir notkunina að því er varðar þá endurnýjun, eða meiri tíma þarf til að tryggja áreiðanleika slíkra staðgöngukosta, ætti að endurnýja undanþáguna fyrir þá notkun fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í gildistíma sem er að hámarki fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

11) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 8.b. í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„8.b.	Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
8.b.I	Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum sem eru notaðar í: — varrofa, — stjórnbúnað fyrir hitanema, — hitavörn fyrir hreyfla (að undanskildum loftþéttum hitavörnum fyrir hreyfla) — riðstraumsrofa með málgildi: — 6 A og hærra við 250 V riðstraum og hærra, eða — 12 A og hærra við 125 V riðstraum og hærra, — jafnstraumsrofa með málgildi 20 A og hærra við 18 V jafnstraum og hærra, og — rofa til notkunar við tíðni spennugjafa ≥ 200 Hz	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/172 2019/EES/49/26

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 15 í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Lóðningarefni úr blýi eru notuð í tengingum úr viðsnúnum flögum sem doppur og lóðningar til að festa flöguna við flöguberann. Lóðningarefnin skulu vera þolin gagnvart rafskriðsbilun í þeim afar mikla straumþéttleika sem þarf og geta skapað stigskiptingu lóðningarefna sem gerir samsetningu í áföngum og endurgerð íhluta mögulega í framleiðsluferlinu. Þau skulu einnig búa yfir miklum mótanleika til að draga úr varmafræðilegu og vélrænu álagi í málmtæknilegu skipaninni undir doppunni, einkum í stærri flögum.

6) Að því er varðar tiltekna notkun, sem fellur undir gildandi undanþágu, er sem stendur ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja hana varðandi þá tilteknu notkun.

7) Að því er varðar aðra notkun sem fellur sem stendur undir undanþáguna eru skilyrðin fyrir endurnýjun ekki uppfyllt. Undanþágan fyrir þessa notkun ætti að gilda áfram í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar framseldu tilskipunar í samræmi við 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

8) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum fyrir notkunina að því er varðar þá endurnýjun ætti að endurnýja undanþáguna fyrir þá notkun fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í að hámarki fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

9) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 15 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„15	Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
15.a.	Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum þar sem minnst ein eftirfarandi viðmiðana gildir: — hálfleiðaratæknihnútur sem er 90 nm eða stærri, — stök flaga sem er 300 mm^2 eða stærri á öllum hálfleiðaratæknihnútum, — flögustaflar með flögum sem eru 300 mm^2 eða stærri, eða kísilmillilag sem er 300 mm^2 eða þykkara.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/173 2019/EES/49/27

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í prentbleki til að setja smeltlakk á gler, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý og kadmíum eru efni sem sæta takmörkunum og eru skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs og kadmíums í tiltekinni prentun á gler var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 21 í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Blý og kadmíum í prentbleki fyrir gler veita endingargóða merkingu vara, einkum á glerperum lampa. Merkingin þjónar ýmsum tilgangi, s.s. CE-merking og merking raf- og rafeindabúnaðarúrgangs (WEEE-merking), til að tilgreina framleiðanda og gerð lampa og orkuinntak í vöttum, sem skiptir máli fyrir öryggi, rétta endurnýjun og endurvinnslu lampa. Mikilvægt er að merkingin sé endingargóð til þess að vörumerkingar séu læsilegar allan endingartíma vörunnar, eins og krafist er í löggjöf og stöðlum um vöruöryggi.

6) Blý gefur mikilvæga eiginleika eins og góða viðloðun, lægri glerjunarhita, betri endingu og hulu.

7) Kadmíum er notað til að ná tilteknum litum smeltlakks á ólíkum notkunarsviðum, þ.m.t. í notkun sem þjónar öryggi og sem viðvörun, þar sem tilteknir litir teljast auka sýnileika. Það þjónar einnig mikilvægu síunarhlutverki.

8) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út að því er varðar tiltekna notkun sem fellur undir gildandi undanþágu að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja undanþáguna varðandi þá tilteknu notkun og flokka.

9) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út kadmíumi eða taka það út að því er varðar tiltekna notkun sem fellur undir gildandi undanþágu að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Því ætti að endurnýja undanþáguna varðandi þá tilteknu notkun og flokka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Að því er varðar aðra notkun sem fellur sem stendur undir undanþáguna eru skilyrðin fyrir endurnýjun ekki uppfyllt. Undanþágan fyrir þessa notkun ætti að gilda áfram í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar framseldu tilskipunar í samræmi við 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

11) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum fyrir notkun þar sem blý kemur við sögu og varðar endurnýjunina ætti að endurnýja undanþáguna fyrir þá notkun fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í að hámarki fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

12) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum fyrir notkun þar sem kadmíum kemur við sögu og varðar endurnýjunina ætti að endurnýja undanþáguna fyrir þá notkun fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í að hámarki fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

13) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

14) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 21 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„21	Blý og kadmíum í prentlitum sem eru notaðir í smeltlökk á gler, s.s. bórsílíkatgler og natríumkalksílíkatgler	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
21.a	Kadmíum þegar það er notað í litprentað gler vegna síunar og notað sem efnisþáttur í lýsingu í skjái og stjórnborð raf- og rafeindabúnaðar	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 21.b eða færslu 39 og fellur úr gildi 21. júlí 2021.
21.b	Kadmíum í prentbleki sem er notað í smeltlökk á gler, s.s. bórsílíkatgler og natríumkalksílíkatgler	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 21.a eða 39 og fellur úr gildi 21. júlí 2021.
21.c	Blý í prentbleki sem er notað í smeltlökk á annað en bórsílíkatgler	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/174 2019/EES/49/28

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem er bundið í kristalgleri eins og skilgreint er í tilskipun 69/493/EBE, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs sem er bundið í kristalgleri eins og skilgreint er í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokkur) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE ([2]) var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 29 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Blýoxíð (PbO eða Pb_3O_4) eru notuð sem milliefni við smíði blýkristalglers. Blýkristalgler er notað í raf- og rafeindabúnað þar eð einstök samsetning þess af eiginleikum er varða vinnslu (kælingartími, mælisvið), ljósfræði (brotstuðull, dreifing) og skreytingu (harka samkvæmt Vickers-kvarða) gerir kleift að framleiða raf- og rafeindavörur sem annars væri ekki hægt að framleiða, s.s. sérstaka lampa og ljósakrónur, rafknúna spegla, klukkur og úr, stafræna ljósmyndaramma og byggingarefni (lýsandi blokkir).

6) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi í kristalgleri eða taka það út vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]). Því ætti að endurnýja undanþáguna fyrir notkun blýs sem er bundið í kristalgleri eins og skilgreint er í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokkur) við tilskipun 69/493/EBE fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

7) Þar eð enn eru engir áreiðanlegir staðgöngukostir fáanlegir á markaðnum eða verða að öllum líkindum fáanlegir í náinni framtíð fyrir viðkomandi notkun ætti að endurnýja undanþáguna fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í mest fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

8) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 29 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„29	Blý, bundið í kristalgleri samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokkur) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE (*)	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.

(*) Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36).“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/175 2019/EES/49/29

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í tilteknum geislarörperum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýoxíðs í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í argon- og kryptongeislarörperum var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 32 í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Leysigeislavörur sem innihalda blý eru notaðar sem samheldnir ljósgjafar til margvíslegra mikilvægra vísindalegra nota og iðnaðarnota, s.s. litrófsgreiningar, smásjárrannsóknar og heilmyndunar. Efniviður, að stofni til úr blýoxíði, í leysigeislavörum úr argoni og kryptoni myndar mikilvægt lofttæmishelt innsigli milli ljóskerfis og geislarörperunnar sem er varmafræðilega og vélfræðilega stöðugt.

6) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út að því er varðar argon- og kryptongeislarörperur vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja undanþáguna fyrir notkun blýoxíðs í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í argon- og kryptongeislarörperum fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

7) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum í dag eða verða að öllum líkindum fáanlegir í náinni framtíð fyrir viðkomandi notkun ætti að endurnýja undanþáguna fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í mest fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

8) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 32 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„32	Blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í argon- og krypt-ongeislarörperum	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/176 2019/EES/49/30

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmhúðunarlagi í tilteknum díóðum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um (1.–11. flokkur), eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri var þó undanþegin takmörkuninni og er sem stendur skráð í færslu 37 í III. viðauka við þá tilskipun. Lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015 í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þar til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt.

5) Háspennudíóður eru notaðar í ytri aflgjafa í upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaði og í ökutækjum. Í framleiðsluferli háspennudíóða leysist blýið í glerperlunum upp í málmhúðunarlausninni sem leiðir til þess að málmhúðunarlag díóðanna inniheldur u.þ.b. 2,5% blý. Blýinu er því ekki bætt við af ásetningi heldur stafar af mengun frá glerinu sem inniheldur blý.

6) Ekki er vísindalega eða tæknilega mögulegt að koma í veg fyrir mengun málmhúðunarlags háspennudíóða og áreiðanleg staðgönguefni eru ekki fáanleg á markaðnum. Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Því ætti að endurnýja undanþáguna fyrir notkun blýs í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk.

7) Þar eð ekki er enn fýsilegt að taka út blý með því að koma í veg fyrir blýmengun að því er varðar viðkomandi notkun og engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru fáanlegir á markaðnum ætti að endurnýja undanþáguna fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í mest fimm ár til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

8) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Til glöggvunar ætti að bæta lokadagsetningum við í III. viðauka við þá tilskipun.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 37 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„37	Blý í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/177 2019/EES/49/31

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem örvara í flúrljómandi dufti í úrhleðsluperum sem innihalda fosfór, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Notkun blýs sem örvara í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum þegar þær eru notaðar sem sólarlampar sem innihalda fosfór eins og BSP ($BaSi_2O_5$:Pb) var þó undanþegin takmörkuninni og er sem slík skráð sem stendur í færslu 18.b í III. viðauka við þá tilskipun. Upphafleg lokadagsetning undanþágunnar var 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

4) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þeirri undanþágu fyrir 21. janúar 2015, í samræmi við fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Undanþágan gildir áfram þangað til ákvörðun um umsóknina hefur verið samþykkt í samræmi við aðra undirgrein þessarar greinar.

5) Auk þess barst framkvæmdastjórninni í janúar 2015 beiðni nr. 2015-3 um að nýrri undanþágu um úrhleðsluperur, þegar þær eru notaðar í ljósameðferðarlömpum (lækningatæki) sem innihalda fosfór, verði bætt við IV. viðauka. Þar eð sýnt var fram á í matinu að það er hægt með vélrænum hætti að setja lampa sem er ætlaður til læknisfræðilegra nota í búnað til sólbrúnunar og öfugt var ákveðið að sameina þessar beiðnir um undanþágu í matinu á undanþágu í færslu 18.b í III. viðauka.

6) Það þarf blý sem örvara í flúrljómandi dufti til að baríumsílíkatfosfórinn ljómi. Það ummyndar 254 nm geislun í tilætlaða útfjólublá (290–400 nm) geislun og það er notað í yfir 95% af lágþrýstum kvikasilfursgufuflúrlömpum til notkunar innanhúss við sólbrúnun og í tilteknum læknisfræðilegum tilgangi. Með blýi er unnt að ná styrk útfjólublás ljóss við 350 nm bylgjulengd sem er nauðsynlegur til að húðin taki lit.

7) Strangar reglur hafa verið settar varðandi búnað til sólbrúnunar í Sambandinu og allir mögulegir staðgöngukostir fyrir blý þyrftu að uppfylla viðmiðanir er varða áreiðanleika, öryggi og heilbrigðisáhættu. Sem stendur eru engir slíkir staðgöngukostir tiltækir.

8) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum er vísindalega og tæknilega enn ekki mögulegt að skipta út blýi eða taka það út að því er varðar tilteknar úrhleðsluperur sem innihalda fosfór. Undanþágan er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]) og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð. Því ætti að endurnýja undanþáguna fyrir notkun blýs sem örvara í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum þegar þær eru notaðar sem sólarlampar sem innihalda fosfór.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

9) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru enn fáanlegir á markaðnum fyrir viðkomandi notkun ætti að endurnýja undanþáguna fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB í hámarksgildistíma, sem er fimm ár, til 21. júlí 2021. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

10) Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í þágu skýrleika laga ætti að tilgreina lokadagsetningarnar í III. viðauka við þá tilskipun.

11) Í ljósi beiðni nr. 2015-3 og þeirrar staðreyndar að það er hægt með vélrænum hætti að setja lampa sem er ætlaður til læknisfræðilegra nota í búnað til sólbrúnunar og öfugt ætti að bæta nýrri undirfærslu 18.b.I í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB sem er sértæk fyrir lækningatæki að undanskildum þeim sem falla undir færslu 34 í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Þessi undirfærsla ætti að gilda um 5. og 8. flokk og gilda til 21. júlí 2021.

12) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. febrúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 18.b í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„18.b	Blý sem er örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum þegar þær eru notaðar sem sólarlampar sem innihalda fosfór, s.s. BSP ($BaSi_2O_5$:Pb)	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
18.b.I	Blý sem örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum sem innihalda fosfór, s.s. BSP ($BaSi_2O_5$:Pb), þegar þær eru notaðar í lækningatækjum til ljósameðferðar.	Gildir um 5. flokk og 8. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 34 í IV. viðauka, og fellur úr gildi 21. júlí 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/178 2019/EES/49/32

frá 16. nóvember 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legum og fóðringum sem eru notaðar í tiltekinn búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki tiltekin hættuleg efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Í júlí 2015 barst framkvæmdastjórninni umsókn, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB, um undanþágu varðandi 11. flokk, sem skal skrá í III. viðauka, vegna notkunar blýs í legur og fóðringar í brunahreyflum, sem eru knúnir með dísli eða loftkenndu eldsneyti, í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega.

4) Legur og fóðringar sem innihalda blý eru nauðsynlegar til að ná ásættanlegum áreiðanleika með tilliti til þols gegn úrbræðslu (e. *seizure resistance*), mótunarhæfni (e. *conformability*), innfellingarhæfni (e. *embedability*) og mengunarþols (e. *debris resistance*) í stórum hreyflum og þeim sem eru notaðir í erfiðu og krefjandi umhverfi og eru notaðir í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega, s.s. færanlegar loftþjöppur, færanlegan suðubúnað og færanlega krana.

5) Sem stendur eru engir blýlausir staðgöngukostir fáanlegir á markaðnum sem eru nægilega áreiðanlegir fyrir notkunarsvið að því er varðar hreyfla í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega.

6) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út blýi eða taka það út að því er varðar tiltekna hreyfla í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega. Undanþágan er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]) og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð. Því ætti að veita undanþágu fyrir notkun blýs í legur og fóðringar í tilteknum brunahreyflum, sem eru knúnir með dísli eða loftkenndu eldsneyti, í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega og bæta nýrri færslu 42 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Til að koma í veg fyrir að gildissvið undanþágna skarist innan III. viðauka og til að tryggja skýrleika laga ætti að bæta við að notkun sem fellur undir færslu 6.c í III. viðauka sé undanþegin nýrri færslu 42 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

7) Þar eð engir áreiðanlegir staðgöngukostir eru enn fáanlegir á markaði fyrir viðkomandi notkun eða verða að öllum líkindum fáanlegir á markaðnum í náinni framtíð ætti að veita undanþágu fyrir 11. flokk í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB í hámarksgildistíma, sem nemur fimm árum frá og með 22. júlí 2019, sem er dagsetningin þegar 11. flokkur fellur undir gildissvið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

8) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. júlí 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 22. júlí 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Færslu 42 er bætt við í III. viðauka:

„42	Blý í legum og fóðringum í brunahreyflum, sem eru knúnir af dísli eða loftkenndu eldsneyti, í búnað til notkunar í atvinnuskyni utan vega: — með heildarslagrými hreyfils ≥ 15 lítrar, eða — með heildarslagrými hreyfils < 15 lítrar og hreyfillinn er ætlaður til notkunar í búnað þar sem tíminn milli merkis til ræsingar og fulls afls skal vera styttri en 10 sekúndur, eða þegar venjulegt viðhald fer yfirleitt fram í krefjandi og óhreinu umhverfi utandyra, s.s. við námugröft, byggingarstarfsemi og mann-virkjagerð eða í landbúnaði.	Gildir um 11. flokk, að undanskilinni notkun sem fellur undir færslu 6.c í þessum viðauka. Fellur úr gildi 21. júlí 2024.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1981 **2019/EES/49/33**

frá 13. desember 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum koparefnasamböndum sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Koparefnasamböndum var bætt við sem virkum efnum í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/37/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virku efnunum koparefnasamböndum, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir koparefnasamböndum var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 16. desember 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að koparefnasambönd uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 20. desember 2017. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um koparefnasambönd fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 25. maí 2018.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/37/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórmekvati, koparefnasamböndum, própakvisafópi, kvisalófópi-P, teflúbensúróni og zetasýpermetríni (Stjtíð ESB L 104, 24.4.2009, bls. 23).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance copper compounds“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(1), 5152.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni vöru fyrir hvert koparefnasamband, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir koparefnasamböndum.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir koparefnasamböndum byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda koparefnasambönd. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem sveppaeyðir og bakteríueyðir.

12) Framkvæmdastjórnin telur þó að koparefnasambönd séu efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Koparefnasambönd eru þrávirk og eitruð efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í jarðvegi er lengri en 120 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lagarlífverur er undir 0,01 mg/L. Koparefnasambönd uppfylla því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir koparefnasamböndum sem efni sem ráðgert er að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

15) Einkum er rétt að takmarka umfang notkunar plöntuverndarvara, sem innihalda koparefnasambönd, við að hámarki 28 kg af kopar á hvern hektara á sjö ára tímabili (þ.e. að meðaltali 4 kg/ha/ári) í því skyni að lágmarka hugsanlega uppsöfnun í jarðvegi og váhrif á aðrar lífverur en marklífverur, á meðan jafnframt er tekið tilliti til reglubundinna ræktunar- og loftslagsskilyrða í aðildarríkjunum sem leiða til aukningar á ágangi sveppa. Þegar aðildarríkin leyfa vörur ættu þau að gefa gaum að tilteknum vandamálum og leitast við að halda umfangi notkunar í lágmarki.

16) Einnig er rétt að takmarka hámarksinnihald tiltekinna varasamra óhreininda í eiturefnafræðilegu tilliti.

17) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

18) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir koparefnasambönd framlengt til 31. janúar 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir þessum efnum rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virkum efnum sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virku efnunum koparefnasamböndum, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 frá 19. janúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, klóþíanidín, koparefnasambönd, dímoxýstróbín, mankóseb, mekópróp-p, metíram, oxamýl, petoxamíð, própíkónasól, própíneb, própýsamíð, pýraklóstróbín og soxamíð (Stjtíð. ESB L 16, 20.1.2018, bls. 8).

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Koparefnasambönd:			1. janúar 2019	31. desember 2025	Einungis skal leyfa notkun sem hefur í för með sér að hámarki 28 kg af kopar á hvern hektara á sjö ára tímabili. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um koparefnasambönd, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — öryggi notenda, starfsmanna og vegfarenda og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa og aðrar mildunarráðstafanir eftir því sem við á, — vernd vatns og lífvera utan markhóps. Beita skal ráðstöfunum til að draga úr áhættu í tengslum við þessa greindu áhættu, s.s. með varðbeltum, eftir því sem við á, — magninu af virka efninu sem er notað og tryggja að magn sem er leyft að nota, með tilliti til skammta og hve oft efnið er notað, sé eins lítið og unnt er til að ná tilætluðum árangri og að það valdi ekki óviðunandi áhrifum á umhverfið, að teknu tilliti til bakgrunnsgilda kopars á notkunarstað ásamt kopar frá öðrum upptökum, ef upplýsingarnar liggja fyrir. Aðildarríkin geta einkum ákveðið að fastsetja árlegt hámarksumfang notkunar sem fer ekki yfir 4 kg af kopar á hvern hektara.
Koparhýdroxíð CAS-nr. 20427-59-2 CIPAC-nr. 44.305	Kopar(II)hýdroxíð	≥ 573 g/kg			
Koparoxýklóríð CAS-nr. 1332-65-6 eða 1332-40-7 CIPAC-nr. 44.602	Tvíkoparklóríðtrí-hýdroxíð	≥ 550 g/kg			
Koparoxíð CAS-nr. 1317-39-1 CIPAC-nr. 44.603	Koparoxíð	≥ 820 g/kg			
Bordeaux-blanda CAS-nr. 8011-63-0 CIPAC-nr. 44.604	Ekki úthlutað	≥ 245 g/kg			
Tríbasískt koparsúlfat CAS-nr. 12527-76-3 CIPAC-nr. 44.306	Ekki úthlutað	≥ 490 g/kg Eftirfarandi óhreinindi skulu ekki fara yfir eftirfarandi magn: Arsen að hámarki 0,1 mg/g Cu Kadmíum að hámarki 0,1 mg/g Cu Blý að hámarki 0,3 mg/g Cu Nikkel að hámarki 1 mg/g Cu Kóbalt að hámarki 3 mg/kg Kvikasilfur að hámarki 5 mg/kg Króm að hámarki 100 mg/kg Antímon að hámarki 7 mg/kg			

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 277 um koparefnasambönd brott.

2) Í E-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„10	Koparefnasambönd: Koparhýdroxíð CAS-nr. 20427-59-2 CIPAC-nr. 44.305 Koparoxýklóríð CAS-nr. 1332-65-6 eða 1332-40-7 CIPAC-nr. 44.602 Koparoxíð CAS-nr. 1317-39-1 CIPAC-nr. 44.603 Bordeaux-blanda CAS-nr. 8011-63-0 CIPAC-nr. 44.604 Tríbasískt koparsúlfat CAS-nr. 12527-76-3 CIPAC-nr. 44.306	Kopar(II)hýdroxíð Tvíkoparklóríð-tríhýdroxíð Koparoxíð Ekki úthlutað Ekki úthlutað	≥ 573 g/kg ≥ 550 g/kg ≥ 820 g/kg ≥ 245 g/kg ≥ 490 g/kg Eftirfarandi óhreinindi skulu ekki fara yfir eftirfarandi magn: Arsen að hámarki 0,1 mg/g Cu Kadmíum að hámarki 0,1 mg/g Cu Blý að hámarki 0,3 mg/g Cu Nikkel að hámarki 1 mg/g Cu Kóbalt að hámarki 3 mg/kg Kvikasilfur að hámarki 5 mg/kg Króm að hámarki 100 mg/kg Antímon að hámarki 7 mg/kg	1. janúar 2019	31. desember 2025	Einungis skal leyfa notkun sem hefur í för með sér að hámarki 28 kg af kopar á hvern hektara á sjö ára tímabili. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um koparefnasambönd, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — öryggi notenda, starfsmanna og vegfarenda og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa og aðrar mildunarráðstafanir eftir því sem við á, — vernd vatns og lífvera utan markhóps. Beita skal ráðstöfunum til að draga úr áhættu í tengslum við þessa greindu áhættu, s.s. með varðbeltum, eftir því sem við á, — magninu af virka efninu sem er notað og tryggja að magn sem er leyft að nota, með tilliti til skammta og hve oft efnið er notað, sé eins lítið og unnt er til að ná tilætluðum árangri og að það valdi ekki óviðunandi áhrifum á umhverfið, að teknu tilliti til bakgrunnsgilda kopars á notkunarstað ásamt kopar frá öðrum upptökum, ef upplýsingarnar liggja fyrir. Aðildarríkin geta einkum ákveðið að fastsetja árlegt hámarksumfang notkunar sem fer ekki yfir 4 kg af kopar á hvern hektara.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 517/2014 **2019/EES/49/34**

frá 16. apríl 2014

um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem Sambandið er aðili að ([3]), er tekið fram að á grunni fyrirliggjandi vísindagagna þyrftu þróuð lönd að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80% til 95% miðað við mörkin frá 1990 fyrir 2050 til að takmarka hnattrænar loftslagsbreytingar við hækkun hitastigs sem nemur 2 °C og draga þannig úr óæskilegum áhrifum á loftslag.

2) Til að ná þessu markmiði samþykkti framkvæmdastjórnin áætlun um að færast yfir í samkeppnishæft hagkerfi með lítilli kolefnislosun árið 2050, sem ráðið minntist á í niðurstöðum sínum frá 17. maí 2011 og Evrópuþingið studdi í ályktun sinni frá 15. mars 2012. Í þeirri áætlun lagði framkvæmdastjórnin fram kostnaðarhagkvæma leið til að ná fram nauðsynlegri heildarskerðingu á losun innan Sambandsins fyrir 2050. Í áætluninni eru fastsett þau framlög sem þörf er á í tengslum við hvern geira á sex sviðum. Draga ætti úr losun annarra efna en koltvísýrings, þ.m.t. flúoraðra gróðurhúsalofttegunda en að undanskildri losun á öðrum efnum en koltvísýringi frá landbúnaði, um 72% til 73% fyrir 2030 og um 70% til 78% fyrir 2050, miðað við mörkin frá 1990. Sé miðað við viðmiðunarárið 2005 er þörf á skerðingu á losun annarra efna en koltvísýrings, að undanskildu því sem kemur frá landbúnaði, sem nemur 60% til 61% fyrir 2030. Samkvæmt mati var losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda 90 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings árið 2005. Skerðing upp á 60% þýðir að draga þarf úr losun niður í u.þ.b. 35 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings fyrir 2030. Miðað við áætlaða losun upp á 104 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings árið 2030 á grundvelli beitingar núgildandi löggjafar Sambandsins að fullu er frekari skerðingar um u.þ.b. 70 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings krafist.

3) Niðurstaða skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 26. september 2011 um beitingu, áhrif og nægjanleika reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([4]) var sú að ef núgildandi afmörkunarráðstöfunum er beitt að fullu geta þær nægt til að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Því ætti að viðhalda umræddum ráðstöfunum og gera þær skýrari á grunni þeirrar reynslu sem hefur fengist við beitingu þeirra. Einnig ætti að rýmka gildissvið tiltekinna ráðstafana til að ná til annarra tækja sem umtalsvert magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er notað í, s.s. stórra kælibifreiða og kælivagna. Skyldan til að koma upp og viðhalda skrám yfir búnað sem inniheldur slíkar lofttegundir ætti einnig að ná til rafknúins rofbúnaðar. Vegna mikilvægis afmörkunarráðstafana við lok endingartíma vara og búnaðar sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ættu aðildarríkin að hafa hliðsjón af gildi áætlana um ábyrgð framleiðenda og hvetja til að þeim verði komið á fót á grundvelli fyrirliggjandi bestu starfsvenja.

4) Í þeirri skýrsla var einnig komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að gera meira til að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins, einkum með því að forðast að nota slíkar lofttegundir þegar til er staðgöngutækni sem er örugg og orkunýtin og hefur engin eða minni áhrif á loftslagið. Það er kostnaðarhagkvæmt að draga úr losun um allt að tvo þriðju af losun árið 2010 fyrir árið 2030 þar eð til eru staðfestir og sannprófaðir staðgöngukostir í mörgum geirum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 271, 19.9.2013, bls. 138.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

([3]) Ákvörðun ráðsins 94/69/EB frá 15. desember 1993 um niðurstöður rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtíð. EB L 33, 7.2.1994, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

5) Í ályktun Evrópuþingsins frá 14. september 2011 um heildstæða nálgun að annarri losun, sem skiptir máli fyrir loftslagið, af mannavöldum en koltvísýringslosun er skuldbindingu Sambandsins um að styðja við aðgerðir varðandi vetnisflúorkolefni samkvæmt Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (hér á eftir nefnd Montreal-bókunin) fagnað sem fyrirtaks dæmi um nálgun við minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem ekki byggist á því að nota markaðinn. Í þeirri ályktun var einnig kallað eftir því að kanna aðferðir til að stuðla að tafarlausri minnkun á vetnisflúorkolefnum á alþjóðavettvangi í gegnum Montreal-bókunina.

6) Til að hvetja til notkunar á tækni sem hefur engin eða minni áhrif á loftslagið ætti þjálfun einstaklinga sem stunda starfsemi sem tengist flúoruðum gróðurhúsalofttegundum að ná til upplýsinga um tækni sem getur komið í staðinn fyrir og dregið úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum. Þar eð tilteknir staðgöngukostir, sem koma í stað flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eru notaðir í vörur og búnað í stað flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og til að draga úr notkun þeirra, geta verið eitraðir, eldfimir eða undir miklum þrýstingi ætti framkvæmdastjórnin að skoða núgildandi löggjöf Sambandsins um þjálfun einstaklinga í öruggri meðhöndlun á öðrum kælimiðlum og, ef við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þeirri löggjöf Sambandsins sem málið varðar.

7) Koma ætti upp áætlunum um útgáfu atvinnuskírteina og menntun og þjálfun eða breyta þeim, með tilliti til þeirra sem var komið upp með reglugerð (EB) nr. 842/2006, og þær mætti fella inn í starfsmenntunarkerfin.

8) Til að tryggja samræmi við vöktunar- og skýrslugjafarkröfur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og við ákvörðun 4/CMP.7 frá ráðstefnu aðila sem er jafnframt fundur aðila að Kyoto-bókuninni við rammasamninginn, sem var samþykkt af sjöundu ráðstefnu aðila að rammasamningnum sem kom saman í Durban 11. desember 2011, ætti að reikna hnatthlýnunarmátt með tilliti til 100 ára hnatthlýnunarmáttar eins kílós af lofttegund samanborið við eitt kíló af koltvísýringi. Þegar mögulegt er ætti útreikningurinn að byggjast á fjórðu matsskýrslunni sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar samþykkti.

9) Markviss vöktun á losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda er afar þýðingarmikil fyrir eftirlit með þróun í átt til þess að uppfylla losunarskerðingarmarkmið og til að meta áhrifin af þessari reglugerð. Notkun á samræmdum hágæðagögnum til að tilkynna um losun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er mjög mikilvæg til að tryggja gæði skýrslugjafar um losun. Ef aðildarríkin koma sér upp skýrslugjafarkerfi um losun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum myndi það skapa samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ([1]). Gögn um leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr búnaði sem fyrirtæki safna saman samkvæmt þessari reglugerð gætu bætt þessi losunarskýrslugjafarkerfi umtalsvert. Þannig ætti að vera mögulegt að athuga samkvæmni gagnanna sem eru notuð til að leiða út losun og að bæta nálganir sem byggjast á útreikningi og ná þannig fram betra mati á losun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í landsbundnu birgðabókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir.

10) Þar eð hentugir staðgöngukostir eru í boði ætti að rýmka gildissvið núgildandi banns við notkun á brennisteinshexaflúoríði við magnesíumsteypu og endurvinnslu á steyptu magnesíummálmblendi til að ná til starfsstöðva sem nota innan við 850 kg af brennisteinshexaflúoríði á ári. Eins ætti, með viðeigandi umbreytingartímabili, að banna notkun á kælimiðlum með mjög mikinn hnatthlýnunarmátt, 2500 eða meiri, til að gera við eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira.

11) Þegar fyrir liggja hentugir staðgöngukostir fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ætti að innleiða bann við að setja á markað nýjan kæli-, loftræstingar- og eldvarnarbúnað, sem inniheldur þessi efni eða virkar fyrir tilstilli þeirra. Skorti staðgöngukosti eða ef ekki er hægt að nýta þá af tæknilegum ástæðum eða öryggisástæðum eða ef notkun á slíkum öðrum valkostum mundi fela í sér óhóflegan kostnað ætti framkvæmdastjórninni að vera mögulegt að heimila undanþágu til að leyfa setningu slíkra vara og búnaðar á markað í takmarkaðan tíma. Í ljósi tækniþróunar í framtíðinni ætti framkvæmdastjórnin enn fremur að meta bann við setningu nýs búnaðar fyrir millispennurofbúnað (e. *medium-voltage secondary switchgear*) og fyrir ný, lítil stakskipt loftræstikerfi á markað.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

12) Leyfa ætti setningu búnaðar, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, á markað ef heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá þeim búnaði, með tilliti til raunhæfs leka- og endurheimtarhlutfalls, á vistferli hans er minni en mundi koma frá samsvarandi búnaði án flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sem hefur þá leyfilegu hámarksorkunotkun sem mælt er fyrir um í viðeigandi framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB ([1]). Reglubundin og tímanleg endurskoðun á þessum framkvæmdarráðstöfunum, í samræmi við þá tilskipun, myndi hjálpa til við að tryggja að þessar framkvæmdarráðstafanir haldist skilvirkar og viðeigandi.

13) Stigvaxandi skerðing á því magni vetnisflúorkolefna sem setja má á markað hefur verið viðurkennd sem skilvirkasta og kostnaðarhagkvæmasta aðferðin til að draga úr losun þessara efna til lengri tíma.

14) Til að framkvæma stigvaxandi skerðingu á því magni vetnisflúorkolefna sem setja má á markað í Sambandinu ætti framkvæmdastjórnin að úthluta kvóta til einstakra framleiðenda og innflytjenda vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, til að ekki sé farið yfir heildarmagntakmörkunina fyrir setningu vetnisflúorkolefna á markað. Til að viðhalda heildstæði stigvaxandi skerðingar á því magni vetnisflúorkolefna sem sett er á markað ætti að gera grein fyrir vetnisflúorkolefnum í búnaði innan kvótakerfis Sambandsins. Hafi vetnisflúorkolefni í búnaði ekki verið sett á markað áður en áfylling búnaðarins fór fram ætti að krefjast samræmisyfirlýsingar til að sanna að viðkomandi vetnisflúorkolefni séu skráð inn í kvótakerfi Sambandsins.

15) Til að byrja með ætti að byggja útreikninginn á viðmiðunargildum og úthlutun kvóta til einstakra framleiðenda og innflytjenda á því magni vetnisflúorkolefnis sem þeir tilkynntu að hefði verið sett á markað á viðmiðunartímabilinu frá 2009 til 2012. Hins vegar ætti, til að útiloka ekki lítil fyrirtæki, að taka frá 11% af heildarmagntakmörkuninni fyrir innflytjendur og framleiðendur sem hafa ekki sett á markað 1 tonn eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á viðmiðunartímabilinu.

16) Framkvæmdastjórnin ætti, með reglubundnum endurútreikningi á viðmiðunargildunum og kvótanum, að sjá til þess að fyrirtæki fái að halda starfsemi sinni áfram á grunni meðaltals af því magni sem þau settu á markað á undanförnum árum.

17) Framleiðsluferlið fyrir tilteknar flúoraðar lofttegundir getur valdið umtalsverðri losun annarra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem myndast sem aukaafurðir. Það ætti að vera skilyrði fyrir setningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markað að slíkum losuðum aukaafurðum sé fargað eða þær endurheimtar til síðari notkunar.

18) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að til staðar sé miðlæg rafræn skrá til að halda utan um kvóta, vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, og utan um skýrslugjöf, þ.m.t. um búnað sem er settur á markað, einkum þegar búnaðurinn er þegar áfylltur með vetnisflúorkolefnum sem ekki hafa verið sett á markað fyrir áfyllingu og þarfnast því sannprófunar á því að skil séu gerð á magni vetnisflúorkolefnanna samkvæmt kvótakerfi Sambandsins, með samræmisyfirlýsingu og síðan með staðfestingu þriðja aðila.

19) Til að viðhalda sveigjanleika markaðarins með vetnisflúorkolefni í stórum einingum ætti að vera mögulegt að framselja kvóta, sem úthlutað er á grundvelli viðmiðunargilda, til annars framleiðanda eða innflytjanda innan Sambandsins eða til annars framleiðanda eða innflytjanda sem hefur einn fulltrúa sem kemur fram fyrir hans hönd innan Sambandsins

20) Til að gera kleift að vakta skilvirkni þessarar reglugerðar ætti að rýmka gildissvið núgildandi kvaða um skýrslugjöf til að ná til annarra flúoraðra efna sem hafa umtalsverðan hnatthlýnunarmátt eða eru líkleg til að koma í staðinn fyrir flúoruðu gróðurhúsalofttegundirnar sem skráðar eru í I. viðauka. Af sömu ástæðu ætti einnig að tilkynna um eyðingu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og innflutning til Sambandsins á þeim lofttegundum þegar þær eru í vörum og búnaði. Setja ætti lágmarksviðmiðunarmörk til að komast hjá óhóflegu stjórnsýsluálagi, einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og örfyrirtækjum.

21) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa uppi stöðuga vöktun á áhrifum af skerðingu á magni vetnisflúorkolefna sem sett eru á markað, þ.m.t. áhrif hennar á framboð að því er varðar búnað þar sem notkun á vetnisflúorkolefnum myndi valda minni losun yfir vistferilinn en ef staðgöngutækni væri notuð. Framkvæmdastjórnin ætti að taka saman skýrslu um framboð

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

vetnisflúorkolefna á markaði innan Sambandsins fyrir árslok 2020. Framkvæmdastjórnin ætti að gera ítarlega úttekt fyrir lok 2022, í tæka tíð til að breyta ákvæðum þessarar reglugerðar, í ljósi framkvæmdar hennar og nýrrar þróunar og alþjóðlegra skuldbindinga og til að leggja til, ef við á, frekari skerðingarráðstafanir.

22) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([1]).

23) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að breyta tilteknum veigalitlum atriðum í þessari reglugerð. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

24) Þar sem þessi tilskipun er samþykkt skv. 1. mgr. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins kemur hún ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða innleiði strangari verndarráðstafanir sem samræmast sáttmálanum. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ráðstafanir skv. 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

25) Þessi reglugerð breytir og bætir við efni reglugerðar (EB) nr. 842/2006 sem ætti því að fella niður. Til að tryggja hnökralaus umskipti frá gamla skipulaginu yfir í það nýja þykir hins vegar rétt að kveða á um að reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1493/2007 ([2]), (EB) nr. 1494/2007 ([3]), (EB) nr. 1497/2007 ([4]), (EB) nr. 1516/2007 ([5]), (EB) nr. 303/2008 ([6]), (EB) nr. 304/2008 ([7]), (EB) nr. 305/2008 ([8]), (EB) nr. 306/2008 ([9]), (EB) nr. 307/2008 ([10]) og (EB) nr. 308/2008 ([11]) haldi gildi sínu og verði áfram beitt nema og þangað til þær eru felldar niður með framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.

26) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna þess að í eðli sínu ná þau umhverfisvandamál, sem fjalla á um, yfir landamæri, og vegna áhrifa þessarar reglugerðar á verslun innan Sambandsins og á utanríkisverslun, er Sambandinu heimilt að samþykkja

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1493/2007 frá 17. desember 2007 um snið skýrslunnar, sem framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skulu leggja fram, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 (Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 7).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarnarkerfi sem innihalda tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 4).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 3).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar föst brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 12).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 17).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 21).

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á staðfestingum vegna þjálfunar starfsfólks að því er varðar loftræstikerfi í tilteknum, vélknúnum ökutækjum sem innihalda tilteknar, flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 25).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtíð ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28).

ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Markmiðið með þessari reglugerð er að vernda umhverfið með því að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Til samræmis við það eru með þessari reglugerð:

a) settar reglur um afmörkun, notkun, endurheimt og förgun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og um tengdar hliðarráðstafanir,

b) sett skilyrði fyrir setningu tiltekinna vara og búnaðar, sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, á markað,

c) sett skilyrði fyrir tiltekinni notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og

d) settar á magntakmarkanir vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „flúoraðar gróðurhúsalofttegundir“: vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni, brennisteinshexaflúoríð og aðrar gróðurhúsalofttegundir sem innihalda flúor og eru skráðar í I. viðauka eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna,

2) „vetnisflúorkolefni“: efnin, sem eru skráð í 1. þætti I. viðauka, eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna,

3) „perflúorkolefni“: efnin, sem eru skráð í 2. þætti I. viðauka, eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna,

4) „brennisteinshexaflúoríð“: efnið, sem er skráð í 3. þætti I. viðauka, eða blöndur sem innihalda þetta efni,

5) „blanda“: vökvi sem er samsettur úr tveimur eða fleiri efnum, þar sem minnst eitt efnanna er skráð í I. eða II. viðauka,

6) „hnatthlýnunarmáttur“: geta gróðurhúsalofttegundar til að valda loftslagshlýnun samanborið við mátt koltvísýrings, reiknað sem hlýnunarmáttur eins kílógramms af gróðurhúsalofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlýnunarmætti eins kílógramms af koltvísýringi, eins og fram kemur í I., II. og IV. viðauka eða, ef um blöndur er að ræða, reiknað í samræmi við IV. viðauka,

7) „tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings“: magn gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem margfeldið af þyngd gróðurhúsalofttegundanna í tonnum og hnatthlýnunarmáttar þeirra,

8) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem ber raunverulega ábyrgð á tæknilegri virkni vara og búnaðar sem falla undir þessa reglugerð; aðildarríki getur, við skilgreindar, sérstakar aðstæður, tilnefnt eigandann þannig að hann beri ábyrgð á skuldbindingum rekstraraðilans,

9) „notkun“: nýting flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í framleiðslu, til viðhalds eða þjónustu á vörum og búnaði, þ.m.t. enduráfylling, eða nýting þeirra í öðrum ferlum sem um getur í þessari reglugerð,

10) „setning á markað“: að afgreiða eða bjóða fram til annars aðila innan Sambandsins í fyrsta skipti, gegn greiðslu eða án endurgjalds, eða, ef um framleiðanda er að ræða, að nota fyrir eigin reikning; nær einnig til tollafgreiðslu í frjálst flæði innan Sambandsins,

11) „loftþéttur búnaður: búnaður þar sem allir hlutar, sem innihalda flúoraða gróðurhúsalofttegund, eru gerðir þéttir með málmsuðu, lóðun eða svipaðri, varanlegri tengingu sem getur m.a. verið þéttir lokar og þétt þjónustutengi (e. *service port*) sem gera kleift að koma við réttum viðgerðum eða fjarlægingu og sem hafa sannreyndan leka sem er minni en 3 grömm á ári við þrýsting sem er a.m.k. fjórðungur af leyfilegum hámarksþrýstingi,

12) „ílát“: vara sem er fyrst og fremst hönnuð til þess að flytja í flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða til að geyma þær,

13) „einnota ílát“: ílát sem ekki er hægt að enduráfylla án þess að því sé breytt í þeim tilgangi eða sem er sett á markað án þess að gert hafi verið ráð fyrir að því sé skilað til enduráfyllingar,

14) „endurheimt“: söfnun og geymsla flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr vörum, þ.m.t. ílátum, og búnaði þegar viðhald eða þjónusta fer fram eða áður en vörunni eða búnaðinum er fargað,

15) „endurvinnsla“: endurnotkun á endurheimtum, flúoruðum gróðurhúsalofttegundum að loknu grunnhreinsiferli,

16) „endurnýting“: endurmeðhöndlun endurheimtrar flúoraðrar gróðurhúsalofttegundar til að ná fram jafngildri virkni og hjá ónotuðu efni, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar,

17) „förgun“: ferlið þegar flúoraðri gróðurhúsalofttegund er varanlega umbreytt eða hún brotin niður, að öllu eða mestu leyti, í eitt eða fleiri stöðug efni sem eru ekki flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,

18) „úrelding“: endanleg stöðvun og fjarlæging úr rekstri eða notkun á vöru eða búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,

19) „viðgerð“: enduruppbygging skaddaðra eða lekra vara eða búnaðar, sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sem snýst um hluta þeirra sem inniheldur eða er hannaður til að innihalda slíkar lofttegundir,

20) „uppsetning“: tenging tveggja eða fleiri hluta af búnaði eða rásum sem innihalda eða eru hannaðar til að innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, með það fyrir augum að setja saman kerfi á staðnum þar sem það verður notað og sem snýst um að tengja saman leiðara, sem ætlað er að flytja lofttegundir um kerfi, til að fullgera hringrás án tillits til þess hvort fylla þurfi á kerfið eftir samsetningu,

21) „viðhald eða þjónusta“: öll starfsemi, að undanskildri endurheimt í samræmi við 8. gr. og lekaprófun í samræmi við 4. gr. og 10. gr. (b-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar, sem felst í því að rjúfa rásirnar sem innihalda eða eru hannaðar til að innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, einkum til að fylla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir á kerfið, fjarlægja einn eða fleiri hluta úr rásinni eða búnaðinum, setja aftur saman tvo eða fleiri hluta úr rásinni eða búnaðinum, sem og að gera við leka,

22) „ónotað efni“: efni sem hefur ekki verið notað áður,

23) „kyrrstæður“: sem er vanalega ekki á hreyfingu á milli staða í starfrækslu; nær einnig til færanlegra loftræstitækja fyrir herbergi,

24) „færanlegur“: sem er vanalega á hreyfingu á milli staða í starfrækslu,

25) „einþátta frauð“: frauðsamsetning í stökum úðabrúsa í óhvörfuðu eða hluthvörfuðu vökvaformi, sem þenst út og harðnar þegar hún kemur út úr brúsanum,

26) „kælibifreið“: vélknúið ökutæki með massa yfir 3,5 tonnum, sem er hannað og byggt fyrst og fremst til að flytja vörur og er búið kælieiningu,

27) „kælivagn“: eftirvagn sem er hannaður og byggður til að vera dreginn af flutningabifreið eða dráttarvél, einkum til að flytja vörur, og er búinn kælieiningu,

28) „úðabrúsi til tæknilegra nota“: úðabrúsi sem er notaður í tengslum við viðhald, viðgerðir, hreinsun, prófun, skordýraeyðingu og framleiðslu á vörum og búnaði, uppsetningu á búnaði og til annarra nota,

29) „lekagreiningarkerfi“: kvarðaður vélbúnaður, rafbúnaður eða rafeindabúnaður til að greina leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem lætur rekstraraðilann vita ef leki greinist,

30) „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem:

    a) framleiðir, notar, endurheimtir, safnar saman, endurvinnur, endurnýtir eða fargar flúoruðum gróðurhúsalofttegundum,

    b) flytur inn eða út flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða vörur og búnað sem innihalda slíkar lofttegundir,

    c) setur á markað flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða vörur og búnað sem innihalda eða virka fyrir tilstilli slíkra lofttegunda,

    d) setur upp, þjónustar, heldur við, gerir við, leitar að lekum eða úreldir búnað sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,

e) er rekstraraðili búnaðar sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,

f) framleiðir, flytur inn, flytur út, setur á markað eða fargar lofttegundum sem skráðar eru í II. viðauka.

g) setur á markað vörur eða búnað sem inniheldur lofttegundir sem skráðar eru í II. viðauka,

31) „hráefni“: hvers kyns flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða efni sem eru skráð í II. viðauka sem ummyndast efnafræðilega í ferli þar sem viðkomandi efni gjörbreytast frá upphaflegri samsetningu og losun vegna þeirra verður óveruleg,

32) „notkun í viðskiptalegum tilgangi“: nýting til geymslu, sýningar eða skömmtunar á vörum, til sölu til endanlegra notenda, í smásölu og matsölu,

33) „brunavarnarbúnaður“: búnaður og kerfi sem eru notuð við varnir gegn bruna eða til að kæfa eld, þ.m.t. slökkvitæki,

34) „Rankine-hringrás fyrir lífrænan drifmiðil“: hringrás sem inniheldur þéttanlega flúoraða gróðurhúsalofttegund sem umbreytir varma frá varmagjafa í orku til framleiðslu á raforku eða vélrænni orku,

35) „herbúnaður“: vopn, skotfæri og efni til stríðsrekstrar sem eru sérstaklega ætluð til hernaðarnota sem eru nauðsynleg til að vernda grunnöryggishagsmuni aðildarríkja,

36) „rafknúinn rofbúnaður“: rofbúnaður og samsetningar hans með tengdum stýri-, mæli-, verndar- og stillibúnaði og samsetningar slíkra tækja og búnaðar með tengdum samtenglum, aukabúnaði, umlykjum og stoðvirkjum, ætlað til notkunar í tengslum við framleiðslu, flutning, dreifingu og umbreytingu á raforku,

37) „miðlæg fjölþjöppukælikerfi“ (e. *multipack centralised refrigeration systems*): kerfi með tveimur eða fleiri þjöppum sem eru keyrðar samhliða og eru tengdar við einn eða fleiri sameiginlega þétta og tiltekinn fjölda kælitækja, s.s. útstillingaskápa, skápa, frysta eða kæligeymslur,

38) „ytri kælirás keðjutengdra kerfa“ (e. *primary refrigerant circuit of cascade systems*): ytri rásin í óbeinum millihitakerfum þar sem tvær eða fleiri kælirásir eru raðtengdar þannig að ytri rásin tekur til sín varmann frá þéttinum í innri rás fyrir millihitann,

39) „stakskipt loftræstikerfi“ (e. *single split air conditioning systems*): kerfi til loftræstingar í herbergjum sem samanstanda af einni einingu utandyra og annarri innandyra sem eru tengdar saman með kælilögnum og þarf að setja upp á notkunarstað.

II. KAFLI

AFMÖRKUN

3. gr.

Forvarnir gegn losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda

1. Losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið af ásetningi skal vera bönnuð þegar losunin er ekki tæknilega nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar notkunar.

2. Rekstraraðilar búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir óviljandi losun (leka) þessara lofttegunda. Þeir skulu gera allar ráðstafanir sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegar til að lágmarka leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

3. Þegar leki flúoraðra gróðurhúsalofttegunda uppgötvast skulu rekstraraðilar sjá til þess að gert sé við búnaðinn án ótilhlýðilegrar tafar.

Þegar búnaður er lekaprófaður skv. 1. mgr. 4. gr. og gert hefur verið við leka úr búnaðinum skulu rekstraraðilarnir sjá til þess að vottaður einstaklingur skoði búnaðinn innan eins mánaðar frá viðgerðinni til að staðfesta að viðgerðin hafi heppnast.

4. Einstaklingar sem framkvæma þau verkefni sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 10. gr. skulu hafa vottun í samræmi við 4. og 7. mgr. 10. gr. og skulu þeir gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

Fyrirtæki sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu búnaðarins, sem er talinn upp í a- til d-lið 2. mgr. 4. gr., skulu hafa vottun í samræmi við 6. og 7. mgr. 10. gr. og skulu þau gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

4. gr.

Lekaprófanir

1. Rekstraraðilar búnaðar sem inniheldur 5 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum sem eru ekki bundnar í frauði skulu sjá til þess að búnaðurinn sé lekaprófaður.

Loftþéttur búnaður, sem inniheldur minna en 10 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, skal ekki sæta lekaprófunum samkvæmt þessari grein, að því tilskildu að búnaðurinn sé merktur sem loftþéttur.

Rafknúinn rofbúnaður skal ekki sæta lekaprófunum samkvæmt þessari grein, að því tilskildu að hann uppfylli eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) prófað lekahlutfall frá honum er undir 0,1% á ári, eins og kemur fram í tækniforskrift framleiðandans, og hann er merktur í samræmi við það,

b) hann er búinn þrýsti- eða þéttleikavöktunarbúnaði eða

c) hann inniheldur minna en 6 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um rekstraraðila eftirfarandi búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir:

a) kyrrstæðs kælibúnaðar,

b) kyrrstæðs loftræstibúnaðar,

c) kyrrstæðra varmadæla,

d) kyrrstæðs brunavarnarbúnaðar,

e) kælieininga í kælibifreiðum og kælivögnum,

f) rafknúins rofbúnaðar,

g) Rankine-hringrása fyrir lífræna drifmiðla.

Að því er varðar búnaðinn sem um getur í a- til e-lið fyrstu undirgreinar skulu prófanirnar gerðar af einstaklingum sem hafa vottun í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 10. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 1. mgr. skal búnaður, sem inniheldur innan við 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, eða loftþéttur búnaður, sem er merktur í samræmi við það og inniheldur innan við 6 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, ekki sæta lekaprófunum fram til 31. desember 2016.

3. Lekaprófanir skv. 1. mgr. skulu gerðar með eftirfarandi tíðni:

a) með minnst 12 mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum samsvarar 5 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira, en minna en 50 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings; eða með minnst 24 mánaða millibili ef lekagreiningarkerfi er sett upp,

b) með minnst 6 mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum samsvarar 50 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira, en minna en 500 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings; eða með minnst 12 mánaða millibili ef lekagreiningarkerfi er sett upp,

c) með minnst þriggja mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum samsvarar 500 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira, eða með minnst sex mánaða millibili ef lekagreiningarkerfi er sett upp.

4. Líta skal svo á að skuldbindingarnar í 1. mgr. vegna brunavarnarbúnaðar, sem um getur í d-lið 2. mgr., séu uppfylltar ef eftirfarandi tvö skilyrði eru uppfyllt:

a) gildandi eftirlitsáætlun uppfyllir staðlana ISO 14520 eða EN 15004 og

b) brunavarnarbúnaðurinn er skoðaður eins oft og krafist er skv. 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, tiltekið kröfur varðandi lekaprófanir í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar fyrir hverja gerð búnaðar sem um getur í þeirri málsgrein, auðkennt þá hluta búnaðarins sem líklegastir eru til að leka og fellt niður gerðir sem eru samþykktar skv. 7. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

5. gr.

Lekagreiningarkerfi

1. Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í a- til d-lið 2. mgr. 4. gr. og inniheldur 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, skulu sjá til þess að í búnaðinum sé lekagreiningarkerfi sem varar rekstraraðilann eða þjónustufyrirtæki við leka.

2. Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í f- og g-lið 2. mgr. 4. gr. og inniheldur 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og er settur upp 1. janúar 2017 eða síðar, skulu sjá til þess að þessum búnaði sé lekagreiningarkerfi sem varar rekstraraðilann eða þjónustufyrirtæki við leka.

3. Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í a- til d-lið og g-lið 2. mgr. 4. gr. og sem fellur undir 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, skulu sjá til þess að lekagreiningarkerfi séu skoðuð með minnst 12 mánaða millibili til að tryggja að þau virki sem skyldi.

4. Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í f-lið 2. mgr. 4. gr. og sem fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, skulu sjá til þess að lekagreiningarkerfi séu skoðuð með minnst 6 ára millibili til að tryggja að þau virki sem skyldi.

6. gr.

Skráahald

1. Rekstraraðilar búnaðar, sem krafist er að sé lekaprófaður skv. 1. mgr. 4. gr., skulu koma sér upp og viðhalda skrám fyrir sérhvern hluta slíks búnaðar þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

a) magn og tegund flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru settar upp,

b) magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er bætt við í uppsetningu, við viðhald eða þjónustu eða vegna leka,

c) hvort magn uppsettra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda hefur verið endurunnið eða endurnýtt, ásamt heiti og heimilisfangi endurvinnslu- eða endurheimtarstöðvarinnar og, þegar við á, númer starfsleyfisskírteinis þess,

d) magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er endurheimt,

e) kenni fyrirtækisins sem setti upp, þjónustaði, hélt við og, ef við á, gerði við eða úrelti búnaðinn, þ.m.t., ef við á, númer starfsleyfisskírteinis þess,

f) dagsetningar prófana sem voru gerðar skv. 1. til 3. mgr. 4. gr. og niðurstöður þeirra,

g) ef búnaðurinn var úreltur: hvaða ráðstafanir voru gerðar til að endurheimta og farga flúoruðu gróðurhúsalofttegundunum.

2. Ef skrárnar, sem um getur í 1. mgr., eru ekki geymdar í gagnagrunni sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna koma á fót gilda eftirfarandi reglur:

a) rekstraraðilarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu geyma skrárnar, sem um getur í þeirri málsgrein, í minnst fimm ár,

b) fyrirtæki sem stunda starfsemi, sem um getur í e-lið 1. mgr., fyrir rekstraraðila skulu geyma afrit af skránum, sem um getur í 1. mgr., í minnst fimm ár.

Skrárnar, sem um getur í 1. mgr., skulu, sé þess óskað, gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis eða framkvæmdastjórninni. Að því marki sem slíkar skrár innihalda umhverfisupplýsingar skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([1]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 ([2]) gilda, eftir því sem við á.

3. Að því er varðar 4. mgr. 11. gr. skulu fyrirtæki sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir koma sér upp skrám með viðeigandi upplýsingum um kaupendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) skírteinisnúmer kaupendanna og

b) viðkomandi keypt magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum.

Fyrirtækin sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu viðhalda þessum skrám í minnst fimm ár.

Fyrirtækin sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu, sé þess óskað, gera slíkar skrár aðgengilegar lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis eða framkvæmdastjórninni. Að því marki sem skrárnar innihalda umhverfisupplýsingar skulu ákvæði tilskipunar 2003/4/EB eða reglugerðar 1367/2006 gilda, eftir því sem við á.

4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerð, ákveðið snið skránna sem um getur í 1. og 3. mgr. þessarar greinar og tilgreint hvernig þeim skuli komið á fót og haldið við. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

7. gr.

Losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í tengslum við framleiðslu

1. Framleiðendur flúoraðra efnasambanda skulu gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að takmarka losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, eftir því sem framast er unnt, í:

a) framleiðslu,

b) flutningum og

c) geymslu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig þegar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eru framleiddar sem aukaafurðir.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 11. gr. skal setning flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og lofttegunda, sem taldar eru upp í II. viðauka, á markað vera bönnuð nema, ef við á, framleiðendur eða innflytjendur leggi fram sannanir, þegar slík setning á markað fer fram, fyrir því að tríflúormetani, sem er framleitt sem aukaafurð í framleiðsluferlinu, þ.m.t. við framleiðslu á hráefni til framleiðslu þeirra, hafi verið fargað eða það endurheimt til síðari nota, í samræmi við bestu fáanlegu tækni.

Krafa þessi gildir frá 11. júní 2015.

8. gr.

Endurheimt

1. Rekstraraðilar kyrrstæðs búnaðar eða kælieininga í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru ekki bundnar í frauði skulu sjá til þess að endurheimt þessara lofttegunda sé framkvæmd af einstaklingum, sem hafa viðeigandi skírteini sem kveðið er á um í 10. gr., þannig að þessar lofttegundir séu endurunnar, endurnýttar eða þeim fargað.

Þessi skylda nær til rekstraraðila alls eftirfarandi búnaðar:

a) kælirása í kyrrstæðum kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði,

b) kælirása í kælieiningum í kælibifreiðum og kælivögnum,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

c) kyrrstæðs búnaðar sem inniheldur leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,

d) kyrrstæðs brunavarnarbúnaðar,

e) kyrrstæðs rafknúins rofbúnaðar.

2. Síðasta fyrirtækið sem notar ílát undir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir áður en því er fargað skal sjá til þess að gasleifar sem í því eru séu endurheimtar til að tryggt sé að þær verði endurunnar, endurnýttar eða þeim fargað.

3. Rekstraraðilar vara og búnaðar sem ekki eru talin upp í 1. mgr., þ.m.t. færanlegs búnaðar, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu skipuleggja endurheimt lofttegundanna, að því marki sem það er tæknilega mögulegt og felur ekki í sér óhóflegan kostnað, sem skal framkvæmd af einstaklingum sem hafa tilskilin réttindi og hæfi, þannig að þær séu endurunnar, endurnýttar eða þeim fargað, eða þeir skulu skipuleggja eyðingu þeirra án undangenginnar endurheimtar.

Endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í ökutækjum sem eru utan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB ([1]) skal framkvæmd af einstaklingum sem hafa tilskilin réttindi og hæfi.

Að því er varðar endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í ökutækjum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/40/EB skulu einungis einstaklingar, sem hafa a.m.k. þjálfunarvottorð í samræmi við 2. mgr. 10. gr., teljast búa yfir tilskildum réttindum og hæfi.

9. gr.

Ábyrgðarkerfi fyrir framleiðendur

Með fyrirvara um gildandi löggjöf Sambandsins skulu aðildarríkin hvetja til þróunar á ábyrgðarkerfum fyrir framleiðendur vegna endurheimtar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og endurvinnslu þeirra, endurnýtingar eða förgunar.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um þær ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt fyrstu málsgrein.

10. gr.

Menntun og þjálfun og útgáfa atvinnuskírteina

1. Aðildarríkin skulu, á grunni lágmarkskrafna sem um getur í 5. mgr., koma á fót eða breyta kerfum til útgáfu atvinnuskírteina, þ.m.t. matsferlum. Aðildarríkin skulu sjá til þess að menntun og þjálfun séu í boði fyrir einstaklinga sem framkvæma eftirfarandi verk:

a) uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu búnaðarins sem er talinn upp í a- til f-lið 2. mgr. 4. gr.,

b) lekaprófanir á búnaðinum sem um getur í a- til e-lið 2. mgr. 4. gr., eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.,

c) endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í boði séu menntunar- og þjálfunaráætlanir fyrir einstaklinga sem annast endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í ökutækjum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/40/EB, á grundvelli lágmarkskrafnanna sem um getur í 5. mgr.

3. Áætlanir um útgáfu atvinnuskírteina og menntunina og þjálfunina sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skulu ná til eftirfarandi atriða:

a) viðeigandi reglugerða og tæknistaðla,

b) forvarnarstarfs gegn losun,

c) endurheimtar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,

d) öryggis í meðhöndlun búnaðar af þeirri tegund og stærð sem skírteinið nær til,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

e) upplýsinga um viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og örugga meðhöndlun.

4. Skírteini, samkvæmt áætlununum um útgáfu atvinnuskírteina sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu sæta því skilyrði að umsækjandinn hafi staðist matsferli sem komið var á fót í samræmi við 1., 3. og 5. mgr.

5. Lágmarkskröfurnar vegna áætlana um útgáfu atvinnuskírteina eru þær sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 303/2008 til (EB) nr. 306/2008 og í 12. mgr. Lágmarkskröfurnar vegna menntunar- og þjálfunarvottorða eru þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 307/2008 og í 12. mgr. Í þeim lágmarkskröfum skal tiltaka, fyrir hverja tegund búnaðar sem um getur í 1. og 2. mgr., þá hagnýtu færni og fræðilegu þekkingu, eftir því sem við á, sem krafist er, og greina á milli mismunandi starfsemi sem skal fjalla um, ásamt skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu atvinnuskírteina og menntunar- og þjálfunarvottorða.

6. Aðildarríkin skulu setja á stofn eða aðlaga áætlanir um útgáfu atvinnuskírteina á grundvelli lágmarkskrafnanna, sem um getur í 5. mgr., til fyrirtækja sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu búnaðarins, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 4. gr., fyrir aðra aðila.

7. Gildandi skírteini og menntunar- og þjálfunarvottorð sem eru gefin út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 842/2006 skulu halda gildi sínu í samræmi við þau skilyrði sem upphaflega voru sett fyrir útgáfu þeirra.

8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir einstaklingar, sem hafa atvinnuskírteini samkvæmt áætlunum um útgáfu atvinnuskírteina sem kveðið er á um í 1. og 7. mgr., hafi aðgang að upplýsingum varðandi hvert eftirfarandi atriða:

a) tækni sem um getur í e-lið 3. mgr. og

b) fyrirliggjandi kröfur samkvæmt reglum um vinnu með búnað sem inniheldur kælimiðla sem koma í staðinn fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

9. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í boði sé menntun og þjálfun fyrir einstaklinga sem vilja uppfæra þekkingu sína í tengslum við þau atriði sem um getur í 3. mgr.

10. Aðildarríkin skulu vera búin að tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlanir sínar um útgáfu atvinnuskírteina og menntunar- og þjálfunaráætlanir sínar fyrir 1. janúar 2017.

Aðildarríkin skulu viðurkenna atvinnuskírteini og menntunar- og þjálfunarvottorð sem eru gefin út í öðru aðildarríki í samræmi við þessa grein. Þau skulu ekki hefta frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétt vegna þess að skírteini var gefið út í öðru aðildarríki.

11. Öll fyrirtæki sem fá öðrum fyrirtækjum verkefni sem um getur í 1. mgr. skulu gera réttmætar ráðstafanir til að fullvissa sig um að hin síðarnefndu hafi tilskilin atvinnuskírteini, sem krafist er samkvæmt þessari grein, til að framkvæma þau verkefni.

12. Ef það virðist nauðsynlegt, vegna beitingar ákvæða þessarar greinar, að kveða á um samhæfðari nálgun við menntun og þjálfun og útgáfu atvinnuskírteina skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, breyta lágmarkskröfum um hæfni og þekkingu sem fjalla skal um og uppfæra þær, tilgreina skipulag útgáfu skírteina eða vottorða og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu og fella niður gerðir sem voru samþykktar skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr. Þegar framkvæmdastjórnin beitir því valdi sem henni er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal hún taka tillit til fyrirliggjandi áætlana um menntun og hæfi eða vottunaráætlana, sem málið varða.

13. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið snið tilkynningarinnar sem um getur í 10. mgr. þessarar greinar og getur fellt úr gildi gerðir sem voru samþykktar í samræmi við 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

14. Í tilvikum þegar skuldbinding samkvæmt þessari grein sem varðar útgáfu atvinnuskírteina og menntun og þjálfun myndi leggja óhóflegar byrðar á aðildarríki vegna fámennis og skorts á eftirspurn eftir slíkri menntun og þjálfun og skírteinaútgáfu sem af því leiðir má ná fram reglufylgni með viðurkenningu atvinnuskírteina sem eru gefin út í öðrum aðildarríkjum.

Aðildarríki sem beita þessari málsgrein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það og hún skal tilkynna hinum aðildarríkjunum það.

15. Ekkert í þessari grein skal hindra aðildarríki í því að koma á fót frekari áætlunum um útgáfu atvinnuskírteina og menntun og þjálfun að því er varðar annan búnað en þann sem um getur í 1. mgr.

III. KAFLI

SETNING Á MARKAÐ OG TAKMARKANIR Á NOTKUN

11. gr.

Takmarkanir á setningu á markað

1. Setning á markað á vörum og búnaði sem eru talin upp í III. viðauka, með undanþágu fyrir herbúnað, skal vera bönnuð frá og með þeirri dagsetningu sem tilgreind er í þeim viðauka, aðgreint, eftir atvikum, samkvæmt tegund eða hnatthlýnunarmætti flúoruðu gróðurhúsalofttegundarinnar sem þau innihalda.

2. Bannið sem er sett fram í 1. mgr. skal ekki gilda um búnað sem búið er að staðfesta, í visthönnunarkröfum sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 2009/125/EB, að muni losa, vegna meiri orkunýtni í rekstri, minna magn jafngildiseininga koltvísýrings á vistferli sínum en samsvarandi búnaður sem uppfyllir viðeigandi visthönnunarkröfur og inniheldur ekki vetnisflúorkolefni.

3. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og með tilliti til markmiðanna með þessari reglugerð getur framkvæmdastjórnin, í sérstökum undantekningartilvikum, með framkvæmdargerðum, heimilað undanþágu í allt að fjögur ár til að leyfa setningu á markað á vöru og búnaði sem eru talin upp í III. viðauka og innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, ef sýnt er fram á að:

a) ekki séu til staðgöngukostir fyrir tiltekna vöru eða búnað eða fyrir tiltekinn vöruflokk eða flokk búnaðar eða þeir séu ónothæfir af tæknilegum ástæðum eða vegna öryggis eða

b) notkun á tæknilega mögulegum og öruggum staðgöngukostum myndi fela í sér óhóflegan kostnað.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

4. Að því er varðar uppsetningu, þjónustu, viðhald eða viðgerðir á búnaðinum, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða virkar fyrir tilstilli þessara lofttegunda og sem krafist er atvinnuskírteinis eða vottorðs fyrir skv. 10. gr., skulu flúoraðar gróðurhúsalofttegundir einungis seldar til og keyptar af fyrirtækjum sem hafa viðeigandi skírteini eða vottorð í samræmi við 10. gr. eða af fyrirtækjum þar sem starfa einstaklingar sem hafa atvinnuskírteini eða menntunar- eða þjálfunarvottorð í samræmi við 10. gr. (2. og 5. mgr.). Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki sem ekki hafa tilskilin skírteini og framkvæma ekki þau verk sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar safni saman, flytji eða afhendi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

5. Búnaður sem er ekki loftþéttur og er fylltur af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum skal einungis seldur til endanlegs notanda ef sannanir eru lagðar fram fyrir því að uppsetningin verði framkvæmd af fyrirtæki sem hefur skírteini í samræmi við 10. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal safna saman, á grunni fyrirliggjandi gagna frá aðildarríkjunum, upplýsingum um innlenda kóða, staðla eða löggjöf aðildarríkja um staðgöngutækni sem nýtir aðra kosti en flúoraðar gróðurhúsalofttegundir í búnað til kælingar, loftræstingar og varmadælingar og í frauð.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út samantektarskýrslu um upplýsingarnar, sem er safnað saman samkvæmt fyrstu undirgrein, fyrir 1. janúar 2017.

12. gr.

Merkingar og upplýsingar um vörur og búnað

1. Vörur og búnaður sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skulu ekki sett á markað án merkinga. Þetta gildir einungis um:

a) kælibúnað,

b) loftræstibúnað,

c) varmadælur,

d) brunavarnarbúnað,

e) rafknúinn rofbúnað,

f) úðabrúsa sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, að undanskildum innúðaskömmturum til inngjafar á lyfja-fræðilegum innihaldsefnum,

g) öll ílát undir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,

h) leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,

i) Rankine-hringrásir fyrir lífræna drifmiðla.

2. Vörur eða búnaður sem veitt er undanþága fyrir skv. 3. mgr. 11. gr. skal merktur til samræmis við það og á honum skal koma fram vísun til þess að þessar vörur eða búnað megi einungis nota í þeim tilgangi sem undanþága var veitt fyrir samkvæmt þeirri grein.

3. Á merkimiðanum, sem krafist er skv. 1. mgr., skulu tilgreindar eftirfarandi upplýsingar:

a) vísun til þess að varan eða búnaðurinn innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða að hann virki fyrir tilstilli þeirra,

b) viðurkennd iðnaðartilgreining fyrir þær flúoruðu gróðurhúsalofttegundir sem um ræðir eða, ef slík tilgreining er ekki fyrir hendi, efnafræðilega heitið,

c) frá 1. janúar 2017: magnið sett fram í þyngd og sem jafngildiseiningar koltvísýrings af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í vörunni eða búnaðinum eða magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem búnaðurinn er hannaður fyrir og hnatthlýn-unarmáttur umræddra lofttegunda.

Á merkimiðanum, sem krafist er skv. 1. mgr., skulu, þegar við á, tilgreindar eftirfarandi upplýsingar:

a) vísun til þess að flúoruðu gróðurhúsalofttegundirnar séu inni í loftþéttum búnaði,

b) vísun til þess að prófað lekahlutfall frá rafknúna rofbúnaðinum sé undir 0,1% á ári, eins og kemur fram í tækniforskrift framleiðandans.

4. Merkimiðinn skal vera auðlæsilegur og óafmáanlegur og skal settur annaðhvort:

a) til hliðar við þjónustuop til áfyllingar eða endurheimtar á flúoruðu gróðurhúsalofttegundinni eða

b) á þann hluta vörunnar eða búnaðarins sem inniheldur flúoruðu gróðurhúsalofttegundina.

Merkimiðinn skal vera á opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem setning á markað á að fara fram.

5. Frauð og forblönduð fjölalkóhól sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu ekki sett á markað nema flúoruðu gróðurhúsalofttegundirnar séu auðkenndar með merkimiða með viðurkenndri iðnaðartilgreiningu eða, ef engin slík tilgreining er fyrir hendi, efnafræðilega heitinu. Á miðanum skal koma skýrt fram að frauðið eða forblandaða fjölalkóhólið innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Ef um frauðplötur er að ræða skulu þessar upplýsingar koma fram með skýrum og óafmáanlegum hætti á plötunum.

6. Endurnýttar eða endurunnar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu merktar með tilgreiningu um að efnið hafi verið endurnýtt eða endurunnið, upplýsingum um lotunúmer ásamt heiti og heimilisfangi starfsstöðvarinnar þar sem endurnýting eða endurvinnsla fór fram

7. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til förgunar skulu merktar með tilgreiningu um að innihaldi ílátsins megi einungis farga.

8. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til beins útflutnings skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis flytja beint út.

9. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til notkunar í herbúnað skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota í herbúnað.

10. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til ætingar á hálfleiðandi efnum eða til að hreinsa klefa sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar í hálfleiðaraframleiðslugeiranum skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota í þeim tilgangi.

11. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til notkunar sem hráefni skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota sem hráefni.

12. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til að framleiða innúðaskammtara til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota í þeim tilgangi.

13. Upplýsingarnar sem um getur í 3. og 5. mgr. skulu koma fram í notendahandbókum fyrir viðkomandi vörur og búnað.

Ef um er að ræða vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmátt upp á 150 eða meira skulu þessar upplýsingar einnig koma fram í lýsingum sem eru notaðar í auglýsingaskyni.

14. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið snið merkimiðanna sem um getur í 1. mgr. og 4. til 12. mgr. og getur fellt niður gerðir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

15. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. til að breyta kröfunum um merkingar, sem settar eru fram í 4. til 12. mgr., þegar það á við með tilliti til þróunar á sviði viðskipta eða tækni.

13. gr.

Takmarkanir á notkun

1. Bannað skal að nota brennisteinshexaflúoríð í magnesíumsteypu og í endurvinnslu á steyptu magnesíummálmblendi.

Að því er varðar stöðvar sem nota minna en 850 kg af brennisteinshexaflúoríði á ári við magnesíumsteypu og endurvinnslu á steyptu magnesíummálmblendi skal þetta bann einungis gilda frá 1. janúar 2018.

2. Bannað skal að nota brennisteinshexaflúoríð til að fylla hjólbarða ökutækja.

3. Frá 1. janúar 2020 skal bannað að nota flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmátt upp á 2500 eða meira til að þjónusta eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira.

Þessi málsgrein skal ekki ná til herbúnaðar eða búnaðar sem er ætlaður í tækjabúnað sem er hannaður til að kæla vörur niður fyrir -50 °C.

Bannið sem um getur í fyrstu undirgrein gengur ekki í gildi fyrir eftirfarandi flokka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda fyrr en 1. janúar 2030:

a) endurnýttar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmátt upp á 2500 eða meira, sem eru notaðar til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að því tilskildu að þær hafi verið merktar í samræmi við 6. mgr. 12. gr.,

b) endurunnar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmátt upp á 2500 eða meira, sem eru notaðar til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að því tilskildu að þær hafi verið endurheimtar úr slíkum búnaði. Slíkar endurunnar lofttegundir má einungis nota hjá fyrirtækinu sem annaðist endurheimt þeirra sem þátt í viðhaldi eða þjónustu eða hjá fyrirtækinu sem endurheimtin var gerð hjá sem hluti af viðhaldi eða þjónustu.

Bannið sem um getur í fyrstu undirgrein gildir ekki um kælibúnað sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 11. gr.

14. gr.

Fyrirframáfylling búnaðar með vetnisflúorkolefnum

1. Frá 1. janúar 2017 skal ekki setja á markað búnað sem er áfylltur með vetnisflúorkolefnum og ætlaður til kælingar, loftræstingar eða varmadælingar nema gerð sé grein fyrir vetnisflúorkolefnum, sem dælt er á búnaðinn, í kvótakerfinu sem um getur í IV. kafla.

2. Þegar fyrirframáfylltur búnaður, sem um getur í 1. mgr., er settur á markað skulu framleiðendur og innflytjendur búnaðarins sjá til þess að það sé að fullu skráð að farið hafi verið að ákvæðum 1. mgr. og skulu þeir fylla út samræmisyfirlýsingu þar að lútandi.

Hafi vetnisflúorkolefni í búnaði ekki verið sett á markað áður en áfylling búnaðarins fór fram skulu innflytjendur þess búnaðar sjá til þess, fyrir 31. mars ár hvert frá og með 1. janúar 2018, að nákvæmni skjalfestingar og samræmisyfirlýsingar fyrir almanaksárið á undan sé staðfest af óháðum endurskoðanda. Endurskoðandinn skal annaðhvort:

a) hafa vottun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([1]) eða

b) vottun til að staðfesta reikninga í samræmi við lög hlutaðeigandi aðildarríkis.

Framleiðendur og innflytjendur búnaðar sem um getur í 1. mgr. skulu geyma skjölin og samræmisyfirlýsinguna í minnst fimm ár eftir að búnaðurinn er settur á markað. Innflytjendur búnaðar, sem setja á markað búnað sem er fyrirframáfylltur, skulu, hafi vetnisflúorkolefni í búnaðinum ekki verið sett á markað áður en búnaðurinn var áfylltur, sjá til þess að þau séu skráð skv. e-lið 1. mgr. 17. gr.

3. Með því að útfylla samræmisyfirlýsingu skulu framleiðendur og innflytjendur búnaðar sem um getur í 1. mgr. axla ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum 1. og 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákveða nákvæmt fyrirkomulag varðandi samræmisyfirlýsinguna og staðfestingu óháða endurskoðandans sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

IV. KAFLI

SKERÐING Á MAGNI VETNISFLÚORKOLEFNA SEM SETT ER Á MARKAÐ

15. gr.

Skerðing á magni vetnisflúorkolefna sem sett er á markað

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að það magn vetnisflúorkolefna sem framleiðendur og innflytjendur hafa rétt til að setja á markað innan Sambandsins ár hvert sé ekki meira en hámarksmagnið fyrir umrætt ár, reiknað í samræmi við V. viðauka.

Framleiðendur og innflytjendur skulu sjá til þess að það magn vetnisflúorkolefna, sem er reiknað í samræmi við V. viðauka, sem hver þeirra setur á markað sé ekki meira en nemur þeim kvóta sem hverjum þeirra er úthlutað skv. 5. mgr. 16. gr. eða framseldur til þeirra skv. 18. gr.

2. Þessi grein gildir ekki um þá sem framleiða eða flytja inn minna en 100 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings af vetnisflúorkolefnum á ári.

Eins gildir þessi grein ekki um eftirfarandi flokka vetnisflúorkolefna:

a) vetnisflúorkolefni sem eru flutt inn til Sambandsins til förgunar,

b) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi notar sem hráefni eða framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækja til notkunar sem hráefni,

c) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækja til útflutnings út fyrir Sambandið ef umrædd vetnisflúorkolefni eru ekki síðan boðin fram til einhvers annars aðila innan Sambandsins áður en þau eru flutt út,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

d) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til notkunar í herbúnað,

e) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækis sem notar þau til ætingar á hálfleiðandi efni eða til að hreinsa klefa sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar innan hálfleiðaraframleiðslugeirans,

f) frá og með 1. janúar 2018: vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækis sem framleiðir innúðaskammtara til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum.

3. Þessi grein og 16., 18. 19. og 25. gr. gilda einnig um vetnisflúorkolefni í forblönduðum fjölalkóhólum.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og með tilliti til markmiðanna með þessari reglugerð getur framkvæmdastjórnin, í sérstökum undantekningartilvikum, með framkvæmdargerðum, heimilað undanþágu í allt að fjögur ár til að undanskilja frá kvótakröfunni, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., vetnisflúorkolefni til notkunar í sérstökum tilgangi eða sérstaka flokka vara eða búnaðar, ef sýnt er fram á að:

a) ekki séu til staðgöngukostir fyrir þessa tilteknu notkun, vöru eða búnað eða þeir séu ónothæfir af tæknilegum ástæðum eða vegna öryggis og

b) ekki sé hægt að tryggja nægjanlegt magn vetnisflúorkolefna án óhóflegs kostnaðar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

16. gr.

Úthlutun á kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað

1. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, fyrir 31. október 2014 ákvarða fyrir hvern framleiðanda eða innflytjanda, sem hefur lagt fram gögn skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, viðmiðunargildi á grundvelli ársmeðaltals af því magni vetnisflúorkolefna sem framleiðandinn eða innflytjandinn tilkynnti að hann hefði sett á markað frá 2009 til 2012. Viðmiðunargildin skulu reiknuð í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

2. Framleiðendur og innflytjendur sem hafa ekki tilkynnt um setningu vetnisflúorkolefna á markað skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, fyrir viðmiðunartímabilið sem um getur í 1. mgr., geta lýst yfir áformum sínum um að setja vetnisflúorkolefni á markað árið eftir.

Yfirlýsingunni skal beint til framkvæmdastjórnarinnar og í henni skal tiltaka tegundir vetnisflúorkolefna og magn hverrar þeirra sem búist er við að verði sett á markað.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út tilkynningu um frest til að leggja fram þessar yfirlýsingar. Áður en lögð er fram yfirlýsing skv. 2. og 4. mgr. þessarar greinar skulu fyrirtæki skrá sig í skrána sem kveðið er á um í 17. gr.

3. Fyrir 31. október 2017 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin endurreikna viðmiðunargildin fyrir framleiðendurna og innflytjendurna, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, á grundvelli ársmeðaltals þess magns af vetnisflúorkolefnum sem er löglega sett á markað frá 1. janúar 2015, eins og greint er frá skv. 19. gr. fyrir þau ár sem upplýsingar eru til um. Framkvæmdastjórnin skal ákveða þessi viðmiðunargildi með framkvæmdargerðum.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

4. Framleiðendur og innflytjendur sem viðmiðunargildi hafa verið ákveðin fyrir geta lagt fram yfirlýsingu um viðbótarmagn sem reiknað er með, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal úthluta kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað til hvers framleiðanda og innflytjanda fyrir hvert ár frá og með 2015 og beita við það úthlutunarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.

Einungis skal úthluta kvóta til framleiðenda eða innflytjenda sem hafa staðfestu innan Sambandsins eða sem hafa tilnefnt einn fulltrúa, sem hefur staðfestu innan Sambandsins, til að fara að kröfunum í þessari reglugerð. Þessi eini fulltrúi getur verið sá sami og er tilnefndur skv. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([1]).

Fulltrúinn eini skal hlíta öllum skuldbindingum framleiðenda og innflytjenda samkvæmt þessari reglugerð.

17. gr.

Skrá

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2015, koma á fót rafrænni skrá (hér á eftir nefnd skráin) yfir kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað og tryggja rekstur hennar.

Skráning í skrána er skyldubundin fyrir eftirfarandi aðila:

a) framleiðendur og innflytjendur sem hefur verið úthlutað kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað í samræmi við 5. mgr. 16. gr.,

b) fyrirtæki sem kvóti er framseldur til í samræmi við 18. gr.,

c) framleiðendur og innflytjendur sem lýsa yfir fyrirætlun sinni um að leggja fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr.,

d) framleiðendur og innflytjendur sem afhenda vetnisflúorkolefni, eða fyrirtæki sem taka við þeim, í þeim tilgangi sem er talinn upp í a- til f-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 15. gr.,

e) innflytjendur búnaðar, sem setja á markað fyrirframáfylltan búnað, ef vetnisflúorkolefni í búnaðinum hafa ekki verið sett á markað áður en áfylling búnaðarins fór fram, í samræmi við 14. gr.

Skráning skal eiga sér stað með umsókn til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglur sem framkvæmdastjórnin skal setja.

2. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem þurfa þykir, með framkvæmdargerðum, tryggt hnökralausan rekstur skrárinnar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina í 24. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráðir framleiðendur og innflytjendur séu upplýstir, gegnum skrána, um þann kvóta sem er úthlutað og um allar breytingar á honum á meðan á úthlutunartímabilinu stendur.

4. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. tollyfirvöld, skulu hafa aðgang að skránni í upplýsingaskyni.

18. gr.

Framsal kvóta og leyfi til að nota kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna í innfluttum búnaði á markað

1. Allir framleiðendur eða innflytjendur, sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir skv. 16. gr. (1. eða 3. mgr.) og sem hafa fengið úthlutað kvóta í samræmi við 16. gr. (5. mgr.), geta framselt, í gegnum skrána sem um getur í 17. gr. (1. mgr.), þann kvóta fyrir allt magnið eða hluta þess til annars framleiðanda eða innflytjanda innan Sambandsins eða annars framleiðanda eða innflytjanda sem hefur einn fulltrúa sem kemur fram fyrir hans hönd innan Sambandsins eins og um getur í 16. gr. (annarri og þriðju undirgrein 5. mgr.).

2. Allir framleiðendur eða innflytjendur sem hafa fengið kvóta sem var úthlutað í samræmi við 1. og 3. mgr. 16. gr. eða sem hafa fengið framseldan kvóta skv. 1. mgr. þessarar greinar geta veitt öðru fyrirtæki leyfi til að nota kvótann í þeim tilgangi sem fram kemur í 14. gr.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

Allir framleiðendur eða innflytjendur sem hafa fengið kvóta sem var úthlutað eingöngu á grundvelli yfirlýsingar skv. 2. mgr. 16. gr. geta einungis leyft öðru fyrirtæki að nota kvótann í þeim tilgangi sem fjallað er um í 14. gr. að því tilskildu að framleiðandinn eða innflytjandinn, sem leyfið veitir, afhendi í raun samsvarandi magn af vetnisflúorkolefnum.

Að því er varðar 15., 16. og 19. gr. (1. og 6. mgr.) skal framleiðandinn eða innflytjandinn, sem leyfið veitir, teljast hafa sett samsvarandi magn af hverju vetnisflúorkolefni á markað um leið og leyfið var veitt. Framkvæmdastjórnin getur krafist þess að framleiðandinn eða innflytjandinn, sem leyfið veitir, leggi fram sannanir fyrir því að hann sé virkur í afhendingu vetnisflúorkolefna.

V. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF

19. gr.

Skýrslugjöf um framleiðslu, innflutning, útflutning, notkun sem hráefni og förgun efnanna sem talin eru upp í I. eða II. viðauka

1. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu allir framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur sem framleiddu, fluttu inn eða fluttu út eitt tonn eða 100 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og lofttegundum, sem eru taldar upp í II. viðauka, á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár. Þessi málsgrein gildir einnig um fyrirtæki sem fá kvóta skv. 1. mgr. 18. gr.

2. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki sem förguðu einu tonni eða 1000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og lofttegundum, sem eru taldar upp í II. viðauka, á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár.

3. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki sem notuðu 1000 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum sem hráefni á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár.

4. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki sem settu á markað 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og lofttegundum sem eru taldar upp í II. viðauka, á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár.

5. Allir innflytjendur búnaðar, sem setja á markað búnað sem er fyrirframáfylltur, skulu, hafi vetnisflúorkolefni í búnaðinum ekki verið sett á markað áður en búnaðurinn var áfylltur, leggja fyrir framkvæmdastjórnina staðfestingarskjal sem er gefið út skv. 2. mgr. 14. gr.

6. Fyrir 30. júní 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki, sem skv. 1. mgr. gefa skýrslu um setningu á markað á 10 000 tonnum jafngildiseininga koltvísýrings eða meira af vetnisflúorkolefnum á næstliðnu almanaksári, þar að auki sjá til þess að áreiðanleiki gagnanna sé staðfestur af óháðum endurskoðanda. Endurskoðandinn skal annaðhvort:

a) hafa vottun samkvæmt tilskipun 2003/87/EB eða

b) vottun til að staðfesta reikninga í samræmi við lög hlutaðeigandi aðildarríkis.

Fyrirtækið skal geyma staðfestingarskýrsluna í minnst fimm ár. Staðfestingarskýrslan skal, sé þess óskað, gerð aðgengileg lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis og framkvæmdastjórninni.

7. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið snið skýrslnanna, sem um getur í þessari grein, og aðferðina við framlagningu þeirra.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

8. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem lagðar eru fyrir hana samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Söfnun á gögnum um losun

Aðildarríkin skulu koma sér upp skýrslugjafarkerfi fyrir viðkomandi geira sem um getur í þessari reglugerð með það að markmiði að afla gagna um losun eftir því sem framast er unnt.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. að því er varðar uppfærslur á I., II. og IV. viðauka á grundvelli nýrra matsskýrslna sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar samþykkir eða nýrra skýrslna um hnatthlýnunarmátt skráðu efnanna frá sérfræðinganefnd Montreal-bókunarinnar um vísindalegt mat.

2. Á grundvelli upplýsinga um setningu lofttegundanna, sem eru skráðar í I. og II. viðauka, á markað, sem skýrsla er gefin um skv. 19. gr., og upplýsinga um losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru gerðar aðgengilegar í samræmi við 20. gr. og á grundvelli allra viðeigandi upplýsinga sem fengnar eru frá aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin fylgjast með beitingu og áhrifum þessarar reglugerðar.

Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu um framboð á vetnisflúorkolefnum á markaði í Sambandinu.

Eigi síðar en 31. desember 2022 skal hún birta ítarlega skýrslu um áhrif þessarar reglugerðar og þá einkum:

a) spá um áframhaldandi eftirspurn eftir vetnisflúorkolefnum fram til og eftir 2030,

b) mat á þörfinni fyrir frekari aðgerðum af hálfu Sambandsins og aðildarríkja þess í ljósi gildandi og nýrra alþjóðaskuldbindinga sem varða skerðingu á losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,

c) yfirlit yfir evrópska og alþjóðlega staðla, landsbundna öryggislöggjöf og byggingarreglugerðir í tengslum við umbreytinguna yfir í staðgöngukælimiðla,

d) endurskoðun á framboði á tæknilega mögulegum og kostnaðarhagkvæmum staðgöngukostum fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, fyrir vörur og búnað sem ekki eru skráð í III. viðauka, með tilliti til orkunýtni.

3. Eigi síðar en 1. júlí 2017 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem lagt er mat á bannið skv. 13. lið III. viðauka, einkum með tilliti til framboðs á kostnaðarhagkvæmum, tæknilega mögulegum, orkunýtnum og áreiðanlegum staðgöngukostum fyrir miðlæg fjölþjöppukælikerfi sem um getur í því ákvæði. Í ljósi þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja fram, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið með það fyrir augum að breyta ákvæðinu skv. 13. lið III. viðauka.

4. Eigi síðar en 1. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem metið er hvort til séu kostnaðarhagkvæmir, tæknilega mögulegir, orkunýtnir og áreiðanlegir staðgöngukostir sem gera mögulegt að skipta út flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í nýjum millispennurofbúnaði og í nýjum, litlum stakskiptum loftræstikerfum og skal, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um breytingar á skránni sem sett er fram í III. viðauka.

5. Eigi síðar en 1. júlí 2017 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem metin er aðferðin við úthlutun kvóta, þ.m.t. áhrifin af því að úthluta kvóta án endurgjalds, og kostnaðurinn við framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum ásamt hugsanlegum alþjóðasamningi um vetnisflúorkolefni, ef við á. Í ljósi þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að:

a) breyta aðferðinni við úthlutun kvóta,

b) koma á fót viðeigandi aðferð við dreifingu á hugsanlegum tekjum.

6. Eigi síðar en 1. janúar 2017 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem rýnt er í löggjöf Sambandsins að því er varðar menntun og þjálfun einstaklinga í öruggri meðhöndlun á staðgöngukælimiðlum sem eiga að koma í staðinn fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða draga úr notkun þeirra og skal leggja, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að breyta viðkomandi löggjöf Sambandsins.

22. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 15. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 21. gr., í fimm ár frá 10. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um önnur fimm ára tímabil, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 15. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 21. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 15. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 21. gr., skal því aðeins öðlast gildi að hvorki Evrópuþingið né ráðið hafi haft uppi andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa, áður en fresturinn er liðinn, upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

23. gr.

Samráðsvettvangur

Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að jafnvægi sé á milli þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna og fulltrúa hins borgaralega samfélags, þ.m.t. umhverfissamtaka, fulltrúa framleiðenda, rekstraraðila og einstaklinga sem hafa atvinnuskírteini. Í því skyni skal hún koma á fót sérstökum samráðsvettvangi þar sem þessir aðilar geta hist og miðlað ráðleggingum og sérfræðiþekkingu til framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með tilliti til framboðs á staðgöngukostum fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, þ.m.t. umhverfislegir þættir, tæknilegir þættir, efnahagslegar þættir og öryggisþættir er varða notkun þeirra. Framkvæmdastjórnin skal setja starfsreglur fyrir samráðsvettvanginn og birta þær.

24. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

25. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. janúar 2017, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Hafi fyrirtæki farið fram úr kvóta, sem þeim var úthlutaður í samræmi við 5. mgr. 16. gr. eða var framseldur til þeirra í samræmi við 18. gr., vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað má, auk viðurlaganna sem um getur í 1. mgr., einungis úthluta þeim minnkuðum kvóta fyrir úthlutunartímabilið eftir að umframmagnið uppgötvast.

Minnkunin skal reiknuð sem 200% af því magni sem fór fram úr kvótanum. Ef minnkaða magnið er meira en það magn sem á að úthluta sem kvóta skv. 5. mgr. 16. gr. fyrir úthlutunartímabilið eftir að umframmagnið uppgötvast skal ekki úthluta neinum kvóta fyrir það úthlutunartímabil og einnig skal minnka kvótann fyrir næstu úthlutunartímabil þar til búið er að draga frá allt magnið.

26. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 842/2006 skal felld úr gildi frá og með 1. janúar 2015, með fyrirvara um að farið sé að kröfunum í þeirri reglugerð í samræmi við tímaáætlunina sem þar er sett fram.

Hins vegar skulu reglugerðir (EB) nr. 1493/2007, (EB) nr. 1494/2007, (EB) nr. 1497/2007, (EB) nr. 1516/2007, (EB) nr. 303/2008, (EB) nr. 304/2008, (EB) nr. 305/2008, (EB) nr. 306/2008, (EB) nr. 307/2008 og (EB) nr. 308/2008 halda gildi sínu og vera beitt áfram nema og þangað til þær eru felldar niður með framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 842/2006 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

27. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR SEM UM GETUR Í 1. LIÐ 2. GR.

Efni			Hnatthlýnunarmáttur ([1])
Verslunarheiti (e. *industrial designation*)	Efnaheiti (Almennt heiti)	Efnaformúla	
1. þáttur: Vetnisflúorkolefni (HFC)			
HFC-23	tríflúormetan (flúorform)	CHF_3	14 800
HFC-32	díflúormetan	CH_2F_2	675
HFC-41	flúormetan (metýlflúoríð)	CH_3F	92
HFC-125	pentaflúoretan	CHF_2CF_3	3 500
HFC-134	1,1,2,2-tetraflúoretan	CHF_2CHF_2	1 100
HFC-134a	1,1,1,2-tetraflúoretan	CH_2FCF_3	1 430
HFC-143	1,1,2-tríflúoretan	CH_2FCHF_2	353
HFC-143a	1,1,1-tríflúoretan	CH_3CF_3	4 470
HFC-152	1,2-díflúoretan	CH_2FCH_2F	53
HFC-152a	1,1-díflúoretan	CH_3CHF_2	124
HFC-161	flúoretan (etýlflúoríð)	CH_3CH_2F	12
HFC-227ea	1,1,1,2,3,3,3-heptaflúorprópan	CF_3CHFCF_3	3 220
HFC-236cb	1,1,1,2,2,3-hexaflúorprópan	$CH_2FCF_2CF_3$	1 340
HFC-236ea	1,1,1,2,3,3-hexaflúorprópan	CHF_2CHFCF_3	1 370
HFC-236fa	1,1,1,3,3,3-hexaflúorprópan	$CF_3CH_2CF_3$	9 810
HFC-245ca	1,1,2,2,3-pentaflúorprópan	$CH_2FCF_2CHF_2$	693
HFC-245fa	1,1,1,3,3-pentaflúorprópan	$CHF_2CH_2CF_3$	1 030

Efni			Hnatthlýnunarmáttur ([1])
Verslunarheiti (e. *industrial designation*)	Efnaheiti (Almennt heiti)	Efnaformúla	
HFC-365 mfc	1,1,1,3,3-pentaflúorbútan	$CF_3CH_2CF_2CH_3$	794
HFC-43-10 mee	1,1,1,2,2,3,4,5,5,5-dekaflúorpentan	$CF_3CHFCHFCF_2CF_3$	1 640
2. þáttur: Perflúorkolefni (PFC)			
PFC-14	tetraflúormetan (perflúormetan, koltetraflúoríð)	CF_4	7 390
PFC-116	hexaflúoretan (perflúoretan)	C_2F_6	12 200
PFC-218	oktaflúorprópan (perflúorprópan)	C_3F_8	8 830
PFC-3-1-10 (R-31-10)	dekaflúorbútan (perflúorbútan)	C_4F_{10}	8 860
PFC-4-1-12 (R-41-12)	dódekaflúorpentan (perflúorpentan)	C_5F_{12}	9 160
PFC-5-1-14 (R-51-14)	tetradekaflúorhexan (perflúorhexan)	C_6F_{14}	9 300
PFC-c-318	oktaflúorsýklóbútan (perflúorsýklóbútan)	$c\text{-}C_4F_8$	10 300
3. þáttur: Önnur perflúoruð efnasambönd			
	brennisteinshexaflúoríð	SF_6	22 800

([1]) Byggt á fjórðu matsskýrslunni sem var samþykkt af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, nema þegar annað er tilgreint.

II. VIÐAUKI

AÐRAR FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR SEM FALLA UNDIR SKÝRSLUGJÖF Í SAMRÆMI VIÐ 19. GR.

Efni		Hnatthlýnunarmáttur ([1])
Almennt heiti/verslunarheiti	Efnaformúla	
1. þáttur: Ómettuð vetnis(klór)flúorkolefni		
HFC-1234yf	$CF_3CF = CH_2$	4 [Fn] ([2])
HFC-1234ze	trans — $CHF = CHCF_3$	7 [Fn 2]
HFC-1336mzz	$CF_3CH = CHCF_3$	9
HCFC-1233zd	$C_3H_2C_lF_3$	4,5
HCFC-1233xf	$C_3H_2C_lF_3$	1 [Fn] ([3])
2. þáttur: Flúoraðir etrar og alkóhól		
HFE-125	CHF_2OCF_3	14 900
HFE-134 (HG-00)	CHF_2OCHF_2	6 320
HFE-143a	CH_3OCF_3	756
HCFE-235da2 (ísóflúoran)	$CHF_2OCHC_lCF_3$	350
HFE-245cb2	$CH_3OCF_2CF_3$	708
HFE-245fa2	$CHF_2OCH_2CF_3$	659
HFE-254cb2	$CH_3OCF_2CHF_2$	359
HFE-347 mcc3 (HFE-7000)	$CH_3OCF_2CF_2CF_3$	575
HFE-347pcf2	$CHF_2CF_2OCH_2CF_3$	580
HFE-356pcc3	$CH_3OCF_2CF_2CHF_2$	110
HFE-449sl (HFE-7100)	$C_4F_9OCH_3$	297
HFE-569sf2 (HFE-7200)	$C_4F_9OC_2H_5$	59

Efni		Hnatthlýnunarmáttur ([1])
Almennt heiti/verslunarheiti	Efnaformúla	
HFE-43-10pccc124 (H-Galden 1040x) HG-11	$CHF_2OCF_2OC_2F_4OCHF_2$	1 870
HFE-236ca12 (HG-10)	$CHF_2OCF_2OCHF_2$	2 800
HFE-338pcc13 (HG-01)	$CHF_2OCF_2CF_2OCHF_2$	1 500
HFE-347mmy1	$(CF_3)_2CFOCH_3$	343
2,2,3,3,3-pentaflúorprópanól	$CF_3CF_2CH_2OH$	42
bis(tríflúormetýl)-metanól	$(CF_3)_2CHOH$	195
HFE-227ea	$CF_3CHFOCF_3$	1 540
HFE-236ea2 (desflúoran)	$CHF_2OCHFCF_3$	989
HFE-236fa	$CF_3CH_2OCF_3$	487
HFE-245fa1	$CHF_2CH_2OCF_3$	286
HFE 263fb2	$CF_3CH_2OCH_3$	11
HFE-329 mcc2	$CHF_2CF_2OCF_2CF_3$	919
HFE-338 mcf2	$CF_3CH_2OCF_2CF_3$	552
HFE-338mmz1	$(CF_3)_2CHOCHF_2$	380
HFE-347 mcf2	$CHF_2CH_2OCF_2CF_3$	374
HFE-356 mec3	$CH_3OCF_2CHFCF_3$	101
HFE-356mm1	$(CF_3)_2CHOCH_3$	27
HFE-356pcf2	$CHF_2CH_2OCF_2CHF_2$	265
HFE-356pcf3	$CHF_2OCH_2CF_2CHF_2$	502
HFE 365 mcf3	$CF_3CF_2CH_2OCH_3$	11

Efni		Hnatthlýnunarmáttur ([1])
Almennt heiti/verslunarheiti	Efnaformúla	
HFE-374pc2	$CHF_2CF_2OCH_2CH_3$	557
	- $(CF_2)_4CH$ (OH)-	73
3. þáttur: Önnur perflúoruð efnasambönd		
perflúorpólýmetýlísóprópýleter (PFPMIE)	$CF_3OCF(CF_3)CF_2OCF_2OCF_3$	10 300
köfnunarefnistríflúoríð	NF_3	17 200
tríflúormetýlbrennisteinspentaflúoríð	SF_5CF_3	17 700
perflúorsýklóprópan	c-C_3F_6	17340 [Fn] ([4])

([1]) Byggt á fjórðu matsskýrslunni sem var samþykkt af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, nema þegar annað er tilgreint.
([2]) Hnatthlýnunarmáttur samkvæmt skýrslunni frá 2010 um mat sérfræðinganefndar Montreal-bókunarinnar, töflur 1–11, með vísun í tvær jafningjarýndar vísindalegar heimildir. http://ozone.unep.org/Assessment_Panels/SAP/Scientific_Assessment_2010/index.shtml
([3]) Staðalgildi, hnatthlýnunarmáttur liggur enn ekki fyrir.
([4]) Lágmarksgildi samkvæmt fjórðu matsskýrslunni sem samþykkt var af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar.

III. VIÐAUKI

BANN VIÐ SETNINGU Á MARKAÐ SEM UM GETUR Í 1. MGR. 11. GR.

Vörur og búnaður Þar sem við á skal reikna hnatthlýnunarmátt blandna, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, í samræmi við IV. viðauka, eins og kveðið er á um í 6. lið 2. gr.		Dagsetning banns
1. Einnota ílát fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru notaðar til að þjónusta, viðhalda eða fylla á kæli-, loftræsti- eða varmadælubúnað, brunavarnarkerfi eða rofbúnað, eða til notkunar sem leysar		4. júlí 2007
2. Kerfi með beina uppgufun í opnu rými sem innihalda vetnisflúorkolefni og perflúorkolefni sem kælimiðla		4. júlí 2007
3. Brunavarnarbúnaður	sem inniheldur perflúorkolefni	4. júlí 2007
	sem inniheldur vetnisflúorkolefni HFC-23	1. janúar 2016
4. Rúður fyrir íbúðarhúsnæði sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2007
5. Aðrar rúður sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2008
6. Skófatnaður sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2006
7. Hjólbarðar sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2007
8. Einþátta frauð, nema þegar þeirra er þörf til að uppfylla landsbundna öryggisstaðla, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira		4. júlí 2008
9. Úðabrúsar sem eru markaðssettir og ætlaðir til sölu til almennings til skemmtunar og til skrauts, eins og er talið upp í 40. lið XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og merkjalúðrar (e. *signal horns*) sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira		4. júlí 2009
10. Kæliskápar og frystar til heimilisnota sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira		1. janúar 2015
11. Kæliskápar og frystar til notkunar í viðskiptalegum tilgangi (loftþéttur búnaður)	sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 2500 eða meira	1. janúar 2020
	sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira	1. janúar 2022
12. Kyrrstæður kælibúnaður sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli vetnisflúorkolefna með hnatthlýnunarmáttinn 2500 eða meira, að undanskildum búnaði sem er ætlaður til notkunar í tækjabúnað sem er hannaður til að kæla vörur niður fyrir -50 °C		1. janúar 2020
13. Miðlæg fjölþjöppukælikerfi til notkunar í viðskiptalegum tilgangi, með 40 kW málafköst eða meira, sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira, nema í ytri kælirás keðjutengdra kerfa en í þeim má nota flúoraðrar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnunarmátt undir 1500		1. janúar 2022

Vörur og búnaður Þar sem við á skal reikna hnatthlýnunarmátt blandna, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, í samræmi við IV. viðauka, eins og kveðið er á um í 6. lið 2. gr.		Dagsetning banns
14. Hreyfanlegur loftræstibúnaður fyrir herbergi (loftþéttur búnaður sem endanlegur notandi getur fært á milli herbergja) sem inniheldur vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira		1. janúar 2020
15. Stakskipt loftræstikerfi, sem innihalda minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda með hnatthlýnunarmáttinn 750 eða meira		1. janúar 2025
16. Frauð sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira, nema þegar þeirra er þörf til að uppfylla landsbundna öryggisstaðla	Útpressað pólýstýren (XPS)	1. janúar 2020
	Önnur frauð	1. janúar 2023
17. Úðabrúsar til tæknilegra nota sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlýnunarmáttinn 150 eða meira, nema þegar þeirra er þörf til að uppfylla landsbundna öryggisstaðla eða til notkunar í læknisfræðilegum tilgangi		1. janúar 2018

IV. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ REIKNA ÚT HEILDARHNATTHLÝNUNARMÁTT BLÖNDU

Hnatthlýnunarmáttur blöndu er reiknaður sem vegið meðaltal, leitt út af summu þyngdarhluta einstakra efna, margfaldað með hnatthlýnunarmætti þeirra, ef annað er ekki tekið fram, þ.m.t. efna sem eru ekki flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

Σ (Efni X% × hnatthlýnunarmáttar) + (Efni Y% × hnatthlýnunarmáttar) + … (Efni N% × hnatthlýnunarmáttar),

þar sem % er framlag miðað við þyngd með þyngdarvikmörk upp á +/– 1%.

Dæmi: formúlan notuð til að reikna út blöndu af lofttegundum sem samanstanda af 60% dímetýletra, 10% HFC-152a og 30% ísóbútani:

Σ (60% × 1) + (10% × 124) + (30% × 3)

→ Heildarhnatthlýnunarmáttur = 13,9

Hnatthlýnunarmáttur eftirfarandi efna, sem ekki eru flúoruð, er notaður til að reikna hnatthlýnunarmátt blandna. Að því er varðar önnur efni sem ekki eru talin upp í þessum viðauka er staðalgildið 0.

Efni			Hnatthlýnunarmáttur ([1])
Almennt heiti	Verslunarheiti	Efnaformúla	
metan		CH_4	25
nituroxíð		N_2O	298
dímetýletri		CH_3OCH_3	1
metýlenklóríð		CH_2Cl_2	9
metýlklóríð		CH_3Cl	13
klóróform		$CHCl_3$	31
etan	R-170	CH_3CH_3	6
própan	R-290	$CH_3CH_2CH_3$	3
bútan	R-600	$CH_3CH_2CH_2CH_3$	4
ísóbútan	R-600a	$CH(CH_3)_2CH_3$	3
pentan	R-601	$CH_3CH_2CH_2CH_2CH_3$	5 ([2])
ísópentan	R-601a	$(CH_3)_2CHCH_2CH_3$	5 ([2])
etoxýetan (díetýletri)	R-610	$CH_3CH_2OCH_2CH_3$	4
metýlformat	R-611	$HCOOCH_3$	25
vetni	R-702	H_2	6
ammoníak	R-717	NH_3	0
etýlen	R-1150	C_2H_4	4
própýlen	R-1270	C_3H_6	2
sýklópentan		C_5H_{10}	5 ([2])

([1]) Byggt á fjórðu matsskýrslunni sem var samþykkt af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, nema þegar annað er tilgreint.
([2]) Efnið er ekki skráð í fjórðu matsskýrslunni sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar samþykkti og staðalgildi byggist á hnatthlýnunarmætti annarra vetniskolefna.

V. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á HÁMARKSMAGNI, VIÐMIÐUNARGILDUM OG KVÓTA VEGNA SETNINGAR VETNISFLÚORKOLEFNA Á MARKAÐ

Hámarksmagnið sem um getur í 1. mgr. 15. gr. skal reiknað út með því að taka eftirfarandi hundraðshlutföll af ársmeðaltali af heildarmagninu sem var sett á markað í Sambandinu á tímabilinu frá 2009 til 2012. Frá og með 2018 skal hámarksmagnið sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reiknað með því að taka eftirfarandi hundraðshlutföll af ársmeðaltali af heildarmagninu sem var sett á markað í Sambandinu á tímabilinu frá 2009 til 2012 og því næst draga frá magnið fyrir undanþegna notkun skv. 2. mgr. 15. gr., á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Ár	Hundraðshlutfall til að reikna út hámarksmagn vetnisflúorkolefna, sem setja skal á markað, og samsvarandi kvóta
2015	100%
2016–17	93%
2018–20	63%
2021–23	45%
2024–26	31%
2027–29	24%
2030	21%

Hámarksmagn, viðmiðunargildi og kvóti vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, sem um getur í 15. og 16. gr., skulu reiknuð út sem samanlagt magn allra tegunda af vetnisflúorkolefnum, gefið upp í tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings.

Útreikningur á viðmiðunargildum og kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, sem um getur í 15. og 16. gr., skal byggjast á því magni vetnisflúorkolefna sem framleiðendur og innflytjendur hafa sett á markað í Sambandinu á viðmiðunar- eða úthlutunartímabilinu að undanskildum vetnisflúorkolefnum til þeirra nota sem um getur í 2. mgr. 15. gr. á sama tímabili, á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Viðskipti sem um getur í c-lið 2. mgr. 15. gr. skulu staðfest í samræmi við 6. mgr. 19. gr., óháð magni.

———

VI. VIÐAUKI

ÚTHLUTUNARFYRIRKOMULAG SEM UM GETUR Í 16. GR.

1. Ákvörðun á því magni sem skal úthluta til fyrirtækja sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir skv. 1. og 3. mgr. 16. gr.

   Hvert fyrirtæki sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir fær kvóta sem samsvarar 89% af viðmiðunargildinu margfaldað með hundraðshlutfallinu sem er tilgreint í V. viðauka fyrir viðkomandi ár.

2. Ákvörðun á því magni sem skal úthluta til fyrirtækja sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr.

   Summa kvótans sem er úthlutað skv. 1. lið er dregin frá hámarksmagninu fyrir viðkomandi ár, sem sett er fram í V. viðauka, til að ákvarða magnið sem skal úthluta til fyrirtækja sem ekki hafa verið ákveðin viðmiðunargildi fyrir og sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr. (magn sem skal úthlutað í 1. þrepi útreikningsins).

2.1. 1. þrep útreikningsins

   Hvert fyrirtæki fær úthlutun sem samsvarar því magni sem óskað er eftir í yfirlýsingu þess en þó ekki meira en hlutfallslega hlutdeild í því magni sem skal úthluta í 1. þrepi.

   Hlutfallslega hlutdeildin er reiknuð með því að deila í 100 með þeim fjölda fyrirtækja sem hafa lagt fram yfirlýsingu. Summa kvótans sem er úthlutað í 1. þrepi er dregin frá magninu sem skal úthlutað í 1. þrepi til að ákvarða magnið sem á að úthluta í 2. þrepi.

2.2. 2. þrep útreikningsins

   Hvert fyrirtæki sem ekki hefur fengið 100% af því magni sem óskað var eftir í yfirlýsingu þess í 1. þrepi fær viðbótarúthlutun sem samsvarar mismuninum á milli þess magns sem óskað var eftir og magnsins sem það fékk í 1. þrepi. Hins vegar má það ekki fara umfram hlutfallslegu hlutdeildina af magninu sem skal úthluta í 2. þrepi.

   Hlutfallslega hlutdeildin er reiknuð út með því að deila í 100 með fjölda fyrirtækja sem á rétt á úthlutun í 2. þrepi. Summa kvótans sem er úthlutað í 2. þrepi er dregin frá magninu sem skal úthlutað í 2. þrepi til að ákvarða magnið sem á að úthluta í 3. þrepi.

2.3. 3. þrep útreikningsins

   2. þrep er endurtekið þar til búið er að uppfylla allar óskir eða þar til það magn sem eftir er að úthluta í næsta áfanga er minna en 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings.

3. Ákvörðun á því magni sem skal úthluta til fyrirtækja sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 16. gr.

   Við úthlutun kvóta fyrir 2015 til 2017 er summa kvótans sem er úthlutað skv. 1. og 2. lið. dregin frá hámarksmagninu fyrir viðkomandi ár, sem er sett fram í V. viðauka, til að ákvarða magnið sem skal úthluta til fyrirtækja sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir og hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 16. gr.

   Úthlutunarfyrirkomulagið sem er sett fram í liðum 2.1 og 2.2 gildir.

   Að því er varðar úthlutun á kvóta fyrir 2018 og hvert ár eftir það skal meðhöndla fyrirtæki, sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 16. gr., á sama hátt og fyrirtæki sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr.

———

VII. VIÐAUKI

GÖGN SEM SKAL GEFA SKÝRSLU UM SKV. 19. GR.

1. Allir framleiðendur sem um getur í 1. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:

   a) heildarmagn hvers efnis sem er talið upp í I. og II. viðauka sem þeir hafa framleitt innan Sambandsins ásamt meginnotkunarflokkum fyrir hvert efni,

   b) magn hvers efnis sem er talið upp í I. viðauka og, eftir atvikum, II. viðauka, sem þeir hafa sett á markað í Sambandinu, með aðskildum tilgreiningum á því magni sem er sett á markað til notkunar sem hráefni, til beins útflutnings, til framleiðslu á innúðaskömmturum til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum, til notkunar í herbúnað og notkunar við ætingu á hálfleiðandi efnum eða til hreinsunar á klefum sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar innan hálfleiðaraframleiðslugeirans,

   c) það magn af hverju efni, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem hefur verið endurunnið, endurnýtt og fargað, eftir því sem við á,

   d) allar birgðir sem til eru við upphaf og lok skýrslugjafartímabilsins,

   e) öll leyfi til að nýta kvóta, með tilgreindu viðkomandi magni, vegna ákvæða 14. gr.

2. Allir innflytjendur sem um getur í 1. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:

   a) magn hvers efnis sem er skráð í I. viðauka og, eftir atvikum, II. viðauka, sem þeir hafa flutt til Sambandsins, með upplýsingum um meginnotkunarflokka hvers efnis, með aðskildum tilgreiningum á því magni sem er sett á markað til förgunar, til notkunar sem hráefni, til beins útflutnings, til framleiðslu á innúðaskömmturum til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum, til notkunar í herbúnað og notkunar við ætingu á hálfleiðandi efnum eða til hreinsunar á klefum sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar innan hálfleiðaraframleiðslugeirans,

   b) það magn af hverju efni, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem hefur verið endurunnið, endurnýtt og fargað, eftir því sem við á,

   c) öll leyfi til að nýta kvóta, með tilgreindu viðkomandi magni, vegna ákvæða 14. gr.,

   d) allar birgðir sem til eru við upphaf og lok skýrslugjafartímabilsins.

3. Allir útflytjendur sem um getur í 1. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:

   a) það magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem þeir hafa flutt út frá Sambandinu til annars en endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,

   b) allt magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem þeir hafa flutt út frá Sambandinu til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem við á.

4. Öll fyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:

   a) það magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem var fargað, þ.m.t. það magn þessara efna sem var í vörum eða búnaði,

   b) allar birgðir hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem bíður förgunar, þ.m.t. það magn þessara efna sem er í vörum eða búnaði,

   c) tæknina sem er notuð við förgun efnanna sem eru talin upp í I. og II. viðauka.

5. Öll fyrirtæki sem um getur í 3. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um magn hvers efnis, sem talið er upp í I. viðauka, sem er notað sem hráefni.

6. Öll fyrirtæki sem um getur í 4. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:

   a) flokka vara eða búnaðar sem innihalda efni sem eru talin upp í I. og II. viðauka,

   b) fjölda eininga,

   c) allt magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem er í vörunum eða búnaðinum.

———

VIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 842/2006	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	2. og 3. mgr. 3. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 3. gr.	1., 2. og 3. mgr. 4. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 3. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 3. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 5. gr.
4. mgr. 3. gr.	3. mgr. 4. gr.
5. mgr. 3. gr.	4. mgr. 4. gr.
6. mgr. 3. gr.	1. og 2. mgr. 6. gr.
7. mgr. 3. gr.	5. mgr. 4. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	5. og 12. mgr. 10. gr.
Fyrsti málsliður 2. mgr. 5. gr.	1., 2. og 6. mgr. 10. gr.
Annar málsliður 2. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein 10. mgr. 10. gr.
Þriðji málsliður 2. mgr. 5. gr.	Önnur undirgrein 10. mgr. 10. gr.
3. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 5. gr.	4. mgr. 11. gr.
5. mgr. 5. gr.	13. mgr. 10. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 19. gr. og VII. viðauki
2. mgr. 6. gr.	7. mgr. 19. gr.
3. mgr. 6. gr.	8. mgr. 19. gr.
4. mgr. 6. gr.	20. gr. og 2. mgr. 6. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.	Fyrsti málsliður 1. mgr. 12. gr.
Annar og þriðji málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.	2., 3. og 4. mgr. 12. gr.

Reglugerð (EB) nr. 842/2006	Þessi reglugerð
Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr.	13. mgr. 12. gr.
2. mgr. 7. gr.	Annar málsliður 1. mgr. 12. gr.
Fyrsti málsliður 3. mgr. 7. gr.	14. mgr. 12. gr.
Annar málsliður 3. mgr. 7. gr.	15. mgr. 12. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 13. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 9. gr.	—
3. mgr. 9. gr.	—
10. gr.	2. mgr. 21. gr.
11. gr.	—
12. gr.	24. gr.
1. mgr. 13. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 25. gr.
2. mgr. 13. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 25. gr.
14. gr.	—
15. gr.	27. gr.
1. hluti I. viðauka	I. viðauki
2. hluti I. viðauka	IV. viðauki
II. viðauki	III. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2065 **2019/EES/49/35**

frá 17. nóvember 2015

um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 ([1]), einkum 13. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræma ætti snið tilkynningarinnar skv. 10. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2015 og tilgreina þær mikilvægu upplýsingar sem krafist er til þess að unnt sé að sannvotta skírteini eða vottorð sem uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett hafa verið.

2) Framkvæmdastjórnin hefur uppfært lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu með því að samþykkja framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 ([2]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 ([3]).

3) Því ætti að fella reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 ([4]) úr gildi.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu nota eftirfarandi snið fyrir tilkynningarnar sem um getur í 10. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014:

1) fyrir fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum: tilkynningareyðublaðið sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð,

2) fyrir föst brunavarnarkerfi og slökkvitæki: tilkynningareyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð,

3) fyrir rafknúinn rofbúnað: tilkynningareyðublaðið sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 28).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði (Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 22).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtíð ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28).

4) fyrir búnað sem inniheldur leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir: tilkynningareyðublaðið sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við þessa reglugerð,

5) fyrir loftræstikerfi í vélknúnum ökutækjum: tilkynningareyðublaðið sem mælt er fyrir um í V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 308/2008 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

FASTUR KÆLI-, LOFTRÆSTI- OG VARMADÆLUBÚNAÐUR OG KÆLIEININGAR Í KÆLIBIFREIÐUM OG KÆLIVÖGNUM

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI EÐA AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA SEM STUNDA STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 10. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 517/2014 UM FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkynningaryfirvald	
c) Tilkynningardagur	

A-hluti — Einstaklingar

Eftirfarandi vottunarkerfi fyrir **einstaklinga** sem annast *uppsetningu, viðgerðir, viðhald, þjónustu, úreldingu* eða *eftirlit með leka* að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eða *endurheimt* þessara lofttegunda úr slíkum búnaði, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 4. og 10. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 ([1]).

Titill skírteinis	Flokkur (I, II, III og/eða IV)	Vottunaraðili fyrir einstaklinga (heiti og samskiptaupplýsingar)
		[...]

B-hluti — Fyrirtæki

Eftirfarandi vottunarkerfi fyrir **fyrirtæki** sem annast *uppsetningu, viðgerðir, viðhald, þjónustu* eða *úreldingu* að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 6. og 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2067.

Titill skírteinis	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)
	[...]

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 28).

II. VIÐAUKI

FASTUR BRUNAVARNARBÚNAÐUR

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA SEM STUNDA STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 10. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 517/2014 UM FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkynningaryfirvald	
c) Tilkynningardagur	

A-hluti — Einstaklingar

Eftirfarandi vottunarkerfi fyrir **einstaklinga** sem annast *uppsetningu, viðgerðir, viðhald, þjónustu, úreldingu* eða *eftirlit með leka* að því er varðar fastan brunavarnarbúnað, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eða *endurheimt* þessara lofttegunda úr föstum brunavarnarbúnaði, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 5. og 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 ([1]).

Titill skírteinis	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)
	[...]

B-hluti — Fyrirtæki

Eftirfarandi vottunarkerfi fyrir **fyrirtæki** sem annast *uppsetningu, viðgerðir, viðhald, þjónustu* eða *úreldingu* að því er varðar fastan brunavarnarbúnað, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 8. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 304/2008.

Titill skírteinis	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)
	[...]

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar föst brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 12).

III. VIÐAUKI

RAFKNÚINN ROFBÚNAÐUR

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR EINSTAKLINGA SEM STUNDA STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 10. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 517/2014 UM FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkynningaryfirvald	
c) Tilkynningardagur	

Eftirfarandi vottunarkerfi fyrir **einstaklinga** sem annast *uppsetningu*, *viðgerðir*, *viðhald*, *þjónustu* eða *úreldingu* að því er varðar rafknúinn rofbúnað, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eða *endurheimt* þessara flúoruðu lofttegunda úr föstum rafknúnum rofbúnaði, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 3. og 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 ([1]).

Titill skírteinis	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)
	[...]

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði (Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 22).

IV. VIÐAUKI

BÚNAÐUR SEM INNIHELDUR LEYSA SEM Í ERU FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR EINSTAKLINGA SEM STUNDA STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 10. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 517/2014 UM FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkynningaryfirvald	
c) Tilkynningardagur	

Eftirfarandi vottunarkerfi fyrir **einstaklinga** sem annast *endurheimt* leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 3. og 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 ([1]).

Titill skírteinis	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)
	[...]

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 21).

V. VIÐAUKI

LOFTRÆSTIKERFI Í VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG HÆFISKRÖFUR FYRIR EINSTAKLINGA SEM STUNDA STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 10. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 517/2014 UM FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkynningaryfirvald	
c) Tilkynningardagur	

Eftirfarandi þjálfunaráætlun eða -áætlanir fyrir **einstaklinga** sem annast *endurheimt* flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í vélknúnum ökutækjum uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr. og 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 ([1]).

Titill vottorðs	Aðili sem gefur út vottorð fyrir einstaklinga (heiti og samskiptaupplýsingar)
	[...]

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á staðfestingum vegna þjálfunar starfsfólks að því er varðar loftræstikerfi í tilteknum, vélknúnum ökutækjum sem innihalda tilteknar, flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 25).

VI. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 308/2008	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
—	2. gr.
2. gr.	3. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	V. viðauki
—	VI. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2066 **2019/EES/49/36**

frá 17. nóvember 2015

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 ([1]), einkum 12. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 517/2014 felur í sér skuldbindingar varðandi vottun einstaklinga að því er varðar rafknúinn rofbúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Auk þess að ná yfir endurheimt nær vottunin einnig yfir uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir og úreldingu. Reglugerð (ESB) nr. 517/2014 felur einnig í sér kröfur um innihald vottunaráætlana sem innihalda upplýsingar um viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og um örugga meðhöndlun slíkrar tækni.

2) Því er nauðsynlegt að því er varðar beitingu 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 að uppfæra lágmarkskröfurnar að því er varðar umfang starfsemi og þá hæfni og þekkingu sem fjalla skal um þar sem skipulag vottunarinnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu eru tilgreind.

3) Til að taka tillit til fyrirliggjandi hæfnismats- og vottunarkerfa, einkum þeirra sem hafa verið samþykkt á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([2]) sem hefur síðan verið felld úr gildi, og krafnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 ([3]), ætti að fella þessar kröfur inn í þessa reglugerð eftir því sem unnt er.

4) Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 305/2008 úr gildi.

5) Til að aðildarríkin hafi tíma til að aðlaga vottunaráætlanir sínar þannig að þær nái yfir starfsemi í tengslum við uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir og úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sem og endurheimt úr rofbúnaði öðrum en háspennurofbúnaði sem um getur í reglugerð (EB) nr. 305/2008, þykir rétt að kröfurnar um að hafa undir höndum skírteini í samræmi við þessa reglugerð ættu að gilda frá og með 1. júlí 2017 um starfsemi í tengslum við uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir og úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúins rofbúnaðar, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eða endurheimt flúoraðra

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 17).

gróðurhúsalofttegunda úr föstum rafknúnum rofbúnaði, sem og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á skírteinum sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar.

2. gr.

Vottun einstaklinga

1. Einstaklingar sem annast starfsemi sem um getur í 1. gr. skulu hafa skírteini eins og um getur í 3. gr.

2. Einstaklingar sem fást við starfsemi sem um getur í 1. gr. skulu ekki falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að þeir fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

a) þeir séu á þjálfunarnámskeiði í þeim tilgangi að fá skírteini sem nær yfir viðkomandi starfsemi og

b) þeir annist starfsemina undir eftirliti aðila sem hefur skírteini sem nær yfir þá starfsemi og sem ber fulla ábyrgð á réttri framkvæmd starfseminnar.

Undanþágan sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skal gilda á tímabilunum sem varið er í að annast starfsemina sem um getur í 1. gr. og fara ekki yfir 12 mánuði í heild.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um starfsemi sem tengist framleiðslu og viðgerðum sem fara fram á athafnasvæði framleiðanda í tengslum við rafknúinn rofbúnað.

3. gr.

Útgáfa skírteina til einstaklinga

1. Vottunaraðili, eins og um getur í 4. gr., skal gefa út skírteini til einstaklinga sem hafa staðist bóklegt og verklegt próf og skal prófið hafa verið skipulagt af matsaðila, eins og um getur í 5. gr., og ná yfir lágmarksfærnina og -þekkinguna sem sett er fram í I. viðauka.

2. Á skírteininu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn skírteinishafans, skírteinisnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,

b) starfsemi sem skírteinishafinn hefur heimild til að annast,

c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

3. Handhafar skírteina, sem gefin eru út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 305/2008, skulu teljast hæfir til að annast alla þá starfsemi sem um getur í 1. gr. og er vottunaraðila, sem um getur í 4. gr., heimilt að gefa út skírteini til aðila sem hefur réttindi og hæfi án þess að hann þurfi að endurtaka próf.

4. gr.

Vottunaraðili

1. Í landslögum skal kveðið á um vottunaraðila, eða hann tilnefndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, og skal hann hafa leyfi til að gefa út skírteini handa einstaklingum sem tengjast starfseminni sem um getur í 1. gr.

Vottunaraðilinn skal vera óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Vottunaraðilinn skal setja og nota verklagsreglur um útgáfu skírteina, að fella þau tímabundið úr gildi og að afturkalla þau.

3. Vottunaraðilinn skal halda skrár svo unnt sé að sannreyna stöðu vottaðs einstaklings. Skrárnar skulu sýna fram á að vottunarferlið hafi farið fram á skilvirkan hátt. Skrár skulu geymdar í að minnsta kosti fimm ár.

5. gr.

Matsaðili

1. Matsaðili, sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, skal skipuleggja próf fyrir einstaklingana sem um getur í 1. gr. Vottunaraðili, eins og um getur í 4. gr., getur einnig talist viðurkenndur matsaðili.

Matsaðilinn skal vera óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Próf skulu skipulögð og gerð þannig að tryggt sé að þau taki til lágmarksfærninnar og -þekkingarinnar sem sett er fram í I. viðauka.

3. Matsaðilinn skal samþykkja verklagsreglur um skýrslugjöf og halda skrár svo að unnt sé að skjalfesta einstakar niðurstöður og heildarniðurstöður matsins.

4. Matsaðilinn skal tryggja að prófendur, sem falið er að sjá um próf, hafi nægilega þekkingu á viðkomandi prófunaraðferðum og prófunarskjölum auk viðeigandi hæfni á því sviði sem prófað er úr. Hann skal einnig sjá til þess að nauðsynlegur búnaður, tæki og efni séu tiltæk fyrir verklegu prófin.

6. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 1. janúar 2017 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 ([1]), um heiti vottunaraðila fyrir einstaklinga, sem 4. gr. nær yfir, ásamt samskiptaupplýsingum um vottunaraðilana og um titla skírteina fyrir einstaklinga sem uppfylla kröfurnar í 3. gr.

2. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 1. mgr., með nýjum upplýsingum sem máli skipta og skulu leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

7. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Gagnkvæm viðurkenning á skírteinum, sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, gildir um skírteini sem eru gefin út í samræmi við 3. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafar skírteina, sem gefin eru út í öðru aðildarríki, leggi fram þýðingu á skírteininu á öðru opinberu tungumáli Sambandsins.

8. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 305/2008 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina (EB) nr. 305/2008 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skal 1. mgr. 2. gr. gilda frá og með 1. júlí 2017 um einstaklinga sem fást við uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir og úreldingu rafknúins rofbúnaðar, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr föstum rafknúnum rofbúnaði, öðrum en háspennurofbúnaði sem um getur í reglugerð (EB) nr. 305/2008.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtíð ESB L 301, 18.11.2015, bls. 14).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar þá færni og þekkingu sem matsaðilarnir skulu prófa

Prófið, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr., skal vera samsett af:

a) bóklegu prófi með einni eða fleiri spurningum, sem prófa færnina eða þekkinguna, tilgreint með (B) í dálkinum „Tegund prófs“,

b) verklegu prófi þar sem umsækjandinn skal leysa viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði, tilgreint með (V) í dálkinum „Tegund prófs“.

Nr.	Lágmarksþekking og -færni	Tegund prófs
1	Grunnþekking á þeim álitaefnum í umhverfismálum sem skipta máli (loftslagsbreytingum, hnattþlýnunarmætti), viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 og viðeigandi framkvæmdargerðum	B
2	Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar og umhverfiseiginleikar SF_6	B
3	Notkun SF_6 í raforkubúnaði (einangrun, slokknun ljósboga)	B
4	Gæði SF_6 samkvæmt viðeigandi iðnaðarstöðlum	B
5	Skilningur á hönnun raforkubúnaðar	B
6	Eftirlit með gæðum SF_6	V
7	Endurheimt SF_6 og SF_6-blandna og hreinsun SF_6	V
8	Geymsla og flutningur á SF_6	B
9	Notkun búnaðar til endurheimtar SF_6	V
10	Notkun þéttra borkerfa, ef nauðsyn krefur	V
11	Endurnotkun SF_6 og mismunandi endurnotkunarflokkar	B
12	Vinna í opnum hólfum með SF_6	V
13	Hlutleysing aukaafurða SF_6	B
14	Vöktun á SF_6 og tilheyrandi gagnaskráningarskylda samkvæmt landslöggjöf, löggjöf Sambandsins eða alþjóðasamningum	B
15	Fækkun á lekum og lekaprófanir	B
16	Grunnþekking á viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum ásamt öruggri meðhöndlun.	B

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 305/2008	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	—
3. gr.	2. gr.
4. gr.	3. gr.
5. gr.	4. gr.
6. gr.	5. gr.
7. gr.	6. gr.
8. gr.	7. gr.
—	8. gr.
9. gr.	9. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2067 **2019/EES/49/37**

frá 17. nóvember 2015

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 ([1]), einkum 12. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 517/2014 felur í sér skuldbindingar varðandi vottun fyrirtækja og einstaklinga. Ólíkt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([2]) þá nær búnaðurinn sem fellur hér undir, að því er varðar vottun einstaklinga, einnig yfir kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum. Reglugerð (ESB) nr. 517/2014 felur einnig í sér kröfur um innihald vottunaráætlana sem innihalda upplýsingar um viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og um örugga meðhöndlun þeirrar tækni.

2) Því er nauðsynlegt að því er varðar beitingu 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 að uppfæra lágmarkskröfurnar að því er varðar umfang starfsemi og þá hæfni og þekkingu sem fjalla skal um þar sem skipulag vottunarinnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu eru tilgreind.

3) Til að taka tillit til fyrirliggjandi hæfnismats- og vottunarkerfa, einkum þeirra sem hafa verið samþykkt á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 842/2006 sem hefur síðan verið felld úr gildi, og krafnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 ([3]), ætti að fella þessar kröfur inn í þessa reglugerð eftir því sem unnt er.

4) Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 303/2008 úr gildi.

5) Til að aðildarríkin hafi tíma til að aðlaga vottunaráætlanir sínar fyrir einstaklinga þannig að þær nái yfir starfsemi í tengslum við kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum, þykir rétt að kröfurnar um að hafa undir höndum skírteini í samræmi við þessa reglugerð ættu að gilda frá og með 1. júlí 2017 að því er varðar starfsemi í tengslum við kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um vottun einstaklinga sem annast þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í tengslum við kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum, fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 3).

gróðurhúsalofttegundir og vottun fyrirtækja sem annast þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 2. gr. í tengslum við fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sem og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á skírteinum sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um einstaklinga sem annast eftirfarandi starfsemi:

a) lekaprófanir á búnaði sem inniheldur 5 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum sem eru ekki bundnar í frauði nema slíkur búnaður sé loftþéttur, sé merktur sem slíkur og innihaldi minna en 10 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum,

b) endurheimt,

c) uppsetningu,

d) viðgerðir, viðhald eða þjónustu,

e) úreldingu.

2. Hún skal einnig gilda um fyrirtæki sem annast eftirfarandi starfsemi í tengslum við fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað fyrir aðra aðila:

a) uppsetningu,

b) viðgerðir, viðhald eða þjónustu,

c) úreldingu.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um starfsemi sem tengist framleiðslu og viðgerðum sem fara fram á athafnasvæði framleiðanda í tengslum við búnaðinn sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Vottun einstaklinga

1. Einstaklingar sem annast starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu hafa skírteini, eins og um getur í 4. gr., fyrir viðkomandi flokk eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Skírteini, þar sem fram kemur að skírteinishafi uppfylli kröfurnar til að mega annast eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu veitt einstaklingum í eftirfarandi flokkum:

a) handhöfum skírteina fyrir I. flokk er heimilt að annast alla þá starfsemi sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr.,

b) handhöfum skírteina fyrir II. flokk er heimilt að annast þá starfsemi sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 2. gr. að því tilskildu að hún feli ekki í sér rof á kælirásum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Handhöfum skírteina fyrir II. flokk er heimilt að annast þá starfsemi í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við búnað sem um getur í 1. gr. sem inniheldur minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum eða sem inniheldur minna en 6 kg ef um er að ræða búnað með loftþéttum kerfum sem eru merkt sem slík,

c) handhöfum skírteina fyrir III. flokk er heimilt að annast þá starfsemi sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við búnað sem um getur í 1. gr. sem inniheldur minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum eða sem inniheldur minna en 6 kg ef um er að ræða búnað með loftþéttum kerfum sem eru merkt sem slík,

d) handhöfum skírteina fyrir IV. flokk er heimilt að annast þá starfsemi sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 2. gr. að því tilskildu að hún feli ekki í sér rof á kælirásum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga sem fást við:

a) brösun, lóðun eða logsuðu hluta kerfis eða búnaðar í tengslum við eina tegund þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., og eru hæfir, samkvæmt landslöggjöf, til að annast slíka starfsemi, að því tilskildu að þeir séu undir eftirliti aðila sem hefur skírteini sem nær yfir viðkomandi starfsemi og sem ber fulla ábyrgð á réttri framkvæmd starfseminnar,

b) endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr búnaði, sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([1]), sem inniheldur minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og minna en 5 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings, á athafnasvæðum sem falla undir leyfi í samræmi við 1. og 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar, að því tilskildu að þeir séu starfsmenn fyrirtækisins sem er handhafi leyfisins og hafi lokið þjálfunarnámskeiði um lágmarksfærni- og þekkingu, sem svarar til III. flokks eins og sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð, en það skal staðfest með hæfnisvottorði sem handhafi leyfisins gefur út.

4. Einstaklingar sem fást við starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skulu ekki falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að þeir fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

a) þeir séu á þjálfunarnámskeiði í þeim tilgangi að fá skírteini sem nær yfir viðkomandi starfsemi og

b) þeir annist starfsemina undir eftirliti aðila sem hefur skírteini sem nær yfir þá starfsemi og sem ber fulla ábyrgð á réttri framkvæmd starfseminnar.

Undanþágan sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skal gilda á tímabilunum sem varið er í að annast starfsemina sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og fara ekki yfir 24 mánuði í heild.

4. gr.

Skírteini fyrir einstaklinga

1. Vottunaraðili, eins og um getur í 7. gr., skal gefa út skírteini til einstaklinga sem hafa staðist bóklegt og verklegt próf og skal prófið hafa verið skipulagt af matsaðila, eins og um getur í 8. gr., og ná yfir lágmarksfærnina og -þekkinguna sem sett er fram í I. viðauka, fyrir viðkomandi flokk.

2. Á skírteininu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn skírteinishafans, skírteinisnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,

b) flokkur vottunar einstaklinga, eins og tilgreint er í 2. mgr. 3. gr., og tengd starfsemi sem skírteinishafinn hefur heimild til að annast, og tegund viðkomandi búnaðar skal tilgreind ef við á,

c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

3. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, tekur til lágmarksfærninnar og -þekkingarinnar, sem sett eru fram í I. viðauka, í tilteknum flokki og uppfyllir kröfurnar í 7. og 8. gr. en tilheyrandi vottorð inniheldur ekki þættina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar er vottunaraðila, sem um getur í 7. gr., heimilt að gefa út skírteini til aðila sem hefur réttindi og hæfi fyrir viðkomandi flokk án þess að hann þurfi að endurtaka próf.

4. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, fyrir einstaklinga sem annast eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., að því er varðar kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum, uppfyllir kröfurnar í 7. og 8. gr. og nær að hluta til yfir lágmarksfærni í tilteknum flokki, eins og sett er fram í I. viðauka, er vottunaraðilum heimilt að gefa út skírteini fyrir viðkomandi flokk að því tilskildu að umsækjandinn standist viðbótarpróf á vegum matsaðilans, sem um getur í 8. gr., í þeirri færni og þekkingu sem gildandi vottun nær ekki yfir.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

5. gr.

Vottun fyrirtækja

Fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu hafa skírteini eins og um getur í 6. gr.

6. gr.

Fyrirtækjaskírteini

1. Vottunaraðili, eins og um getur í 7. gr., skal gefa út skírteini til fyrirtækis vegna einnar eða fleiri tegunda þeirrar starfsemi, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að því tilskildu að það uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) nægilega margir einstaklingar hafa verið vottaðir í samræmi við 3. gr., að því er varðar starfsemina þar sem vottunar er krafist, til að þeir geti annast starfsemina í því umfangi sem vænst er,

b) unnt er að sannreyna að einstaklingar, sem sinna starfsemi þar sem vottunar er krafist, hafi aðgang að nauðsynlegum búnaði og verklagsreglum.

2. Á skírteininu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn skírteinishafans, skírteinisnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,

b) starfsemin sem skírteinishafinn hefur heimild til að sinna, sem og tilgreining á hámarksáfyllingarstærð viðkomandi búnaðar, sem gefin er upp í kílóum,

c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

7. gr.

Vottunaraðili

1. Í landslögum skal kveðið á um vottunaraðila, eða hann tilnefndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, og skal hann hafa leyfi til að gefa út skírteini handa einstaklingum eða fyrirtækjum sem tengjast einni eða fleiri tegundum þeirrar starfsemi sem um getur í 2. gr.

Vottunaraðilinn skal vera óháður og óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Vottunaraðilinn skal setja og nota verklagsreglur um útgáfu skírteina, að fella þau tímabundið úr gildi og að afturkalla þau.

3. Vottunaraðilinn skal halda skrár svo unnt sé að sannreyna stöðu vottaðs einstaklings eða fyrirtækis. Skrárnar skulu sýna fram á að vottunarferlið hafi farið fram á skilvirkan hátt. Skrár skulu geymdar í að minnsta kosti fimm ár.

8. gr.

Matsaðili

1. Matsaðili, sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, skal skipuleggja próf fyrir einstaklingana sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Vottunaraðili, eins og um getur í 7. gr., getur einnig talist viðurkenndur matsaðili. Matsaðilinn skal vera óháður og óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Próf skulu skipulögð og gerð þannig að tryggt sé að þau taki til lágmarksfærninnar og -þekkingarinnar sem sett er fram í I. viðauka.

3. Matsaðilinn skal samþykkja verklagsreglur um skýrslugjöf og halda skrár svo að unnt sé að skjalfesta einstakar niðurstöður og heildarniðurstöður matsins.

4. Matsaðilinn skal tryggja að prófendur, sem falið er að sjá um próf, hafi nægilega þekkingu á viðkomandi prófunaraðferðum og prófunarskjölum auk viðeigandi hæfni á því sviði sem prófað er úr. Hann skal einnig sjá til þess að nauðsynlegur búnaður, tæki og efni séu tiltæk fyrir verklegu prófin.

9. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 1. janúar 2017 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 ([1]), um heiti vottunaraðila fyrir einstaklinga og fyrirtæki, sem 7. gr. nær yfir, ásamt samskiptaupplýsingum um vottunaraðilana og um titla skírteina fyrir einstaklinga sem uppfylla kröfurnar í 4. gr. og fyrirtæki sem uppfylla kröfurnar í 6. gr.

2. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 1. mgr., með nýjum upplýsingum sem máli skipta og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

10. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Gagnkvæm viðurkenning á skírteinum, sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, skal einungis gilda um skírteini sem eru gefin út í samræmi við 4. gr. fyrir einstaklinga og 6. gr. fyrir fyrirtæki.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafar skírteina, sem gefin eru út í öðru aðildarríki, leggi fram þýðingu á skírteininu á öðru opinberu tungumáli Sambandsins.

11. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 303/2008 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina (EB) nr. 303/2008 sem tilvísanir í þessa reglugerð og þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó gildir 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. júlí 2017 um einstaklinga sem fást við eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. að því er varðar kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtíð ESB L 301, 18.11.2015, bls. 14).

I. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar þá færni og þekkingu sem matsaðilarnir skulu prófa

1. Próf í hverjum flokkanna, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., skal vera samsett af:

   a) bóklegu prófi með einni eða fleiri spurningum sem prófa færnina eða þekkinguna, tilgreint með (B) í flokkadálkunum,

   b) verklegu prófi þar sem umsækjandinn skal leysa viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði, tilgreint með (V) í flokkadálkunum.

2. Prófið skal taka til sérhvers færni- og þekkingarhóps 1, 2, 3, 4, 5, 10 og 11.

3. Prófið skal taka til a.m.k. eins af færni- og þekkingarhópunum 6, 7, 8 og 9. Próftakinn skal ekki hafa vitneskju um það fyrir prófið úr hverjum þessara fjögurra þátta verður prófað.

4. Ef einn reitur í flokkadálknum svarar til margra reita (margs konar færni og þekkingar) í færni- og þekkingardálkinum merkir það að ekki þarf nauðsynlega að prófa alla færni og þekkingu í prófinu.

		FLOKKAR			
	FÆRNI OG ÞEKKING	I	II	III	IV
1	**Grunnatriði í varmafræði**				
1.01	Þekkja grunneiningar ISO-staðlanna að því er varðar hitastig, þrýsting, massa, þéttleika og orku	B	B	—	B
1.02	Skilja grunnfræði kælikerfa: grunnatriði varmafræði (lykilhugtök, breytur og ferli s.s. yfirhitun, háþrýstihlið, þjöppunarvarma, vermi, kæliafköst, lágþrýstihlið, undirkælingu), eiginleika og varmafræðilegar ummyndanir kælimiðla, þ.m.t. að sanngreina seótrópískar blöndur og mismunandi vökvaástand	B	B	—	—
1.03	Nota viðeigandi töflur og skýringarmyndir og túlka þær í samhengi við eftirlit með óbeinum leka (m.a. eftirlit með því að kerfið starfi rétt): log ph/h-skýringarmynd, mettunartöflur kælimiðils, skýringarmynd þar sem kæliferli með eins þreps þjöppun er sýnt	B	B	—	—
1.04	Lýsa starfsemi aðalhluta kerfisins (þjöppu, eimi, eimsvala, hitastýrðum þenslulokum) og varmafræðilegum ummyndunum kælimiðilsins	B	B	—	—
1.05	Þekkja grunnstarfsemi eftirfarandi íhluta sem notaðir eru í kælikerfi, auk hlutverks þeirra og mikilvægis fyrir varnir gegn leka kælimiðilsins og greiningu á lekanum: a) loka (kúluloka, þindarloka, keiluloka, öryggisloka), b) hita- og þrýstistýringar, c) sjónglerja og rakamæla, d) afísingarstýringar, e) kerfisvarnarbúnaðar, f) mælitækja, s.s. hitamælis fyrir soggrein, g) olíustýrikerfis, h) móttökubúnaðar, i) vökva- og olíuskilja		—	—	—
1.06	Þekkja sérstaka virkni, eðlisfræðilegar breytur, lausnir, kerfi og frávik í tengslum við staðgöngukælimiðla í kæliferlinu og íhluti fyrir notkun þeirra	B	B	B	B
2	**Umhverfisáhrif kælimiðla og samsvarandi umhverfisreglugerðir**				
2.01	Búa yfir grunnþekkingu á ESB og alþjóðlegri stefnu varðandi loftslagsbreytingar, þ.m.t. rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	B	B	B	B

		FLOKKAR			
	FÆRNI OG ÞEKKING	I	II	III	IV
2.02	Búa yfir grunnþekkingu á hugtakinu hnatthlýnunarmáttur, notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem eru notuð sem kælimiðlar, áhrifum losunar á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á loftslagið (í stærðarþrepum miðað við hnatthlýnunarmátt þeirra) og viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 ásamt viðeigandi framkvæmdargerðum	B	B	B	B
3	**Eftirlit áður en rekstur hefst, eftir langvarandi notkunarleysi, eftir viðhalds- eða viðgerðarvinnu eða meðan rekstur fer fram**				
3.01	Kanna styrk kerfisins með þrýstingsprófun	V	V	—	—
3.02	Kanna þéttleika kerfisins með þrýstingsprófun				
3.03	Nota lofttæmisdælu				
3.04	Tæma kerfið til að fjarlægja loft og raka samkvæmt viðteknum venjum				
3.05	Færa upplýsingarnar í skrána yfir búnað og fylla út skýrslu um prófanir og eftirlit, í eitt skipti eða fleiri, sem fram fóru meðan á prófinu stóð	B	B	—	—
4	**Lekaeftirlit**				
4.01	Gera sér grein fyrir á hvaða stöðum leki er líklegur í kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði	B	B	—	B
4.02	Athuga skrár yfir búnað áður en leitað er að leka og ganga úr skugga um hvaða upplýsingar skipta máli varðandi hvers kyns ítrekuð atvik eða vandamálasvæði sem þarfnast sérstakrar athygli	B	B	—	B
4.03	Framkvæma sjónræna og handvirka skoðun á öllu kerfinu í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 ([1])	V	V	—	V
4.04	Annast eftirlit með leka í kerfinu með óbeinni aðferð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1516/2007 og notendahandbókina fyrir kerfið	V	V	—	V
4.05	Nota færanlegan mælibúnaður, s.s. þrýstingsmælasamstæður, hitamæla og fjölmæla sem mæla volt/amper/ohm þegar um óbeinar aðferðir við lekaeftirlit er að ræða, og túlka þættina sem mældir voru	V	V	—	V
4.06	Annast eftirlit með leka í kerfinu með því að nota eina af beinu aðferðunum sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1516/2007	V	—	—	—
4.07	Annast eftirlit með leka í kerfinu með því að nota eina af beinu aðferðunum, sem fela ekki í sér rof á kælirásunum, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1516/2007	—	V	—	V
4.08	Nota viðeigandi rafrænan lekaleitarbúnað	V	V	—	V
4.09	Færa upplýsingarnar í skrána um búnað	B	B	—	B

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10).

		FLOKKAR			
	FÆRNI OG ÞEKKING	I	II	III	IV
5	**Umhverfisvæn meðhöndlun kerfisins og kælimiðilsins meðan á uppsetningu, viðhaldi, þjónustu eða endurheimt stendur**				
5.01	Tengja og aftengja mæla og leiðslur þannig að losun verði sem minnst	V	V	—	—
5.02	Tæma og fylla hylki með kælimiðli bæði í fljótandi formi og gufuformi	V	V	V	—
5.03	Nota endurheimtarsamstæðu til að endurheimta kælimiðil og tengja og aftengja endurheimtarsamstæðu þannig að losun verði sem minnst	V	V	V	—
5.04	Tappa olíu, sem er menguð af flúoruðum gösum, af kerfi	V	V	V	—
5.05	Greina form kælimiðilsins (vökvi, gufa) og skilyrði (undirkældur, mettaður eða yfirhitaður) fyrir áfyllingu til að tryggja að aðferðin og magnið séu rétt. Fylla kerfið af kælimiðli (jafnt í formi vökva og gufu) án þess að neitt af kælimiðlinum tapist	V	V	—	—
5.06	Velja rétta tegund voga og nota þær til að vigta kælimiðilinn	V	V	V	—
5.07	Færa inn allar viðeigandi upplýsingar varðandi endurheimta eða viðbætta kælimiðilinn í skrána yfir búnað	B	B	—	—
5.08	Kunna skil á kröfum og verklagsreglum vegna meðhöndlunar, endurnýtingar, endurheimtar, geymslu og flutninga á menguðum kælimiðli og olíum	B	B	B	—
6	**Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald tvívirkra þjappna, skrúfu- og spíralþjappna, eins og tveggja þrepa**				
6.01	Útskýra grunnstarfsemi þjöppu (þ.m.t. stjórnun á afköstum og smurkerfi) og þá áhættu sem er á kælimiðilsleka eða losun í tengslum við hann	B	B	—	—
6.02	Setja upp þjöppu á réttan hátt, þ.m.t. stjórn- og öryggisbúnað, þannig að hvorki eigi sér stað leki né meiri háttar losun þegar kerfið er ræst	V	V	—	—
6.03	Stilla öryggis- og stjórnrofana	V	—	—	—
6.04	Stilla sog- og frástreymislokana				
6.05	Hafa eftirlit með endurstreymiskerfinu fyrir olíu				
6.06	Ræsa og slökkva á þjöppu og hafa eftirlit með því að þjappan starfi rétt, m.a. með mælingum meðan þjappan vinnur	V	V	—	—
6.07	Skrifa skýrslu um ástand þjöppunnar þar sem tilgreind eru hvers kyns vandamál í starfsemi hennar sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka eða losunar á kælimiðli, sé ekkert að gert	B	B	—	—

		FLOKKAR			
	FÆRNI OG ÞEKKING	I	II	III	IV
7	**Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald loftkældra og vatnskældra eimsvala**				
7.01	Útskýra grunnstarfsemi eimsvala og lekaáhættu í tengslum við hann	B	B	—	—
7.02	Stilla stjórntæki fyrir tæmingarþrýsting eimsvalans	V	—	—	—
7.03	Setja upp eimsvala/útieiningu á réttan hátt, þ.m.t. stjórn- og öryggisbúnað, svo að hvorki eigi sér stað leki né meiri háttar losun þegar kerfið hefur verið ræst	V	V	—	—
7.04	Stilla öryggis- og stjórnrofana	V	—	—	—
7.05	Hafa eftirlit með tæmingar- og vökvaleiðslum				
7.06	Fjarlægja lofttegundir, sem ekki þéttast, úr eimsvalanum með búnaði til að hreinsa kælikerfi	V	—	—	—
7.07	Ræsa og slökkva á eimsvala og hafa eftirlit með því að hann starfi rétt, m.a. með mælingum meðan á vinnslu stendur	V	V	—	—
7.08	Kanna yfirborð eimsvalans	V	V	—	—
7.09	Skrifa skýrslu um ástand eimsvalans þar sem tilgreind eru hvers kyns vandamál í starfsemi hans sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka eða losunar á kælimiðli, sé ekkert að gert	B	B	—	—
8	**Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald loftkældra og vatnskældra eima**				
8.01	Útskýra grunnstarfsemi eimis (þ.m.t. afísingarkerfis) og lekaáhættu í tengslum við hann	B	B	—	—
8.02	Stilla stjórntæki fyrir uppgufunarþrýsting eimisins	V	—	—	—
8.03	Setja upp eimi, m.a. stjórn- og öryggisbúnað, svo að hvorki eigi sér stað leki né meiri háttar losun þegar kerfið hefur verið ræst	V	V	—	—
8.04	Stilla öryggis- og stjórnrofana	V	—	—	—
8.05	Hafa eftirlit með vökva- og sogleiðslum í réttri stöðu				
8.06	Hafa eftirlit með leiðslunni fyrir afísingu með heitum lofttegundum				
8.07	Stilla stjórnloka fyrir uppgufunarþrýsting				
8.08	Ræsa og slökkva á eimi og hafa eftirlit með því að hann starfi rétt, m.a. með mælingum meðan á vinnslu stendur	V	V	—	—
8.09	Kanna yfirborð eimisins	V	V	—	—

		FLOKKAR			
FÆRNI OG ÞEKKING		I	II	III	IV
8.10	Skrifa skýrslu um ástand eimisins þar sem tilgreind eru hvers kyns vandamál í starfseminni sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka á kælimiðli eða til losunar, sé ekkert að gert	B	B	—	—
9	**Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald hitastýrðra þensluloka og annarra íhluta**				
9.01	Útskýra grunnstarfsemi ýmissa tegunda þenslustilla (hitastýrðra þensluloka, hárpípna) og lekaáhættu í tengslum við þá	B	B	—	—
9.02	Setja upp loka í réttri stöðu	V	—	—	—
9.03	Stilla vélknúna/rafeindaknúna hitastýrða þensluloka	V	—	—	—
9.04	Stilla vélræna og rafræna hitastilla				
9.05	Stilla þrýstistýrðan loka				
9.06	Stilla vél- og rafknúna þrýstingstakmarkara				
9.07	Hafa eftirlit með starfsemi olíuskilju	V	—	—	—
9.08	Hafa eftirlit með ástandi þurrksíu				
9.09	Skrifa skýrslu um ástand þessara íhluta þar sem tilgreind eru hvers kyns vandamál í starfseminni sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka á kælimiðli eða til losunar, sé ekkert að gert	B	—	—	—
10	**Lagnir: lagning lekaþétts lagnakerfis í kælistöð**				
10.01	Sjóða saman, brasa og/eða lóða lekaþétt tengi á málmpípum, -rörum og -íhlutum sem unnt er að nota í kæli-, loftræsti- eða varmadælukerfum	V	V	—	—
10.02	Búa til festingar fyrir rör og aðra íhluti og/eða hafa eftirlit með þeim	V	V	—	—
11	**Upplýsingar um viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og örugga meðhöndlun**				
11.01	Þekkja viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og um örugga meðhöndlun þeirra	B	B	B	B
11.02	Þekkja viðeigandi kerfishönnun til að draga úr áfyllingarstærð flúoraðra gróður-húsalofttegunda og til að auka orkunýtni	B	B	—	—
11.03	Þekkja viðeigandi öryggisreglur og -staðla fyrir notkun, geymslu og flutninga á eldfimum eða eitruðum eða kælimiðli sem þarf hærri vinnsluþrýsting	B	B	—	—
11.04	Skilja viðkomandi kosti og galla, einkum í tengslum við orkunýtni, varðandi stað-göngukælimiðla samkvæmt fyrirhugaðri notkun og loftslagsskilyrðum mismunandi svæða	B	B	—	—

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 303/2008	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	—
1. og 2. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
a-liður 3. mgr. 4. gr.	4. mgr. 3. gr.
b- og c-liður 3. mgr. 4. gr.	a- og b-liður 3. mgr. 3. gr.
4. mgr. 4. gr.	—
5. gr.	4. gr.
6. gr.	—
7. gr.	5. gr.
8. gr.	6. gr.
9. gr.	—
10. gr.	7. gr.
11. gr.	8. gr.
12. gr.	9. gr.
13. gr.	10. gr.
—	11. gr.
14. gr.	12. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2068 **2019/EES/49/38**

frá 17. nóvember 2015

um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir merkimiða fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 ([1]), einkum 14. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 fela í sér tilteknar kröfur um merkingar fyrir vörur og búnað sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 ([2]) og frekari kröfur um merkingar fyrir frauð og flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem settar eru á markað til sértækrar notkunar.

2) Til glöggvunar þykir rétt að skilgreina nákvæmt orðalag þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram á merkimiðunum sem um getur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 og setja fram kröfur sem tryggja sýnileika og læsileika slíkra merkimiða að því er varðar útlit þeirra og staðsetningu.

3) Til að tryggja að einn merkimiði sé notaður fyrir vörur sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem falla einnig undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]), einkum fyrir merkingu á geymum, þ.m.t. tromlum, hólkum og tankbílum og járnbrautartankvögnum, ættu merkingarupplýsingarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 517/2014 að koma fram í rýminu fyrir viðbótarupplýsingar á merkimiðanum.

4) Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 1494/2007 úr gildi.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er sett fram snið merkimiðanna sem skal gilda um vörutegundirnar og búnaðinn sem um getur í 1., 2. og 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 og um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem um getur í 6.–12. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Snið fyrir merkingu

1. Upplýsingar á merkimiða skulu skera sig greinilega frá grunni merkimiðans og stærð leturs og bil milli orða skulu vera þannig að textinn sé auðlæsilegur. Ef upplýsingunum, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, er bætt við á merkimiða, sem hefur þegar verið festur á viðkomandi vöru eða búnað, skal leturstærðin ekki vera minni en minnsta leturstærð annarra upplýsinga á merkimiðanum eða á nafnskilti eða á upplýsingamiða vöru.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls 1).

2. Allur merkimiðinn og upplýsingarnar á honum skulu vera þannig hönnuð að tryggt sé að hann haldist á vörunni eða búnaðinum og að hann sé auðlæsilegur við eðlilegar aðstæður allan þann tíma sem varan eða búnaðurinn inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

3. Á vörum og búnaði, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, skulu vera merkimiðar sem á eru upplýsingar skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 þ.m.t. textinn „Inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir“.

4. Þyngd flúoruðu gróðurhúsalofttegundanna skal gefin upp í kílóum og jafngildiseining koltvísýrings skal gefin upp í tonnum.

5. Þegar búnaður er fyrirframáfylltur með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, eða hann virkar fyrir tilstilli þeirra, og slíkum lofttegundum er bætt við utan framleiðslustaðar og heildarmagnið er ekki tilgreint af framleiðanda, skal koma fram á merkimiðanum það magn sem sett var í á framleiðslustaðnum, eða það magn sem búnaðurinn er hannaður fyrir, og á miðanum skal vera rými fyrir það magn sem bætt er við utan framleiðslustaðarins, svo og fyrir heildarmagn flúoruðu gróðurhúsategundanna.

6. Þegar merkja á vöru, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða forblönduð fjölalkóhól skulu upplýsingarnar skv. 3. og 5.–12. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 koma fram í rýminu fyrir viðbótarupplýsingar á merkimiðanum, sem um getur í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

7. Þegar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eru ætlaðar fyrir tiltekna notkun, skv. 6.–12. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, skal eftirfarandi texti koma fram á merkimiðanum:

a) „100% endurnýtt“ eða „100% endurunnið“: fyrir endurnýttar eða endurunnar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem innihalda engar ónotaðar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Heimilisfang starfsstöðvarinnar þar sem endurnýtingin eða endurvinnslan fer fram skal ná yfir heimilisfang hennar innan Sambandsins.

b) „Eingöngu flutt inn til förgunar“: fyrir magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er flutt inn til förgunar.

c) „Eingöngu fyrir beinan útflutning í búlkum utan ESB“: fyrir magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir fyrirtæki fyrir beinan útflutning í búlkum frá ESB.

d) „Eingöngu til notkunar í herbúnað“: fyrir magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem á að nota í herbúnað.

e) „Eingöngu fyrir ætingu/hreinsun í hálfleiðaraiðnaði": fyrir magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem á að nota í ætingu og hreinsun í hálfleiðaraiðnaði.

f) „Eingöngu til notkunar sem hráefni“: fyrir magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er notað sem hráefni.

g) „Eingöngu til framleiðslu á innúðaskömmturum“: fyrir magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er ætlað til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum í innúðaskömmturum.

8. Kæli- og loftræstibúnaður, sem og varmadælur, sem eru einangraðar með frauði blásnu með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum skulu vera merktar með merkimiða með eftirfarandi texta: „Frauð blásið með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum“.

9. Merkimiðarnir skulu vera staðsettir í samræmi við 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 og, ef hægt er, við hlið nafnskiltis eða upplýsingamiða vörunnar eða búnaðarins sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

3. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1494/2007 er felld úr gildi. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1494/2007 gildir áfram til 1. janúar 2017 en til að fara að þessu ákvæði fyrir 1. janúar 2017 er fyrirtækjum þó heimilt að beita þegar ákvæðum c-liðar 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1494/2007 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 1494/2007	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	3. og 4. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	8. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	5. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	—
1. mgr. 3. gr.	—
2. mgr. 3. gr.	1. mgr. 2. gr.
3. mgr. 3. gr.	2. mgr. 2. gr.
1. mgr. 4. gr.	9. mgr. 2. gr.
2. mgr. 4. gr.	—
5. gr.	4. gr.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/296 **2019/EES/49/39**

frá 20. febrúar 2019

um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikiþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr. d,

að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í hollensku, grísku og portúgölsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 ([2]) er villa í fyrstu undirgrein 2. mgr. 4. gr. að því er varðar útreikning á lágmarksmagni af reikigagnaþjónustu í smásölu, sem viðskiptavinur í reikiþjónustu á að geta notað þegar hann ferðast öðru hverju í Sambandinu, ef veitandi reikiþjónustunnar beitir viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.

2) Því ætti að leiðrétta hollensku, grísku og portúgölsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 frá 15. desember 2016 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikiþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats (Stjtíð. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 46).

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1846 **2019/EES/49/40**

frá 23. nóvember 2018

um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum í því skyni að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Ákvæði þeirra alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því skulu síðustu, breyttar útgáfur þeirra samninga gilda frá og með 1. janúar 2019, með umbreytingarfresti til 30. júní 2019.

3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/68/EB

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„I.1 ADR-samningurinn

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2019, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„II.1 RID-reglurnar

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2019, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„III.1 ADN-samningurinn

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2019, og einnig 3. gr. (f-liður), 3. gr. (h-liður), 8. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (3. mgr.) ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 260, 30.9. 2008, bls. 13.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2205 **2019/EES/49/41**

frá 29. nóvember 2017

um ítarlegar reglur um málsmeðferð við að tilkynna atvinnuökutæki með meiriháttar eða hættulega annmarka sem greinast við tæknilegt eftirlit á vegum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/47/ESB frá 3. apríl 2014 um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursháfni atvinnuökutækja í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2000/30/EB ([1]), einkum 1. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/47/ESB, m.a. í þeim tilvikum þegar meiriháttar eða hættulegir annmarkar koma í ljós á ökutæki sem er ekki skráð í skoðunaraðildarríkinu, er þess krafist að tengiliðurinn þess tilkynni tengilið skráningaraðildarríkis ökutækisins um niðurstöður skoðunarinnar. Tilkynningin skal innihalda þá þætti skoðunarskýrslunnar um eftirlit á vegum, eins og sett er fram í IV. viðauka, sem skoðunarmaður skal taka saman að aflokinni nákvæmari skoðun í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/47/ESB.

2) Til að auðvelda samskipti milli landsbundinna tengiliða er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin samþykki ítarlegar reglur um framkvæmd málsmeðferðar við tilkynningu.

3) Í samræmi við 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/47/ESB skal helst senda tilskipunina fyrir tilstuðlan rafrænu landsskrárinnar sem um getur í 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 ([2]).

4) Í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 eru tilgreindar skyldubundnar lágmarkskröfur um innihald landsbundinna rafrænna skráa. Þættir skoðunarskýrslunnar um eftirlit á vegum, eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2014/47/ESB, mynda þó ekki hluta af þessum skyldubundnu lágmarkskröfum.

5) Í 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 er kveðið á um að landsbundnu rafrænu skrárnar eigi að vera samtengdar.

6) Vegna takmarkaðs gildissviðs 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 og gildissviðs kerfis Evrópskrar skrár yfir flutningafyrirtæki á vegum (ERRU-kerfi), sem þar af leiðandi er takmarkað, er ekki hægt að senda tilkynninguna, sem sett er fram í 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/47/ESB, fyrir tilstuðlan landsbundinna, rafrænna skráa sem nota það kerfi.

7) Til að komast hjá ónauðsynlegri stjórnsýslubyrði og -kostnaði ætti þó að nota kerfishögun ERRU-kerfisins til að þróa skilaboðakerfi fyrir tilkynninguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/47/ESB.

8) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1213/2010 ([3]) eru settar sameiginlegar reglur um samtengingu með því að nota ERRU-kerfið.

9) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/480 ([4]) munu verða innleiddar mikilvægar breytingar á almennri virkni ERRU-kerfisins og mun reglugerðin koma í stað reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010 frá og með 30. janúar 2019. Skilaboðakerfið, sem notað verður við tilkynningar um eftirlit á vegum (RSI), mun byggjast á almennri virkni ERRU-kerfisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 134.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1213/2010 frá 16. desember 2010 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum (Stjtíð. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 21).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/480 frá 1. apríl 2016 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010 (Stjtíð. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 4).

10) Til að draga úr stjórnsýslubyrði og -málsmeðferð og til að tryggja samræmi er því nauðsynlegt að skilaboðakerfið, sem notað er við tilkynningar að loknu eftirliti á vegum, komi einnig til framkvæmda frá og með 30. janúar 2019.

11) Ákvæði um vernd persónuupplýsinga, eins og einkum er mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]), gilda um vinnslu allra persónuupplýsinga samkvæmt tilskipun 2014/47/ESB. Aðildarríkin ættu einkum að gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun persónuupplýsinga.

12) Ákvæði um vernd persónuupplýsinga, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]) gilda, eftir atvikum, um vinnslu allra persónuupplýsinga samkvæmt tilskipun 2014/47/ESB.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru samþykktar í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 19. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um reglur, sem gilda um tilkynningu niðurstaðna tæknilegs eftirlits á vegum með atvinnuökutækjum með meiriháttar eða hættulega annmarka, sem tilkynnt er um fyrir tilstuðlan RSI-kerfisins sem um getur í 3. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2016/480, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari reglugerð sem hér segir:

1) „RSI-skilaboð“: tilkynningarskilaboð að loknu nákvæmu tæknilegu eftirliti á vegum, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/47/ESB, sem sent er með því að nota RSI-kerfið eða annað öruggt netkerfi með mótuðu sniði, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

2) nákvæm RSI-skýrsla: skjal sem gefið er út að loknu nákvæmu eftirliti á vegum sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/47/ESB,

3) „skráningaraðildarríki“: aðildarríki þar sem ökutæki er skráð eða, í þeim tilvikum þar sem ökutæki lýtur ekki kröfum um skráningu samkvæmt landslöggjöf, þar sem ökutækið er tekið í notkun.

3. gr.

RSI-kerfi

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót skilaboðakerfi (RSI-kerfi) með því að nota kerfishögun skilaboðakerfis Evrópsku skrárinnar yfir flutningafyrirtæki á vegum í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/480. RSI-kerfið skal auðvelda tilkynningarskylduna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr. 2014/47/ESB.

2. RSI-kerfið skal uppfylla tækniforskriftirnar, sem mælt er fyrir um í I., III. (1. og 2. lið), V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 og í viðaukanum við þessa reglugerð.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

4. gr.

Tilkynning

1. Tengiliður aðildarríkis, sem framkvæmdi tæknilegt eftirlit á vegum, skal tilkynna, án tafar, niðurstöður eftirlitsins til skráningaraðildarríkisins.

2. Aðildarríkið, sem framkvæmir tæknilega eftirlitið á vegum, skal senda skráningaraðildarríkinu tilkynningu, með því að nota RSI-kerfið, í samræmi við verklagsreglurnar og tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. júní 2020.

Þó skal 1. mgr. 4. gr. gilda frá og með 20. maí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um innihald XML-skilaboða

1. **Haus**

Öll XML-skilaboðin, sem skipst er á í kerfinu, skulu hafa sama haus til að auðkenna sendanda, móttakanda, dag- og tímasetningu sendingar og ýmsar tæknilegar upplýsingar.

Sameiginlegur haus		Skyldubundið
Útgáfa (e. *version*)	Opinber útgáfa XML-forskriftanna skal tilgreind í nafnarýminu, sem skilgreint er í skilaboðum XML-gerðarlýsingarinnar (XSD) og í eigindinni *útgáfa* í haus allra XML-skilaboða. Útgáfunúmerið („n.m“) skal skilgreint sem fast gildi í hverri XSD-útgáfu.	Já
Prófunarauðkenni (e. *Test Identifier*)	Valkvætt auðkenni til prófunar. Upphafsaðili prófunar skal fylla út auðkennið og allir þátttakendur í verkflæðinu skulu framsenda/senda til baka sama auðkenni. Við hefðbundna vinnslu skal litið fram hjá því og ef það er fyrir hendi skal það ekki notað.	Nei
Tækniauðkenni (e. *Technical Identifier*)	Einstakt auðkenni (e. *Universally Unique Identifier* (UUID)) sem auðkennir sérhvert skilaboð. Sendandi skal búa til einstakt auðkenni og fylla út þessa eigind. Þessi gögn eru ekki notuð í neinum viðskiptalegum tilgangi.	Já
Verkflæðisauðkenni (e. *Workflow Identifier*)	Verkflæðisauðkennið er einstakt auðkenni og skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, búa það til. Þetta auðkenni er notað í öllum skilaboðum til að tryggja samsvörun í verkflæðinu.	Já
Tímasetning sendingar (e. *Sent at*)	Dag- og tímasetning á alheimstímasniði (UTC) þegar skilaboðið var sent.	Já
Tímalokun (e. *Timeout*)	Þessi eigind með dag- og tímasetningu (á alheimstímasniði) er valkvæð. Netaldið skal aðeins setja þetta gildi fyrir framsendar beiðnir. Þetta skal upplýsa aðildarríkið, sem svarar beiðninni, um það hvenær tímalokun verði beitt á beiðni. Gildið er valkvætt svo hægt sé að nota sömu skilgreininguna í haus allra tegunda skilaboða, óháð því hvort „Timeout“-eigindarinnar sé krafist eða ekki. NOTIST EKKI, þar eð einungis eru sendar tilkynningar, einskis svars er vænst.	Nei
Frá	ISO 3166-1 alfa-2-kóði aðildarríkis, sem sendir skilaboðin, eða „EU“ („EU“ er notað þegar villuboð eru send frá netaldinu).	Já
Til	ISO 3166-1 alfa-2-kóði aðildarríkis, sem skilaboðin eru send til, eða „EU“ („EU“ er notað þegar villuboð eru send í til netaldsins).	Já

2. **Nákvæm skýrsla**

Ef gera á grein fyrir niðurstöðum nákvæms tæknilegs eftirlits á vegum skal RSI-skilaboðið og staðfestingin, sem er send sjálfkrafa, fela í sér eftirfarandi.

Í þeim tilgangi að auðvelda tilkynninguna, skal gátlistinn, sem settur er fram í IV. viðauka, ástæður bilunar og mat á annmörkunum, sem sett eru fram í II. viðauka við tilskipun 2014/47/ESB, vera valkvæður hluti RSI-skilaboðs.

RSI-skilaboð skal ávallt sent frá skoðunaraðildarríki til skráningaraðildarríkis. Ekki skal synja móttöku RSI-skilaboðs.

Staðfestingarskilaboð þjónar þeim tilgangi að staðfesta móttöku tilkynningarskilaboðs.

Beiðni um RSI-tilkynningu		Skyldubundið
Málsauðkenni (e. *Business Case Identifier)*	Rað- eða tilvísunarnúmer sem auðkennir hvert mál. Hægt er að nota málsauðkenni til að viðhalda hlekk þegar fleiri en eitt verkflæði skilaboða er notað til þess að meðhöndla sama málið, t.d. þegar upprunaleg tilkynning er send og þegar nákvæm tilkynning er send síðar þar sem báðar tilkynningar tengjast sama málinu. (Texti)	Já
Sendingaryfirvald (e. *Sending Authority*)	Lögbært yfirvald sem gefur út RSI-skilaboð. (Texti)	Já
RSI-upplýsingar (e. RSI Details)		*Já*
RSI-auðkenni	Sérstakt auðkenni RSI-kerfisins í skoðunaraðildarríki. Auðveldar samskipti og heimilar skráningaraðildarríki að biðja skoðunaraðildarríki um nákvæmar upplýsingar en hið fyrrnefnda getur notað auðkennið til að leita í gagnagrunni sínum. (Texti)	Nei
Staðsetning	Staðurinn þar sem eftirlit á vegum fór fram. Gæti verið nákvæm hnit, sveitarfélag, bær o.s.frv. (Texti)	Já
Dag-/tímasetning	Dagsetning eftirlits á vegum á ISO 8601 UTC-sniði (ÁÁÁÁ-MM-DDThh:mm:ssZ)	Já
Skoðunarmaður	Nafn fulltrúa, skoðunarmanns eða yfirvalds sem framkvæmdi eftirlit á vegum. (Texti)	Já
Upplýsingar um ökutæki (e. Vehicle Details)		*Já*
Flokkur (e. *category*)	Ökutækjaflokkur. — N2 (3,5 til 12 tonn) — N3 (yfir 12 tonn) — O3 (3,5 til 12 tonn) — O4 (yfir 10 tonn) — M2 (> 9 sæti) allt að 5 tonn	Já

	— M3 (> 9 sæti) yfir 5 tonn — T5 — T1b, — T2b, — T3b, — T4.1b, — T4.2b — T4.3b — Annar ökutækjaflokkur (Aðeins eitt atriði er valið úr skránni)	
Annar flokkur	Tilgreina skal annan flokk: — M1, N1, O1, O2, T1a, T2a, T3a, T4a, T4.1a, T4.2a, T4.3a, C, R1a, R1b, R2a, R2b, R3a, R3b, R4a, R4b, S1a, S1b, S2a, S2b, L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e, L7e (Aðeins einn liður er valinn úr skránni og einungis ef „annar flokkur“ er valinn en það er ekki skyldubundið)	Nei
Skráning	Skráningarnúmer ökutækis. (Texti)	Já
VIN	Verksmiðjunúmer ökutækis. (Texti)	Já
Kílómetramælir	Lestur kílómetramælis ökutækis við eftirlit á vegum. MIKILVÆGT: ef kílómetramælir er uppsettur verður að fylla út í þennan reit, annars á að setja „0“. (Fjöldi)	Já
Flutningafyrirtæki/Upplýsingar um handhafa		*Já (Fylla verður út í reitinn með annaðhvort „fyrirtæki“ eða „handhafi“)*
Flutningafyrirtæki		*Já (aðeins ef um fyrirtæki er að ræða)*
Heiti fyrirtækis	Heiti flutningafyrirtækisins. (Texti)	Já
Heimilisfang fyrirtækis (e. *Undertaking Address*)	Heimilisfang flutningafyrirtækis (heimilisfang, póstnúmer, borg, land). (Texti)	Já
Bandalagsleyfi fyrirtækis	Númer Bandalagsleyfis (samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 1072/2009 og (EB) nr. 1073/2009) MIKILVÆGT: ef Bandalagsleyfið er þekkt skal fylla það út í reitinn. (Texti)	Já

	Handhafi (ef ekki er um að ræða neitt fyrirtæki)		*Já (aðeins ef um er að ræða handhafa)*
	Félag		*Já (aðeins ef handhafi er félag)*
	Heiti	Heiti félags sem er handhafi. (Texti)	Já
	Heimilisfang	Heimilisfang félags handhafa (heimilisfang, póst-númer, borg, land). (Texti)	Já
	Einstaklingur		*Já (aðeins ef handhafi er einstaklingur)*
	Kenninafn (e. *Family Name*)	Kenninafn handhafa. (Texti)	Já
	Eiginnafn (e. *First Name*)	Eiginnafn eða -nöfn handhafa. (Texti)	Já
	Heimilisfang	Heimilisfang handhafa (heimilisfang, póstnúmer, borg, land). (Texti)	Já
	Skráningarskírteini	Númer „skráningarskírteinis“.	Nei
Upplýsingar um ökumann (e. Driver Details)			*Já*
Kenninafn (e. *Family Name*)		Kenninafn ökumanns. (Texti)	Já
Eiginnafn (e. *First Name*)		Eiginnafn eða -nöfn ökumanns. (Texti)	Já
Ökuskírteini		Númer ökuskírteinis ökumanns. Ef mögulegt til að geta borið betri kennsl á viðkomandi. (Texti)	Nei
Útgáfuland ökuskírteinis (e. *Driving Licence Country*)		Landið þar sem ökuskírteinið er gefið út með tveggja bókstafskóða (ISO 3166-1 alpha 2).	Nei
Skoðað atriði (e. Checked item) *(endurtaka þarf þennan þátt fyrir hvert atriði sem er skoðað; skyldubundið fyrir RSI-skilaboð og síðan verður að tilgreina að hið minnsta eitt atriði hafi verið skoðað)*			*Já*
Atriði		Atriði sem eru tilgreind í gátlistanum í IV. viðauka við tilskipun 2014/47/ESB. Ef atriði er valið merkir það að það hafi verið skoðað. Skrá yfir atriði: 0) Auðkenning 1) Hemlabúnaður 2) Stýrisbúnaður 3) Sýnileiki 4) Ljósabúnaður og rafkerfi 5) Ásar, hjól, hjólbarðar, fjöðrun	Já

		6) Undirvagn og viðfestur búnaður 7) Annar búnaður, þ.m.t. ökuriti og hraðatakmörkunarbúnaður 8) Óþægindi, þ.m.t. útblástur og eldsneytis- og/eða olíuleki 9) Viðbótarprófanir fyrir ökutæki í flokki M2 og M3 10) Frágangur farms (Aðeins eitt atriði er valið úr skránni)	
Stenst ekki skoðun?		Fyrir hvert atriði sem er skoðað skal tilgreina niðurstöður skoðunar (stenst skoðun/stenst ekki skoðun): Rétt, ef stenst ekki skoðun (Rétt/Rangt)	Já
	Upplýsingar um skoðað atriði *(Ef niðurstaðan er „stenst ekki skoðun“ fyrir „skoðað atriði“ skal endurtaka þennan þátt fyrir hvern annmarka sem finnst)*		*Nei (Aðeins ef niðurstaðan er „stenst ekki skoðun“ en það er ekki skyldubundið að gefa nákvæmar upplýsingar)*
	Ástæða bilunar	Fyrir hvert skoðað atriði = *stenst ekki skoðun*, upplýsingar um annmarka, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2014/47/ESB. Skrá yfir atriði: — **0.1.a** AUÐKENNI ÖKUTÆKIS > Skráningarmerki (ef þess er krafist) > Númeraplötu eða -plötur vantar eða þær eru festar svo ótryggilega að þær eru líklegar til að detta af. — **1.1.1.a** HEMLABÚNAÐUR> Vélrænt ástand og virkni > Snúningsteinn akstursheimilsfetils/handfangs > Snúningsteinn of stífur. — **6.2.5.a.1** UNDIRVAGN OG VIÐFESTUR BÚNAÐUR > Stýrishús og yfirbygging > Ökumannssæti > Sæti með bilaða grind. — O.s.frv. (Aðeins eitt atriði er valið úr skránni en ef um er að ræða fleiri en einn annmarka skal endurtaka þennan undirþátt fyrir hvern þeirra) *Mat á annmarka er ekki tilgreint, eins og fram kemur í II. viðauka við tilskipun 2014/47/ESB.* *MIKILVÆGT: í II. viðauka eru sumar ástæður bilunar ekki númeraðar, þ.e. tveir möguleikar eru gefnir við lið 6.2.5.a og til þess að vita til hvors er vísað skulu þeir númeraðir 1 og 2 í kerfinu.*	Já
	Gert við?	Hefur verið gert við bilunina í skoðunaraðildarríkinu? Rétt = Já (Rétt/Rangt)	Nei

Niðurstaða eftirlits		*Já*
Niðurstaða eftirlits	Niðurstaða eftirlits á vegum (stenst skoðun/stenst ekki skoðun): Satt, ef eftirlitið stenst skoðun (Rétt/Rangt)	Já
Bann eða takmörkun	Bann við eða takmörkum á notkun ökutækis vegna alvarlegra annmarka. (Rétt/Rangt)	Já
Er óskað eftir reglubundinni tækniskoðun (PTI)?	Fer skoðunaraðildarríkið fram á það við skráningar-aðildarríkið að það framkvæmi reglubundna tækniskoðun? Rétt = Já (Rétt/Rangt)	Já

Staðfesting á tilkynningu um eftirlit á vegum (Sent sjálfvirkt)		Skyldubundið
Stöðukóði (e. *Status Code*)	Stöðukóði staðfestingar. (Aðeins eitt atriði er valið úr skránni)	Já
Stöðuboð (e. *Status Message*)	Nánari athugasemdir við stöðukóða. (Texti)	Nei

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/226 **2019/EES/49/42**

frá 6. febrúar 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

